


# Bændablaðið

15. tölublað 2023 ● Fimmtudagur 24. ágúst ● Blað nr. 639 ● 29. árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



Heimsmeistaramót íslenska hestsins fór fram í Hollandi í byrjun mánaðarins. Þar náði íslenska landsliðið sögulegum árangri og vann til 16 gullverðlauna og 5 silfurverðlauna. Hér fara þeir Elvar Þormarsson á Fjalladís frá Fornusöndum og Daníel Gunnarsson á Einingu frá Einhamri II sigursprettinn í 250 m skeiði þar sem Elvar á Fjalladís varð heimsmeistari í greininni og Daníel á Einingu lenti í öðru sæti. – *Sjá nánar á bls. 42–43* Mynd / Krijn Buijtelaar

## Plastmengun alls staðar

**Örplast finnst í allri fæðukeðjunni og safnast fyrir í vefjum lífvera.**

Þótt reynt sé að stemma stigu við plastframleiðslu og efla endurvinnslu eykst framleiðsla plasts hröðum skrefum í veröldinni og aðeins lítið brot úrgangsplasts er endurunnið. Plastmengunar verður nú alls staðar vart á jörðinni. Við borðum ofursmáar plastagnir og öndum þeim að okkur.

„Menn verða fyrir langvarandi útsetningu á nanóplasti í lágum styrk, nánast allt lífið,“ segir Sophie Jensen, verkefnastjóri á sviði lífefna hjá MATÍS. Ekki sé raunverulega vitað hversu skaðlegt örplast sé heilsu manna. „Við vitum að plast er að valda dýralífi óbætanlegum skaða, en vísindamenn eru aðeins byrjaðir að skoða hvað það gerir heilsu manna.

Nanóplast er erfitt að greina miðað við örplast og rannsóknir hafa ekki kannað að fullu skaðleg heilsufarsáhrif nanóplasts. Niðurstöður benda til þess að nanóplast geti farið yfir verndandi lífhimnur í líkamanum og þannig komist í blóðrásina, fylgju, safnast fyrir í heila og hugsanlega haft skaðleg áhrif á fólk,“ segir hún.

*/sá*

*– Sjá nánar á bls. 20–21*

### Matvælastofnun:

# Grundvöllur lítilla sláturhúsa brostinn

**Fyrirhugaðri hækkun gjaldskrár Matvælastofnunar (MAST) hefur verið harðlega mótmælt. Ekki er ljóst hvort hækkunin nái til minnstu heimasláturhúsanna.**

Forsvarsmenn sláturhússins í Seglbúðum hafa nú lýst því yfir að ekki verði slátrað þar í haust og öllu lokað, ekki síst vegna boðara breytinga á gjaldskrá við þjónustu dýralækna í sláturhúsum. Muni sú hækkun margfalda þann kostnaðarþátt.

Matvælaráðuneytið kynnti í mars sl. drög að nýrri og endurskoðaðri gjaldskrá Matvælastofnunar. Voru drögin í samráðsgátt stjórnvalda fram í aprílbyrjun en ráðuneytið var ekki búið að tilkynna hver lokalending málsins yrði þegar Bændablaðið fór í prentun.

*Barátta frá upphafi*

Þórunn Júlíusdóttir og Erlendur Björnsson, eigendur að Sláturhúsinu í Seglbúðum, settu inn stöðuuppfærslu á Facebook þar sem þau tilkynna að ekkert verði úr slátrun hjá þeim í haust. Vinnslunni og frystinum verður jafnframt lokað. Ástæðurnar fyrir þessu eru meðal annars breytingar á gjaldskrá MAST fyrir þjónustu dýralækna í sláturhúsum, en áætla má að sá kostnaðarliður muni hækka um 800 prósent.

Við þetta bætist að frá síðustu áramótum hefur verið ólöglegt að urða lífrænan úrgang og var fyrirséð að sláturhúsið myndi þurfa að standa straum af flutningi um meðhöndlun sláturúrgangs.

Í samtali við Bændablaðið segir Þórunn að litlu sé við þessa stöðuuppfærslu að bæta. Hún segir rekstur lítils sláturhúss sem þessa hafa verið barátta frá upphafi og með þessum breytingum hafi komið endanlegt rothögg. Mjög mikið þurfi að breytast til þess að þau taki upp rekstur sláturhússins á ný. Frá árinu 2014 hafi þau sinnt sauðfjárslátrun og verkun fyrir um 20 aðila í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. Um 1.000 lömbum hefur verið slátrað haust hvert.

Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli, segir þessa verðhækkun MAST vera gríðarlegt högg. Hækkunin muni gera bændum ókleift að slátra í litlum sláturhúsum sem vinna samkvæmt reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli. Það eru sláturhús sem slátra að hámarki 100 lömbum á dag. Rekstrarkostnaður þeirra sé þegar hár og þau ráði ekki við þessi auknu útgjöld.

*Gæti ógnað heimavinnslu*

Stærri sláturhús muni líka finna fyrir hækkunum og hún segir félagsmenn sína óttast að það muni hafa áhrif á heimtökugjald og þar með kippa grundvellinum undan heimavinnslu landbúnaðarafurða.

Oddný hefur verið í samtali við matvælaráðuneytið og segir sérfræðing þar fullyrða að verðhækkun MAST muni ekki ná til þeirra sem starfa samkvæmt reglugerð um lítil sauðfjár- og geitasláturhús, þ.e.a.s. heimaslátrun með færri en 30 lömb á dag.Það sé vegna þess að í þeirri reglugerð standi að kostnaður við dýralæknaeftirlit greiðist úr ríkissjóði.

Hún segist þó bíða eftir svari frá matvælaráðherra um hvort tryggt sé að þessari grein reglugerðarinnar verði ekki breytt ef fleiri bændur fara í heimaslátrun, í ljósi þess að stjórnvöld hafa gefið út að stuðningur við landbúnað muni ekki hækka.

Oddný spyr hvort ekki séu tækifæri til að hagræða, til dæmis með nútímatækni, til að koma í veg fyrir þessa gífurlegu hækkun. Þar bendir hún á að meðal annars væri mögulegt að hafa eftirlit í gegnum myndavélabúnað, sérstaklega í minni sláturhúsum.

Hún segir gjaldskrárhækkunina vera í miklu ósamræmi við nýsamþykkta matvælastefnu og landbúnaðarstefnu. Enn fremur gangi þetta gegn því sem kemur fram í ríkisstjórnarsáttmálanum. Oddný segir Samtök smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli skora á matvælaráðherra að endurskoða þessa ákvörðun, enda sé hún á ábyrgð ráðuneytisins, ekki undirstofnunar þess.

*Herferð gegn landbúnaði*

„Ljóst er að hér er um grundvallarbreytingu á innheimtu eftirlitsgjalda að ræða sem felur í sér gríðarlegan kostnað fyrir atvinnugreinina,“ segir í umsögn Bændasamtaka Íslands (BÍ) um gjaldskrárdrögin. „Við hjá samtökunum veltum því hreinlega fyrir okkur hvenær herferðin undir yfirskriftinni „Landbúnaðurinn borgar“ linni, því þetta þema er farið að gera atvinnugreininni gríðarlega erfitt fyrir, ofan á viðbótarálögur sem samþykktar voru á nýliðnu þingi,“ segir Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ. Samtökin hafa farið fram á við matvælaráðuneytið að málið verði dregið til baka og sögðu í umsögn sinni að drögin að gjaldskránni myndu gera gegnsæi og fyrirsjáanleika í gjaldtöku minni en verið hefði.

Haustið 2020 féll þáverandi landbúnaðarráðherra frá öllum fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum Matvælastofnunar vegna áhrifa Covid-faraldursins á íslenska matvælaframleiðendur. */ÁL - SÁ*

FRÉTTIR

## Bændafundir:

# Þungt hljóð í bændum

**Það sem af er árlegri fundaferð Bændasamtaka Íslands með bændum um landið, hefur verið áberandi að þeir eru svartsýnir á starfsskilyrði stéttarinnar.**

„Það sem brennur helst á bændum er endurskoðun búvörusamninganna,“ segir Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Hljóðið sé þungt í fólki varðandi starfsskilyrði landbúnaðarins.

„Það vantar 9–12 milljarða inn í greinina til að standa undir eðlilegum fjármagnskostnaði og launagreiðslugetu. Í endurskoðun búvörusamninga er horft til þess að ekkert nýtt fjármagn er að koma inn í samningana. Menn hafa ekki ofan í sig og á og staðan er grafalvarleg,“ segir hún og bætir við að bændur á Borgarnesfundi hafi til að mynda imprað á að mögulega væri komið að því að taka upp aðferðir Frakka og mæta með haugsugur á Austurvöll til mótmæla. „Umhverfismálin standa þó jafnvel upp úr á fundunum og að sjálfsögðu nýliðunin,“ segir Vigdís. Þá hafi talsvert verið rætt um lausagöngu sauðfjár.

Fundaferð Bændasamtakanna hófst 21. ágúst og var byrjað í Borgarnesi, þá haldið á Hvammstanga, í Skagafjörð, Eyjafjörð, á Breiðumýri og í Kelduhverfi. Þá var haldið austur fyrir og fundað á Eiðum. Í framhaldinu er efnt til funda á Mýrum, Kirkjubæjarklaustri, Hvolsvelli og Selfossi.

Yfirreiðinni lýkur á Vestfjörðum í mánaðarlok; á Ísafirði og Patreksfirði. Sjá dagsetningar á vef Bændasamtakanna bondi.is, undir viðburðir. */sá*



Eiríkur Loftsson, ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Mynd / Aðsend

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

# Kornið breytilegt eftir landshlutum

**Búist er við að uppskeruhorfur í kornræktinni séu ásættanlegar á landinu öllu.**

„Kornrækt er stunduð í öllum landshlutum og hefur heldur verið að aukast undanfarin ár,“ segir Eiríkur Loftsson, ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Hann segir mest vera ræktað af byggi hérlendis. Í skýrslunni „Bleikir akrar“ – aðgerðaáætlun um aukna kornrækt er greint frá því að árið 2022 var 98% af kornframleiðslunni bygg. Það fullnægir um helmingi af innlendri eftirspurn en rúmlega 10.000 tonn af byggi er framleitt hjá bændum sem mest er notað til einkanota, sem fóður heima á bæjum.

Eiríkur segir að korn í Skagafirði líti betur út í ár en á sama tíma í fyrra en það vanti hins vegar fleiri sólardaga svo kornið nái að þroskast sæmilega.

„Kornið er breytilegt eftir landshlutum en einnig innan þeirra og fer að miklu leyti eftir því hvernig tókst til við sáningu í vor og tímasetningu hennar. Það korn sem sett var niður snemma lítur vel út, t.d. í Eyjafirði og Langadal, þar sem jarðvegur hjálpar einnig til með fljótan þroska. Hins vegar var í vor sums staðar á landinu bleyta og klaki í jarðvegi sem gerði mönnum erfitt fyrir við jarðvinnslu og seinkaði sáningum og sumir náðu ekki að sá því magni sem stóð til.“

Bændur hafa talað fyrir upptöku tryggingakerfis hérlendis líkt og þekkist erlendis. Eiríkur segist vera sammála þeim röddum og telur að slíkt kerfi væri til bóta.

„Ef það er alvara í því að gera kornrækt að atvinnugrein hérlendis þá vissulega þyrftu kornbændur að hafa einhvers konar tryggingu í bakhöndinni þegar náttúruöflin grípa inn í, því þetta getur orðið fjári mikið tjón,“ segir Eiríkur að lokum. */ÞAG*




## Matvælastofnun:

# Miðfjarðarbændur kærðir

**Matvælastofnun hefur kært bændur á tveimur bæjum í Miðfirði fyrir að hundsa fyrirmæli yfirdýralæknis.**

Hafði þeim verið gert að afhenda stofnuninni kindur sem þeir fengu frá Urriðaá, þar sem allt fé var skorið niður vegna riðutilfellis sem var staðfest í hjörðinni.

Daníel Haraldsson, héraðsdýralæknir norðvesturumdæmis Matvælastofnunar, segir að samkvæmt þeirra heimildum sé um að ræða 14 kindur á Neðra-Núpi og lömb þeirra, en einn hrút á Barkarstöðum. „Við förum fram á að bændur afhendi allt fé og þeirra afkomendur, sem hafa verið á Urriðaá eftir haustið 2020, hvort sem það er fleira eða færra fé en lýst er eftir.



Bærinn Urriðaá í Miðfirði. Mynd / smh

### *Heilsu dýra stefnt í hættu*

Álítur Matvælastofnun að með því að hafna því að afhenda féð, stofni bændurnir ekki aðeins heilsu dýra sinna í hættu heldur einnig heilsu sauðfjár í eigu annarra sem hefur samgang við þeirra fé. Samkvæmt dýrasjúkdómalögum sé refsivert að brjóta gegn fyrirmælum gefnum samkvæmt lögum.

Forsaga málsins er að Matvælastofnun féllst á andmæli bænda í maí við því að afhenda gripina á sauðburðartíma.

Í lok maí náðist samkomulag við flesta sauðfjárbændur í Miðfjarðarhólfi um að afhending á gripum sem voru komnir frá Urriðaá yrði ekki síðar en 19. júní.

### *Grunsamlegar kindur*

Einar Örn Thorlacius, lögfræðingur Matvælastofnunar, segir að andmælin sem komu síðar frá bæjunum tveimur hafi snúið að þeirri skoðun Matvælastofnunar að telja fullfrískar kindur „grunsamlegar“ í skilningi reglugerðar um útrýmingu á riðuveiki. Í reglugerðinni komi fram að Matvælastofnun sé heimilt á hvaða árstíma sem er að fyrirskipa förgun kinda sem sýktar eru af riðu eða teljast „grunsamlegar“. Í andmælunum hafi því verið haldið fram að til að kind teljist „grunsamleg“ þurfi hún að sýna einkenni sjúkdómsins.

Það hafi ekki verið hægt að fallast á þessi rök og bændum bent á að fyrir hendi væri grunur um að þessar tilteknu kindur væru hugsanlega sýktar af riðu og þær teldust þar með grunsamlegar.

Einar segir að þær hefðu að sönnu ekki sýnt klínísk einkenni og vonandi væru þær ekki sýktar, en eina leiðin til þess að fá úr því skorið væri að fella þær og taka sýni úr heila. */smh*

| Sláturleyfishafi | Dilkar, kr/kg | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | Δ milli ára* |
| Fjallalamb hf | 370 | 382 | 456 | 486 | 520 | 746 | 886 | ↑ 19% |
| Kaupfélag Skagfirðinga svf | 400 | 419 | 480 | 507 | 560 | 753 | 903 (2 | ↑ 20% |
| Norðlenska ehf | 376 | 376 | 461 | 504 | 549 | 746 | 886 (3 | ↑ 19% |
| SAH Afurðir ehf | 352 | 395 | 462 | 502 | 549 | 746 | 886 (3 | ↑ 19% |
| Sláturfélag Suðurlands svf | 424 | 430 | 465 | 504 | 559 | 754 | 890 (1 | ↑ 18% |
| Sláturfélag Vopnfirðinga hf | 376 | 397 | 467 | 506 | 549 | 748 | 892 (4 | ↑ 19% |
| Sláturhús KVH ehf | 400 | 419 | 480 | 507 | 560 | 753 | 903 (2 | ↑ 20% |
| **Landsmeðaltal** | **387** | **401** | **469** | **504** | **552** | **748** | **891** | ↑ 19% |

**) Verðsamanburður milli áranna 2022 og 2023 miða við afurðaverð fyrra árs með öllum álagsgreiðslum.*
*1) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá með 5% viðbót á afurðaverð sauðfjár vegna innleggs á árinu 2023 sem greitt verður 19. janúar, 2024.*
*2) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá með 5% viðbót á afurðaverð sauðfjár vegna innleggs á árinu 2023 sem greitt verður eftir sláturtíð.*
*3) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá með 5% viðbót á afurðaverð sauðfjár vegna innleggs á árinu 2023 sem greitt verður í febrúar 2024.*

# Hækkun 19% að meðaltali

## – Afurðaverð vegna sauðfjárslátrunar

**Nú hafa sláturleyfishafar birt sitt verð. Landsmeðaltal er 891 króna fyrir kílóið af dilkum skv. útreikningum Bændasamtaka Íslands.**

Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH bjóða hæsta verðið fyrir dilkana, eða 903 krónur fyrir kílóið. Fjallalamb, Norðlenska og SAH afurðir borga lægsta verðið, sem verða 886 krónur.

Meðalverðið fyrir kílóið af dilkum voru 748 krónur í fyrra. Meðalverðið fyrir kjöt af fullorðnum ám hefur hækkað um fjögur prósent og er 151 króna fyrir kílóið.

Þar borga Fjallalamb, Norðlenska og SAH afurðir áfram lægsta verðið, eða 137 krónur, á meðan Sláturfélag Suðurlands býður best, eða 165 krónur fyrir kílóið.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að þrátt fyrir þessa hækkun, sjái sauðfjárbændur ekki fram á viðunandi afkomu.



Hæsta kílóverðið komið upp í 903 krónur fyrir dilka.

Hann óttast að verði þetta raunin, þá verði áframhaldandi samdráttur í framleiðslu. Enn fremur segir hann undarlegt að sjá hversu lágt verð er greitt fyrir kjöt af fullorðnum ám, en þetta sé afurð sem seljist bæði vel á innanlandsmarkaði og til útflutnings. „Okkur sýnist heimsmarkaðsverð vera fjórum til fimm sinnum hærra en afurðaverð til bænda.

Ekki veit ég hvernig afurðastöðvar skýra þessa þróun,“ segir Trausti. */ÁL*




Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

SPORLAUS · 3+4 ÁBYRGÐ · ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Dýravelferð:

# Stjórnvaldssektir á tvö bú

**Matvælastofnun (MAST) lagði fyrir skemmstu stjórnvaldssektir á tvö bú á Vesturlandi vegna brota á lögum um dýravelferð.**

Annars vegar var um að ræða bú þar sem hluti fjárins hafði sloppið af bænum fyrir burð í vor og bar því eftirlitslaust og hins vegar bú þar sem nautgripir reyndust vanfóðraðir. Þetta kemur fram á vefsíðu stofnunarinnar.

Samkv. 6.mgr. 42.gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra geta þeir sem fá stjórnvaldssektir frá MAST fyrir brot á dýravelferð og eru ósáttir við það ekki kært þær sektargjörðir til æðra stjórnvalds (matvælaráðuneytis). Þeir verða þess í stað, eftir atvikum, að höfða mál til ógildingar fyrir dómstólum innan ákveðins tíma. Málshöfðun frestar hvorki réttaráhrifum ákvörðunar MAST né heimild til aðfarar.

MAST sagði jafnframt í nýlegri tilkynningu að óskað yrði eftir rannsókn lögreglunnar á Austurlandi á máli þar sem tíu hundar fundust dauðir í útigerði eftir að umráðamaður þeirra hafði verið fjarverandi í nokkra klukkutíma. Hafði hundaþjálfari á bæ í Breiðdal fundið tíu af hundum sínum dauða. Yfirdýralæknir lét hafa eftir sér að ekkert hefði fundist óeðlilegt við krufningu tveggja af hundunum en sýni verið send í eiturefnagreiningu. */ sá*

## Grágæsaveiðar:

# Afurðasala óheimil

**Óheimilt er nú að bjóða til sölu eða selja grágæs og afurðir hennar. auk þess sem bannað er að flytja hana út.**

Fyrr á árinu var lagt til af umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu að ráðist yrði í aðgerðir til að sporna við fækkun í grágæsastofni hérlendis. Voru þær tillögur settar fram á grundvelli AEWA-samkomulagsins, sem Ísland er aðili að auk 84 annarra ríkja, um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum. Í því sambandi voru nefndar tillögur um að aðgerðir yrðu tvíþættar; annars vegar yrði veiðitímabil stytt umtalvert og hins vegar bann lagt við sölu grágæsaafurða. Niðurstaðan varð sú að veiðitímabil var ekki stytt á grundvelli þeirrar reglugerðarbreytingar sem um ræðir og helst því óbreytt, en bann er lagt við sölu grágæsa og grágæsaafurða.

### *Bannið mögulega endanlegt*

„Bændasamtök Íslands telja þá lendingu heppilegri," segir Þorvaldur Birgir Arnarsson, lögfræðingur samtakanna á sviði umhverfis-, loftslags- og auðlindamála.

„Ekki síst í ljósi þess að bændur í akuryrkju þurfi að hafa verkfæri til að verjast ágangi gæsa. Samtökin lögðu í umsögn sinni um málið til að skýrt yrði tekið fram í reglugerð að bann við sölu afurða gilti til 1. ágúst 2026, svo sem fram var tekið í lýsingu reglugerðarbreytingar í samráðgátt stjórnvalda," segir hann.

Það gekk hins vegar ekki eftir í endanlegri reglugerð og því meiri líkur en minni á að bannið verði jafnvel endanlegt.

Þorvaldur segir jafnframt að Bændasamtökin leggi áherslu á mikilvægi þess að sannreyna stöðu stofnsins með áreiðanlegum talningum á þessum næstu þremur árum, áður en fyrir liggur sameiginleg alþjóðleg stjórnunar- og verndaráætlun Íslendinga og Breta. „Skotveiðifélag Íslands vék að því í umsögn sinni um málið að veiðarnar í dag valdi ekki stórfelldri fækkun en sjálfsagt sé að setja á sölubann tímabundið til að hjálpa stofninum að ná sér á strik," segir Þorvaldur.

### *Erfitt að sjá hvort verkuð afurð sé af grá- eða heiðagæs*

Nú er því óheimilt að flytja út, bjóða til sölu eða selja grágæs og afurðir hennar en þó leyfilegt að selja uppstoppaða grágæs. Útflutningur á grágæsaafurðum er bannaður.

Í umsögnum frá veiðimönnum kom meðal annars fram að erfitt geti reynst að sýna fram á hvort verkuð bringa af gæs, eða aðrar gæsaafurðir, séu af grágæs frekar en heiðagæs. Verði því grágæs mögulega seld t.d. veitingahúsum sem heiðagæs. Því hefði verið farsælla að setja bann við sölu afurða allra gæsa. */sá*




# Kartöflurnar komnar

## – Íslenskir neytendur velja innlenda framleiðslu

**Fyrstu íslensku kartöflurnar komu í verslanir upp úr miðjum júlí, segir Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi frá Skarði í Þykkvabæ.**

Fyrst um sinn er allt sem tekið er upp selt jafn óðum. Í kringum næstu mánaðarmót hefst meginþungi uppskerunnar, þar sem megnið verður sett í geymslu.

Fyrsta uppskeran á Skarði var strax eftir Verslunarmannahelgina. Nokkrir kartöflubændur í Þykkvabæ settu plast yfir hluta af kartöflugörðunum, sem flýtti sprettunni og voru þeir fyrstir með sína uppskeru á markað. Þær íslensku kartöflur sem hafa verið í verslunum til þessa eru af fljótsprottnum afbrigðum, eins og Premier, en um þessar mundir eru Gullauga og íslenskar rauðar að verða klárar.

### *Uppskeran kláraðist*

Sigurbjartur segir að íslensku kartöflurnar hafi klárast áður en ný uppskera var tilbúin. Af þeim sökum þurftu verslanirnar að flytja inn erlendar kartöflur, en birgðirnar af þeim eru enn nokkuð miklar, sem skýrir af hverju þær íslensku hafa fengið lítið pláss í grænmetisdeildum í sumar.



**Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi, heldur á kartöflum sem teknar voru upp fyrr um daginn.** Mynd / ÁL

Sigurbjartur skilur vel að verslanirnar reyni eftir fremsta megni að selja erlendu kartöflurnar. Hann telur þó nauðsynlegt að framleiðendur og söluaðilar séu í öflugara samtali til að koma í veg fyrir að innfluttar kartöflur hamli sölu þegar þær íslensku eru klárar.

Neytendur geta þekkt nýuppteknar kartöflur á því að hýðið er mjög þunnt og flagnar af miklu leiti af. Þegar kartöflurnar eru settar í vetrargeymslu þá herða þær hýðið utan á sér, sem gerir að verkum að þær þola geymsluna betur.

### *Uppskera rétt undir meðaltali*

Sigurbjartur gerir ráð fyrir að uppskera ársins í ár verði aðeins minni en í meðalári. Þar sem vorið var kalt og blautt, voru kartöflurnar settar niður tiltölulega seint. Hlýindin komu ekki fyrr en um mánaðarmótin júní-júlí og segir Sigurbjartur hvern góðviðrisdag skipta gífurlega miklu máli. Úrkomuleysi seinni parts sumars hefur hægt á sprettunni. Hann hefur ekki heyrt til þess að kartöflumygla hafi ollið tjóni.

„Maður vonar að þetta fari allt saman vel og við náum heilbrigðum og góðum kartöflum í hús fyrir landsmenn. Við erum svo heppin að Íslendingar vilja kaupa íslenskar kartöflur. Þegar valið er á milli innfluttra og íslenskra, þá velur neytandinn íslenskar. Við erum alveg gríðarlega þakklát fyrir það og reynum að vanda okkur til að halda því þannig," segir Sigurbjartur. */ÁL*


Mynd / smh

# Uppskeruhorfur góðar fyrir rótargrænmeti

## – Ýmis vandamál við ræktun blaðgrænmetis

**Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, telur að uppskera rótargrænmetis verði yfir meðallagi en segir að ræktendur blaðgrænmetis hafi mætt ýmsum vandamálum.**

Axel segir að íslenskt grænmeti sé vinsæl vara hjá landsmönnum og nefnir því til stuðnings að uppskera síðasta árs stoppaði aldrei hjá birgjum heldur rann varan beint úr búðum, þó svo að framleiðslan hafi aukist lítillega milli ára.

„Uppskeruhorfur eru ásættanlegar, útlitið er þó bjartara hjá ræktendum rótargrænmetis - kartöflur, gulrætur og rófur - heldur en hjá ræktendum blaðgrænmetis – salat, kál og matjurta."

### *Rótargrænmeti yfir meðallagi*

Axel telur að uppskera á kartöflum, rófum og gulrótum verði yfir meðallagi í ár. „Bændur sunnanlands fengu hlýjan og sólríkan júlímánuð eftir rigningar í maí og júní. Það gerði því mönnum erfitt fyrir að setja niður í vor en kom svo að góðum notum, hve blautur jarðvegurinn var, í þurrkunum í júlí og garðarnir sveltu ekki. Þessu var öfugt farið á norður- og austurlandi þar sem vorið var gott en júlímánuður dræmari, en þeir bera sig líka vel."

Útlitið er því gott hvað varðar uppskeru rótargrænmetis en Axel bendir á að aðaluppskerutíminn sé ekki fyrr en í september og mesti áhættutíminn sé framundan. „Það skiptir miklu máli, sérstaklega fyrir kartöflur, að ekki komi næturfrost fram að uppskeru, né miklar rigningar vegna hættu á myglu."

### *Vandamál við ræktun blaðgrænmetis*

Ræktendur blaðgrænmetis, þá helst káltegunda, hafa hinsvegar átt við ýmis vandamál að etja.

„Hér sunnanlands var vorið blautt eftir miklar rigningar sem gerir það að verkum að skilyrðin voru ekki góð þegar byrjað var að setja niður.

Í byrjun júlí fór svo sólin að skína, sem allir voru ánægðir með til að byrja með, en svo fór að bera á þurrkum í lok júlí. Ræktendur voru misvel í stakk búnir til að takast á við þurrkana, sumir höfðu vökvunarbúnað en aðrir ekki og uppskeran verður eftir því."

Útlit er því fyrir að uppskera blaðgrænmetis verði undir meðallagi en bændur eru þó ekki búnir að gefa upp alla von ennþá þar sem aðeins er farið að bera á vætu.

Í heildina telur Axel því að uppskeruhorfur séu ásættanlegar og vonar að íslenskir neytendur taki uppskerunni fagnandi líkt og áður. */ÞAG*

# Búðu þig undir réttirnar



N1
**Vefverslun**
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



**Portwest kuldasokkar**
Hlýir og þægilegir sokkar úr bómull og ull sem smellpassa í gönguskó og stígvél fyrir göngur og réttir.

Litur: Grár.

Stærðir: 39-43.



**Tegera merino ullarhanskar**
Hlýir hanskar með sérstöku efni framan á fingrum til að nota á skjái. Frábærir einir og sér en líka mjög góðir sem innan undir hanskar ef kalt er úti eða þegar unnið er við kaldar aðstæður.

Litur: Svartur. Stærðir: 6-11.



**Öryggisvesti**
Longway öryggisvesti með rennilás. Vottað samkvæmt sýnileikastaðli.

Litur: Gulur.
Stærðir: S - 5XL.



**Scangrip Zone 2 höfuðljós**
Endurhlaðanlegt höfuðljós, 200 lumen IP54. Hleðslutími 2,5 klst. Rafhlöðuending að 22 klst.

Litur: Svartur og blár.

Þyngd: 75g



**Léttur samfestingur**
Þunnur samfestingur með hnjápúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl.

Litur: Dökkblár með kóngabláu. Stærðir: 48-72.



**Dimex húfa**
Svört prjónahúfa með endurskini frá Dimex.

Litir: Svartur
Ein stærð.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**440 1000** **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Sigurður Már Harðarson (ábm.) smh@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is – Þórdís Anna Gylfadóttir thordisanna@gmail.com
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

## Matvælastofnun

**Seglbúðir, litla sláturhúsið í Landbrotinu, hefur tilkynnt að ekki verði slátrað þar í næstu sláturtíð.**

Ástæðan er meðal annars fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir Matvælastofnunar vegna þjónustu dýralækna í sláturhúsum.

Í umsögn eigenda Seglbúða um drög að nýrri og endurskoðaðri gjaldskrá kemur fram að um 800 prósenta verðhækkun á þessum lið sláturkostnaðar verði að ræða hjá þeim. Ekkert tillit sé tekið til fyrirtækja með litla framleiðslu eða þarfa fyrirtækja sem líða fyrir landfræðilegar takmarkanir.

Bændurnir segjast engin viðbrögð hafa fengið við umsögn sinni, en sláturtíðin nálgast nú óðfluga.

Tilkynningin var birt á Facebook-síðu Seglbúða og í athugasemdum um færsluna er Matvælastofnun ausin óhróðri.

Stofnunin hefur um langt skeið átt undir högg að sækja ímyndarlega gagnvart bændum – manni finnst eins og það hafi verið þannig nánast alla tíð.

Hún varð til í byrjun árs 2008 við sameiningu Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Umhverfisstofnunar og matvælasviðs Fiskistofu.

Ég hóf störf við landbúnaðarblaðamennsku litlu síðar. Við höfum því lengi fylgst að í verkefnum okkar.

Oft hefur stofnunin orðið fyrir óvæginni gagnrýni, til dæmis þegar beinir hagsmunir eru í húfi eða í tilfinningaþrungnum málum. Nýleg slík dæmi eru af málum sem snerta dýravelferð og riðuveiki í sauðfé.

Eðli starfsemi Matvælastofnunar er auðvitað með þeim hætti að næstum óhjákvæmilegt er að hún baki sér ítrekað óvild meðal bænda, dýravina og matvælaframleiðenda.

Hún lútir jú líka að vissu leyti boðvaldi sameiginlegrar evrópskrar löggjafar sem mörgum finnst að ekki passi alltaf vel inn í íslenskan veruleika.

Þó held ég að það sé hollt fyrir alla málefnalega umræðu að stofnunin fái að njóta vafans í erfiðum málum, þegar málavextir eru að einhverju leyti óljósir.

Í skýrslu Dýraverndarsambands Íslands, Bætt dýravelferð – Staða og tillögur til úrbóta, sem kom út fyrr á þessu ári, kemur fram að framlag ríkisins til stofnunarinnar árið 2022 hafi verið mun lægra en á fjórum árum þar á undan, miðað við fast verðlag.

Það gefur tilefni til að ætla að Matvælastofnun hafi verið vanfjármögnuð að einhverju leyti á síðustu árum, til að geta sinnt sómasamlega öllum þeim málaflokkum sem henni er skylt að sinna – og þeim hefur farið fjölgandi.

En mörgu er hægt að breyta og margt er hægt að bæta – hjá Matvælastofnun eins og hjá flestum öðrum – án þess að fjármunir komi þar við sögu.

Lengi vel voru samskipti mín sem blaðamanns við stofnunina nokkuð stirð á köflum. Lengst af var starfandi upplýsingafulltrúi hjá stofnuninni sem öll samskipti fjölmiðlafólks áttu að fara í gegnum. Fyrir fáeinum árum var það fyrirkomulag aflagt um leið og staðan var lögð niður.

Nú eru samskiptin skilvirkari og ég hrósa starfsmönnum fyrir að nú heyrir það nánast til undantekninga ef viðbrögð við fyrirspurnum berast ekki fljótlega, þó það geti enn tekið drjúgan tíma að fá þær upplýsingar sem sóst er eftir.

Fyrir vinnslu á frétt í þessu blaði tók 13 daga að fá endanlegar upplýsingar um mál sem snerti innflutning á kjúklingi frá Úkraínu. Svörin sem bárust á þeim tíma voru nokkur en misvísandi. Betra væri að slíkar mikilvægar upplýsingar um matvælaöryggi væru ekki svo torsóttar, nú á tímum stafrænnar upplýsingamiðlunar.

*/smh*

## Þingmannagæla

**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



**Í upphafi þessa leiðara vil ég nota tækifærið og óska íslenskum hestamönnum til hamingju með stórgóðan árangur á liðnu Heimsmeistaramóti sem haldið var í Hollandi í upphafi mánaðar.**

Heimsmeistaramótið er einn stærsti vettvangur íslenska hestsins þar sem nítján þjóðir taka þátt, en íslenski hesturinn er eitt hreinræktaðasta hrossakyn heims og stolt okkar þjóðar.

Má þess geta hér að útflutningsverðmæti íslenska hestsins var um 1,6 milljarðar króna árið 2022. Íslenski hesturinn og afurðir hans eru á heimsmælikvarða en knaparnir okkar eru þar engin undantekning, og öll náðu þau í úrslit á Heimsmeistaramótinu.

***Börn og aðrir minna þroskaðir menn fóru að gramsa í mínum einkamálum***

Þegar þessi leiðari er ritaður er hafin árleg hringferð stjórnar og starfsfólks Bændasamtakanna. Fundirnir hafa verið vel sóttir og í ár verður fundað með bændum um starfsemi samtakanna, málefni sveitanna og komandi tíð. Það sem einna helst hefur brunnið á bændum eru starfsskilyrði atvinnugreinarinnar og endurskoðun búvörusamninga.

Stjórnvöld eiga að skapa bændum fjárhagslegt og stjórnsýslulegt svigrúm til að nýta tækifærin í landbúnaði, en eftir sem áður er endalaust þrengt að bændum þessa lands og fyrirtækjum sem starfa í greininni.

Síðasta árið hafa komið mýmörg mál frá Alþingi eða hinum ýmsum stofnunum um auknar kröfur, auknar álögur og aukið flækjustig. Minna hefur hins vegar verið um einföldun regluverks, raunverulegar aðgerðir og greiningu á starfsskilyrðum og stöðu íslensks landbúnaðar á þessum óvissutímum þar sem hækkanir síðasta árs hafa ekki gengið til baka nema að mjög litlu leyti.

*„Er nokkuð skárra að lifa úti á landi eða er lömunin betri hér? Er það praktískt að sjúga mjólk úr sandi, er hægt að synda í frjósandi hver?“* sagði í Þingmannagælu Bubba Morthens. Á sama tíma og framlög samkvæmt búvörusamningnum hafa dregist saman að raunvirði hafa verið boðaðar auknar álögur á íslenskan landbúnað sem samanlagt ná hið minnsta 1.000 milljónum króna á ársgrundvelli.

Telur þar einna mest auknar álögur með breytingum á gjaldskrá MAST sem metnar hafa verið á 500 milljónir á ársgrundvelli, hið minnsta. Þetta þykir okkur hjá Bændasamtökunum afar sérstakt, sér í lagi í ljósi þess að fullkomið ósamræmi var í greinargerð með þingskjalinu og síðan í greinargerð með drögum að gjaldskrá MAST sem fór í samráðsgátt stjórnvalda.

Þannig gerði greinargerðin í þingskjalinu ráð fyrir að lögbundnar rekstrartekjur MAST myndu hækka um 300–400 milljónir króna frá því sem var, á meðan að í greinargerð með drögum að nýrri gjaldskrá kom fram að upphæðin myndi nema rúmlega 482 milljónum króna. Felst hækkunin m.a. í því að gjald fyrir daglegt eftirlit í sláturhúsum mun hækka úr 131 millj. kr. í 348 millj. kr., eða um 166% á sama tíma og sláturhúsum er meinað að ná fram nauðsynlegri hagræðingu.

***Þingmaður og svarið er: Ne, e, e, ei, ne, ei.***

Til upprifjunar má nefna að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.

Samkvæmt markmiðum búvörulaga skal innlend framleiðsla vera í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar á hverjum tíma og að kjör bænda séu í takti við kjör annarra stétta.

Eftir sem áður hafa skilaboðin verið þau að ekkert nýtt fjármagn verði sett í búvörusamninga til þess að bændur geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt búvörulögum, þ.e. að framleiða landbúnaðarafurðir. Bændasamtökin kynntu fyrir atvinnuvega- og fjárlaganefnd þingsins að flestar búgreinar standa frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri. staðan er ekkert frábrugðin því sem var árið 2022, þar sem hækkanir á aðföngum hafa ekki gengið til baka.

Þar að auki hefur fjármagns- og launakostnaður hækkað verulega milli ára. Bændasamtökin gera ráð fyrir því að það vanti um 9.400–12.200 milljónir króna til að landbúnaðurinn geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum og eðlilegri launagreiðslugetu árið 2023.

Þá má nefna að í dag stöndum við frammi fyrir áskorun um hvernig við látum nýliðun í íslenskum landbúnaði raungerast. Talsvert vantar upp á hagstæð lánakjör til íslenskra landbúnaðar þar sem fjármagnskostnaður er verulega íþyngjandi þáttur. Við þurfum á nýliðun og framþróun að halda í greininni.

Umhverfið þarf því að vera aðlaðandi fyrir okkar unga fólk sem brennur fyrir verkefnið. Ef þú gefur ungu fólki ekki fyrirheit um framtíðina, landið og virði þess að stunda þessa grein, þá mun það ekki taka þá ákvörðun að gera landbúnaðarstörf að framtíðarstarfi, og þá er illa komið fyrir okkur sem þjóð.

Íslenskur landbúnaður er beinlínis þjóðhagslega mikilvægt verk og þingmaðurinn getur því ekki sagt „Nei, e, e, ei, ne, ei.“

## GAMLA MYNDIN




**Mikið var um að vera í Laugardalshöllinni þann 26. ágúst 1977 við opnun einnar glæsilegustu heimilissýningu fyrr og síðar, Heimilið ´77. Var það í þriðja skiptið sem slík sýning var haldin hérlendis og kynntu vel yfir 100 aðilar og fyrirtæki framleiðslu sína. Mátti augum lita allt frá gluggatjöldum til bifreiða, sýningarstúlkur sýndu fatnað og gátu gestir átt von á happdrættisvinningi með hverjum keyptum aðgöngumiða. Spenna var í lofti vegna þess, enda heil 12 litsjónvarpstæki meðal verðlauna svo og fjölskylduferð til Flórída. Aðsókn var með eindæmum góð og voru forsetahjónin, Kristján og Halldóra Eldjárn, meðal þeirra sem heiðruðu opnunargesti með nærveru sinni.** Mynd / Timarit.is

LÍF&STARF



Hundurinn Snjófells Sólmyrkvi, kallaður Sómi, er svartur þrílitur rakki sem m.a. hefur leikið í íslenskum sjónvarpsþáttum. Mynd/ Ágúst Elí Ágústsson.



Íslenski fjárhundurinn er þjóðarhundur Íslendinga og barst hingað til lands með landnámsmönnum. Hér má sjá Stefsstells Ísrúnu. Mynd / ÁEÁ.

# Dagur íslenska fjárhundsins

**Íslenski fjárhundurinn er þjóðarhundur Íslendinga og þann 18. júlí ár hvert er haldinn hátíðlega dagur íslenska fjárhundsins víðs vegar um landið og heiminn.**

Dagurinn var haldinn hátíðlegur í áttunda sinn í ár og ávallt hefur Árbæjarsafn boðið fulltrúum tegundarinnar til sín í tilfefni dagsins.

Þórhildur Bjartmarz, hundaþjálfari og hundaeigandi, er ein af þeim sem standa að baki hátíðisdeginum. „Dagurinn er fæðingardagur Marks Watson en á sínum tíma vakti hann athygli á því að íslenski fjárhundurinn væri að deyja út og í samstarfi við hann, Sigríði Pétursdóttur og fleiri var Hundaræktarfélag Íslands stofnað árið 1969 til að vernda og stuðla að hreinræktun íslenska fjárhundsins.

Dagurinn er haldinn hátíðlegur víðs vegar um heim, t.d. á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum, auk þess sem samfélagsmiðlar eru vel nýttir til að senda kveðjur og myndir,“ segir Þórhildur.

Á heimasíðu íslenska fjárhundsins, www.dif.is, má lesa um sögu hans en þar segir að tegundin hafi komið til landsins þegar á landnámsöld. Hundurinn varð bændum ómissandi við smölun og hafa vinnueiginleikar hans aðlagast landslagi, búskaparháttum og harðri lífsbaráttu Íslendinga á liðnum öldum, en í dag er íslenski fjárhundurinn vinsæll heimilishundur. Íslenski fjárhundurinn er þekktur fyrir að vera glaður, forvitinn og vingjarnlegur hundur með ljúfa lund. Útlit hundsins er kröftugt, tæplega meðalstór að hæð, hárafar ýmist snöggt eða loðið með upprétt eyru og hringað skott. Í tilfelni dagsins, þann 18. júlí sl., komu saman nokkrir fulltrúar tegundarinnar í Árbæjarsafni í Reykjavík. /ÞAG



Á heimasíðu íslenska fjárhundsins má lesa um að hundarnir hafi verið þjálfaðir til snjóflóðaleitar, sem meðferðarhundar fyrir einhverf börn og að sjálfsögðu til smalamennsku. Hér má sjá hundinn Sunnusteins Kappa. Mynd / ÁEÁ.



Hárafar íslenska fjárhundsins er ýmist snöggt eða loðið. Feldurinn er tvöfaldur, myndaður úr þeli og yfirhárum, þykkur og mjög veðurþolinn. Hér má sjá hundinn Dranga Kappa Keisara. Mynd / ÁEÁ.



Útlit íslenska fjárhundsins er kröftugt, hann er tæplega meðalstór að hæð, með upprétt eyru og hringað skott. Hér má sjá Rosenból Súkkulaði Seif. Mynd / Þórdís Anna Gylfadóttir.



Litaflóra íslenska fjárhundsins er fjölbreytt. Aðallitir hans, í ýmsum blæbrigðum, eru gulur og rauður, leirhvítir, gráir, mórauðir og svartir. Þeir geta einnig verið blesóttir, skjömbóttir, strútóttir, sporóttir, leistóttir, löppóttir og með týru. Mynd / ÞAG.



Systurnar Karen og Maren Pálsdætur eru ánægðar með ferfættu félagana, þau Stefsstells Dranga Kommu og Sóma. Mynd / ÁEÁ.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Það var ofurlítill veðragnýr í lokavísu síðasta þáttar þar sem Valborg Guðmundsdóttir orti í nöprum vindi og norðanregni. **Ingólfur Davíðsson** orti í svipaðan máta næstu tvær vísur:

*Römmum Norðra rann í skap,*
*-rofnar páskafriður-.*
*Angraði fénað, aspir drap,*
*urtir barði niður.*

*Þetta er leiður allra átta fjandi,*
*útsynningur gleiður, tvístígandi.*
*Austan garri, norðan náhraglandi.*
*Nú er varla hundi útsigandi.*

Öllu léttara er yfir þessari veðurfarsvísu **Guðmundar Finnbogasonar,** Hvoli í Njarðvík:

*Vetur hefur veðrum týnt,*
*vor um landið setur.*
*Góan hefur gert það fínt,*
*geri aðrir betur.*

Þó að slysalítið hafi verið á síðastliðinni verslunarmannahelgi, hefur stundum gengið á ýmsu í henni veröld. **Stefán Hallsson** orti:

*Óðagot er ýmsum tamt,*
*enda hlotist kvöl af því.*
*Höfuðbrot og helsi rammt*
*heimsbörn rotast slysum í.*

**Sveinn Hannesson** orti þessa vísu á ferð um Laxárdal:

*Skiptin átta eru tíð,*
*auðnan fátt mér léði,*
*en þegar ég átti þessa hlíð*
*þá var kátt í geði.*

**Hafsteinn Halldórsson** bókari leit yfir æviveginn harla glaður:

*Ánægður um ævisjó*
*ennþá stýri fleyi,*
*því ég hef í nefið nóg*
*nærri á hverjum degi.*

**Þorgerður Stefánsdóttir** orti eftir ónæðissama brúðkaupsnótt Eggerts Ólafssonar í Kristnesi:

*Eggert vinur ekkert linur*
*upp í brúðarrekkju sté,*
*hátt við stynur, heyrðist hvinur,*
*hurðarlykill brotnaðe.*

Eftir **Guðmund Þ. Sigurgeirsson á Drangsnesi** er þessi snotra vísnasmíð:

*Gengið hef ég margs á mis,*
*má þó heita ríkur,*
*áhyggjurnar eins og fis*
*af mér gleðin strýkur.*

**Guðmundur á Höfða** orti næstu tvær vísur til Ingibjargar á Refsteinsstöðum:

*Yfir heiðar, firði, fjöll*
*finn ég leiðir, svanni,*
*þar sem greiðist gangan öll*
*gömlum veiðimanni.*

*Ef þína skal ég fundi fá,*
*frjálsu tali lofa,*
*en brennt og malað þyrfti þá*
*þar í Dalakofa.*

Enn eru mér færðar vísur eftir þann einstaka hagyrðing **Óla heitinn bónda á Gunnarsstöðum í Þistilfirði:**

*Sé þín hugsun aðeins ein*
*áfram beina veginn,*
*finnurðu aldrei óskastein*
*í urðinni hinumegin.*

**Lúðvík Kemp** orti þessa snjöllu vísu:

*Lystisemda lífsins njótum,*
*liðna tíma er vert að muna,*
*þó við stöku boðorð brjótum*
*í bróðerni við samviskuna.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*





Dýraverndarsamband Íslands vill tafarlaust bann við blóðtöku úr fylfullum hryssum vegna hryssudauða og á grundvelli dýravelferðar. Mynd / bbl

Dýravelferð:

# Áhyggjur af óreyndum dýralæknum

**Nýverið fór Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) fram á tafarlaust bann við blóðtöku úr fylfullum hryssum.**

Var sú ákvörðun tekin í kjölfar tilkynninga er bárust Matvælastofnun (MAST) varðandi dauða átta fylfullra hryssa í tengslum við blóðtöku í fyrrasumar. DÍS sendi frá sér fréttatilkynningu þess efnis síðla júlímánaðar. Þar kemur m.a. fram að sambandinu hafi borist áreiðanlegar upplýsingar um að mun fleiri hryssur hafi drepist í tengslum við blóðtöku í fyrra en látið sé í veðri vaka.

Á hið minnsta tíu bæjum hafi ein hryssa eða fleiri drepist af þessum sökum og á einum bænum fjórar. Þá hafi hryssa fyrir mistök verið barkastungin af óreyndum dýralækni og skepnunni blætt út. Er tilgreint að talið sé að reynsluleysi erlendra dýralækna sem framkvæmdu blóðtökur á vegum Ísteka ehf. sé um að kenna. DÍS hefur áður lagst gegn blóðmerahaldi af dýravelferðarástæðum.

*Hryssudauði verði rannsakaður*

Ísteka vinnur sem kunnugt er hormónalyf fyrir búfénað úr blóði fylfullra hryssa til að auka frjósemi og til gervifrjóvgana. Hryssunum er tekið blóð frá miðjum júlí um það bil fram í októberbyrjun.

DÍS lýsti áhyggjum af því að nú í sumar yrðu enn óreyndir dýralæknar að sinna blóðtökum úr lítt eða alls ótömdum hryssum og setji það þær í lífshættu.

„Miðað við þær upplýsingar sem nú eru fyrir hendi fer Dýraverndarsamband Íslands fram á tafarlausa stöðvun á blóðtöku úr fylfullum hryssum og að öll þau tilvik þar sem hryssa drapst í tengslum við blóðtöku í fyrrasumar verði rannsökuð og viðbrögð við þeim í samræmi við lög," segir í tilkynningu stjórnar DÍS.

*Afföllin sérlega lág*

Framkvæmdastjóri Ísteka, Arnþór Guðlaugsson, hefur látið hafa eftir sér að í fyrra hafi þrír erlendir dýralæknar unnið við blóðtöku úr fylfullum hryssum, þar af einn nýlega útskrifaður úr námi. Í sumar starfi fimm erlendir dýralæknar við blóðtökurnar sem flestir hafi reynslu af að vinna með stórgripi, þó ekki blóðtöku úr hryssum. Hvorki Ísteka né MAST hafi borist tilkynningar um hryssudauða í kjölfar blóðtöku það sem af er yfirstandandi tímabili en tilkynnt hafi verið um átta dauðar hryssur í fyrra.

Þá hafi verið tekið blóð úr fjögur til fimm þúsund hryssum á 90 stöðum, líkt og verði í ár. Að jafnaði hafi afföllin áður verið fjórar til fimm hryssur. Sé miðað við aðrar afurðagefandi búgreinar séu afföll í þessari grein sérlega lág. */sá*



Kýrin Edda hafin á loft til að setjast um kyrrt á sinn stall sem tákn Eyjafjarðarsveitar. Myndir / Skapti Hallgrímsson

# Edda komin á sinn bás

**Járnkýrin Edda, listasmíð Beötu Stormo í Kristnesi, hefur nú verið flutt á framtíðarstað sinn í landi Saurbæjar.**

Járnskúlptúrinn var fluttur á vörubíl, sem var allnokkurt fyrirtæki, því verkið er um þriggja metra hátt, fimm metra langt og 1,40 á breiddina. Finnur Aðalbjörnsson verktaki annaðist flutninginn sem gekk að óskum. Staðsetning Eddu er á hól skammt frá Smámunasafni Sverris Hermannssonar í Sólgarði og liggur göngustígur frá bílastæði safnsins að verkinu.

Beate, sem er þekktur eldsmiður og bóndi með meiru, smíðaði kúna í hlaðinu á Kristnesi og hófst handa við verkið fyrir tveimur árum. Á hliðum kýrinnar er víravirkismunstur og járnborðar með sögum af kúm og ljóðatextum. Þykir kýrin hin mesta listasmíð og hefur vakið mikla athygli á sköpunartíma sínum. Beate hefur látið hafa eftir sér að hún beri mikla virðingu fyrir kúm sem eigi sér langa sögu með mannfólkinu og sterkar rætur í norrænni goðafræði. Kýr séu stórbrotnar skepnur

Ferðamálafélag Eyjafjarðar réð Beate til að hanna og smíða kúna sem nú rís hátt á sínum stalli sem tákn Eyjafjarðarsveitar, þess mikla mjólkurframleiðsluhéraðs. */sá*



Beate Stormo stolt af smíðisgrip sínum.

Villtur lax:

# Breytt erfðasamsetning getur valdið hnignun

**Villtur íslenskur lax og eldislax af norskum uppruna hefur blandast saman í nokkrum mæli.**

Hafrannsóknastofnun gaf í júlí út skýrsluna Haf- og vatnarannsóknir, Erfðablöndun villts íslensks lax (Salmo salar) og eldislax af norskum uppruna. Niðurstöður hennar gefa allnokkra blöndun til kynna og meðal annars greindist erfðablöndun í 32% seiða í Breiðdalsá á Austurlandi.

Greind voru áhrif frá upphafsárum núverandi eldis, meðan framleiðslumagn var lítið, og eldri tilrauna í sjókvíaeldi. Niðurstöður sýna að erfðablöndun hefur orðið við hlutfallslega lítið eldismagn. Greindust 133 fyrstu kynslóðar blendingar, ný afkvæmi eldislaxa og villtra laxa, í sautján ám. Það gerir 2,1% sýna innan 18% áa. Um eða yfir 2% laxa séu fyrstu kynslóðar blendingar.

*Innan hættumarka segir Hafró*

Eldri blöndun, önnur kynslóð eða eldri, greindist í 141 seiði í 26 ám, 2,2% sýna innan 29% áa. Í skýrslunni segir að „erfðablöndun við eldislax getur breytt erfðasamsetningu villtra stofna, leitt af sér breytingar í lífsögulegum þáttum og jafnvel valdið hnignun stofna. Á Íslandi er sjókvíaeldi á laxi af norskum uppruna vaxandi atvinnugrein. Framleiðsla á eldislaxi hefur farið úr því að vera nánast engin árið 2010 upp í 43.000 tonn árið 2022. Samkvæmt núgildandi ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar (áhættumat erfðablöndunar) er talið að hægt sé að ala 106.500 tonn af frjóum laxi án þess að það valdi neikvæðum áhrifum á nytjastofna villtra laxa."



Eldisblendingar fundust í tæpum fimmtungi áa í nýlegri rannsókn Hafrannsóknastofnunar. Mynd / Hafró

Erfðarannsóknir voru gerðar á laxaseiðasýnum úr 89 ám um allt land, með áherslu á nálægð við sjókvíaeldissvæði. Fjöldi sýnanna var alls 6.348. Flest sýni tilheyrðu hrygningarárgöngum 2014-2018 þegar framleiðsla á eldislaxi var um 6.900 tonn að meðaltali.

*Frekari rannsókna þörf*

Samkvæmt skýrslunni voru fyrstu kynslóðar blendingar „algengari á Vestfjörðum en Austfjörðum sem er í samræmi við að eldið á Austfjörðum hófst síðar og hefur verið umfangsminna."

Erfðablöndun greindist yfirleitt í minna en 50 km fjarlægð frá eldissvæðum en nokkrir blendingar fundust í allt að 250 km fjarlægð. Aftur á móti var eldri erfðablöndun tíðari á Austfjörðum en Vestfjörðum og tengist líklegast eldinu sem þar var starfrækt í byrjun þessarar aldar. Eldri erfðablöndun var mest áberandi í Breiðdalsá og greindist í 32% seiðanna."

Segja skýrsluhöfundar þörf á frekari rannsóknum á kynslóðaskiptingu blendinga, umfangi og orsökum dreifingar eldri blöndunar.

Árið 2022 var stangveiði á laxi í ám á Íslandi samkvæmt skráningu alls 43.184 laxar, um 4% yfir meðalveiði 1974-2021. */sá*



Njóttu aðventunnar
með Bændaferðum

Aðventan er tíminn þegar borgir og bæir skarta sínu fegursta.

Borgirnar eru klæddar í jólabúning með fagurlega skreyttum jólamörkuðum og -ljósum, ilmur af ristuðum möndlum liggur í loftinu og jólaglöggið er aldrei langt undan.

Úrvalið er fjölbreytt, áfangastaðirnir heillandi og alltaf íslenskur fararstjóri með hópnum.

bænda FERÐIR

Skoðaðu úrvalið á bændaferðir.is

Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2
108 Reykjavík

# **Hrein** íslensk fæðubót frá Eylíf

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira*



**Hrafnhildur Jónsdóttir**

## Leið fljótt betur í öllum liðum með Active JOINTS

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur lengi verið þjökuð af gigt með tilheyrandi liðverkjum. Hún er mikill hestamaður auk þess sem hún starfaði lengi sem tamningamaður. Hrafnhildur prófaði **Active JOINTS** frá Eylíf og er gríðarlega ánægð með góð áhrif á liðleika og hreyfingu.

„Ég er búin að taka **Active JOINTS** frá Eylíf frá því það kom á markað. Ég er gigtarsjúklingur og hef prófað ýmis fæðubótarefni til að liðka liðina. Þegar mér var bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf lét ég slag standa og sé ekki eftir því. Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum auk þess sem mér til undrunar styrktust neglur og hárið varð meðfærilegra og þykkara. Þetta efni hefur því haft margvísleg góð áhrif á líðan mína. Ég er með spengdan hrygg og brjósklos í hálsi og var alltaf að leita eftir góðum lausnum fyrir mig þar sem ég vil geta hreyft mig. **Active JOINTS** frá Eylíf tekur smá tíma að byrja að virka almennilega en síðan fer maður að finna reglulega mikinn mun. Ég kannski fann það best þegar ég hætti að taka **Active JOINTS** á tímabili. Þá varð líðan mín bara öll miklu verri og ég stirðari," segir Hrafnhildur. „Ég fór þá að taka það aftur og sá að þetta gerði mér mjög gott," segir hún.

## Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
## Íslensk framleiðsla
## Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



**Ragnhildur Sigurðardóttir**
PGA golfkennari

## Ánægð með árangurinn af Smoother SKIN & HAIR

Ég var aðallega spennt að prófa vöruna vegna þess að hárið á mér hafði verið í svo lélegu ástandi fyrr á árinu eftir að hafa verið á Ketó mataræði. Velji maður Ketó mataræðið þarf að gæta þess að fá nóg af vítamínum því áhersla er lögð á það að halda sig frá ávöxtum vegna ávaxtasykursins. Ég gætti ekki nógu vel að vítamínbúskapnum mínum og fljótlega fann ég að hárið var að breytast. Hárið varð matt, stíft og töluvert meira hárlos en venjulega.

Vinkona mín hafði kynnst **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf og var ég spennt að prófa vöruna. Eftir að hafa tekið inn ráðlagðan dagskammt í nokkrar vikur fór ég að sjá og finna verulegan mun á hárinu mínu.

Hárið er orðið mjúkt og meðfærilegt og ný hár að stinga upp kollinum hér og þar um kollinn minn.

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Ískalki Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Algalíf Reykjanesbæ
- Kísillinn frá Geosilica Reykjanesbæ
- Kollagen frá Marine Collagen Grindavík
- Kítósan frá Primex Siglufirði
- Íslenskar jurtir frá Íslenskri Hollustu Hafnarfirði

algalíf



**Ragnar Alfreðsson**
Trésmiður

## Mælir hiklaust með Stronger LIVER

Ragnar Alfreðsson trésmiður notar bætiefnið **Stronger LIVER** með frábærum árangri. „Blóðið í mér hefur verið að hlaða upp járni og fylgjast þarf náið með gildunum því ef þau verða of há þarf að fara í aftöppun. Ég fer því í blóðprufur á þriggja mánaða fresti en eftir að ég fór að taka inn **Stronger LIVER** frá Eylíf hafa lifrargildin, sem voru áður ekki upp á tíu, snarbreyst til hins betra. Það er einfaldlega allt í topplagi eftir að ég fór að taka inn þetta magnaða bætiefni sem hefur breytt ótrúlega miklu fyrir mig," segir Ragnar, alsæll með árangurinn.

Hann hefur tekið inn **Stronger LIVER** samviskulega upp á dag hvern í hálft annað ár. „Ég mæli 100 prósent með Stronger Liver því ég þekki það af eigin raun. Ég er yfirleitt ekki ginnkeyptur fyrir töflum eða bætiefnum en fékk ábendingu um **Stronger LIVER** frá Eylíf. Í fyrstu var ég hikandi og hafði enga trú á áhrifum þess en eftir að ég fór að lesa mér til um bætiefnið ákvað ég að prófa. Ég var nýkominn úr blóðprufu þar sem lifrargildin voru alltof há og fannst ég ekki hafa neinu að tapa að gefa þessu séns. Eftir þriggja mánaða skammt varð ég svo nánast orðlaus yfir því hvað gildin höfðu breyst mikið þegar ég fór næst í blóðprufu. **Stronger LIVER** var greinilega að svínvirka," segir Ragnar, og læknirinn hans var líka hissa á betri lifrargildum. „Ég sagði lækninum að ég væri að taka inn **Stronger LIVER** og hann sagði það greinilega virka mjög vel, sem eru sannarlega góð meðmæli. Vitaskuld má maður ekki vera með fordóma fyrirfram og dæma það sem maður veit ekki um. Það heillaði mig líka að bætiefnið er unnið úr náttúrulegum og íslenskum hráefnum," segir Ragnar sem mælir eindregið með **Stronger LIVER.** „Nýrnastarfsemin var líka í pínu ólagi hjá mér en þetta virðist haldast í hendur því nýrnagildin hafa líka lagast eftir að ég fór að taka inn **Stronger LIVER.** Ég er mjög ánægður og mun halda áfram að taka inn þetta einstaka bætiefni inn fyrir heilsu mína. Ég mæli því hiklaust með **Stronger LIVER** fyrir alla sem glíma við ójafnvægi í járnbúskapnum því allt hefur það lagast í mínu tilviki og ég hef þurft að fara miklu sjaldnar í aftöppun en áður. Ég hef líka hvatt félaga mína sem eru með of hátt lifrargildi að taka inn **Stonger LIVER** og senn kemur í ljós hvort gildin hafi ekki lækkað hjá þeim líka."




EYLÍF

FRÉTTIR

## Skipulagsmál:

# Skipulag standi vörð um ræktarland

## – Innviðaráðherra vill stefnu og aðgerðaáætlun um varðveislu lands sem hentar vel til ræktunar

**Að verja gott ræktarland sem hentar til matvælaframleiðslu er eitt lykilviðfangsefna skipulagsvinnu á komandi árum. Þetta kemur fram í nýrri Grænbók innviðaráðuneytisins.**

Landsskipulagsstefna er á þingmálaskrá haustþings. Hefur Grænbók, skýrsla um stöðumat, áherslur og matsáætlun skipulagsmála, verið í samráðsgátt stjórnvalda undanfarnar vikur en því ferli er lokið og nú farið yfir athugasemdir. Grænbókin er liður í endurskoðun á landsskipulagsstefnu 2015-2026. Reiknað er með að næsta skref; Hvítbók, drög að stefnu og umhverfismat, fari í samráðsgáttina um sex vikna skeið frá miðjum september. Að því loknu verður væntanlega orðin til haldbær heildarstefna til 15 ára auk aðgerðaáætlunar til 5 ára og unnt að leggja fram tillögu að þingsályktun þar að lútandi seint á haustþingi.

Í landsskipulagsstefnu eru samþættaðar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og nýtingu og vernd auðlinda hafog strandsvæða, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.




*Samkeppni er um land í dreifbýli*

Í Grænbók segir að meðal lykilviðfangsefna til næstu ára sé að verja þurfi gott ræktarland sem henti til matvælaframleiðslu til að tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar. Margt bendi til þess að landbúnaðarframleiðsla muni aukast í framtíðinni, meðal annars í ljósi vaxandi ferðamannastraums til landsins. Samkeppni ríki um land í dreifbýli vegna aukinnar eftirspurnar eftir landi til skógræktar, undir frístundabyggð, fyrir þéttbýlismyndun í dreifbýli og nýtingu vindorku.

Til viðbótar áherslum og verkefnum í landsskipulagsstefnu eru í Grænbók lögð fram fyrstu drög að áherslum hvað varðar meðal annars skipulag í dreifbýli. Er þar tiltekið að tryggja skuli samræmda flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða og varðveislu lands sem henti vel til ræktunar. Því eigi almennt ekki að ráðstafa til annarra nota með óafturkræfum hætti.

Marka beri stefnu um landnýtingu sem vinni gegn loftslagsbreytingum, auki viðnámsþrótt vistkerfa og samfélaga og stuðli að verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Sett eru fram markmið um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og með þeim hætti eigi skipulag landnotkunar að stuðla betur að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu þess í sátt við umhverfið.



Í Grænbók um skipulagsmál er lagður grunnur að umræðu um stöðu skipulagsmála og sett fram lykilviðfangsefni, framtíðarsýn og áherslur við gerð stefnu til komandi ára. Mynd / Samráðsgátt




Mynd / Grænbók

Í viðauka Grænbókar kemur fram áhersla innviðaráðherra á að landi sem hentar vel til ræktunar sé ekki ráðstafað til annarra nota. Umræða um innlenda framleiðslu á matvælum og fæðuöryggi hafi aukist á síðustu árum, ekki síst vegna skorts á aðföngum vegna heimsfaraldurs, stríðsátaka í Evrópu og umhverfisbreytinga vegna loftslagsvár. Við endurskoðun landsskipulagsstefnu verði því lögð áhersla á að sett verði fram stefna og skipulagsaðgerðir um varðveislu lands sem henti vel til ræktunar.

Fram kemur að umfang landbúnaðarlands hérlendis liggi ekki ljóst fyrir en talið að um 6% af flatarmáli landsins sé gott ræktarland, eða um 6.000 km².




**Útlit er fyrir að aukin eftirspurn verði eftir landi til framleiðslu vottaðra kolefniseininga með kolefnisbindingu eða stöðvun losunar frá landi. Mikil ábyrgð hvílir á sveitarfélögunum að staðið sé að slíkum verkefnum í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar, m.a. um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Úr Grænbók.**

*Flokkun landbúnaðarlands vandasöm*

Samkvæmt Grænbók er á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis lokið að hluta gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu, í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Landgræðslu ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun og Skógrækt ríkisins. Fram kemur að sveitarfélög hafi kallað eftir leiðbeiningum um hvernig beri að móta stefnu í aðalskipulagi á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands.

Skipulagsstofnun hefur, samkvæmt Grænbók, ekki synjað sveitarfélagi um staðfestingu aðalskipulags á grundvelli þess að stefna aðalskipulagsins eða einstök markmið þess samræmist ekki eða styðji ekki við markmið landsskipulagsstefnu. Þó hafi stofnunin bent á atriði, í vinnslutillögu aðalskipulags, þar sem að hennar mati hafi leikið vafi á samræmi, m.a. varðandi stefnu um sjálfbært dreifbýli. Hafi Skipulags- stofnun bent á að vandséð væri hvernig íbúðabyggð í dreifbýli, sem ekki er í tengslum við búrekstur eða aðra starfsemi þar, styddi við markmið landsskipulagsstefnu um sjálfbærni byggðar og hagkvæma uppbyggingu eða að slík landnotkun stæði vörð um gott landbúnaðarland.

Dæmi væru um að landbúnaðarlandi sem flokkist sem úrvals ræktarland væri ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, oftast undir samfellda byggð.

*7,7 prósent ungmenna vildu búa í sveit*

Í fyrra voru rafrænir spurningalistar lagðir fyrir sveitarfélögin, meðal annars um innleiðingu landsskipulagsstefnu í skipulagsáætlanir þeirra. Í svörum kom til dæmis fram að kerfi og ferli skipulagsmála þyki þungt í vöfum samkvæmt lögum og reglugerðum.

Árekstrar verði í dreifbýli á milli íbúa með landbúnaðarstarfsemi og nýrra íbúa sem vilja búa í sveit en óski eftir sömu þjónustu og í þéttbýli.

Lögð er í Grænbók áhersla á samþætta byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli, t.a.m. með eflingu þeirra meginkjarna sem fyrir eru og að fjölgun íbúða í dreifbýli verði fremur í tengslum við og til að styrkja landbúnað og aðra staðbundna nýtingu eða atvinnu- starfsemi.

Þá var spurningakönnun send út til fólks á aldrinum 16-20 ára og bárust 415 svör. Kom í ljós að 44% þátttakenda vildu helst búa á höfuðborgarsvæðinu, 27,5% í útlöndum, um 20% vilja búa í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins og 7,7% vilja búa í sveit.

Þeir þættir sem skiptu unga fólkið hvað mestu máli við val á búsetu voru atvinnumöguleikar, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, tækifæri til menntunar og gott aðgengi að þjónustu. Með grænni dreifbýlisþróun segir Grænbók að lögð sé áhersla á að mögulegt sé að lifa góðu lífi á dreifbýlum svæðum, með aðgangi að góðri grunnþjónustu, innviðum og húsnæði eftir þörfum.

Mikilvæg forsenda þróunarinnar sé hækkandi hlutfall aldraðra, færra ungt fólk og fjölbreyttari samfélög.

/sá





MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög
Sögunardýpt 27cm & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
BOMAG FAYAT GROUP
jarðvegsþjöppur - þýsk gæði
Bomag BT 60 e
Jarðvegsþjappa - 71 kg
Bomag BT 65
Jarðvegsþjappa - 68 kg
Bomag BR 95
Jarðvegsþjappa - 92 kg
Bomag BVP 10/30
Jarðvegsþjappa - 46 kg
Bomag BP 10/35
Jarðvegsþjappa - 65 kg
Bomag BVP 18/45
Jarðvegsþjappa - 91 kg
Bomag BPR 25/50
Jarðvegsþjappa - 140 kg
Bomag BPR 35/60 H
Jarðvegsþjappa - 228 kg
Bomag BPR 45/45
Jarðvegsþjappa - 340 kg
Bomag BPR 60/65 D/E
Jarðvegsþjappa - 460 kg
Bomag BPR 100/80
Jarðvegsþjappa - 695 kg
TYROLIT kjarnaborvélar - gólf- og veggsagir - kjarnaborar - steinsagarblöð
Tyrolit DME33UW
kjarnaborvél - 450mm
Tyrolit DME20PU
kjarnaborvél - 180mm
Tyrolit steinsagarblöð
Tyrolit kjarnaborar
Tyrolit WSE1621
veggsög 20kW - Sögunardýpt 70cm
Tyrolit FSG513P
gólfsög - Sögunardýpt 19,5cm
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S. 544 4656 | mhg.is

FRÉTTIR

Hestaíþróttir:

# Fyrsta deild hestaíþrótta stofnuð

**Sett hefur verið á fót ný deild í hestaíþróttum, 1. deild, og er henni ætlað að koma á milli áhugamannadeildar og meistaradeildar hestaíþrótta.**



Garðar Hólm Birgisson.

Fyrsta deildin í hestaíþróttum mun halda keppniskvöld sín í Samskipahöllinni á komandi ári. Mun að sögn Garðars Hólm Birgissonar, hestamanns og fasteignasala, verða miðað við að alla jafna sé keppt daginn eftir mót áhugamannadeildar.

Að sögn Garðars er 1. deildin stofnuð í kjölfar endurtekinna áskorana þar um. „Í 1. deildinni verður keppt eftir reglum FEIF,“ segir Garðar, en þó sé horft fram hjá þeim annmarka að öll innanhúsmótin séu haldin á minni velli en gert er ráð fyrir í FEIF-reglum. „Keppt verður í liða- og einstaklingskeppni,“ heldur Garðar áfram. „Keppnisgreinarnar verða V1, F1, T1, PP1, T2, P2 og gæðingalist 2. Nýja deildin verður með svipuðu formi og Meistaradeildin hefur verið haldin sl. árin og reynst vel. Miðað er við að 8 lið keppi á tímabilinu og verður fjöldi knapa í hverju liði takmarkaður við fimm aðila og þrír keppa í hverri grein. Riðin verða bæði A og B úrslit, 5 knapar verða í hvorum úrslitum, efsti hestur B-úrslita færist ekki upp í A-úrslit,“ segir Garðar enn fremur.

Fram kemur í fréttatilkynningu að knapar skuli vera fullgildir meðlimir í hestamannafélagi sem er í Landssambandi hestamannafélaga.

Þar sem Landssamband hestamannafélaga er fullgildur aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ), gildi lög og reglur ÍSÍ er varða íþróttamenn um knapa 1. deildar í hestaíþróttum.

Lágmarksaldur knapa í 1. deild sé 18 ára, 19 á árinu. Önnur skilyrði eru ekki varðandi þátttöku knapa og er þetta því, að sögn Garðars, deild sem ætti að henta mjög breiðum hópi. Opið sé fyrir umsóknir liða.

*/sá*

## Dagsetningar greina 2024 eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 23. febrúar | V1 Fjórgangur |
| 15. mars | T2 Slaktaumatölt |
| 28. mars | Gæðingalisti |
| 4. apríl | F1 Fimmgangur |
| 18. apríl | T1 Tölt |
| 20. apríl | PP1 Gæðingaskeið og P2 100m skeið |

*(Birt með fyrirvara um breytingar).*



Miðfjarðarbændurnir sem standa enn í samningaviðræðum við matvælaráðuneytið um bótagreiðslur. Ari G. Guðmundsson á Bergsstöðum, Dagbjört Diljá Einþórsdóttir og Ólafur Rúnar Ólafsson á Urriðaá og Elín Anna Skúladóttir á Bergsstöðum. Mynd / smh

Miðfjarðarbændur:

# Enn ósamið um bætur

**Enn er ósamið við bændur á bæjunum Bergsstöðum og Urriðaá í Miðfirði um bótagreiðslur vegna niðurskurðar á hjörðum þeirra í kjölfar riðutilfella sem voru staðfest þar í apríl.**

Samkvæmt upplýsingum sem fengust úr matvælaráðuneytinu standa samningaviðræður enn yfir og nú sé unnið að útfærslum bóta og tjónamati í samvinnu við bændur og Matvælastofnun.

Nokkur vinna hafi farið í að samþætta sjónarmið aðila en niðurstöðu megi vænta á næstunni.

***Förgun lokið 20. apríl***

Í reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar segir að fullnaðargreiðsla fyrir felldan fjárstofn skuli innt af hendi eigi síðar en 45 dögum eftir að förgun lýkur, þó eigi fyrr en 21 degi eftir að samkomulag um bætur liggur fyrir. Lokið var við förgun þann 20. apríl.

Í umfjöllun Bændablaðsins í maí kom fram í viðtölum við bændurna að þeir væru ósáttir með þær bætur sem í boði væru, þær væru langt frá því að geta bætt þann skaða sem þeir hefðu orðið fyrir.

Erfitt væri að byrja upp á nýtt og byggja upp nýjan fjárstofn miðað við þær bætur sem þeim væru boðnar.

***Meðal þeirra fremstu***

Samtals var skorið niður um 1.400 fjár á bæjunum tveimur. Bæði bú voru meðal þeirra fremstu í íslenskri sauðfjárrækt.

Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson keyptu Bergsstaði um áramótin 1996 –1997, byggðu upp sinn stofn jafnt og þétt og voru komin með 700 fjár þegar riðutilfelli voru staðfest á bænum.

Búreksturinn var góður á Urriðaá áður en riða greindist í einni kind, sem leiddi til þess að skera þurfti niður alla hjörðina. Það reyndist fyrsta og eina jákvæða sýnið á Urriðaá.

Dagbjört Diljá og maður hennar Ólafur Rúnar Ólafsson voru komin með sjálfbæran búrekstur og þurftu í raun ekki að vinna utan bús.

Þau höfðu á þremur árum náð góðum árangri í sinni ræktun og fjölgað fé um rúmlega tvö hundruð á vetrarfóðrum á einungis þremur árum.

*/smh*


STRAUTMANN STÆÐUSKERAR

Þýsk gæði og áreiðanleiki




Vinnslubreidd: 2,0m
Dýpt á kubbi: 1,2m

Verð kr. 1.935.000 án vsk.

Kr. 2.399.400 m/vsk

VINNUVÉLAR & ÁSAFL

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær
www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400


Heimaey:

# Sauðfé sleppur út fyrir girðingar

**Vestmannaeyjabær hefur ekki enn gripið til gjaldheimtu vegna afskipta af lausagöngufé. Sauðfé hefur þó reglulega komist út úr beitarhólfum í sumar.**

Sveitarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti uppfærða gjaldskrá fyrir handsömun eða afskipti af lausagöngufé í byrjun sumars. Brynjar Ólafsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, segir ástandið hafa lagast eftir að verðskráin var hækkuð, þó enn sleppi fé út fyrir þau svæði sem þeim er ætlað.

Brynjar segir að til fjölda ára hafi lausaganga á sauðfé verið til vandræða, sérstaklega á syðri hluta Heimaeyjar, þar sem byggðin er dreifðari. Í sumar voru tilfelli þar sem sauðfé gekk laust í þéttbýlinu. Umræða um þessi mál hefur verið hávær í bæjarfélaginu í undanfarið. Brynjar segir þessi mál vera viðkvæm og því hefur sveitarfélagið ekki enn rukkað viðkomandi búfjáreigendur fyrir afskipti af fénu.



Vestmannaeyjabær uppfærði gjaldskrá fyrir afskipti af lausagöngufé í vor. Mynd tekin í Heimaey. Mynd / ghp

Brynjar segir að þónokkrir aðilar séu með sauðfé í Heimaey og telur hann að lausagönguféð komi frá litlum hluta búfjáreigendanna. Samkvæmt matvælaráðuneytinu voru 172 vetrarfóðraðar kindur skráðar í Vestmannaeyjum síðastliðið haust. Í þeim tölum er ekki tekið sérstaklega fram hversu stór hluti er í Heimaey eða í úteyjunum.

Samkvæmt Brynjari hefur verið unnið að endurbótum á girðingum í sumar og er ástandið að færast í rétta átt. Vinsæll göngustígur liggur hins vegar í gegnum eina girðinguna og sleppur fé gjarnan út þegar fólk lokar ekki hliðum. Í ljósi þessa segir Brynjar að ekki sé hægt að skella skuldinni á búfjáreigendurna í öllum tilfellum.

*/ÁL*

# Hausttilboð

***Steinar úr graníti.***
***Allt innifalið samkvæmt myndum.***
***Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi fylgir eða frí sending um allt land. Geymum steina ef óskað er.***

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**
***steinsmidjaakureyrar.is***

***Tilboð 1***
***grár steinn***
***640.000***
***án blómaramma***
***520.000***




***Tilboð 2***
***grár steinn***
***565.000***
***án blómaramma***
***445.000***




***Tilboð 3***
***Demantur.***
***Passar líka á duftleiði***
***149.000***
***199.000 með lukt***




***Svartur***




***Paradiso***




***Blár***




***Grár***

***Tilboð 4***
***svargrár eða***
***grár steinn***
***340.000***
***án aukahluta***
***250.000***







***Hægt að setja 2 nöfn***

***Tilboð 5***
***grár steinn***
***225.000***
***án luktar***
***180.000***




***Hægt að setja 2 nöfn***



## Hausttilboð á granítbekkjum

### Viðhaldsfríir bekkir

***Þyngd um 140 kg, breidd 130 cm.***
***Flutningur með LF innifalinn.***
***Verð 210.000***

***Hægt að skrifa í bak eða setu gegn aukagjaldi.***

***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***




Þrír stigahæstu keppendurnir á Íslandsmeistaramótinu í hrútaþukli. Til vinstri er Gunnar Steingrímsson, sem var í þriðja sæti. Í miðjunni er Íslandsmeistarinn, Jón Stefánsson. Til hægri er Elvar Stefánsson sem hreppti annað sætið. Mynd / Sauðfjársetur á Ströndum

Strandabyggð:

# Nýr Íslandsmeistari í hrútadómum

**Íslandsmeistaramótið í hrútadómum var haldið í tuttugasta skipti núna á sunnudaginn. Þar fór Jón Stefánsson frá Broddanesi á Ströndum með sigur af hólmi.**

Samtals 63 tóku þátt í hrútaþuklinu, en keppt var bæði í flokki vanra og óvanra hrútadómara. Eins og áður segir, er Jón Stefánsson nýkrýndur Íslandsmeistari í hrútadómum og er þetta í fyrsta skipti sem hann sigrar. Í öðru sæti var Elvar Stefánsson frá Bolungarvík, sem var Íslandsmeistari árið 2010. Í þriðja sæti var Íslandsmeistarinn frá því í fyrra, Gunnar Steingrímsson frá Stóra-Holti. Í flokki óvanra vann Fanney Gunnarsdóttir, frá Stóra-Holti. Hún á hæfileikana ekki langt að sækja, enda hreppti faðir hennar þriðja sætið í flokki vanra.

Í öðru sæti var Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir á Kollsá og að lokum var Kormákur Elí Daníelsson frá Hólmavík í þriðja sæti.

Í samtali við Bændablaðið, segist Jón Stefánsson þakka reynslu sem hann öðlaðist við ómskoðun lamba til fjölda ára. Þar var hann í miklu samneyti við ráðunauta, sem kenndu honum hvernig ætti að stiga hrúta. Jón, sem er 75 ára, segist enn geyma þessa þekkingu í höfðinu og höndunum.

„Þú þarft að gefa einkunn fyrir haus, háls, herðar, bringu útlegur, bak, malir, læri, samræmi, ull og fætur. Þú þarft að vinna þetta í höndunum og vita hvernig kindin á að vera," segir Jón.

Reyndustu ráðunautar landsins voru búnir að gefa fjórum hrútum einkunn fyrirfram og snérist keppnin um að gefa stig sem næst dómum ráðunautanna. „Það hafa aldrei verið svona jafnir og góðir hrútar í öll þau ár sem ég hef keppt. Þetta voru svakalega flottir hrútar," segir Jón, en þeir voru fengnir frá Miðdalsgröf. /ÁL




Já 360° bíllinn:

# Myndað fyrir kortavefinn

**Í sumar hefur sérútbúinn bíll á vegum Já keyrt um landið og tekið 360°myndir fyrir kortavef Já.is.**

Bíllinn var til dæmis nýlega í Grímsey og Hrísey að taka myndir. Þetta er sjötta sumarið sem bíllinn keyrir um landið, en fyrsta ferðin var farin sumarið 2013.

### *Myndatakan háð veðri*

„Í bílnum er tölva sem sýnir bílstjóranum þau svæði sem á að mynda og hvað búið er að mynda. Myndatakan er auðvitað háð því að veður sé gott og þurrt, svo það þarf stöðugt að vera að laga akstursáætlanir að veðurspám.

Eftir að tökum lýkur í sumar eru myndirnar fyrst keyrðar í gegnum hugbúnað sem skyggir m.a. bílnúmer og andlit fólks og svo yfirfarnar aftur af starfsfólki áður en þær eru birtar á kortavef Já.is í haust," segir Mekkín Bjarkadóttir, viðskiptastjóri hjá Já.




Hér er verið að mynda um Heimskautagerðið á Raufarhöfn. Sérstakur hugbúnaður er notaður í bílnum og á bílnum er áföst 360° Ladybug5 myndavél. Ladybug5 er samansett af sex myndavélum sem taka myndir hver frá sínu sjónarhorni. Hver myndavél er 5 megapixlar og myndirnar eru því 30 megapixlar. Öll myndagögnin eru með GPS hnitum sem eru tengd við kortavef Já.is. Mynd /Aðsend

### *Vegirnir um Kjálkafjörð og Mjóafjörð myndaðir*

Bíllinn og myndavélarnar í honum, ásamt bílstjóranum Sigurði Júlíusi Guðmundssyni, hafa haft nóg að gera í sumar. „Já, já, meira en nóg að gera. Áherslan hefur verið lögð á að endurnýja myndir af helstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni og bæta við nokkrum svæðum sem við eigum ekki myndir af.

Einnig að uppfæra hverfi á höfuðborgarsvæðinu sem hafa tekið hvað mestum breytingum síðastliðna 12 mánuði. Við höfum nú þegar lokið landsbyggðinni og eigum bara eftir 1-2 daga á höfuðborgarsvæðinu.

### *30 þúsund nota Já.is kortið*

Meðal nýrra svæða sem við mynduðum á landsbyggðinni í sumar eru Grímsey, Kárahnjúkar, Strandir, Vaðlaheiðargöng, Dýrafjarðargöng, Norðfjarðargöng og vegirnir um Kjálkafjörð og Mjóafjörð," segir Mekkín. Á þessari slóð, https://um.ja.is/360, er lifandi kort sem sýnir hvað er búið að mynda í sumar.

Mekkín segir að um 130 þúsund manns noti Já.is kortið í hverjum mánuði og um 60 þúsund nota 360° myndirnar. Myndirnar eru einnig grunnurinn að „Já Flakk", en leikurinn gefur fólki kost á að flakka um landið og giska á hvar það er statt.

Leikurinn fór í loftið í lok árs 2017 og hafa um 80 þúsund manns spilað leikinn frá upphafi. Sá sem hefur spilað leikinn oftast hefur klárað 2.488 leiki," segir Mekkín hlæjandi. /MHH

Vistkerfi:

# Ástand lands slæmt ofan 180 metra hæðar á annesjum

**Leggja ber meiri áherslu á að vernda vistkerfi á hálendi og annesjum fyrir landnýtingu.**

Nýverið birtist íslensk vísindagrein sem setur fram líkan til að skýra hvaða þættir varpa best ljósi á núverandi ástand íslenskra vistkerfa og sem endurspeglar þanþol kerfanna gagnvart nýtingu og náttúrulegum áföllum í gegnum aldirnar.

Niðurstöður hennar benda til að leggja beri meiri áherslu á að vernda vistkerfi á hálendi og annesjum fyrir landnýtingu. Votlendisvistkerfin hafa almennt meira þanþol gagnvart nýtingu og áföllum og því eru votlend landsvæði almennt í betra ástandi.

### *Mismikið þanþol*

Í umfjöllun um greinina á vef Landgræðslunnar segir að vistkerfi á landi hafi haft mismunandi mikið þanþol gagnvart landnýtingu, áföllum vegna eldgosa og kuldatímabili, sem leiði til mismunandi ástands þess í dag. Í greininni hafi verið notuð nýstárleg aðferð sem byggist á að í slembiúrtaki hafi 500 reitir verið lagðir út í landfræðilegum gagnagrunni, hver 250 ha að stærð.

Vistfræðilegt ástand hvers reits var metið út frá stöðumati GróLindar og kannað hvort samband væri milli ástandsins og útbreiðslu votlendis, hæðar yfir sjávarmáli, halla, tilvistar urðarskriða, nánd við eldvirk svæði og landfræðilega legu (þ.e. hvort reiturinn væri á Suður- og Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi, Vestfjörðum eða annesjum norðanlands).



Samkvæmt nýrri skýrslu þarf að vernda vistkerfi á hálendi og annesjum Íslands fyrir landnýtingu. Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

### *Almennt slæmt ástand ofan 180 m hæðar annesja*

Breyturnar reyndust allar hafa marktæk áhrif á núverandi ástand landsins en áhrifin eru mismikil og breytileg eftir landsvæðum. Í ljós kom að hæð yfir sjávarmáli og útbreiðsla votlendis eru mikilvægustu breyturnar.

Niðurstöðurnar sýna að ástand lands er almennt slæmt (GróLind, einkunn 3 eða lægri) ofan 180 m hæðar á annesjum en samsvarandi hæð er nokkru ofar inn til landsins á öðrum svæðum.

Greinin birtist í vísindatímaritinu PLOS ONE og nefnist *„A framework model for current land condition in Iceland"* og eru höfundar hennar Ólafur Arnalds, Bryndís Marteinsdóttir, Jóhann Þórsson og Sigmundur Helgi Brink. /sá


STÁLGRINDARHÚS
FRÁ FRISOMAT
Nú fást stálgrindarhúsin frá Frisomat hjá BK Hönnun ehf. Frisomat hefur frá árinu 1978 byggt stálgrindarhús vítt og breytt, þ.m.t á Íslandi. Við bjóðum Frisomat velkomin til BK Hönnunar!
FRISOMAT
HAGKVÆM LAUSN FYRIR
• IÐNAÐARHÚS
• VÖRUHÚS OG GEYMSLUR
• LANDBÚNAÐARBYGGINGAR
• FLUGSKÝLI
• REIÐHALLIR
• ÍÞRÓTTAHÚS
WWW.BKHONNUN.IS - 571-3535 - SALA@BKHONNUN.IS

NYTJAR HAFSINS

# Bókvitið verður í askana látið!

## – Tryggvi Hjaltason, formaður hugverkaráðs, hvetur sjávarútveginn til stórsóknar í nýsköpun

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



**„Bókvitið verður ekki í askana látið“ segir gamall íslenskur málsháttur.**

Merking hans er sú að sá sem liggi og grúski í bókum hafi ekki tíma að vinna fyrir sér, sé því ekki matvinnungur eins og sagt var. Þá höfum við oft heyrt að meiri verðmæti verði ekki sótt í sjóinn, hann sé fullnýttur. En er það svo? Nýlega urðu stórfréttir í íslensku samfélagi þegar eignarhald Kerecis, félags vestur á fjörðum sem vann græðingarefni úr þorskroði, var selt fyrir 180 milljarða úr landi en þar af runnu um 60 milljarðar til Vestfirðinga. Kerecis er byggt upp af hugmynd um að nýta þorskroð til að græða þrálát sár sykursjúklinga sem annars gátu leitt til aflimunar þeirra. Skyndilega varð þorskroð, sem var lítils virði, gríðarlega verðmæt afurð sem bætti líf fjölda fólks. Allt þetta gerðist í krafti þekkingar og hugvits sem byggðist upp og fann sér svo farveg vestur á fjörðum. Hvort tveggja reyndist rangt, að bókvitið verði ekki í askana látið og að ekki verði sótt meiri verðmæti í sjóinn.

Við fengum Tryggva Hjaltason, vörustjóra hjá tölvuleikja-framleiðandanum CCP og formann hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins, til að útskýra fyrir okkur forsendur nýsköpunar, hversu mikilvæg verðmætaaukning er samfélögum og hvernig hvatar eiga að virka svo atvinnulífið geti staðið undir velmegun þjóðarinnar.



Tryggvi Hjaltason, formaður hug-verkaráðs Samtaka iðnaðarins.

### *Mýtan um sérvitringinn*

*Hvað er það sem einkennir frum-kvöðulinn? Er það þrjóski sér-vitringurinn í skúrnum sem á engan pening en er með frábæra hugmynd? Hvað segir Tryggvi um það?*

„Það er mýta, sem er ekki rétt, að frumkvöðullinn þurfi að fórna öllu til að koma hugmynd sinni á framfæri. Rannsóknir hafa sýnt að hátt hlutfall nýsköpunar er hliðarverkefni til að byrja með, alveg eins og Marel spratt út úr sjávarútveginum fyrir margt löngu og nú Kerecis,“ segir Tryggvi. „Það sem er líka áhugavert er að meðalaldur frumkvöðla í verðmætustu nýsköpunarfyrirtækjunum er yfir fertugt og það er alls engin regla að þeir séu hámenntaðir. Víð þekking og að vera óhræddur við að gera mistök skiptir meira máli.“

### *Fjármagn og umhverfi skipta mestu*

*Hvað er það sem drífur nýsköpun, svona almennt, og hverjar eru forsendur þess að hún þrífist? Hvaða aðstæður þarf frumkvöðullinn að búa við?*

„Í fyrsta lagi skiptir stefna stjórnvalda miklu máli auk skilvirks og gegnsæs regluverks. Hvatar til nýsköpunar skipta mestu, eins og beinir styrkir, lágt skatthlutfall, endurgreiðslukerfi kostnaðar vegna rannsókna og þróunar, hugverkavernd, aðgengi að þekkingarsamfélagi eins og öflugum háskóla og öflug tengsl við atvinnugrein eins og sjávarútveg.

Það sem er gott er að fjárfesting ríkisins í nýsköpun er nú að nálgast 30 milljarða en var minna en 2 milljarðar fyrir tíu árum,“ segir Tryggvi.

Í öðru lagi megum við ekki gleyma peningunum. Gott aðgengi að fjármagni og stuðningi er stærsta einstaka breytan. Stór fyrirtæki hafa meiri fjárhagslegan styrk en þau minni, hafa lengri virðiskeðju, meiri aðföng og sérþekkingu sem skipta miklu við nýsköpun. Þau hafa líka úthald því það tekur langan tíma að uppskera ávöxt nýsköpunar, allt að 5–10 ár. Frægasta dæmið í sögunni eru „rannsóknarstofur“ amerískra risafyrirtækjanna Bell og Xerox, en þær voru settar upp af fyrirtækjunum til að vernda frumkvöðlana frá álagi og skrifræði við það að stunda nýsköpun og afla peninga. Stærstu og verðmætustu tæknifyrirtæki Bandaríkjanna í dag eru þau sem hafa búið til nútímaútgáfu af þessum „rannsóknarstofum“.



Þorskroð frá Kerecis til að græða þrálát sár. Mynd / Kerecis

Í þriðja lagi skiptir aðgengi að sérfræðiþekkingu miklu. Við þurfum bæði að geta byggt hana upp í landi auk þess að geta flutt hana inn, bæði inn til menntastofnana og til atvinnulífsins.

Síðast en ekki síst er aðgengi að mörkuðum. Stærð markaða skipta miklu máli. Heimamarkaður á Íslandi er takmarkaður en við erum tiltölulega stór í sjávarútvegi og þar liggja tækifærin. Þar ættum við að geta gert okkur gildandi.“

### *Nýsköpun í sjávarútvegi*

*Alkunna er að Marel spratt upp úr þekkingarleit í sjávarútvegi. Nú hefur Kerecis sprottið úr sama jarðvegi. Hvaða tækifæri sér Tryggvi fyrir sér í nýsköpun og verðmætaaukningu í sjávarútvegi?*

„Sjávarútvegurinn er í kjörstöðu að ráðast í stórsókn í nýsköpun. Hann er fjársterkur, með djúpa sérþekkingu, eftirsótta vöru sem er fiskurinn, gott aðgengi að erlendum mörkuðum, þekkingu í markaðssetningu og í vaxandi tilfellum þekkingu við að koma nýjum vörulínum á erlenda markaði. Þá er mikil vísindaleg þekking til á Íslandi á vistkerfi sjávar, fleiri tegundir til að nýta, frekari úrvinnslu á sjávarfangi og áfram má telja. Greinin hefur því öll lykilspil á hendi sér til að geta ráðist í stórsókn í nýsköpun. Ég hvet forsvarsmenn sjávarútvegsins til að setja sér metnaðarfull langtímaplön um fjárfestingu og uppbyggingu í sjávarútvegi. Við þekkjum dæmi um verðmætin í greininni.

Þar má nefna makrílveiðar (nýsköpun í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á nýrri tegund), hrognavinnsla (hráefni sem var ekki nýtt finnur markað sem lúxusvara), og nú síðast Kerecis (vara úr roði sem var að mestu hent, nýtt til lækninga). Samanlagt er ávöxturinn af þessum þrem nýsköpunarverkefnum tugir milljarða á ári í hreinum gjaldeyristekjum.

Sjávarútvegurinn liggur á gullkistu að mínu mati, nýjum tegundum, virðisaukningu í nú-verandi verðmætaferlum svo sem vörum sem eru í dag að mestu bræddar, virðisaukningu próteins, lækningarvörum og áfram má telja,“ segir Tryggvi.

### *Misskipting jókst, en hver tapaði?*

*Í umræðu er mikið talað um misskiptingu. Öllum er það ljóst að við sölu á Kerecis jókst misskipting. Allt í einu urðu einstaklingar vestur á fjörðum auðugir, ekki bara af fé, heldur líka þekkingu við að byggja upp fyrirtæki. Verðmætin sem streymdu til landsins í formi sölu Kerecis er líklega um helmingur af söluverðmæti sjávarafurða á einu ári. Þjóðarauðurinn jókst sem nam söluverðmætinu. Stærsti hluti hans rennur til fyrrum eigenda en einnig stór hluti til opinberra aðila í formi skatttekna, bæði beinna og óbeinna. Um allan heim njóta sykursjúklingar góðs af nýsköpun Vestfirðinga. Getur það þá verið að allir græði þótt misskipting aukist?*

„Já, nýsköpun er svo sannarlega allra hagnaður þegar upp er staðið. En menn tapa líka í nýsköpun á þeim verkefnum sem ekki ganga upp og verða gjaldþrota. Það er því gríðarlega mikilvægt að það sé heilbrigð áhættutaka og að allir geri sér grein fyrir henni. Það felast líka verðmæti í því að læra af mistökum. Þannig safnast þekkingin upp. Fjárfesting í auknum rannsóknum og þróun er af allt öðrum toga en hefðbundin fjárfesting. Hún tekur lengri tíma og er flóknari en ábatinn er margfaldur.

Það er ekki að ástæðulausu að 10 ríkustu hagkerfi heims eru þau sem eyða 80% af öllum útgjöldum til rannsóknar og þróunar í heiminum í dag. Það gleður mig mjög að sjá að við erum sífellt að auka fjárframlög í nýsköpun. Það mun bæta hag okkar allra þegar upp verður staðið,“ sagði Tryggvi Hjaltason að lokum.

**Sigurgeir B. Kristgeirsson**, *búfræðingur og framkvæmda-stjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum*




Við erum lítill hópur manna sem höfum áhuga á veiði. Okkar markmið er að leigja á sem jafnvel þarf að hlúa að og rækta upp.

Hún má vera húslaus og gæti hluti leiguverðs verið að byggja veiðihús.

Við erum að falast eftir á með bleikju, staðbundnum urriða eða sjóbirting og ekki verra ef það væri lax eða laxavon.

Við erum opnir fyrir nánast öllu sem kæmi til greina og hvar sem er á landinu.

Áhugasamir vinsamlega sendi okkur tillögu á netfangið **veidiperla@gmail.com**.

Dýralíf:

# Nákuðungar sniglast um austfirskar fjörur

**Nákuðungur (Nucella lapillus) er nú farinn að sjást æ oftar í fjörum Austurlands en lengi var talið að sjór austan við land væri of kaldur til að nákuðungar fengju lifað þar.**

Teknir voru saman allir fundarstaðir nákuðungs á Austurlandi nú í sumar og annaðist Náttúrustofa Austurlands verkefnið í kjölfar þess að tegundarinnar varð vart í fjöru utan við Skálanes í Seyðisfirði í júnílok.

Kuðungurinn hefur samkvæmt samantektinni fundist á í það minnsta sex stöðum eystra; í Finnafirði, Bjarnarey, Skálanesfjöru, á Teigarhorni, Djúpavogi og Stokksnesi.

Hlýnun sjávar gæti verið völd að breytingunni en fram til þessa hefur kuðungurinn, sem er sæsnigill af dofraætt, einkum fundist og verið algengur við suðvestur- og vesturströnd Íslands og allra helst í grýttum þangfjörum. Finnst hann einnig á ströndum norðvestanlands þótt í minna mæli sé.



Nákuðungar verða nú algengari fyrir austan vegna hlýnunar sjávar. Mynd / iNaturalist

Nákuðungur er við norðurmörk útbreiðslu sinnar hér á Íslandi. Hann er kjörfæða fyrir bogkrabba og ýmsa fugla sem leita ætis í fjörum en lifir sjálfur mest á hrúðurkörlum og smákræklingum. Hann verður kynþroska við þriggja ára aldur og elstu dýrin verða um tíu ára.

Nákuðungurinn er fæða fyrir ýmsa fjörufugla á borð við tjalda, tildrur og sendlinga en æður og mávar fúlsa heldur ekki við þeim. Hann lifir almennt í öllum fjörum hvort sem er brimsömum eða skjólsælum en liggur marga mánuði í dvala undir slútandi steinum að vetrarlagi.

Kuðungstegundin er vöktuð af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum, meðal annars er það gert til að fylgjast með styrk lífrænna tinsambanda í lífríki sjávar.

/sá




# Landssamband hestamannafélaga og íslenska landsliðið í hestaíþróttum þakka stuðninginn

LÍFLAND

ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987

Íslandsbanki

MUSTAD

ICELANDAIR CARGO

BLUE LAGOON
ICELAND

BM·VALLÁ

ASKJA

EYKT

VERDI

Litla-Tunga

Auðsholtshjáleiga
horseexport.is

LímtréVírnet

JSB

FÖNN

ELD•HESTAR
VOLCANO•HORSES

TOP REITER

ESJA
GÆÐAFÆÐI

FLÚÐA SVEPPIR

LÍNUBORUN ehf

GJÖGUR HF

STJÖRNUBLIKK

terra

HÖRÐUR

primex

Hestamannafélagið Sindri
Kjarnavörur
Lýsi
Nýmót ehf
Primex ehf
Reykjabúið
Strandarhjáleiga
Veitingahúsið Suður-Vík ehf

Bjarkar ehf
Bragi Guðmundsson ehf
Dýrlæknirinn Mosfellsbæ
E Guðmundsson
Einhamar/Hótel Hestheimar
Frumherji hf
Gunnarsson ehf
HA ráðgjöf ehf

Hasar ehf
Heimahagi ehf
Hestamannafélagið Máni
Hestamannafélagið Sprettur
Höfðaströnd ehf
Hótel Arnarstapi
Hvalsnes ehf
Kranaþjónusta RÓ ehf

Reykjanesapótek
Sigur og Appolo ehf
Steinull hf
Stjörnuegg
Toyota Selfossi
Vagnar og þjónusta
Vik Horse Adventure

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



# Sauðfjárafurðir

## Framleiðsla á dilkakjöti

Árið 2022 var heildarframleiðsla á dilkakjöti um 7.408 tonn. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í framleiðslu á þessu ári og að framleiðslan fari niður í 7.205 tonn. Árið 2017 var heildarframleiðsla á dilkakjöti um 9.206 tonn. Frá þeim tíma hefur framleiðsla dregist saman um nær 1.986 tonn, eða 22%. Yfir sama tímabil hefur sauðfé fækkað um 108.000 vetrarfóðraðar ær, eða 23%.




## Afurðaverð

Reiknað afurðaverð fyrir haustið 2023 er 891 kr/kg sem er hækkun um 19% milli ára. Árið 2017 varð algjört hrun í afurðaverði og afkomu sauðfjárbúa. Sú hækkun afurðaverðs sem orðið hefur frá árinu 2017 gerir lítið annað en að leiðrétta þá stöðu.




## Sala innanlands

Í lok júní 2023 var uppsöfnuð 12 mánaða sala 6.078 tonn af dilkakjöti, sem er nánast sama magn yfir sama tímabil árið áður. Samdráttur í sölu sem varð árið 2021, vegna Covid-19, er nú að mestu gengin til baka. Birgðir af kindakjöti eru í sögulegu lágmarki og allar líkur á því að sala hefði orðið meiri ef framboð væri nægt.




## Útflutningur

Heildarútflutingur árið 2022 var 3.108 tonn, eða nánast sama magn og flutt var út árið áður. Frá áramótum hafa verið flutt út um 739 tonn fyrir um 1.052 milljónir. Meðalverð fyrir þennan útflutning er um 1.052 kr/kg. Meðalverð útflutnings hefur farið hækkandi undanfarin ár. Árið 2021 var meðalverðið 791 kr/kg og árið 2022 865 kr/kg. Verð á heimsmarkaði hefur lækkað nokkuð að undanförnu, en þó ekki þannig að hækkunin sem varð 2021 hafi að fullu gengið til baka. Á þessu árið er því spáð að verð haldist áfram há enda spáð aukinni eftirspurn en á sama tíma samdrætti í framleiðslu.




Bændablaðið
www.bbl.is



## Sauðfjárræktin í tölum

| | | Breyting | | |
|---|---|---|---|---|
| Fjárfjöldi | 2022: 385.656 | ↓4% | 2023: 368.446 |
| Fallþungi | 2022: 17,4 | ↓3% | 2023: 16,6 |
| Framleitt dilkakjöt, tonn | 2022: 7.408 | ↓3% | 2023: 7.220 |
| Afurðaverð, kr/kg | 2022: 748 | ↑19% | 2023: 891 |
| Smásöluverð (vísitala) | 2022: 157 | ↑23% | 2023: 193 |
| Dilkakjöt, innlend sala, tonn | 2017: 6.035 | ↑1% | 2023: 6.078 |
| Birgðir dilkakjöts (1. júlí) | 2022: 12.85 | ↓39% | 2023: 777 |
| Útflutt kindakjöt, tonn | 2021: 3.106 | ↑0,1% | 2023: 3.108 |
| Verðmæti útflutts kindakjöts | 2021: 2.458 | ↑9% | 2023: 2687 |
| Afurðaverð í EU, Euro/kg | 2021: 7,0 | ↑0,4% | 2023: 7,03 |
| Heimsmarkaðsverð, $/kg | 2021: 12,02 | ↓0,4% | 2023: 9,65 |

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTASKÝRING



Plast, örplast og nanóplast á sveimi í sjó. Talið er að það eigi eftir að aukast til muna grípi stjórnvöld ekki í taumana með samhæfðu regluverki. Mynd / MATÍS

> „Stjórnvöld um allan heim verða að skrifa undir alþjóðlegan, lagalega bindandi sáttmála, til að ákvarða hvernig við notum plast og förgum því ...“

## Plastmengun:

# Örplast í öll mál

## – Örplast berst upp fæðukeðjuna og við neytum þess og öndum því að okkur

**Örplast er sívaxandi vandamál í veröldinni. Það berst upp alla líf- og fæðukeðjuna og er alls staðar, hvort sem er á legi, láði eða í lofti. Áhrif þess á heilsu manna eru nú í vaxandi mæli rannsökuð og víst að sitthvað á eftir að koma í ljós varðandi skaðsemi örplasts í lífríkinu, hvort heldur er á hinar smæstu lífverur eða manneskjur – og allt þar á milli.**



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Örplast er almennt skilgreint mjög vítt en undir það hugtak falla allar litlar plastagnir minni en 5 mm (í öllum víddum; lengd, hæð eða breidd) svo það á við um kúlulaga agnir, þunnar flyksur og þræði. Örplastagnir eru ekki lokaafurð plastúrgangs þar sem þær halda áfram að brotna niður í nanóplast sem eru plastagnir minni en 50 µm (nanóagnir).

Að sögn Sophie Jensen, verkefnastjóra á sviði lífefna hjá MATÍS, eru örplastagnir ýmist framleiddar sem örplast eða verða að örplasti við slit og sundrun (með útfjólublárri geislun frá sólinni og af vélrænum áhrifum, svo sem bylgjum) stærra plasts í umhverfinu, ásamt öðrum gerðum af örplasti eins og þeim sem losna þegar við þvoum fötin okkar.

„Þar sem örplast mengar umhverfið hefur verið sýnt fram á tilvist þess í fæðukeðjunni,“ segir Sophie. „Svif í sjónum er neðst í fæðukeðjunni og það neytir örplasts þar sem agnirnar eru jafnstórar og náttúruleg bráð þeirra. Örplastagnirnar safnast fyrir í vefjum og þar sem eitt dýr étur annað getur örplast flust upp fæðukeðjuna og endað á disknum okkar,“ segir hún.

Í skýrslunni Örplast í hafinu við Ísland, helstu uppsprettur, magn og farvegir í umhverfinu, frá 2019, segja skýrsluhöfundar, þeir Valtýr Sigurðsson og Pétur Halldórsson, að „stærsta uppspretta örplasts í umhverfinu á Íslandi tengist bifreiðaumferð en slit á dekkjum og vegmerkingum er um 4/5 allrar örplastslosunar hérlendis. Aðrar stórar uppsprettur eru einna helst vegna málningar og affalls vegna þvotta á fatnaði úr gerviefnum ...“ Jafnframt segir í skýrslunni að „farleiðir örplasts til hafs eru ólíkar eftir uppsprettum og misflókið er að meta stærð þeirra. Sumar farleiðir fara óhindraðar í hafið líkt og frárennsli úr þvottavélum (í öllum þéttbýlum landsins sem eru við sjó). Affallsvatn frá vegum í þéttbýli á einnig að miklu leyti greiða leið í hafið en vegryk lendir líka að stórum hluta í jarðvegi og ekki er gott að segja til um hvar það endar líkt og við á um málningarflygsur frá háþrýstiþvotti húsa og fleiri uppsprettur í þéttbýli. Það örplast sem lendir í jarðvegi situr að öllum líkindum eftir í jarðveginum og berst ekki í hafið þar sem plast er ekki vatnsleysanlegt. Helstu farleiðir örplasts í hafið eru því með rennandi vatni gegnum skólp og ræsi.“

### *Fáum í okkur nanóplast alla ævi*

Aðspurð hvar mesta örplastið í fæðukeðjunni sé að finna segir Sophie örplastmengun ekki aðeins eiga sér stað í sjávarfangi heldur einnig í öðrum matvælum. „Rannsóknir beinast enn fyrst og fremst að mengun sjávarfangs og fisks en athygli hefur einnig beinst að matvælum úr jurtaríkinu, eins og þangi og hrísgrjónum. Jafnframt hefur mengun í ediki, salti og mjólk verið metin. Hvað varðar drykki hefur athygli einnig beinst að hvítvíni, orkudrykkjum og gosdrykkjum.“

Sophie segir að fyrir utan mengun lofts og vatns sé jarðvegsmengun önnur möguleg uppspretta örplasts í fæðukeðjunni. „Jarðvegsörplastmengun á sér stað eftir nokkrum leiðum. Má þar nefna urðunarstaði, meðhöndlun á jarðvegi, notkun á skólpseyru til jarðvegsfrjóvgunar, vökvun með skólpvatni, notkun moltu og lífræns áburðar og slit á dekkjum.“

Samkvæmt áðurnefndri skýrslu, Örplast í hafinu við Ísland, frá 2019, var árleg losun örplasts í umhverfið á Íslandi í kringum 450-1.000 tonn og þar af áætluð losun í hafið frá um 190 tonnum. Uppsprettur örplastsins voru t.a.m. bifreiðahjólbarðar, flugvélahjólbarðar, haglaskot, leikvellir, skipamálning, gervigras, vegmerkingar, húsamálning, sigvatn, snyrtivörur og þvottur.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að ætla megi að um 300 tonn af heyrúlluplasti endi árlega annaðhvort í almennri urðun eða umhverfinu.

Um það hversu hættulegt plast í fæðukeðjunni sé í raun og veru segir Sophie það ekki ljóst. „Sannleikurinn er sá að við vitum það ekki. Við vitum að plast er að valda dýralífi óbætanlegum skaða, en vísindamenn eru aðeins byrjaðir að skoða hvað það gerir heilsu manna.

Menn verða fyrir langvarandi útsetningu á nanóplasti í lágum styrk, nánast allt lífið. Nanóplast er erfitt að greina miðað við örplast og rannsóknir hafa ekki kannað að fullu skaðleg heilsufarsáhrif nanóplasts.









**Örplast á yfirborði hafsins, 1950 til 2050. Örplast eru fljótandi plastefni sem eru minni en 0,5 sentímetrar í þvermál. Framtíðaruppsöfnun á heimsvísu í yfirborðshafi er sýnd í þremur sviðsmyndum um losun plasts: (1) losun til sjávar stöðvast árið 2020; (2) hún staðnæmist við losunarhlutfallið 2020; eða (3) heldur áfram að vaxa til ársins 2050 í samræmi við sögulegan framleiðsluhraða plasts.** Mynd / Our World in Data

En niðurstöður benda til þess að nanóplast geti farið yfir verndandi lífhimnur í líkamanum og þannig komist í blóðrásina, fylgju, safnast fyrir í heila og hugsanlega haft skaðleg áhrif á fólk," segir hún.

Alvise Vianello, dósent í efnafræði við Álaborgarháskóla í Danmörku, komst fyrir nokkrum árum að því að allir plastmunirnir í vistarverum okkar fylli lungu okkar smám saman af örsmáum plastögnum. Með öndunarvélmenni sýndi hann fram á að það andaði að sér 11,3 bútum af örplasti á klukkustund. Örplastið er alls staðar, í matnum okkar, andrúmsloftinu og vatninu.

### *Plastframleiðsla hraðvaxandi*

Árið 2019 var plastframleiðsla á heimsvísu um 460 milljónir tonna, samkvæmt OECD Global Plastics Outlook. Er því spáð að miðað við núverandi þróun verði heimsframleiðsla plasts komin í 1.100 milljónir tonna árið 2050.

Um 85% af öllu plasti endar á urðunarstöðum eða sem óreglulegur úrgangur. Af þeim sjö milljörðum tonna af plastúrgangi sem myndast hefur á heimsvísu hingað til hafa innan við 10% verið endurunnin. Sophie segir milljónir tonna plastúrgangs tapast í umhverfinu. Jafnframt sé plastúrgangur fluttur þúsundir kílómetra til áfangastaða þar sem hann er að mestu brenndur eða urðaður.

Ár og vötn flytja plastúrgang frá landi til sjávar og eiga því stóran þátt í mengun hafsins. „Talið er að um 1.000 ár séu valdar að næstum 80% af alþjóðlegri árlegri plastlosun áa í hafið, sem er á bilinu 0,8 til 2,7 milljónir tonna á ári, með litlum þéttbýlisám meðal þeirra mest mengandi," segir hún.

Ríflega tveir milljarðar manna búa í samfélögum þar sem engin skipulögð úrgangslosun er við lýði. Margt af þessu fólki býr við ár og strandlengjur og losar sig við rusl og úrgang þangað skv. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna. Þegar hinar ríkari þjóðir selja plastsorp sitt til millitekjulanda endar sumt af því í sjó þar sem viðtakalöndin geta heldur ekki meðhöndlað allan sinn úrgang á umhverfisvænan máta.

Um það hversu mikið plast fari árlega í sjó á heimsvísu, segir Sophie að þrátt fyrir núverandi viðleitni sé áætlað að 75 til 199 milljónir tonna af plasti finnist nú í sjónum.



„Eins og staðan er núna er plastframleiðsla að aukast á hverju ári og með aukinni plastmengun verður aukning á plasti í fæðukeðjunni," segir Sophie Jensen hjá Matís. Mynd DM Forero

„Ef við breytum því ekki hvernig við framleiðum, notum og förgum plasti, gæti magn plastúrgangs sem berst í vatnavistkerfi næstum þrefaldast, úr 9-14 milljónum tonna á ári árið 2016 í áætlaðar 23-37 milljónir tonna á ári árið 2040."

Talið er að allt að 6% alls plastúrgangs á jörðinni endi í hafi. Plastrusl í sjónum kemur að stórum hluta frá landúrgangi, eða um 80%. Eftirstöðvarnar, 20% úrgangsins, koma frá uppsprettum í hafinu, aðallega frá veiðarfærum og trollum. Veiðarfæri eru talin nema um 18% af öllum sjávarúrgangi.

Um það bil 36% af öllu plasti sem er framleitt er notað í umbúðir, þar með talið einnota plastvörur fyrir matvæla- og drykkjarílát. „Sígarettustubbar – þar sem síurnar innihalda örsmáar plasttrefjar – er algengasta tegund plastúrgangs sem finnst í umhverfinu. Matarumbúðir, plastflöskur, plastflöskulok, plastpokar, plaströr og -skeiðar eru næstalgengustu hlutirnir. Mörg okkar nota þessar vörur á hverjum degi, án þess að hugsa um hvar þær gætu endað," segir Sophie.





Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur á sviði loftslags og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, t.v. og Sophie Jensen, verkefnastjóri á sviði lífefna hjá MATÍS, t.h.

### *Meirihluti umbúðaplasts endar með blönduðum úrgangi*

Nokkuð ítarlegar upplýsingar er að hafa um ráðstöfun plastumbúða á Íslandi og byggja þær á upplýsingum frá Úrvinnslusjóði, að sögn Birgittu Stefánsdóttur, sérfræðings á sviði loftslags og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun. Litlar upplýsingar sé þó að hafa um plast annað en umbúðir. Árið 2021 voru 16.595 tonn umbúðaplasts sett á markað, þar af 797 tonn endurunnin hérlendis og 3.791 tonn erlendis. Af því sem endurunnið var erlendis voru 922 tonn brennd með orkuvinnslu. „Gera má ráð fyrir að afganginn, 11.085 tonn, fari í urðun eða brennslu með blönduðum úrgangi, það er að segja; séu plastumbúðir sem ekki voru flokkaðar frá," segir Birgitta. „Varðandi plastúrgang annan en umbúðir höfum við ekki upplýsingar um hversu mikið var sett á markað af plastvörum öðrum en umbúðum. Miðað við úrgangstölfræðina fóru um 4.174 tonn af plastúrgangi öðrum en umbúðum í endurvinnslu, 207 tonn voru urðuð hérlendis og 31 tonn var brennt án orkunýtingar."

Hún segir að ætla megi að um 40% af öllu plasti sem sett er á markað í Evrópu séu umbúðir. Um 20% af plasti er notað innan byggingargeirans og tæplega 10% í bílaiðnaði.

„Við höfum ekki upplýsingar um það hversu mikið plast fer ekki í ásættanlega ráðstöfun, sem sagt hvorki í endurnýtingu né förgun," segir Birgitta jafnframt.

### *Aðgerða er þörf, stórra sem smárra*

„Við getum afþakkað einnota plastvörur, eins og til dæmis plaströr og plastflöskur, og tekið með okkur margnota poka, það eru frábær fyrstu skref," segir Sophie Jensen.

„Einstaklingar og heimili geta líka valið að sneiða hjá vörum pökkuðum í plast og velja föt og vörur framleiddar úr náttúrulegum efnum." Það sem verði hins vegar að gerast sé að stjórnvöld og fyrirtæki þurfi undanbragðalaust að marka heildstæða stefnu.

„Stjórnvöld um allan heim verða að skrifa undir alþjóðlegan, lagalega bindandi sáttmála, til að ákvarða hvernig við notum plast og förgum því. Framleiðendur gegna líka mikilvægu hlutverki hér – til dæmis með því að breyta framleiðslu- og vöruhönnunarlíkönum sínum þannig að hægt sé að endurnýta plast frekar en farga því strax," segir Sophie að lokum.

Með réttum aðgerðum væri hægt að draga verulega úr plastúrgangi á næstu áratugum en mælinga er þörf til að sýna hvort árangur sé að nást. Betri úrgangsstjórnun, bæði staðbundið og á heimsvísu, er bráðnauðsynleg.

Fróðlegt er að skoða gögn um plastmengun á veraldarvísu á vefnum ourworldindata.org, svo dæmi sé tekið.



Með réttum aðgerðum væri hægt að draga verulega úr plastúrgangi á næstu áratugum en mælinga er þörf til að sýna hvort árangur sé að nást.




Hjarta heimilisins
Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

LÍF & STARF

# Víða svigrúm til framfara

## – Ungur Dani með framsæknar hugmyndir

**Lukas Jokumsen hóf búskap á Voðmúlastöðum í fyrrasumar. Eftir að hafa verið bóndi í ár, hefur hann innleitt nýjar hugmyndir og stefnir að aukinni skilvirkni á öllum hliðum rekstursins, sem hann segir danskan hugsunarhátt.**



Lukas Jokumsen, bóndi á Voðmúlastöðum í Austur-Landeyjum. Hann ræktaði ertuheilsæði í 22 hekturum í sumar. Jafnframt sáði hann fullum sáðskammti af grasfræi í akurinn, sem verður því klár sem tún næsta sumar, án þess að hann þurfi að leggjast í frekari jarðvegsvinnu. Myndir / ÁL



Í huga Lukasar, ertu ekki alvöru bóndi nema þú þekkir allar kýrnar með nafni. Telur hann góða skapgerð eitt sterkasta einkenni íslenska kúakynsins.



Á Voðmúlastöðum er rekið kúabú ásamt ferðaþjónustu. Lukas segir mögulegt að ferðaþjónustan geti skila meiri veltu en mjólkurframleiðslan.

Lukas kom fyrst til Íslands árið 2019. Fyrst starfaði hann sem vinnumaður í sveit en tók við Voðmúlastöðum í júní 2022. Hann er útskrifaður úr bændaskóla í Danmörku. Bændablaðið ræddi við Lukas í upphafi árs, en þá hafði honum ekki gefist færi á að innleiða miklar breytingar.

Aðspurður um samanburð búreksturs á Íslandi og í Danmörku, segir hann að grunnatriðin séu eins, þ.e. að hann þarf að fóðra kýrnar, mjólka þær og selja mjólkina, sem gefur pening til að kaupa meira fóður. Fyrir utan þessi undirstöðuatriði, þá eru búskaparhættir mjög ólíkir.

Lukas tekur sem dæmi launaumhverfið, kynbótastarf og jarðrækt. Hvað fyrstnefnda atriðið varðar, þá fá íslenskir bændur helmingi meira borgað fyrir mjólkina, en á móti kemur að útgjöldin séu há hérlendis.

### *Einungis kvígur til undaneldis*

Varðandi kynbótastarfið segir Lukas mikinn missi af því að hafa ekki aðgang að kyngreindu sæði, en með því segir hann að kynbætur geti gengið allt að fimm sinnum hraðar. Það má alltaf gera ráð fyrir að besta kýrin í fjósinu gefi einungis af sér nautkálfa, sem gagnast ekki í neitt nema kjötframleiðslu.

Í Danmörku gangi kynbótastarf svo hratt að kvígurnar koma einungis til greina til undaneldis. Þá hafa Danir einnig flutt inn erfðaefni frá Hollandi, Kanada, Bandaríkjunum og víðar. Mikill munur er á hverri kynslóð og eru eldri kýr alla jafna einungis sæddar með sæði úr holdanautum. Notkun heimanauta er afar sjaldgæf í Danmörku.

Þrátt fyrir þetta er Lukas ekki talsmaður fyrir innflutningi erfðaefnis úr erlendum kúakynjum til Íslands. Mikið virði sé í íslenska kúakyninu, þó þær mjólki minna. Hann bendir á að ef önnur kúakyn yrðu flutt til landsins, þá veikist staða þess íslenska mjög hratt. Bændur muni því taka erlend kúakyn fram yfir það íslenska, og segist Lukas myndi gera það sjálfur ef innflutningur væri heimill – þá einungis til að dragast ekki aftur úr í rekstri.

„Þegar kemur að útliti kúanna, þá hefur Holstein vinninginn," segir Lukas, en það sé afar sjaldgæft að íslensk kýr hafi fullkomna líkamsbyggingu, ásamt nettu júgra og góðri mjólkurlagni. Íslenska kúakynið hefur hins vegar sérlega góða skapgerð, sem sé ólíkt því sem hann þekkir að utan. Þegar erlendir bændur koma í fjósið til hans taka þeir sérstaklega eftir því hversu hljóðlátt er, sem sé merki um hversu spakar kýrnar eru.

### *Þarf að hámarka nýtingu hvers hektara*

Þegar kemur að jarðrækt segir Lukas að hugsunarháttur margra bænda hérlendis sé sá að þeir eigi meira en nóg af ræktarlandi og því þurfi þeir ekki að vanda sig sérstaklega. Þarna sér hann mikið svigrúm til framfara og vill hann taka upp danska hætti. Þar í landi er jarðnæði af skornum skammti og því skiptir máli að hámarka nýtingu hvers hektara.

Hann ætlar að hafa einn þriðja ræktarlandsins með túngrösum, einn þriðja með byggi og að lokum þriðjung með ertuheilsæði. Með þessu nær hann mikilli umsetningu og ættu flest tún ekki að verða eldri en þriggja til fimm ára.

### *Ævintýralegur vöxtur baunagrasa*

Í sumar sáði Lukas heilsæði í 22 hektara, þar sem hann var með ertubaunir og bygg. Hann segir að margir bændur hafi varað hann við að veðja á erturnar, þar sem ekki hefur náðst mikill árangur með þær hér. Hann gaf lítið í þær efasemdir, en ertur þurfa minni hita en bygg, og kornrækt gengur prýðilega. Eitt lykilatriðið sé að halda áburðargjöfinni í hófi, þar sem of mikið köfnunarefni er skaðlegt ertunum.

Til þess að lágmarka þann tíma sem túnin eru ekki að skila af sér afurðum, þá sáði Lukas jafnframt fullum skammti af grasfræblöndu með. Hlutföllin voru 110 kílógrömm af ertum, 70 kílógrömm af byggi og 15 kílógrömm af grasfræblöndu með smára. Með þessu nær hann fram áhrifum skjólsáningar.

Þegar heilsæðið er slegið seinni part sumars kemst sólskinið að grasinu og það nær kröftugum vexti. Þar að auki skilja erturnar eftir 50 kílógrömm af köfnunarefni á hektara í jarðveginum, sem annars færi til spillis. Hann mun slá túnið aftur í haust, sem gefur smávægilega uppskeru, en aðallega er hann að drepa byggið og erturnar sem reyna að ná endurvexti.

Næsta vor verður svörðurinn orðinn þéttur og túnið mun gefa fulla uppskeru. „Þetta snýst um að nota minni áburð og hámarka nýtingu ræktarlandsins," segir Lukas. Hann segir danska bændur reyna að forðast að láta flögin standa opin lengur en þarf.

Uppskeran af heilsæðinu var langt umfram væntingar, en það var slegið og sett í stæðu rétt áður en Bændablaðið ræddi við Lukas. Erturnar voru sums staðar orðnar einn og hálfur metri á hæð og voru búnar að hækka mun meira en byggið.

### *Vill þekkja kýrnar með nafni*

Lukas segir að þeir bændur sem vilja ekki breytingar, séu þeir sem á endanum heltast úr lestinni og bregða búi. Í Danmörku er þróunin sú að búin stækka og ekki sé hægt að lifa af búskap nema vera með mörg hundruð kýr.

Hann vill ekki vera með of margar kýr, sem er ein af ástæðunum fyrir því að hann vildi flytja til Íslands. Í hans huga ertu ekki alvöru bóndi nema þú þekkir allar kýrnar þínar með nafni. Sé búið stærra en það, þá sé það verksmiðja. Á Voðmúlastöðum eru 55 kýr að jafnaði.

### *Ferðaþjónusta arðbær*

Lukas segir að ferðaþjónustan sé orðinn stór hluti af rekstri búsins. Hann er búinn að byggja nokkur gistihús á jörðinni í samstarfi við föður sinn. Lukas kemur að orði að þetta sé „peningamaskína", og ef þetta gengur vel geti komið til greina að draga saman mjólkurframleiðsluna.

„Ef við ætlum að verja meiri tíma í ferðaþjónustuna, þá getur verið réttast að vera frekar með naut en mjólkurkýr," segir Lukas, en fyrrnefnda búgreinin er ekki eins bindandi. „Við vitum samt ekki hvernig umhverfi ferðaþjónustunnar verður eftir tíu ár, þannig að við ætlum að halda möguleikunum opnum." */ÁL*




PORSCHE
Fyrir fjarlæga áfangastaði
og nána vini.
Nýr Cayenne Plug-in Hybrid. Allt að 90 km. drægni á rafmagni*
Meiri drægni
Meira afl í rafmagnsmótor
Nýtt og enn mýkra fjöðrunarkerfi
Endurhannað mælaborð
Jeppi þar sem fjölskylda og vinir deila sameiginlegum ævintýrum,
með nógu plássi fyrir allt að fimm manns. Upplifðu hybrid tæknina á
nýjan hátt á vegum og vegaslóðum með meiru afli og meiri drægni.
Verð: 17.990.000 kr.
Bílabúð Benna
Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. *Samkvæmt WLTP EAER CITY

MENNING




Frá Frelsisgöngu samkynhneigðra árið 1994. Mynd / Bára Kristinsdóttir

## Gleðigangan 2023:

# Baráttan er ekki búin

**Þann 12. ágúst síðastliðinn fór fram ein fjölmennasta Gleðiganga sem hefur átt sér stað hérlendis og var yfirskrift hátíðahaldanna „Baráttan er ekki búin“.**

Gleðigangan er hápunktur hinna árlegu Hinsegin daga, þarsem sameinast lesbíur, hommar, tví- og pankynhneigðir, trans fólk, intersex fólk og aðrir hinsegin einstaklingar ásamt fjölskyldum og vinum, með það fyrir augum að staðfesta tilveru sína og minna á baráttumál sín.

Auk mannfjöldans var um metfjölda hópa að ræða, rúm fjórutíu atriði skráð í gönguna, bæði vagnar og hópar. Gengið var frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíginn, áfram Bankastrætið og inn Lækjargötuna. Slíkur var fjöldinn að ekki komust allir sem vildu á hátíðarsvæði Hljómskálagarðsins er göngunni lauk, þó segja megi að allir í nærliggjandi umhverfi gætu notið þess sem upp á var boðið er Páll Óskar trylltí lýðinn eins og honum einum er lagið.

Ekki er lengra síðan en tæpur fjórðungur aldar frá því að Gleðigangan hófst með pomp og prakt. Undanfari hennar má segja að hafi verið Frelsisganga samkynhneigðra á vegum Samtakanna ´78 er haldin var á árunum 1993-4. Þar komu saman um sjötíu manns en lítið var um að fjölmiðlar veittu þessu átaki athygli. Kemur fram á upplýsingasíðu hinsegin daga, að „... *Samtökin ´78 efndu til fyrstu kröfugöngunnar í Reykjavík árið 1993 og var þá gengið niður Laugaveg, síðan upp Hverfisgötu og safnast saman í kvikmyndahúsinu Regnboganum þar sem göngufólk horfði á kvikmyndina The Times of Harvey Milk. Ári síðar, 1994, sameinuðust Samtökin ´78 og Félagið, félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra, um kröfugöngu með sama sniði sem endaði á útihátíð við Lindargötu þar sem félögin höfðu bæði aðstöðu sína.“* Þátttakan var heldur dræm, viðbrögð bæði fjölmiðla og þátttakenda þótti ekki standast væntingar og því var sú ákvörðun tekin að hlé skyldi tekið um sinn.

### *Baráttan hefst*

Samtökin ’78, elsti starfandi félagsskapur hinsegin fólks hérlendis síðan í maí 1978, hefur þó ítrekað staðið fyrir málefnum og réttindabaráttu sinna félagsmanna. Helsti hvatamaður að stofnun samtakanna var leikarinn og tónlistarmaðurinn Hörður Torfason, sem fyrstur Íslendinga lýsti opinberlega yfir kynhneigð sinni í viðtali við tímaritið Samúel haustið 1975. Viðtalið varð afdrifaríkt og í kjölfarið var haft eftir Herði; „*... Afleiðingarnar voru mér algjör vitundarvakning og ég ákvað að láta kné fylgja kviði og láta draum minn rætast um að stofna baráttufélag um réttindi okkar samkynhneigðra. Það gekk ekki átakalaust fyrir sig en tókst loks á endanum þann 9. maí 1978.“*

Rétt er að taka fram að Félagið, réttindafélag tví- og samkynhneigðra, var stofnað vorið 1993 er útséð var um að tvíkynhneigðir fengju inngöngu í Samtökin ´78. Kemur fram í viðtali Alþýðublaðsins árið 1995, við Eystein Traustason, einn félagsmanna, að innan Samtakanna hafi ekki veist rými til opna fyrir málefni og baráttumál tvíkynhneigðra, heldur væri skýrt og skorinort í félagslögunum að til að fá inngöngu í Samtökin þyrfti maður að vera hommi eða lesbía – engin grá svæði þar. Félagið var því stofnað til þess að veita málefnum tvíkynhneigðra hljómgrunn og í Félaginu voru bæði sam- , gagn- og tvíkynhneigðir, enda um mannréttindafélag að ræða, ofar öllu. Lendingin varð þó sú að Félagið og Samtökin ´78 sameinuðust og undir þeim hatti má í dag finna sístækkandi flóru kynhneigða og kynvitunda.

### *Velsæmi landsmanna misboðið*

Áhugaverð er þrjóska ráðamanna til að úthýsa þessum hópi þjóðarinnar.

Valdbeiting forsvarsmanna eins stærsta og áhrifamesta fjölmiðils landsins, útvarpsins, kom skýrt í ljós er Samtökin ´78 sáu sér gott til glóðarinnar og ætluðu að auglýsa félagsfund á miðlum ljósvakans árið 1981. Hljóðaði auglýsingin svo: „*Lesbíur, hommar! Munið fundinn í kvöld. Samtökin ´78.“*

Tóku starfsmenn hljóðvarps auglýsingadeildar ríkisútvarpsins ekki beinlínis undir ágæti þessara skilaboða og báru fyrir sig að þetta svokallaða útvarp allra landsmanna hefði í fyrirrúmi að halda íslenskri tungu hreinni auk þess að standa vörð um íslenska menningu.


SAMTÖKIN '78
P.O. Box 4166
124 Reykjavík 4
Ísland

6. mars 1981

Óskast lesið fyrir kvöldfréttir, einu sinni:

Lesbíur, hommar! Munið fundinn í kvöld. Samtökin '78.

Ríkisútvarpið, hljóðvarp
auglýsingdadeild


RÍKISÚTVARPIÐ
PÓSTHÓLF 120 REYKJAVÍK Sími 22260

REYKJAVÍK, 6.marz 1981

Samtökin ´78,
c/o Guðni Baldursson, form.

Bréf yðar dagsett í dag hefur borist hingað.

Í reglum um flutning auglýsinga í útvarpi segir í 5.grein (3), að þeim skuli hafna, ef þær brjóti í bága við almennan smekk eða velsæmi. Á þeim grundvelli er hafnað orðunum "lesbía" og "hommi" í auglýsingu yðar.

Yður er að sjálfsögðu heimilt að auglýsa fund í félaginu "Samtökin ´78" eins og gert er í upphaflegu auglýsingunni. Ef óskað er fleiri gesta en félagsmanna má geta þess í auglýsingu.

Andrés Björnsson

**Bréfaskipti milli Samtakanna '78 og Ríkisútvarpsins árið 1981 þar sem útvarpsstjóri neitar að auglýsa félagsfund þeirra fyrrnefndu.**

Í ljósi þess gætu orðin „lesbía“ og „hommi“ gengið fram af hlustendum, brotið í bága við almennt velsæmi heilagra landsmanna og engin lifandi leið að hlýða á slíkan dónaskap. Fengu Samtökin ´78 því póstlagt svar samdægurs frá Andrési Björnssyni, þáverandi útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, þar sem hann útlistar neitunina fyrir félagsmönnum.

Takmörk velsæmis voru þó nokkur og í framhaldinu kom í ljós að nýyrðin lesbía og hommi áttu ekki upp á pallborðið hjá Íslendingum. Bentu auglýsingadeildir fjölmiðla í kjölfarið hughreystandi á að nota mætti orðið kynvillingar þess í stað. Neitun ríkisútvarpsins var nefnilega ekki einsdæmi, en m.a. sá dagblaðið DV sér ekki annað fært en að neita „kynvillitum“ félagsmönnum um að auglýsa hjá sér, ef nota ætti þessi ógurlegu orð. Það er ánægjulegt að segja frá því að í dag hafa þessi þá ósæmilegu orð, hommi og lesbía, hlotið fastan sess í íslenskri tungu auk þess að á vefsíðunni **www.otila.is** má finna ógrynni upplýsinga til viðbótar sem fólk gæti þarfnast útskýringa á.

### *Bak við linsuna*

Meðfram ólgu áttunda og níunda áratugarins hóf Hrafnhildur nokkur Gunnarsdóttir að feta veg kvikmyndagerðar. Hóf hún fyrstu tökur þess sem átti upphaflega að verða heimildarmynd um baráttu samkynhneigðra fyrir jöfnum mannréttindum, en verkefnið vatt upp á sig og yfir þrjá áratugi festi Hrafnhildur á filmu það sem eru í dag ómetanlegar heimildir sögu samkynhneigðra á Íslandi sem og þróun íslensks samfélags.

Glöggir lesendur muna ef til vill eftir sjónvarpsþáttunum *Svona fólk* sem sýndir voru á RÚV árið 2019 um réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi – en þar fengu áhorfendur örlitla innsýn í þann heim.

Hrafnhildur hefur alla tíð verið einn af stólpum hinsegin samfélags og gegndi m.a. formennsku Samtakanna ´78 á árunum 2005-7. Eitt veigamesta hlutverk hennar sem formaður var að koma því til leiðar að transfólk fengi formlega að ganga í félagið og að barátta fyrir réttindum þeirra yrði hluti af markmiði félagsins. Að sama skapi fengu tvíkynhneigðir líka sitt pláss, þrettán árum eftir lætin árið 1994.

### *Staðfest samvist*

Á meðan tilveruréttur hinsegin fólks fór vaxandi fylgdu almenn mannréttindi ekki endilega þeim vexti. Hérlendis var þó samkynja pörum veitt leyfi til að skrá sig í staðfesta samvist árið 1996, en óheimilt að gifta sig. Viðhorfsbreyting íslensks samfélags var þó gífurleg vegna þess skrefs – á jákvæðan hátt að mestu.

Lögfestur réttur samkynhneigðra til frumættleiðinga var leiddur í lög í júní árið 2006 en áður höfðu stjúpættleiðingar samkynhneigðra para verið leyfðar frá aldamótunum.

Hérlendis var það svo loksins árið 2010 að hjúskaparlög tóku gildi sem heimiluðu hjónaband tveggja einstaklinga af sama kyni.

Þrátt fyrir ánægju vegna þessarar lagabreytingar var ekki öll baráttan unnin því samhliða henni bauð þjóðkirkjan prestum sínum að synja samkynhneigðum pörum um hjónavígslu á grundvelli persónulegra ástæðna – og var sú heimild ekki afnumin fyrr en fimm árum síðar.

Baráttu mannréttinda og almennrar tilveru er enn hvergi lokið. En áfram er haldið. Auðvitað. /SP




## Viðburðadagatal frá 24. ágúst:

| | |
|---|---|
| 21.–27. ágúst | **Bæjarhátíð Suðurnesjabæjar** |
| 24.–27. ágúst | **Í túninu heima** *Bæjarhátíð Mosfellsbæjar.* |
| 25.–27. ágúst | **Akureyrarvaka** *Menningarhátíð á Akureyri.* |
| 25. ágúst | **Blús milli fjalls og fjöru** *Blúshátíð á Patreksfirði* |
| 26. ágúst | **Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli** |
| 1.–3. september | **Ljósanótt** *Menningar/tónleika- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar.* |
| 7.–9. september | **Októberfest SHÍ** *Stærsta tónlistarhátíð stúdenta, haldin í Vatnsmýrinni í Reykjavík.* |
| 7. október | **Menningar- og hrútadagur Raufarhafnar** |
| 12.–15. október | **Málþing skógarbænda** *Varmaland Borgarfirði.* |
| 28. október | **Kjötsúpudagurinn** *Skólavörðustíg í Reykjavík, haldinn fyrsta vetrardag ár hvert.* |
| 2.–4. nóvember | **Iceland Airwaves** *Tónlistarhátíð í Reykjavík* |




# Ný varanleg bogahýsi

## Ódýr og hagkvæmur kostur fyrir geymslur og útihús sem uppfyllir byggingareglugerðir






- Stöðluð hönnun, grunneining 5 x 6 m.
  - lengjanleg í 3 m. einingum
- Hurðargat á gafli 2,75 x 2,75 m.
- Í boði bæði einangruð og óeinangruð
- **Verð frá kr. 1.320.00 m/vsk.** fyrir 5 x 6 fm. bogahús

Nánari upplýsingar í gegnum tölvupóst hysi@hysi.is

**Hýsi-Verkheimar ehf.** | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is

HÝSI
BYGGJUM BETUR

Finnafjörður:

# Unnendur sjósunds boðnir velkomnir

**Byggð hefur verið upp aðstaða til sjóbaða við bæinn Fell í Finnafirði.**

Við vík í firðinum, skammt sunnan við Fell, hefur Reimar Sigurjónsson bóndi komið upp skýli til fataskipta auk þess að koma fyrir kari þar sem fólk getur skolað af sér eftir sjóbaðið.

„Aðgengi er gott fyrir þá sem vilja fara í sjóinn,“ segir Reimar. „Það eru ekki varasamir straumar þarna. Ég hef svo sem ekki yfirsýn yfir hversu aðstaðan er mikið notuð en eitthvað er nú skrifað í gestabókina.“ Reimar segir stíg niður að Skelinni, þ.e.a.s. skiptiaðstöðunni, gerðan úr rekavið, og stígur frá henni og langleiðina að víkinni hafi verið hellulagður með náttúruhellum og reki haldi við að neðanverðu. Svo sé gengið eftir gömlum vegi alveg niður í fjöruna. Kaðalhandrið sé með stígnum endilöngum. „Það er rennandi vatn að pallinum sem er við Skelina og fer það í gamlan sturtubotn, hugsað til þess að geta skolað sand af fótunum og mögulega einhverju fleiru,“ segir Reimar.

Ekkert gjald sé tekið fyrir notkun aðstöðunnar. Hann fékk styrk frá Brothættum byggðum til verkefnisins á grunni þess að auka við afþreyingu fyrir ferðamenn og fá þá til að staðnæmast meira en eina nótt á svæðinu.

Skelin er að miklu leyti byggð úr rekavið úr fjörunni. Reimar segi reka mjög mismunandi milli ára. „Sum ár rekur lítið og önnur nokkuð mikið,“ segir hann. „Ég fékk jafnframt styrk frá Brothættum byggðum til að gera mér aðstöðu til að framleiða vörur úr rekavið, t.d. ljós, borð, hillur og bara það sem mér dettur í hug og fólk getur líka beðið um eitthvað sérstakt og þá reyni ég að verða við því.

Ég er með stóra og mikla bandsög og fletti bolum í henni sem ég framleiði síðan vörur úr. Ég nota svo rekavið til að kynda hjá mér íbúðarhúsið að hluta. Hugmyndin er að gera mun meira af því. Þar fyrir utan eru flestar girðingar á jörðinni gerðar með rekaviðarstaurum,“ segir Fellsbóndi að lokum. /sá





Snoturt og snyrtilegt hús til fataskipta fyrir þá sem vilja bregða sér í sjóinn við Fell í Finnafirði. Myndir / Reimar Sigurjónsson



Tungurétt er hundrað ára, elsta steinsteypta rétt landsins. Afmælisnefndin: F.v. Jón Bjarki Hjálmarsson, Tjörn, Atli Þór Friðriksson, Koti, Þórarinn Hjartarson frá Tjörn og Jón Þórarinsson, Hnjúki. Mynd / Jóhann Snær Arnaldsson

Svarfaðardalur:

# Gangnamaðurinn hylltur

## – Hundrað ára afmæli elstu steinsteyptu réttar landsins

**Við Tungurétt í Svarfaðardal verður senn afhjúpaður minnisvarði gangnamannsins, hinn fyrsti á Íslandi.**

Tungurétt er við mynni Skíðadals inn af Svarfaðardal og verður haldið upp á hundrað ára afmæli hennar með afhjúpun gangnamannsminnisvarðans, laugardaginn 26. ágúst. Jón Þórarinsson á Hnjúki í Skíðadal segist hafa gengið með hugmyndina um slíkan minnisvarða í kollinum í hartnær tvo áratugi. Fyrir mörgum árum hafi bjarg verið fjarlægt úr vegstæði upp úr Skíðadalnum og sett í bakkvörn til að bægja Skíðadalsá frá. Bjargið hafi lokið sínu hlutverki í þeim efnum og verði nú undirstaða fyrir minnisvarðann. „Þetta er stór steinn, um 7 tonn að þyngd, dálítið eins og fjall í laginu,“ segir Jón. „Ofan á hann koma listaverk: nokkrar lausar kindur, gangnamaður með prik í hendi á eftir kindunum og hundur á eftir manninum, allt skrúfað ofan á steininn.“ Verkið er unnið úr ryðfríu stáli, af hagleikssmiðnum og listamanninum Jóhannesi Hafsteinssyni á Dalvík. Helstu styrktaraðilar verkefnisins eru Norðurorka Akureyri og Menningarsjóður Dalvíkurbyggðar.



Þegar Tungurétt var gerð upp fyrir áratug voru 100 ára gömlu steyptu veggir dilkanna látnir halda sér til að varðveita söguna. Mynd / Jón Bjarki Hjálmarsson

Jón segist ekki hafa spurnir af að áður hafi verið reistur minnisvarði til heiðurs gangnamönnum, honum finnist þetta ekki ósvipað og minnisvarði sjómannsins, svo dæmi sé tekið, og alveg tímabært. „Með tilkomu minnisvarða gangnamanns eiga allir Íslendingar tilkall til minnisvarða þar sem helmingur Íslendinga á ættir sínar að rekja til sjómannastéttar og hinn helmingurinn til bændastéttar.“ Hann bætir við að minnisvarði gangnamannsins sé öllu gangnafólki til heiðurs, hvers kyns sem það sé.

Þótt Jón á Hnjúki sé upphafsmaður verkefnisins eru þeir fjórir sem standa að framkvæmdinni: auk Jóns þeir Atli Þór Friðriksson í Koti í Svarfaðardal, Þórarinn Hjartarson frá Tjörn í sömu sveit en brottfluttur og býr á Akureyri og Jón Bjarki Hjálmarsson á Tjörn.

### *Elsta steinsteypta réttin*

Tungurétt er elsta rétt á Íslandi sem steypt er úr steinsteypu, frá 1923. „Við endurbyggðum réttina árin 2010 til 2014, styrktum hana og steyptum alla upp,“ segir Jón og bætir við að gömlu veggirnir frá 1923 sjáist þó í flestum dilkunum að innanverðu. „Við létum þá gömlu halda sér og steyptum bara utan um þá á annan veginn þannig að hægt er að sjá mosagróna steypta veggi frá 1923 inni í réttinni. Þetta er í okkar huga merkilegt og við vildum gjarnan koma því á framfæri.“ Yfirsmiður endurbótanna var Rúnar Búason, húsasmíðameistari á Dalvík.

Þegar afmælinu verður fagnað og minnisvarðinn afhjúpaður mun fólk safnast saman í réttinni og gleðjast. „Uppistaðan verður mikið til að allir gangnamenn taka þátt í söng,“ segir Jón. „Oddur Bjarni Þorkelsson, prestur á Möðruvöllum, verður með okkur, Þórarinn á Tjörn mun fara yfir sögu réttarinnar, við afhjúpum minnisvarðann og bjóðum svo í kaffi með gamla laginu, upp á fjórar hundrað ára gamlar brauðtegundir; kleinur og þess háttar.“

Í tengslum við afmælið stendur til að gefa út 120 bls. fræðslu- og menningarrit sem hefði að geyma sögu fortíðarinnar hvað varðar fjárréttir, smalakofa, stekki og kvíar frá fjallaskiladeildunum þremur sem enn eru í óbreyttu formi eftir sameiningu þriggja sveitarfélaga fyrir rúmum 20 árum.

### *Félag til að auðvelda göngur*

Svarfaðardalur tilheyrir sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð á Norðurlandi eystra. Þar er við lýði sérstakt gangnamannafélag sem sett var á laggirnar eftir að allt fé var skorið árið 1988 á öllum bæjum í Svarfaðardal og hjá hobbíbændum á Dalvík. Þó hafi níu bæir í dalnum verið riðulausir, að sögn Jóns og voru menn síður en svo sáttir við heildarniðurskurðinn á svæðinu. „1989 sáum við fram á að engar göngur yrðu en samt varð að smala svæðið. Þá stofnuðu menn félagið. Það komu ekki kindur á nálægt alla bæi aftur og æ erfiðara var að fá fólk í göngur,“ segir Jón og heldur áfram: „Þá var þetta félag stofnað og sér um göngur hér á svæðunum sem tilheyra sveitarfélaginu. Það er að segja afréttinni sem tilheyrir sveitarfélaginu. Þetta eru á bilinu 30-40 menn.

Mér finnst svo mikils virði fyrir tilhögun á göngum að halda uppi gamla mátanum sem við höfum alist upp við, það er svo víða þar sem göngur eru ekkert orðnar göngur eins og þær voru. Það þykir hvorki sport né eftirsóknarvert að fara í göngur á sumum svæðum á landinu að því er maður heyrir. Hér er bara gamla hefðin enn við lýði, sem betur fer, og svolítið strangt tekið á því ef menn svíkjast um að fara í göngur. Ekki er beitt fésektum en þykir frekar niðurlægjandi heldur en hitt að fara ekki,“ segir hann.

Á árunum 1975-1985 var um 17.000 kindum smalað til rétta í Svarfaðardal en árið 2020 voru þær um 6.500 talsins. Stemningin í Tungurétt einkennist af hlátri, samsöng og taumlausri gleði, segir á upplýsingaskilti við réttina.

Ekki eru allar jarðir í dalnum setnar. Að sögn Jóns var gangnamannafélagið stofnað þegar bæir voru mikið orðnir setnir af eldra fólki og búskapur farinn að dragast saman. „Þá gat þetta fólk ekki farið í göngur og því var gangnamannafélagið líka hugsað til að auðvelda hlutina. Af þeim sem eru í félaginu er sjálfsagt um helmingur búsettur í þéttbýli; brottfluttir og tengdir,“ segir Jón að lokum. /sá





Husqvarna®
HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14” Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



TM
Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig
Með TM appinu getur þú tilkynnt tjón, fengið bætur greiddar og lokið kaskó-skoðun á bíl eða hjóli þegar þér hentar.
Sækja TM appið

LÍF & STARF

# Í mörg horn að líta hjá garðyrkjubændum

– Farið um víðan völl í samtali við Axel Sæland, formann garðyrkjubænda

Þórdís Anna Gylfadóttir
thordisannag@gmail.com



**Málefni garðyrkjubænda eru fjölmörg og í mörg horn að líta. Axel Sæland, formaður garðyrkjubænda, fór um víðan völl í samtali við Bændablaðið um starfsemi og áherslur félagsins.**

Nú í lok ágúst munu formenn og framkvæmdastjórar norrænu ylræktarsambandanna heimsækja garðyrkjubændur hérlendis.

„Garðyrkjubændur í ylrækt eiga í góðu samstarfi við kollega sína á Norðurlöndunum þar sem við hittumst árlega, í hverju landi fyrir sig, og í ár erum við í hlutverki gestgjafans. Helsta umræðuefni okkar verður að fræðast um hverslags samninga stjórnvöld hafa gert við greinina, hvaða ívilnanir eru í gangi og hvað er gert til að vernda innlenda framleiðslu í hverju landi fyrir sig.“ Axel segir fundina mikilvæga garðyrkjubændum til þess að miðla þekkingu manna á milli og að halda góðu samstarfi við garðyrkjubændur á Norðurlöndunum.

### *Íslenskt grænmeti vinsæl vara*

Axel segir að íslenskt grænmeti sé vinsæl vara hjá landsmönnum, vörurnar seljast vel í búðum landsins og neytendur vilji íslenska vöru. „Það er meiri eftirspurn heldur en framboð eftir íslensku grænmeti hérlendis og vonir standa til að geta annað eftirspurn markaðarins í framtíðinni. Við erum nálægt því að fullnægja eftirspurn eftir ákveðnum tegundum, t.d. gúrku og rófum og að mestu leyti eftirspurn eftir salati hérlendis. Töluvert vantar þó upp á til að anna eftirspurn eftir papriku, gulrótum, tómötum og jarðarberjum.“

Talið berst að stuðningi ríkisins við garðyrkjubændur en þau málefni hafa mikið verið rædd að undanförnu nú þegar seinni endurskoðun á búvörusamningum stendur yfir. Axel telur núverandi samninga garðyrkjubænda við ríkið ekki til þess fallna að hvetja til nýliðunar í greininni né til þess að auka framleiðslu. „Það hafa fáir nýliðar komið inn í greinina á síðustu árum, sem er miður því við viljum gera betur og við viljum geta annað eftirspurn markaðarins sem er svo sannarlega til staðar. Til að fólk sjái tækifæri í því að fara út í þessa starfsemi þá þarf að vera meiri fyrirsjáanleiki í samningum við ríkið, en miðað við núverandi kerfi þá er hvatinn ekki til staðar.“



Axel Sæland, formaður garðyrkjubænda, segir að íslenskt grænmeti sé vinsæl vara hjá landsmönnum, vörurnar seljast vel í búðum landsins og neytendur vilji íslenska vöru.

### *Núverandi fyrirkomulag gengur ekki upp*

Núverandi fyrirkomulag felur í sér að stuðningur ríkisins deilist jafnt á milli allra starfandi garðyrkjubænda. Ef bætt er við framleiðsluna eða nýir aðilar taka til starfa minnkar því hlutfallslega stuðningurinn við hvern og einn, sem gerir rekstrarskilyrði erfiðari. Það samræmist ekki þeim áherslum sem stjórnvöld hafa talað fyrir, að auka innlenda grænmetisframleiðslu um allt að fjórðung. „Það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að fá viðurkenningu stjórnvalda á því að núverandi fyrirkomulag gengur ekki upp. Garðyrkjubændur hafa óskað eftir því að stuðningurinn verði í formi fastrar prósentu eða fastrar greiðslu á hvern hektara.“

Fyrri endurskoðun búvörusamninganna fór fram árið 2020 og þá var stuðningur aukinn um 200 milljónir. Atvinnugreinin svaraði því strax með byggingu á 13 þúsund fermetrum af gróðurhúsum og aukinni framleiðslu. Núverandi samningar gilda til ársins 2026, eftir það verður samið upp á nýtt.



Uppskera á grænkáli. Mynd / smh

### *Kolefnisspor grænmetis reiknað*

Þær breytingar sem eiga sér stað í heiminum í dag með yfirvofandi loftslagsvá og aukinni áherslu á umhverfissjónarmið er enn mikilvægara að framleiðendur skoði hvað þeir geti gert til að minnka kolefnisspor sitt og hvernig hægt sé að draga úr losun $CO_2$. Í því samhengi greinir Axel frá sameiginlegu verkefni garðyrkjubænda og Matís þar sem unnið er að því að reikna nákvæmlega út kolefnisspor ræktunar á íslensku grænmeti. „Þetta eru mikilvægar upplýsingar fyrir framtíðina, að ræktendur viti sitt kolefnispor.

Ég hef fulla trú á því að í framtíðinni munu reglugerðir kveða á um slíkar merkingar grænmetis.

Það sem stingur í stúf er að reglur kveða á um að ekki megi byrja að telja kolefnisspor fyrr en varan sé lent hérlendis, en við vitum að flutningur vörunnar er stór hluti kolefnissporsins – sem er talin í sínu heimalandi. Kolefnisspor erlendrar vöru telur því eingöngu frá Keflavíkurflugvelli til markaðar hérlendis.“ Axel leggur áherslu á að það verði að gera slíkt hið sama erlendis, það verði að finna út kolefnisspor grænmetis sem ræktað er erlendis, til að sjá samanburðinn.

Hann greinir einnig frá því að ræktendur erlendis eru hugsi yfir því hvers vegna verið sé að framleiða svo mikið fyrir erlendan markað, því það mun koma að því að þeir þurfi að bregðast við því hversu mikið kolefnisspor þeir séu að skilja eftir sig.

### *Umhverfisávinningur af aukinni framleiðslu innanlands*

Axel telur það ljóst að það gæti falið í sér mikinn umhverfisávinning af aukinni framleiðslu innanlands.

Það sé hagstæðara að framleiða vöruna sem næst neytandanum og minnka þannig vöruflutninga sem skilji eftir sig stórt kolefnisspor auk þess að vinna gegn markmiðum um minni umhverfismengun.




Loftslagsvænn landbúnaður:

# Garðyrkjubændum boðin þátttaka

**Garðyrkjubændum stendur nú þátttaka til boða í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður í fyrsta sinn.**

Einungis er þó rými fyrir fimm grænmetisframleiðendur, fyrst um sinn. Auk garðyrkjubænda hefur verið auglýst eftir tíu búum í sauðfjárrækt og/eða nautgriparækt.

### *Hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda*

Rúm þrjú ár eru síðan verkefnið var sett af stað en það er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.Verkefnið gengur í grundvallaratriðum út á að bændurnir geri aðgerðaráætlun fyrir búin um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Boðið er upp á heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá RML, Landgræðslunni og Skógræktinni – auk þess sem þátttökustyrkir eru í boði, styrkir til efnagreininga og þegar líður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur. Verkefnið hefst í kringum mánaðamótin september/október 2023.

„Í raun verður þátttaka bænda með útiræktað grænmeti með svipuðu sniði og þeirra sem stunda búfjárrækt vegna þess hve mikil áhersla er lögð á jarðræktina í verkefninu eins og það hefur verið,“ segir Borgar Páll Bragason hjá RML. „Að sjálfsögðu verða samt breyttar áherslur hjá þátttakendum með útiræktað grænmeti samanborið við þá sem stunda búfjárrækt

Aðgerðaráætlanir garðyrkjubænda munu til dæmis örugglega hafa fleiri markmið sem tengjast því að nýta landið sem best og hámarka afurðir á hverja landeiningu á meðan sauðfjár- og nautgripabændur hafa meira horft til þess að nýta hvern grip sem best.

Við finnum fyrir miklum áhuga á verkefninu og ég reikna með að það haldi áfram með svipuðu sniði en við höfum ekki tryggt fjármagn því það náist ekki að klára þau mál fyrir sumarfrí en ég reikna með að það verði klárað á næstu vikum.

Að sögn Borgars eru nú 21 bú sem komu inn á forsendum sauðfjárræktar og 23 á forsendum nautgriparæktar. Mörg þessara búa séu þó með blandaðan búskap. Hann segir að það kunni einnig að verða hjá þeim sem koma inn á forsendum útiræktaðs grænmetis, að vera í blönduðum búskap. /smh

# GIANT®

**NÝTT FRÁ GIANT!**

**G2700E Rafmagnsliðléttingur**

**Heil fjölskylda af liðléttingum!**



**Giant G2700E er áhugaverður kostur fyrir þá sem vilja taka þátt í orkuskiptum og ekki síður að fá öflugan liðlétting sem hefur mikla lyftigetu og er um leið mengunarfrír og nánast hljóðlaus.**

Tveir aðskildir rafmótorar; 7 kW rafmótor fyrir akstursdrif og 12 kW rafmótor fyrir vinnu-vökvakerfið.

Þrjár hraðastillingar; ECO stillingu þá er hámarkshraði 5km/klst - Millihraði (Skjaldbaka) þá er hámarkshraði 12 km/klst. Efsta stilling (Héri) þá er hámarkshraði 18 km/klst.

- Rafhlaða: LFP battery (Lithium iron phosphate), 20,0 kW /390 Ah / 48V (375 kg)
- Hleðsla í vél: Charger (on board) + external charger connection, 390/520Ah / 60A
- Hámarkslyftigeta: 2.100 kg.
- Lyftihæð: 2.965 mm



**LANDSTÓLPI**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

# Gæða girðingarefni á góðu verði
## - frá stærsta girðingarframleiðenda Bretlands

**H. HAUKSSON EHF.**

**5 strengja túnnet**
100m rúlla



**Verð kr.** 14.900 með vsk.

**Motto gaddavír**
200m rúlla



**Verð kr.** 4.500 með vsk.

**Girðingastaurar**
70x1800mm



**Verð kr.** 680 með vsk.

**6 strengja túnnet**
100m rúlla



**Verð kr.** 17.500 með vsk.

**Iowa gaddavír**
200m rúlla



**Verð kr.** 9.100 með vsk.

**Þanvír**
625m rúlla



**Verð kr.** 11.900 með vsk.

H. Hauksson ehf. | Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

# Börnin í Þykkvabæ taka málin í sínar hendur

**Íbúar í Þykkvabæ í Rangárþingi ytra eru orðnir langþreyttir á hraðakstri í gegnum þorpið og vilja fá hraðahindrun til að hægja á umferðinni.**

Börnin í þorpinu hafa meðal annars tekið málið í sínar hendur og standa með skilti þar sem hraðast er ekið og biðja ökumenn að hægja á sér.

*Umferðin alltaf að aukast*

„Það er ekið talsvert hratt í gegnum þorpið og umferð er alltaf að aukast. Það er mun meiri umferð hér í gegn yfir sumartímann enda er hér frábært tjaldstæði og hótel. Margir hægja á sér en það eru nokkrir sem keyra allt of hratt miðað við aðstæður,“ segir Karen Eva Sigurðardóttir, íbúi í Þykkvabæ. Hún segir að það sé búið að senda inn erindi til Rangárþings ytra og óska eftir hraðahindrun en ekkert hafi gerst enn í málinu. „Vonandi fáum við hraðahindrun sem fyrst eða kannski bara gangstétt. Það er óþægilegt að vita af börnum sínum úti í garði við veg þar sem umferð er hröð. Við foreldrarnir teljum þetta skipta miklu máli og höfum áhyggjur af þessu.



Rúnar Atli, 6 ára sonur Karenar Evu, er eitt barnanna í Þykkvabæ sem hafa staðið með þessi skilti í sumar þar sem hraðast er ekið í þorpinu. Ökumenn hægja strax á sér þegar þeir sjá skiltin. Mynd / Aðsend

Við vonum að það verði ekki hér slys á fólki sem mun ýta þessum framkvæmdum af stað,“ bætir Karen Eva við. /MHH

# Nýtt vísinda- og nýsköpunarráð

**Skipað hefur verið nýtt vísinda- og nýsköpunarráð í samræmi við lög sem tóku gildi nú í vor.**

Markmið laganna er, skv. tilkynningu á vef Stjórnarráðsins, að efla stefnumótun og samhæfingu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar hér á landi svo að styrkja megi íslenskt þekkingarsamfélag og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra skipaði í sumar fulltrúa í ráðið til næstu fjögurra ára. Hlutverk þess er einkum að veita ráðgjöf um stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar, sérstaklega gagnvart mikilvægum samfélagslegum áskorunum.

Einnig að fjalla um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda og setja fram rökstuddar tillögur að umbótum með tilvísun í alþjóðlega þróun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar, ásamt því að stuðla að upplýstri og gagnrýnni umræðu um vísindi, tækni og nýsköpun, stöðu greinanna og mikilvægi fyrir íslenskt samfélag.

Formaður ráðsins er Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Háskóla Íslands. /sá


Hildur Leonardsdóttir og Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir fengu hugmyndina að gerð húðvaranna í fæðingarorlofi. Þær hafa nú hlotið styrk frá Matvælasjóði til að koma vörunum á markað. Mynd / Aðsend

## Nýsköpun:

# Nautatólg í húðvörur

**Fyrr í sumar úthlutaði matvælaráðherra 577 milljónum úr Matvælasjóði. Styrkt voru 53 verkefni en alls bárust 177 umsóknir til sjóðsins.**

Þær Hildur Leonardsdóttir og Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir hlutu þriggja milljóna króna styrk til þess að undirbúa og framleiða íslenskar og eiturefnalausar húðvörur gerðar úr nautatólg.

Bændablaðið ræddi við Hildi um þessa nýjung. „Hugmyndin kviknaði þegar við, ég og Brynja Hlíf, vorum saman í fæðingarorlofi. Við höfðum rætt það að gaman væri að þróa hugmynd að verkefni sem við gætum unnið að saman. Þar sem við aðhyllumst báðar heilnæman og eiturefnalausan lífstíl reikaði hugurinn fljótlega í þá átt. Við komumst að því að nautatólgin er magnað hráefni þar sem hún hefur svipaða fitusýru samsetningu og mannshúðin, rík af A-vítamíni og sterínsýru, sem algengt er að bætt sé út í aðrar húðvörur, en í nautatólginni er þetta náttúrulega til staðar.

Við upphaf verkefnisins höfðum við samband við B. Jensen og Norðlenska og samtals eru þessi fyrirtæki að farga um 100 tonnum á ári af nautafitu. Við veltum því fyrir okkur hvort að það væri hægt að gera eitthvað sniðugt við þetta hráefni og úr varð að þróa krem úr nautatólg,“ segir Hildur.


Nautatólgin er eina innihaldsefnið í húðvörunum sem bera heitið Griðungr. Vonir standa til að vörurnar verði komnar á markað á næsta ári.

*Íslenskar og eiturefnalausar*

Þær fá innanmör hjá B. Jensen og vinna svo fituna sjálfar þar til hún er nýtanleg í húðvörur. „Við skerum fituna smátt og bræðum með vatni og salti. Því næst er hún síuð og þennan leik endurtökum við nokkrum sinnum. Þannig náum við öllu vatni og óhreinindum í burtu.

Að lokum fáum við hreina tólg sem hægt er að nýta í húðvörur. Nautatólgin er eiturefnalaus en það var okkur mikilvægt að búa til eiturefnalausar vörur sem við gætum með góðri samvisku borið á börnin okkar og okkur sjálfar,“ segir Hildur.

Aðspurð segir Hildur að stefnan sé að búa til og framleiða hreint krem úr nautatólginni, krem með aðeins einu innihaldsefni. „Í dag höfum við útbúið frumgerð af kremi úr hreinni nautatólg og erum að vinna í að bæta framleiðsluferlið, gera það betra og eins finna út hvernig við getum gert meira í einu.“ Þær stöllur hafa einnig hug á því að prófa sig áfram og fram undan sé framleiðsla á fleiri kremum, sápum og fitu í matargerð, jafnvel að blanda olíum og jurtum við nautatólgina.

*Vörurnar bera heitið Griðungr*

Vörurnar eru hannaðar og þróaðar undir nafninu Griðungr og vinna þær að undirbúningi varanna heiman frá sér en þær eru báðar búsettar á Akureyri. Nýlega hlutu þær styrk frá Matvælasjóði en áður hafa þær einnig hlotið styrki frá uppbyggingasjóði SSNE (samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurland eystra) og úr sjóði frá atvinnumálum kvenna. Hildur segir vonir standa til að fyrstu vörurnar verði komnar á markað á næsta ári.

Þær halda úti samfélagsmiðlum þar sem hægt er að fylgjast með gangi mála, instagram @gridungr. /þag




## Menntun:

# Íslensku gefinn séns á Vestfjörðum

**Gefum íslensku séns er heiti átaks sem hefur verið í gangi á Vestfjörðum í sumar.**

Markmið verkefnisins er að stuðla að vitundarvakningu um íslensku sem annað mál og ná sem víðast um Vestfirði. Að því standa t.a.m. Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Súðavíkurhreppur og Ísafjarðarbær.

*Aukinn sýnileiki íslenskunnar*

Ólafur Guðsteinn Kristjánsson er umsjónarmaður íslenskunámskeiða Háskólaseturs Vestfjarða. Hann segir ýmsa viðburði tileinkaða átakinu hafa verið í sumar, auk námskeiða. „Allt til þess að auka tækifæri fólks, innflytjenda, til að æfa sig í notkun tungumálsins og vekja móðurmálshafa til vitundar, sem er meginmarkmiðið, um hvað máltileinkun felur í sér.

Aukaafurð er aukinn sýnileiki íslenskunnar í enskuvæddum heimi,“ segir Ólafur. „Einstaklega skemmtileg er hin svokallaða hraðíslenska sem lýtur sömu lögmálum og „speed-dating“ nema augnamiðið er ekki að ná sér í maka heldur æfa sig í íslensku.“


Viðburður sem lýtur sömu lögmálum og „speed-dating“ nema bara til að tala íslensku. Mynd / Háskólasetur Vestfjarða

Sjónum hefur einnig verið beint að börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku og var til dæmis í byrjun ágúst námskeið á Ísafirði tileinkað þeim, undir nafninu Tungumálatöfrar.

Gefum íslensku séns-átakið á Vestfjörðum stendur hið minnsta til miðs nóvember og er vonast til að Hólmavík stökkvi einnig á vagninn, að sögn Ólafs. /sá


VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -
Sjáumst á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll
dagana 31. ágúst – 2. september
Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

## Nytjar landsins:

# Ber & sveppir á hvern bæ



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Nú er sá tími að hægt er að hefja tínslu sveppa og berja hérlendis. Berjasælt hefur verið helst á Austur- og Norðausturlandi, en fregnir af sveppum berast hins vegar víðs vegar af landinu og vart seinna vænna en grípa tækifærið.**

Telja leikmenn best að ætla sér dag í sveppamó er rignt hefur 2–3dögum áður en sveppamósdaginn sjálfan þarf að haldast þurrt.

Gott er að kynna sér vel útlit sveppanna áður en haldið er af stað og fyrir nýgræðinga er ágætt að ætla sér að tína eina til tvær tegundir sveppa sem eru hvað auðþekkjanlegastir.

### *Þeir allra heitustu*

Vinsælir íslenskir matsveppir sem finnast víða eru lerkisveppur og kúalubbi, en algildir eru einnig kóngssveppir og furusveppir. Kóngsveppir eru vinsælir matsveppir og má gjarnan finna í greniskógum þar sem gömul og stór tré ráða ríkjum. Furusveppina, sem þykja góðir, má finna víða um land, oft nálægt byggð, en fjarlægja þarf himnuna af hatti sveppanna áður en þeirra er neytt.

Svo eru það kantarellusveppirnir sem þykja mikið hnossgæti en oftar en ekki vel faldir og þannig fágætari en aðrar tegundir. Það er því keppst um fund þessarar tegundar og þeir sem vel þekkja til kantarellusslóða segja helst ekki frá. Vesturland og Vestfirðir hafa þó komið þarna sterkt inn skv. ónafngreindum upplýsingum. Siglu- og Ólafsfjörður svosum líka. Allavega, þeir sem eru svo heppnir að reka augun í eitthvað gult, td. hálfhulið mosa, mega búast við því að ef um kantarellusvepp er að ræða megi jafnan finna þar heila hjörð.

Unga sveppi skal velja til tínslu fremur en eldri, þá helst vegna skemmda eða ágangs skordýra og maðka.

Segir Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, einn helsti sveppafræðingur landsins frá því að smá æfingar sé þörf er kemur að því að meta ferskleika sveppanna. Gæðin séu misjöfn eftir tegundum. Má þar nefna lerkisvepp sem verður ónýtur mun fyrr en furusveppur – og svo hafi sveppamýi fjölgað allverulega síðan 2017. Mýið sé t.a.m. hrifið af ungum lerkisveppum, en þeir sem hafa orðið fyrir ágangi mýsins bera nú rauðleitt pípulag fremur en gult.

Svo er gott að hafa í huga að meðan eldri sveppir gegna því hlutverki að sjá um fjölgun tegundarinnar má gjarnan hafa augun hjá sér því oft er um yngri sveppi að ræða í nágrenninu.

Gæta skal þess að forðast sveppatínslu á umferðareyjum eins og oft hefur þótt vinsælt … en þá helst vegna þeirra áhrifa sem útblástur bifreiða hefur á þá.

### *Hafið bak við eyrað*

Gott er að hafa sér til handargagns einhvers konar upplýsingarit eða myndabók um helstu sveppategundir til að glöggva sig á. Körfu, lítinn kassa eða annað ílát sem loftar um – ekki plast – til þess að geyma sveppina í, gjarnan bursta og lítinn beittan hníf.

(Svokallaðan sveppahníf má versla víða og hefur þá gjarnan áfastan bursta.) Þó eru þeir sem kjósa fremur að snúa sveppina lausa úr jörðunni og er það hið ágætasta mál.


Krækiber eru til margs nýt.




Kóngssveppir, lerkisveppir og kantarellur, ferskir og fínir matsveppir! Myndir / wikipedia.com


Berjatekja er stranglega bönnuð
innan skógræktargirðingarinnar í Kongsstaðahálsi.
Stjórn Skógræktarfélags Svarfdæla.



Berjatínsla bönnuð – úr dagblaðinu Degi þann 18. ágúst 1954. Mynd / timarit.is

Best er að hreinsa þá strax eftir bestu getu, skera skemmdir í burtu, jafnvel í tvennt ef stendur til að þurrka þá – og gæta þess að þeir séu ekki maðkaðir. Talið er óráðlegt að geyma ferska sveppi lengur en sólarhring eftir tínslu og þeir þá annaðhvort þurrkaðir eða frystir.

Ef þurrka á sveppina skal sneiða þá niður og setja á grind eða annan stað sem loftar um þá – ganga svo úr skugga um að þeir séu stökkir af þurrki áður en þeir eru settir í loftþétt ílát. Fyrir neyslu eða matreiðslu skal svo leggja þá í nokkurra klukkustunda bleyti áður, svo bragðgæðin fái að njóta sín sem best.

Þá sveppi sem áætlað er að frysta skal skera í bita er heim er komið, og hita á pönnu við vægan hita. Þá eru þeir látnir kólna að fullu, frystir að því loknu og geta þannig haldið gæðum sínum í marga mánuði.

### *Ber er hver að baki ...*

Neysla berja hérlendis hefur alla tíð verið búbót og hefst almenn berjatínsla jafnan síðustu vikuna í ágúst. Berin eru stútfull af vítamínum og andoxunarefnum og því um að gera að bregða sér í berjamó þessa dagana.

Sultur, hlaup, saft og vín er allt eitthvað sem við getum notið þess að gæða okkur á og má með einföldu móti útbúa úr þessum nytjum landsins þó einfaldast sé auðvitað að borða þau bara með rjóma og sykri. Berjasvæði eru víða í dölum og við hraun og á meðan tínsla berja skipti suma meira máli en aðra má ekki gleyma því að útiveran er ekki síður gefandi en kílóatala berjanna. Gott nesti er nauðsynlegt og heitur drykkur, auk auðvitað íláts fyrir berin og berjatínsla

### *Ber allt árið?*

Um miðja síðustu öld var ágangur svo mikill að landeigendur tóku til þess bragðs að banna berjatínslu á jörðum sínum og mátti m.a. sjá tilkynningar þess efnis í dagblöðum landsins.

Berjatínsla og þau hlunnindi sem henni fylgdu voru vinsælt málefni enda um nytjajurt að ræða sem gaf til heimilisins. Þótti bókin (Grænmeti og) ber allt árið eftir Helgu Sigurðardóttur sem útgefin var um þessar mundir afar vinsæl, en þar fengust leiðbeiningar um hvernig húsfreyjurnar gætu sem best nýtt berin við heimilishaldið. Gárungar þess tíma gátu auðvitað ekki stillt sig enda bauð titillinn upp á endalausa útúrsnúninga, svona sérstaklega af því að bókin var víst í daglegu tali kölluð „Ber allt árið".

Telja flestir að útlit sé fyrir ágætis berjasprettu en Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og einn helsti berjatínslusérfræðingur þjóðarinnar spáir því að helst leiti hugurinn austur er kemur að því að ætla sér í berjamó. Mælir hann þá sérstaklega með að fara nálægt Mýrdalssandi og Kirkjubæjarklaustri en svo séu bláber nú ævinlega hægt að finna í Eyjafirðinum.

### *Frumvarp vegna áfengislaga*

Á meðan aðaluppistaða sultu, hlaups og safts er ber og sykur, vatn og hleypiefni kannski, er víngerð krækiberja ekki mikið flóknari. Atvinnumenn mæla með að merja berin og hafa þau í sykri eða hunangi, vatni og geri í rúma viku ... en rétt er að taka fram að framleiðsla á áfengi til einkaneyslu er ekki litin hýru auga af yfirvöldum.

Fyrir áhugasama er rétt að benda á að nú í ár var lagt fram eftirfarandi frumvarp til breytinga á áfengislögum (heimabruggun). Er það svohljóðandi:

*„Lagðar eru til breytingar á áfengislögum þannig að heimilt verði að framleiða áfengi til einkaneyslu með ákveðnum takmörkunum."* Kemur fram í frumvarpinu að á undanförnum árum hafi orðið til rík menning heimabruggunar; *„Almenningur virðist oftar en ekki lítt upplýstur um að heimabruggun áfengis til einkaneyslu feli í sér refsiverðan verknað, sem bendir til þess að réttarvitund almennings kunni að vera á skjön við hið lögfesta og fortakslausa bann í 4. gr. áfengislaga. Með vísan til framangreinds er talið tímabært að aflétta banni við framleiðslu áfengis til einkaneyslu og heimila slíka framleiðslu upp að ákveðnu marki."*

En niðurstaða frumvarpsins er í vinnslu og því sjálfsagt affarasælast að sleppa öllum hugmyndum að berjavíni og bjóða lesendum upp á uppskrift að góðu og gildu kræki- og bláberjahlaupi eftir meistarann Albert Eiríksson.

Heldur Albert úti uppskrifta- og upplýsingavefsíðunni vinsælu, **www.alberteldar.is.** Þar er að finna ógrynni uppskrifta sem kitla bragðlaukana auk almennra upplýsinga er varða meðal annars háttvísi við matarborðið.

### *Krækiberja- og bláberjahlaup (a la Albert)*

**1,5 l berjasaft**
**700 g sykur**
**1/3 tsk. salt**
**2 kanelstangir**
**1-2 msk. negull (gjarnan í lítinn taupoka sem bundið er fyrir)**
**2 vanillustangir eða**
**2 msk. vanillu-extrakt**
**1 poki Melatin hleypir (blár)**

Saft, sykur, salt og krydd sett í pott og hitað saman. Þegar suðan kemur upp, er hleypinum stráð út í og þeytt um leið með píski. Látið bullsjóða í eina mínútu og þeytið áfram með pískinum.

Hellt í tandurhreina könnu og hellt úr henni í krukkur sem hafa verið soðnar og hafa beðið rólegar í vaskinum eftir innihaldinu. Lokað strax og kælt.

*Ef bláber og krækiber kremjið þið*
*og komið þeim saman í pott*
*með kanel og negul og vanillu við,*
*þá verður það hollt og flott.*
*Það eykur á jólanna fegurð og frið*
*að fá sér í munninn gott.*

**Páll Bergþórsson**

Gaman er að segja frá því að Páll Bergþórsson, hinn ástsæli veðurfræðingur okkar Íslendinga og tengdafaðir Eiríks, samdi ljóð í tilefni tilvistar hlaupsins og mega lesendur því vera vissir um að þarna sé um afbragðs gott hlaup að ræða.




Eco Garden
GOTT FYRIR GARÐINN

# Betri lausnir fyrir bændur

## Stæðuyfirbreiðslur fyrir steyptar stæður

Silage safe stæðurnar hafa verið í notkun á Íslandi síðustu ár og hafa staðið af sér allskyns veðurfar.

**Helstu eiginleikar:**

- Einfaldar og þægilegar við frágang, engin dekk
- Snyrtilegt eftir að stæða er lokuð
- Heilbrigt gras og engar skemmdir á fóðri
- Þægindi í gjöfum
- Stæðan kemur í nokkrum 2m breiðum renningum sem þú tekur af við gjöf
- Margfalt léttari frágangur en á hefðbundnum stæðum sem notast við dekk eða sandpoka





## Mykjulón

Við bjóðum upp á mykjulón frá D.L plastic sem eru leiðandi í framleiðslu á mykjulónum, mykjutönkum og fiskeldistönkum í Evrópu

**Verð á mykjulónum:**

1000 m3 - 2.200.000 kr,-
2000 m3 - 3.300.000 kr,-
2500 m3 - 3.600.000 kr,-
3000 m3 - 4.300.000 kr,-
3500 m3 - 4.500.000 kr,-
4000 m3 - 5.000.000 kr,-

Verð án vsk og m.v. gengi EUR 145
2ja ára ábyrgð er á lónunum
Við uppsetningu á lónum kemur maður frá D.L. plastic sem sér um skipulag og stýrir ferlinu.

Getum einnig útvegað hrærur í lónið og gert teikningar og tilboð í jarðvinnu.





**Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við:**
Guðmund Karl Eiríksson, Sölustjóra - Sími: 848 -1468
gudmundur@eco-garden.is

ECO-GARDEN ehf.
Lambhagavegur 9, 113 Reykjavík

www.eco-garden.is
eco-garden



# Ráðgjafi á rekstrarvörusviði fyrir matvælaiðnað

Stórkaup óska eftir að ráða söludrifinn ráðgjafa inn á rekstrarvörusvið fyrir matvælaiðnað. Um er að ræða lifandi og fjölbreytt starf í skemmtilegu og ört vaxandi vinnuumhverfi.

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf og sala á hreinsiefnum, búnaði og öðrum rekstrarvörum fyrir matvælaiðnað
- Söluheimsóknir og samskipti við viðskiptavini
- Tilboðsgerð, samningagerð og eftirfylgni
- Ráðgjöf um þrif í matvælavinnslum og uppsetning þrifaáætlana
- Þrifaúttektir og mælingar hjá matvælavinnslum
- Skipulagning þrifanámskeiða fyrir starfsfólk matvælafyrirtækja
- Starfið felur í sér ferðalög um landið með heimsóknum í matvælafyrirtæki og úttektum sem geta farið fram utan venjulegs skrifstofutíma

### Menntun og hæfniskröfur

- Starfsreynsla og/eða menntun á sviði matvæla, s.s. fisktækni, kjötiðn, mjólkurfræði eða sambærilegt sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustarfi er mikill kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Kunnátta í öðru Norðurlandamáli er kostur
- Grunnþekking á örverufræði og efnafræði hreinsiefna er kostur
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni

STÓRKAUP

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljósin eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu viðskiptavinir eru m.a. framleiðendur, sjávarútvegur, rekstraraðilar, veitingageirinn og heilbrigðisstofnanir. Helstu vöruflokkar Stórkaups eru ýmsar rekstrarvörur, hreinlætisvörur og heilbrigðis rekstrarvörur. Hjá Stórkaup starfar samhentur hópur með mikla reynslu og sérfræðiþekkingu á sínu sviði.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **1. september nk.**

Nánari upplýsingar veitir Hallveig Hafstað Haraldsdóttir, **hallveig@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

LÍF & STARF

# Kornbændur tala fyrir tryggingakerfi

Þórdís Anna Gylfadóttir
thordisannag@gmail.com



**Íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir vilja til að efla kornrækt verulega með allt að tveggja milljarða innspýtingu í atvinnugreinina á næstu fjórum árum.**

Markmiðið er að auka fæðuöryggi og sjálfbærni ásamt því að efla fjölbreytileika íslensks landbúnaðar. Með því að rækta hér korn sem innlendur markaður þarfnast má draga verulega úr umhverfismengun sem hlýst af innflutningi korns. Hérlendis er þekking, tækni, land og mannauður til staðar til kornræktunar en fjölmargar áskoranir mæta kornbændum hérlendis þar sem veður kemur sífellt á óvart. Kornbændur hafa hins vegar talað fyrir því að stuðningskerfi landbúnaðarins þurfi að breytast til að gera það hvetjandi að rækta korn á Íslandi. Bændur norðan og sunnan heiða voru teknir tali og forvitnast um fyrirhugaða kornuppskeru.



Björgvin Þór Harðarson, bóndi í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, telur að kornuppskera verði ásættanleg og reiknar með 3 tonn/ha. Mynd / Aðsend

### *Uppskeran ásættanleg*

Björgvin Þór Harðarson, bóndi í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, telur að kornuppskera verði ásættanleg en sáð var í um 300 hektara. „Hér var hafist handa við að setja niður korn 7. maí og kláraðist það um 3. júní, ekki var hægt að sá alla daga vegna veðurs. Hingað til hefur meðaluppskera verið um 3,2–3,5 tonn/ha en ég reikna með um 3 tonn/ha í ár, sem er aðeins undir meðallagi og ástæðan er blautur og kaldur maímánuður.“

Björgvin ræktar aðallega bygg en einnig hveiti og nepju. „Byggið lítur ágætlega út, blómgun er liðin og kornið búið að fylla sig þó nokkuð. Þrátt fyrir leiðinlegt vor þá hefur kornið tekið vel við sér í sólinni í júlí og ágúst og lítur nú ágætlega út.“ Hins vegar drapst hveitið sem sett var niður í fyrra að miklu leyti í kuldatíðinni í mars. „Þegar það var ljóst að það tæki ekki við sér í vor þá ákváðum við að ísá byggi í hveitið og fáum þá blandaða uppskeru af byggi og hveiti. Það hentar vel til fóðrunar svína. Við höfum ekki gert þetta áður en þekkist víða erlendis.“Hvað varðar nepjuna sem sett var niður segir Björgvin það enn spurningarmerki hvort hún nái að þroska fræ en telur góðar líkur á því.

### *Tvíþætt tryggingakerfi*

Aðspurður um skoðun sína á tryggingakerfi fyrir kornbændur segir Björgvin að slíkt kerfi vanti hérlendis og mætti helst vera tvíþætt. „Í mínum huga mætti slíkt tryggingakerfi vera tvíþætt. Annars vegar að hægt væri að tryggja sig fyrir skakkaföllum sem erfitt er að hafa stjórn á, ófyrirséðum áföllum, en það gæti þó orðið dýrt að tryggja sig 100%. Þetta væri í raun trygging sem gæti komið í veg fyrir að menn færu í þrot ef illa gengi. Hins vegar að útbúa kerfi sem gerir bændum kleift að byggja upp sinn rekstur til að hámarka ræktunarmöguleika almennt. Það er ýmislegt hægt að gera, t.d. að útbúa skjólbelti við kornakra og úða kornið með efnum til að takast á við frostið.“

Björgvin segir að hérlendis sé ágæt aðstaða til þess að rækta korn. „Við höfum land og vatn til ræktunar á korni en takmarkandi þáttur hérlendis er hitastigið. Við þurfum því að auka þekkingu okkar og búa okkur til aðstöðu sem mun auka ræktunaröryggi okkar og nýta til þess þau tól og tæki sem til eru,“ segir Björgvin að lokum.

### *Næturfrost í ágúst*

Í byrjun ágúst urðu kornbændur norðan heiða fyrir því áfalli að næturfrost varð á nokkrum stöðum í Skagafirði. Ef hitastig fer undir frostmark er hætta á að kornþroski stöðvist og þar með eyðileggist uppskeran að stórum hluta. Bessi Freyr Vésteinsson, bóndi í Hofsstaðaseli í Skagafirði, sagði að eftir skoðun ráðunautar RML að talið væri að kornið hefði ekki frosið til skaða. Kornakrarnir eru staðsettir í Vallhólma, stutt frá Varmahlíð, á láglendi. Bessi, sem hefur ræktað korn í um 20 ár með hléum, segir það hafa ýmsa kosti og galla að rækta korn á láglendi. Kostirnir eru að láglendi er hentugra til ræktunar heldur en hlíðarnar. Það sé auðræktanlegra og aðgengilegra land, steinalaust og flatt. Gallarnir eru hins vegar að láglendið er útsettara fyrir frosti.



**Tvo milljarða á að setja í kornrækt á næstu fjórum árum.** Mynd / smh





Bessi Freyr Vésteinsson, bóndi í Hofsstaðaseli í Skagafirði, segir þroska kornsins vera seinna á ferðinni en venjulega og nú vanti hlýja og sólríka daga til að ná upp þroska. Mymd / Aðsend

*Kornið enn grænt*

Bessi segir að kornið hafi verið sett niður um mánaðamótin apríl/maí en klaki og bleyta í jörðu hafi tafið fyrir niðursetningu en þó hafi náðst að setja kornið niður að stærstum hluta fyrir rigningarnar í maí. „Þroski kornsins er seinna á ferðinni en venjulega, kornið er enn grænt núna seinnihlutann í ágúst, en ætti að vera að byrja að þroskast og gulna. Fyllingin er misjöfn. Við þurfum hlýjar og góðar næstu vikur til að ná betri þroska en veðurfarið hefur ekki verið okkur hliðhollt hingað til. Útlitið er því ekki bjart, þó svo að kornið hafi ekki frosið til skaða, þá er ekki mikill þroski né fylling.“

Bessi, sem er með umfangsmikla nautgriparækt, getur samt sem áður nýtt hluta af korninu sem viðhaldsfóður. „Ég mun slá og rúlla hluta af korninu, það sem styst er komið í þroska, og nýta það sem viðhaldsfóður fyrir holdakýr. Það er það eina sem hægt er að gera í stöðunni, það verður mjög létt og lélegt fóður, meira trénisfóður, en hægt er að blanda því saman við annað fóður. Ég mun reyna að bíða með að þreskja skárri hlutann af korninu og freista þess að það nái þroska og fyllingu. Þetta verður tvísýnt, því nú er einungis tæpur mánuður í þreskingu.“

*Skapa þarf betri umgjörð fyrir greinina*

Kornrækt á Íslandi er ekki áhættulaus, frekar en í öðrum löndum en hér er allra veðra von, og hafa kornbændur talað fyrir því að koma á fót tryggingakerfi.

„Stjórnvöld hafa lýst yfir vilja að auka og efla kornrækt á Íslandi. Það væri því rökrétt samhliða aukningu í kornrækt að koma á fót einhvers konar tryggingakerfi fyrir kornbændur, hvort sem menn kaupi tryggingar sjálfir eða settur verði á fót samtryggingarsjóður. Ef auka á kornrækt á Íslandi, þar sem skilyrðin eru tæp veðurfarslega séð, þá er það ekki mjög hvetjandi fyrir bændur að auka enn meir kornrækt ef við stöndum svo einir uppi með tjónið þegar illa fer.“

*Enn frekari rannsóknir*

Bessi telur það mikilvægt að stjórnvöld standi einnig að frekari rannsóknum og kynbótum á korni, að það verði þróuð yrki sem standist enn betur íslenskt veðurfar. „Það hefur náðst góður árangur í kornkynbótum undanfarin ár og það er mikilvægt að halda því áfram svo við stöðnum ekki.

Það er einnig nauðsynlegt að skapa betri rekstrarskilyrði og umgjörð fyrir greinina, það myndi tryggja kornrækt hérlendis til framtíðar,“ segir Bessi að lokum.




LSB
Lífeyrissjóður bænda

# Rafrænt stjórnarkjör 21.-28. ágúst 2023

**RAFRÆNT stjórnarkjör til aðalstjórnar Lífeyrissjóðs bænda fer fram á sjóðfélagavef á vefsvæði sjóðsins www.lsb.is dagana 21. – 28. ágúst n.k. og eru átta í framboði um fjögur sæti í aðalstjórn sjóðsins.**

Í framboði eru Bjartur Thorlacius, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Einar Ófeigur Björnsson, Erla Hjördís Gunnarsdóttir, Halldór Frímannsson, Helgi Jóhannesson, Jóhann Már Sigurbjörnsson og Vigdís Häsler.

Á vef sjóðsins www.lsb.is er kynning á frambjóðendunum.

Allir sjóðfélagar sem hafa greitt til Lífeyrissjóðs bænda og eiga hjá honum réttindi hafa atkvæðisrétt við stjórnarkjörið. Innskráning er með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Sjóðfélögum gefst einnig kostur á að greiða atkvæði kl. 9-14 virka daga á skrifstofu sjóðsins á meðan kosning stendur yfir.

Aukaársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 31. ágúst 2023 og hefst kl. 11:00. Á fundinum verða kynntar niðurstöður rafræna stjórnarkjörsins og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

**Lífeyrissjóður bænda**
Stórhöfða 23 | 110 Reykjavík
Sími 563 1300 | lsb@lsb.is | www.lsb.is



## Vesturland

| | |
|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | sunnudaginn 17. september kl. 11.00 |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 23. september |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | sunnudaginn 10. september kl.10.00, seinni sunnudaginn 24. september kl. 10.00 |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | sunnudaginn 17. september kl. 11.00, seinni sunnudaginn 1.október kl. 13.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | sunnudaginn 10. september kl. 14.00, seinni sunnudaginn 24. september kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 16. september, seinni laugardaginn 30. september |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | laugardaginn 9. september og sunnudaginn 10. september |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | sunnudaginn 17. september kl. 12.00, seinni sunnudaginn 1. október kl. 16.00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 23. september |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | þriðjudaginn 12. september kl. 10.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 14.00, þriðju mánudaginn 2. október kl. 14.00. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | mánud. 11. sept. kl. 10, önnur rétt sunnud. 24. sept. kl. 16 og þriðja rétt mánud. 2. okt. kl. 11 |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | sunnudaginn 10. september kl. 10.00, seinni laugardaginn 23. september |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | sunnudagur 10. september kl. 10.00, seinni sunnudaginn 24. september kl. 10.00 |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | laugardaginn 16. september |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | sunnudaginn 3. september kl. 11.00 |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | laugardaginn 9. september, seinni laugardaginn 23. september. |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | vantar upplýsingar |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | laugardaginn 9. september |
| Mýrar í Grundarfirði | laugardaginn 16. september |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | sunnudaginn 17. september kl. 16.00, seinni sunnudaginn 8. október kl. 16.00 |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | vantar upplýsingar |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | sunnudaginn 10. september kl. 13.00, seinni laugardaginn 23. september |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | miðvikudaginn 13. september kl. 9.00, seinni sunnudaginn 1. oktober kl. 10.00 |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | laugardaginn 16. september |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | föstudaginn 29. september kl. 10.00 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | sunnudaginn 17. september kl. 10.00, seinni sunnudaginn 1. október kl. 14.00 |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | laugardaginn 16. september |
| Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal. | sunnudaginn 17. september |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | sunnudaginn 17. september kl. 11.00, seinni sunnudaginn 1. oktober kl. 14.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | sunnudaginn 17. september kl. 10.00, seinni sunnudaginn 1. október |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | 11. september kl. 10.00, seinni 25. september kl. 10.00 |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | föstudagurinn 15. september |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 16. september kl. 13.00, seinni sunnudaginn 8. október kl. 13.00 |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | sunnudaginn 17. september |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | mánudaginn 11. september kl. 07.00, seinni sunnudaginn 17. september kl. 17.00 |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | laugardaginn 16. september |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 23. september |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð. | laugardaginn 2. september |
| Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | vantar upplýsingar |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | laugardaginn 16. september og sunnudaginn 17. september |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | vantar upplýsingar |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð. | vantar upplýsingar |
| Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð. | vantar upplýsingar |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 17. september kl. 14 |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | vantar upplýsingar |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 23. september |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | vantar upplýsingar |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 16. september |
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | vantar upplýsingar |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík | laugardaginn 16. september |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | laugardaginn 23. september |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | vantar upplýsingar |
| Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | vantar upplýsingar |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | vantar upplýsingar |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | laugardaginn 16. september |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | laugardaginn 16. september |
| Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð. | sunnudagur 17. september |

## Norðvesturland

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 9. september kl. 9.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 13.00 |
| Beinakeldurétt, A.-Hún. | sunnudaginn 3. september, seinni mánudaginn 25. september kl. 13.00 |
| Fossárrétt í A.-Hún. | laugardaginn 9. september |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | laugardaginn 16. september |
| Hlíðarrétt / Bólstaðarhlíðarrétt, A.-Hún. | laugardaginn 9. september kl. 16.00, seinni sunnudaginn 17. september kl. 16.00 |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | laugardaginn 9. september kl. 9.00 |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | laugardaginn 16. september kl. 15.00 |
| Hvammsrétt í Langadal, A.-Hún. | laugardaginn 2. september |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | laugardaginn 9. september, seinna laugardaginn 16. september |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | laugardaginn 9. september |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún. | laugardaginn 2. september |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | sunnudaginn 10. september kl. 9.00, seinni sunnudaginn 17. september kl. 9.00 |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | laugardaginn 9. september kl. 08.30, seinni laugardaginn 16. september kl. 16.00 |
| Sveinsstaðarétt, A.-Hún. | sunnudaginn 10. september kl. 10.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 09.00. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | föstudaginn 8. september kl. 13.00 og laugardaginn 9. september kl. 08.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 11.00 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | föstudaginn 8. september kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 9. september kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 16. september |

## Mið-Norðurland

| | |
|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði | vantar upplýsingar |
| Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsós, Skagafirði | laugardaginn 16. september |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði | laugardaginn 9. september |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | vantar upplýsingar |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði | laugardaginn 9. september |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði | vantar upplýsingar |
| Geldingsárrétt, Svalbarðsströnd | laugardaginn 9. september |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | sunnudaginn 10. september |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði | sunnudagur 17. september, seinni sunnudaginn 1. október |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði | vantar upplýsingar |
| Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði | laugardaginn 16. september |
| Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði | föstudaginn 8. september |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 2. september |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | sunnudaginn 10. september |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | sunnudaginn 10. september, seinni sunnudaginn 17. september |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 2. september |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | föstudaginn 15. september og laugardaginn 16. september |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | laugardaginn 9. september |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | laugardaginn 23. september og sunnudaginn 24. september |
| Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði | laugardaginn 9. september |
| Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð | laugardaginn 9. september, seinni laugardaginn 16. september |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | laugardaginn 9. september |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði | mánudaginn 11. september, seinni sunnudaginn 24. september |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði | sunnudaginn 10. september, seinni laugardaginn 16. september |
| Skarðsárrétt, Skagafirði | sunnudaginn 10. september, seinni laugardaginn 16. september |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði | vantar upplýsingar |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði | föstudaginn 8. september |
| Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði | sunnudaginn 10. september |
| Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði | föstudaginn 15. september |
| Tungurétt í Svarfaðardal | sunnudaginn 10. september |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skagafirði | vantar upplýsingar |
| Vallarétt, Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 3. september |
| Vatnsendarétt, Eyjafirði | sunnudaginn 3. september |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | laugardaginn 9. september og sunnudaginn 10. september |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði | laugardaginn 9. september |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði | laugardaginn 9. september |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 3. september |



# Fjárréttir haustið 2023

**Fjár- og stóðréttir eru fram undan og venju samkvæmt birtir Bændablaðið lista yfir helstu réttir landsins. Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 38. Upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið rebekka@bondi.is.** */smh*




# Réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar haustið 2023

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | sunnudaginn 17. september kl. 17.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 16. september kl. 18.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | laugardaginn 16. september kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 16. september kl. 16.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 30. september kl. 13.00 |
| Grafningsrétt í Grafningi | mánudaginn 18. september kl. 9.45, |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 24. september kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveimur vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.




# Norðausturland

| | |
|---|---|
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | sunnudaginn 10. september |
| Árrétt í Bárðardal | Vantar upplýsingar |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | sunnudaginn 3. september |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 9. september |
| Fjallalækjarselsrétt | sunnudaginn 3. september |
| Fjallarétt í Kelduhverfi | laugardaginn 9. september kl. 17.00 |
| Fótarrétt í Bárðardal | mánudaginn 4. september |
| Garðsrétt í Þistilfirði | sunnudaginn 3. september |
| Geldingárrétt á Svalbarðsströnd | laugardaginn 9. september |
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | sunnudaginn 10. september kl. 9.00 |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 9. september |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | mánudaginn 11. september |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | sunnudaginn 3. september |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | laugardaginn 9. september kl. 10.00 |
| Húsavíkurrétt | laugardaginn 9. september kl. 14.00 |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | föstudaginn 8. september |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-Þing. | laugardaginn 10. september kl. 08.30 |
| Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing. | Vantar upplýsingar |
| Leirhafnarrétt á Melrakkasléttu, N-Þing | sunnudaginn 17. september kl. 9.00 |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | sunnudaginn 10 september |
| Mánárrétt á Tjörnesi | sunnudaginn 10. september |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | mánudaginn 4. september |
| Miðfjarðarrétt | fimmtudaginn 14. september |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | sunnudaginn 2. september |
| Ósrétt á Langanesi | miðvikudaginn 20. september |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | miðvikudaginn 6. september |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing. | laugardaginn 2. september kl. 14.00 |
| Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi | laugardaginn 9. september |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | sunnudaginn 10. september kl. 10.00 |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | sunnudaginn 3. september |
| Tunguselsrétt á Langanesi | mánudaginn 11. september |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing. | sunnudaginn 27. ágúst |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | laugardaginn 9. september kl. 17.00 |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | laugardaginn 16. september |

# Austurland

| | |
|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl. | laugardaginn 16. september |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | miðvikudaginn 24. september kl. 13.00 |
| Seyðisfjarðarrétt við Nátthaga | föstudaginn 15. september |
| Teigsrétt, Vopnafirði | mánudaginn 4. september |

# Suðausturland

| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A.-Skaft. | vantar upplýsingar |
| Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | föstudaginn 8. september |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | laugardaginn 16. september |
| Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | laugardaginn 9. september kl. 9.00 |

# Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | sunnudaginn 24. september kl. 14.00 |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 17. september kl. 17.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 16. september kl. 18.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 11. september kl. 10.00 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudaginn 17. september kl. 11.00 |
| Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnudaginn 10. september |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 16. september kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 16. september kl. 16.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn. | föstudaginn 8. september |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 30. september kl. 13.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 21. september |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | Vantar upplýsingar |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugardaginn 16. september 11.00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugardaginn 9. september |
| Grafningsrétt í Grafningi | mánudaginn 18. september kl. 9.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | laugardaginn 23. september |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 24. september kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 8. september |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 9. september kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 24. september kl. 14.00 |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang | sunnudaginn 10. september |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | sunnudaginn 17. september kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |



# Stóðréttir haustið 2023

**Stóðréttir verða með sama brag og venjulega og birtist hér listi yfir þær helstu á landinu. Listi yfir fjárréttir eru á blaðsíðum 32-33 og upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið rebekka@bondi.is.** */smh*

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | sunnudaginn 1. október 11.00 |
| Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsós, Skag. | föstudaginn 29. september |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 29. september |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | Vantar upplýsingar |
| Fossárrétt á Skaga, A.-Hún. | laugardagur 16. september |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | sunnud. 17. september kl. 16.00 |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | laugardaginn 16. september |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 30. september |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. október |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | sunnud. 10. september kl.11.00 |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | laugardaginn 16. september |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 16. september |
| Skrapatungurétt í A.-Hún. | sunnudag.17. sept. kl.11.00 |
| Staðarrétt í Skagafirði | laugardaginn 16. september |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 7. október |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skag. | Upplýsingar vantar. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | sunnud. 24. sept. kl. 09.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugard. 7. október kl. 11.00 |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. október |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugard. 30. sept. kl. 12:30 |





YAMAHA GRIZZLY EPS FJÓRHJÓL
— klár til afgreiðslu!

Þrautreynd við íslenskar aðstæður — verð frá 2.560.000 kr.
Mikið úrval aukahluta í boði s.s. aukasæti og fótstig, framrúða, töskur omfl.

YAMAHA Á ÍSLANDI
Kletthálsi 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsaðili
YAMAHA




Kartöflugarður í fullum vexti í Þykkvabæ. Kartöflubúið Skarð í bakgrunni. Flest kartöflubúin í þorpinu eru 25 til 30 hektarar, sem er sú stærð sem hentar tveimur einstaklingum best. Myndir / ÁL

## Þykkvibær:

# Kartöflubú yfirleitt fjölskyldubú

**Hjónin Sigurbjartur Pálsson og Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir eru kartöflubændur á Skarði í Þykkvabæ. Þau hafa stundað kartöflubúskap frá árinu 1982.**

Flest búin í Þykkvabænum eru með 25–30 hektara af kartöflugörðum, en það er stærð sem hentar vel tveimur einstaklingum eða hjónum. „Það hefur þróast þannig hérna að það eru hjón utan um þennan rekstur mjög víða,“ segir Sigurbjartur. Búin nýta þá ekki utanaðkomandi vinnuafl, nema á álagspunktum á vorin og haustin. Þá eru það oftast fjölskyldumeðlimir sem hlaupa undir bagga. Í Þykkvabænum er eitt bú sem er umtalsvert stærra en öll hin, en það er rekið af tveimur bræðrum og föður þeirra.



Sigurbjartur Pálsson og Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir voru nýbúin að taka upp kartöflur þegar Bændablaðið bar að garði, en þessar fara beint í sölu eftir pökkun.

### *Geta geymt í heilt ár*

„Við geymum kartöflurnar sjálf og gerum þær tilbúnar til sölu, hvort sem það er að setja þær í kílóapoka eða stærri einingar úti í verksmiðju. Það er stöðug vinna allt árið,“ segir Sigurbjartur um hvað bændurnir geri utan álagspunkta. Kartöflubúskap fylgir jafnframt nokkur vélakostur og eru veturnir nýttir í viðhaldsvinnu.

Heima á bæ eru þau með aðstöðu til að þvo og pakka kartöflum sem eru seldar undir merkjum Þykkvabæjar ehf. Enn fremur senda þau hluta sinnar uppskeru í kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar, sem fer þá í frekari vinnslu. Hjónin eru með stórar kæligeymslur á Skarði, þar sem kartöflurnar eru geymdar yfir veturinn. Með réttu raka- og hitastigi ná þau að geyma kartöflurnar í heilt ár.

### *Búum hefur fækkað*

Kartöflubændum í Þykkvabæ hefur fækkað á undanförnum áratugum. Sigurbjartur segir lítið um að ungt fólk taki við þegar eldri bændur láta af störfum. Enn fremur var afkoman slæm á tímabili og fóru nokkrir bændur á hausinn. Þegar Sigurbjartur var að alast upp voru búin nálægt 40, en þá voru þau jafnframt minni. Nú séu einungis tíu kartöflubú eftir í þorpinu.

„Þetta er búgrein sem getur sveiflast alveg rosalega,“ segir Sigurbjartur. Hann segir hjónin hafa upplifað að verða fyrir næturfrosti í júlí, sem verður til þess að uppskeran er lítil sem engin. Sigurbjartur segir að í venjulegu árferði sé kartöflurækt ekkert verri en annar búskapur. „Við komumst alveg bærilega af.“

### *Ný afbrigði mikilvæg*

Sigurbjartur segir að úti í Evrópu sé stanslaust verið að búa til ný kartöfluafbrigði. Samkvæmt honum koma kartöflubændur í Hollandi tíu þúsund afbrigðum í umferð á hverju ári, og þeir telja sig góða ef tvö eru enn í notkun að tveimur árum liðnum. Íslenskir kartöflubændur njóta góðs af þessu og flytja inn útsæði af nýjum afbrigðum.

Íslenskir neytendur eru hrifnastir af Gullauga og rauðum íslenskum, en Sigurbjartur segir að það séu orðin á margan hátt úrelt afbrigði. Þau eru til að mynda afar viðkvæm fyrir kartöflumyglu, á meðan erlendu afbrigðin eru sérstaklega þróuð til að vera með mikla mótstöðu gegn myglu, sem er landlæg í Evrópu.





Nýuppteknar kartöflur þekkjast vel á því að hýðið er næfurþunnt og flagnar.

Hann hefur séð tvo kartöflugarða hlið við hlið, þar sem annar var með íslensku afbrigði og öll uppskeran ónýt af myglu, á meðan hinn var með erlendu afbrigði og ekkert kartöflugrasanna var sýkt.

### *Nákvæm mygluspá*

Bændurnir í Þykkvabæ eru búnir að koma upp tölvubúnaði sem spáir nákvæmlega fyrir um mygluálagið á hverjum tíma, út frá hitastigi og loftraka. Þeir geta því brugðist við með því að verja kartöflugrösin með plöntulyfjum þegar þess þarf. Nokkrar tegundir eru af plöntulyfjunum, og fer það eftir ráðleggingum ráðunauta hvað er notað hverju sinni.

Mjög mikilvægt er að bregðast hratt við, en Sigurbjartur segir mygluna smitast mjög hratt við réttar aðstæður. Sigurbjartur segir að með hlýnandi tíðarfari á síðustu árum hafi kartöflumyglan náð sér betur á strik.

„Hún þarf að hafa hita sem er yfir tíu stig – helst allan sólarhringinn," segir Sigurbjartur. Hún þrífst verr þegar næturnar eru kaldar.

*/ÁL*










LÍF & STARF

## Afmælishátíð Beint frá býli:

# Hátt í 3.000 manns sóttu bæina heim

**Beint frá býli-dagurinn var haldinn hátíðlegur í öllum landshlutum sunnudaginn 20. ágúst síðastliðinn í tilefni 15 ára afmælis félagsins, en markmiðið er að hann verði að árvissum viðburði.**

Að sögn Oddnýjar Önnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Beint frá býli og verkefnastjóra hátíðanna, var tilgangur dagsins að bjóða íbúum og gestum landshlutanna heim á býli þar sem bændur vinna úr eigin afurðum. Um leið höfðu þeir tækifæri til að kynnast og kaupa vörur af öðrum heimavinnsluaðilum af svæðinu, samhliða því að eiga góðan og fjölskylduvænan dag á íslensku bóndabýli.

***Aðildarfélag að Samtökum smáframleiðenda matvæla***

Gestgjafar voru félagsmenn í Beint frá býli sem er aðildarfélag Samtaka smáframleiðenda matvæla. Á Vesturlandi var gestgjafinn Háafell – Geitfjársetur, á Vestfjörðum Brjánslækjarbúið, á Norðurlandi vestra Stórhóll í Skagafirði, á Norðurlandi eystra Holtsel í Eyjafirði, á Austurlandi Lynghóll í Skagafirði og á Suðurlandi Efstidalur II í Bláskógabyggð.

Landshlutasamtök sveitarfélaganna og markaðsstofur landshlutanna voru samstarfsaðilar og hluti þeirra styrkti verkefnið enda flest með sérstakar mataráætlanir.

Oddný Anna segir að félagsmenn á lögbýlum séu 112 og hafði ríflega helmingur tök á að taka þátt. Hún segir að hátíðarhöldin hafi heppnast framar vonum. Hundruð gesta streymdu á afmælishátíð hvers landshluta og reiknast henni til að hátt í 3000 manns hafi sótt bæina heim. Framleiðendur hafi selt mun meira en þeir áttu von á og náð góðu samtali við gesti sem voru afar áhugasamir og jákvæðir. Börn á öllum aldri voru stór hluti gesta sem nutu þess að vera í sveitinni, hitta dýrin og leika sér.

***Veitingasala kvenfélaga***

Oddný Anna segir að afmæliskökur, skreyttar merki félagsins, kaffi og djús hafi staðið gestum til boða á öllum stöðunum. Auk þess var veitingasala sem kvenfélög tóku að sér á þeim bæjum sem ekki eru með eigin veitingastaði eða kaffihús, voru jafnvel með skottsölu og sums staðar var góðgæti grillað.

Dagskráin litaðist af eiginleikum hvers staðar og voru dýrin á bæjunum að sjálfsögðu miðpunkturinn og sums staðar var teymt undir börnum. Finna mátti heimatilbúin frumleg leiksvæði, hoppukastala og hoppubelgi, gestir gátu jafnvel grillað sjálfir yfir opnum eldi, málað steina og heyrúllur, farið í skoðunarferðir og fleira. Síðast en ekki síst var þetta tækifæri fyrir íbúa að hittast í sumarlok, síðasta helgidaginn fyrir skólabyrjun og eiga góðan dag saman í sveitinni. /smh



Háafell Geitfjársetur, gestgjafinn á Vesturlandi.



Traktorinn á Lynghóli í Skriðdal, sem var gestgjafinn á Austurlandi, nýttist vel fyrir fána félagsins og til að halda tjaldinu föstu í gjólunni.


Brjánslækjarbúið á Barðaströnd var gestgjafinn á Vestfjörðum.



Félagið bauð gestum upp á afmælisköku, kaffi og djús. Þessa bakaði Kvenfélag Skriðdæla.


Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Breiðargerði kynnir og selur vörur sínar á Stórhóli í Skagafirði sem var gestgjafinn á Norðurlandi vestra.



Brjánslækur: Ýmis afþreying og fróðleikur var í boði á afmælishátíðinni.

**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


Fjórir framleiðendur af Austurlandi; Ann-Marie Schlutz, Sauðagull, Dagrún Drótt Valgarðsdóttir, Könglar, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Holt og heiðar, Lilja Sigurðardóttir, Lilja kryddjurtir á Lynghóli.


Börn klappa kiðlingum á Lynghóli, en dýrin á bæjunum voru jafnan mesta aðdráttaraflið fyrir yngstu kynslóðina.


Frá Holtseli í Eyjafirði.




Bændablaðið kemur næst út 7. september

Bændablaðið www.bbl.is

Bændablaðið á Instagram





Landslið Íslands í hestaíþróttum á Heimsmeistaramótinu í Hollandi 2023. Samtals vann hópurinn 16 gullverðlaun og 5 silfur, besti árangur Íslands frá upphafi. Mynd / Jón Björnsson

# Sjö íslenskir heimsmeistarar

## – Besti árangur íslenska landsliðsins frá upphafi

**Heimsmeistaramót íslenska hestsins fór fram í Oirschot í Hollandi dagana 8. til 13. ágúst. Þar öttu kappi glæsilegir fulltrúar hins íslenska gæðings í íþróttakeppni og kynbótasýningu. Íslenska landsliðið var afar sigursælt og náði sínum besta árangri til þessa, 16 gullverðlaun og 5 silfur.**

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is

Það ríkti mikil eftirvænting fyrir mótinu í Hollandi enda fjögur ár síðan síðasta mót var haldið en alla jafna fara Heimsmeistaramót fram annað hvert ár. Það voru gerðar miklar væntingar til þeirra Jóhönnu Margrétar Snorradóttur og Bárðs frá Melabergi en fyrirfram voru þau skærustu stjörnur landsliðsins.

Þau ollu ekki vonbrigðum og tryggðu sér silfur í fjórgangi, gull í samanlögðum fjórgangsgreinum og unnu síðan Tölthornið sem er eftirsóttasti verðlaunagripur Heimsmeistaramótsins. Í töltinu stóð baráttan á milli þeirra Jóhönnu Margrétar og Sys Pilegaard á Abel fra Tyrevoldsdal. Þrátt fyrir að Sys og Abel hlutu eina 10 fyrir yfirferðina þá dugði það ekki til og silfrið varð þeirra. Viðar Ingólfsson á Þór frá Stóra-Hofi stóð sig líka með ágætum en litlu munaði að hann endaði á palli í töltinu en þeir enduðu í fjórða sæti í töltinu eftir harða baráttu við Lisa Schürger á Kjalari frá Strandarhjáleigu, sem varð þriðja.

Í fjórgangnum enduðu þeir Viðar og Þór í fimmta sæti sem verður að teljast afar góður árangur en þetta var frumraun þeirra í þeirri grein.

Til gamans má geta að í úrslitum í tölti var knapi frá Ungverjalandi, Veronika Krammer á Ísbirni vom Vindstaðir, og enduðu þau í 5. sæti en þetta var í fyrsta sinn sem Ungverjaland er með á Heimsmeistaramóti.

Sara Sigurbjörnsdóttir sýndi öllum hversu megnug hún er og reið Flóka frá Oddhóli af miklu öryggi og tryggði sér heimsmeistaratitil í fimmgangi með glæsilegum skeiðsprettum. Í öðru sæti enduðu þeir Pierre Sandsten Hoyos frá Austurríki og Búi frá Húsavík en þeir voru sterkir fram að skeiðinu.

Frauke Schenzel á Jódísi vom Kronshof vann fjórganginn en þær kepptu fyrir Þýskaland og í slaktaumatölti fór gullið til Svía en þar áttu Máni Hilmarsson og Gljátoppur frá Miðhrauni glæsilegar sýningar. Samanlagður sigur í fimmgangsgreinum fór einnig til Svíþjóðar en Caspar Hegardt og Oddi från Skeppargården hlutu þann titil.

### *Fræknir sigrar í skeiðgreinunum*

Óvæntustu úrslit mótsins var eflaust sigur Elvars Þormarssonar og Fjalladísar frá Fornusöndum í 250 m. skeiðinu. Elvar og Fjalladís þóttu sigurstranglegust fyrir mótið í gæðingaskeiði. Þrefaldir Íslandsmeistarar í greininni og með langbestu einkunnina fyrir mótið. Það kom því engum á óvart þegar þau hömpuðu heimsmeistaratitlinum í þeirri grein, nokkuð örugglega.

Daginn eftir fór fram keppni í 250 m skeiðinu og hafði Elvar beðið um að vera skráður í þá grein sem og 100 m skeiðið þrátt fyrir að þau Fjalladís hefðu aldrei keppt í þeim greinum. Elvar vissi að merin væri fljót og þar sem gæðingaskeiðið kláraðist á fyrsta mótsdegi væri um að gera að hafa gaman það sem eftir er mótsins og prófa eitthvað nýtt.




Jóhanna Margrét Snorradóttir og Bárður frá Melabergi eru heimsmeistarar í tölti og samanlögðum fjórgangsgreinum. Mynd / Jón Björnsson



Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Oddhóli, heimsmeistarar í fimmgangi. Mynd / Bert Collet



Herdís Björg Jóhannsdóttir fagnar hér sigri í tölti í ungmennaflokki á Kvarða frá Pulu. Mynd / Berglind Karlsdóttir

Eftir fyrri umferð kappreiðanna voru þau Fjalladís og Elvar með langbesta tímann. Þessir fljótustu kappreiðavekringar höfðu þó ekki náð sínum bestu sprettum svo keppnin var enn galopin. Í seinni umferðinni gat þó enginn skákað þeim Elvari og Fjalladís sem bættu í í hverjum spretti og annar heimsmeistaratitillinn í hús hjá þeim í grein sem þau voru að keppa í í fyrsta skipti. Daníel Gunnarsson og Eining frá Einhamri enduðu í öðru sæti.

Gullið í 100 m skeiði fór að þessu sinni til Austurríkis. Miklar væntingar voru bundnar við íslensku keppendurna og eftir fyrsta sprett var Teitur Árnason fljótastur á Drottningu frá Hömrum II með tímann 7,29 sek. Íslendingar töldu gullið vera öruggt en svo var ekki því í seinni umferðinni setti hin austurríska Helga Hochstöger í fluggírinn á Nóra von Oed og þau lönduðu gulli á tímanum 7,27 og silfrið fór til Teits. Ótrúlegur árangur hjá Helgu og Nóra sem áttu áður besta tímann eitthvað í kringum 7,50 sek. Silfrið fór einnig til Íslands í ungmennaflokknum en þar voru þær Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir og Ylfa frá Miðengi með annan besta tímann.

### *Stórglæsilegur árangur íslensku ungmennanna*

Á mótinu tóku fimm íslensk ungmenni þátt. Hlutu fjögur af þeim heimsmeistaratitil, tveir fleiri enn einn, og eitt silfur. Stórkostlegur árangur og oftar en ekki unnust titlarnir með yfirburðum. Fyrstur til að vinna titil var Benedikt Ólafsson og Leira-Björk frá Naustum III. Sérfræðingar í gæðingaskeiði og sýndu snilli sína á mótinu og sönnuðu enn eina ferðina að þau eru með þeim bestu í þessari grein. Hlutu þau 8,00 í einkunn sem hefði tryggt þeim annað sætið í fullorðinsflokki. Benedikt skellti sér einnig með Leiru-Björk í skeiðgreinarnar, fimmganginn og slaktaumatöltið til að reyna að tryggja sér samanlagðan sigur í fimmgangsgreinum. Það tókst með naumindum og titillinn varð þeirra.

Benedikt var ekki sá eini sem nældi sér í tvo titla en það gerðu einnig þeir Jón Ársæll Bergmann og Frár frá Sandhól. Eftir forkeppni stóðu þeir langefstir bæði í tölti og fjórgangi og heimsmeistaratitill í samanlögðum fjórgangsgreinum öruggur. Í úrslitum áttu þeir frábæra sýningu í fjórgangi og unnu þau með yfirburðum. Í töltúrslitunum lentu þeir í brasi á yfirferðinni og enduðu þar í fjórða sæti. Þar áttu Íslendingar þó hauk í horni en önnur inn í töltúrslitin var Herdís Björg Jóhannsdóttir á Kvarða frá Pulu. Herdís og Kvarði höfðu lent í því óhappi í vikunni á undan að missa undan skeifu og töluvert af öðrum hófnum. Þurfti því að járna Kvarða upp á nýtt og þeir sem þekkja til vita að það getur haft mikil áhrif á hreyfingar og fleira hjá hrossinu. Það kom þó ekki að sök. Með góðri reiðmennsku og glæsilegri yfirferð náði Herdís að tryggja sér gullið í tölti í ungmennaflokki. Í öðru sæti endaði hin færeyska Rakel Brattalid Tindskard á Sílas vom Forstwald en þetta er í fyrsta sinn sem Færeyingar vinna til verðlauna á heimsmeistaramóti.

Það átti enginn roð í Glódísi Rún Sigurðardóttur á Sölku frá Efri-Brú í fimmgangi í ungmennaflokki. Þær áttu mjög góða sýningu í forkeppni og hlutu 7,40 í einkunn sem hefði tryggt þeim annað sætið inn í A-úrslit í fullorðinsflokki. Þær komu langefstar inn í A-úrslitin í ungmennaflokki og reið Glódís þau af miklu öryggi og heimsmeistaratitillinn aldrei í hættu.

Önnur gull í ungmennaflokki fóru til Þýskalands, Danmerkur og Svíþjóðar. Þjóðverjinn Lena Becker vann slaktaumatöltið á Bikari frá Ytra-Vallholti og í skeiðgreinunum var það hin danska Freja Løvgreen Gandrup á Fjölva frá Hedegaard sem vann 250 m skeiðið og 100 m skeiðið vann Alicia Plam á Ljúfu från Ekeholm fyrir Svíþjóð.

### *Efstu hross í öllum flokkum fyrir utan einn*

Árangur kynbótahrossanna sem ræktuð voru á Íslandi var líka eftirtektarverður en stóðu þau efst í öllum flokkum fyrir utan í flokki 7 vetra og eldri stóðhesta. Þar var sýndur Hersir frá Húsavík sem endaði annar í þeim flokki, sýndur af Teiti Árnasyni. Efstur í þeim flokki varð hinn sænski Kolgrímur Grímsson från Gunvarbyn, sýndur af Agnari Snorra Stefánssyni.

Efstur í flokki 5 vetra stóðhesta var Höfði frá Bergi, sýndur af Þorgeiri Ólafssyni. Ársól frá Sauðanesi var efst í flokki 5 vetra hryssna sýnd af Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur. Árni Björn Pálsson sýndi tvö hross Kötlu frá Hemlu II sem stóð efst í flokki 7 vetra hryssna og eldri og Geisla frá Árbæ sem stóð efstur í flokki sex vetra stóðhesta. Efsta 6 vetra hryssan var Hrönn frá Fákshólum, sýnd af Jakobi Svavari Sigurðssyni.




**Benedikt Ólafsson og Leira-Björk frá Naustum III eru heimsmeistarar í gæðingaskeiði og samanlögðum fimmgangsgreinum í ungmennaflokki.** Mynd / Bert Collet




**Heimsmeistarar í fjórgangi og samanlögðum fjórgangsgreinum í ungmennaflokki, Jón Ársæll Bergmann og Frár frá Sandhól.** Mynd / Bert Collet



**Glódís Rún Sigurðardóttir og Salka frá Efri-Brú, heimsmeistarar í fimmgangi í ungmennaflokki.** Mynd / Bert Collet

*Ánægja með framkvæmd mótsins*

Talið er að um 11.000 manns hafi verið saman komin á Heimsmeistaramótinu, þar af um 1.500 Íslendingar. Þetta er í þriðja sinn sem mótið er haldið á þessum stað og af þessum mótshöldurum og hefur alltaf verið gífurleg ánægja með mótin.

Að þessu sinni stóð mótið undir væntingum hvað varðar umgjörð og aðstöðu, hvort sem það var fyrir hesta, knapa eða áhorfendur en ef eitthvað ætti að gagnrýna þá var það helst matarúrvalið á svæðinu sem var ekki upp á marga fiska.

Keppendur voru 162 talsins frá 17 löndum og voru skráð 39 kynbótahross á mótinu. Að þessu sinni fór liðsbikarinn til Danmerkur og er það í fyrsta sinn sem Danmörk hlýtur þau verðlaun. Ísland endaði í þriðja sæti í liðakeppninni sem verður að teljast vonbrigði.

Þrátt fyrir að hafa unnið langflest verðlaun á mótinu þá varð sú staðreynd að einungis einn knapi keppti í slaktaumatölti fyrir Íslands hönd til þess að liðið vann ekki liðakeppnina þetta árið. Ísland hefur unnið bikarinn frá því að hann varð fyrst veittur fyrir utan árið 2015 og nú árið 2023.









UTAN ÚR HEIMI

## Landbúnaðarstefna:
# Betrumbættur jarðvegur

**Endurnýjandi landbúnaður, eða eins og það útleggst á frummálinu, „regenerative farming“, er sívinsælli í umræðunni enda m.a. talinn afar jarðvegsbætandi.**

Á fréttasíðu The Guardian nú um miðjan mánuð segir frá stöllunum og umhverfisverndarsinnunum Francescu Cooper og Hollie Fallick sem reka saman bæinn Nunwell. Þeirra markmið er að næra náttúruna í kringum sig hið allra helsta, enda telja þær beint samband milli heilsu jarðvegs, mannfólks og dýra.

***Grunnreglur endurnýjunar***

Hugmyndin er sú að með því að fylgja grunnreglum endurnýjunar – að hrófla sem minnst við jarðveginum, halda honum þöktum gróðri, viðhalda þannig lifandi rótum, rækta fjölbreytt úrval jurta og grænmetis auk þess að nota beitardýr – að þannig sé hægt að endurnýja úr sér gengna og næringarsnauða jarðvegi og framleiða næringarríkari fæðu.

Þessi hugmynd virðist kveikja í fleirum en þeim ofannefndu. Er talið að margir þeirra bænda sem áður hafa stundað hefðbundinn búskap séu smátt og smátt að tileinka sér einhverjar grunnreglnanna og má nú sjá – víðar en áður – kjúklinga gogga í jarðveg samhliða kúm og gæða sér á grænkáli og baunum samhliða svínum. Við slíkar aðstæður er um þekjuræktun að ræða og fjölbreytni í plöntuvali ætluð til þess að auka næringarefni í jarðveginum.

***Jákvæð viðbrögð víða***

Skriðþungi hreyfingarinnar virðist vera óstöðvandi. Í ESB tóku umbætur á CAP (*Common Agricultural Policy eða Sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins*) gildi í janúar, með Farm to Fork-stefnu sambandsins sem miðar að því að draga úr áburðarnotkun um 20%. Einnig er áætlað að helminga notkun skordýraeiturs og þá í kjölfarið tap næringarefna í jarðvegi. *(Farm to Fork-stefnan miðar að því að flýta fyrir umskiptum okkar yfir í sjálfbært matvælakerfi sem ætti að hafa hlutlaus eða jákvæð umhverfisáhrif, hjálpa til við að draga úr loftslagsbreytingum og laga sig að áhrifum þeirra auk þess að auka líffræðilega fjölbreytni.)*



Á síðasta ári skiptu stjórnvöld í Bretlandi út styrkjum undir merkjum CAP – sem byggðust á magni (ATH) ræktaðs lands – út fyrir umhverfisverndargreiðslur sem verðlauna aðgerðir sem vernda umhverfið. Skotland tekur svo skrefið heldur lengra en þar miðar landbúnaðarsýn ríkisstjórnarinnar að því að landið verði „alheimsleiðtogi í sjálfbærum og endurnýjanlegum landbúnaði“. Hvorki meira né minna.

***Skiptar skoðanir***

Rannsóknir voru gerðar á ágæti stefnu endurnýjandi landbúnaðar árið 2018, sem leiddi í ljós að þeir sem fylgdu henni hvað helst höfðu upp úr krafsinu u.þ.b. 30 % minni uppskeru, en þó jókst arður þeirra um tæp 80%. Komið hefur í ljós að eldsneytisnotkun hafi minnkað um vel rúman helming, kostnaður vegna eiturefna til að ráða við illgresi og sveppi um jafnvel allt að 70% og voru bændur sammála um að fleiri krónur kæmu í vasann en áður.

Ekki eru þó allir jafnhrifnir af hugmyndinni, en í grein The Guardian kemur fram að umhverfissinni nokkur, George Monbiot, vísaði í síðasta mánuði alfarið á bug þeirri fullyrðingu að stýrð beit búfjár gæti hjálpað til við að draga úr áhrifum loftslagsvandans. Telur hann frekar að skipta ætti út landbúnaði fyrir verksmiðjur sem rækta mat í rannsóknarstofum úr örverum og vatni með nákvæmni gerjun – á þeim forsendum að „smábúskapur“ eins og hann kallar stefnu endurnýjandi landbúnaðar, muni ekki framleiða nægan mat.

Þeir sem aðhyllast hreyfinguna hins vegar koma með þau mótrök að vel sé hægt að ná fæðuöryggi ef betri stjórn færi á bæði búskap og matarvenjum – en samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna árið 2021 fer þriðjungur matar til spillis á heimsvísu.

/SP



Plöntun á þaki biðskýlis í Utrecht í Hollandi. Græn biðskýli hafa víða skotið upp kollinum í þágu vistverndar. Mynd / BrightVibes

## Vistvernd:
# Ræktarlegar stoppistöðvar

**Borgin Utrecht í Hollandi hefur vakið athygli fyrir óvenjuleg strætisvagna- og sporvagnabiðskýli. Þau eru þakin gróðri, ýmist að ofan eða á hliðum, nema hvort tveggja sé.**

Borgaryfirvöld í Utrecht réðust í verkefnið um að veita biðskýlunum græna yfirhalningu árið 2019 og eru nú 316 biðskýli komin með gróðurþekju. Markmið verkefnisins er að gróðurinn fangi svifryk og stuðli þannig að hreinna lofti, veiti kælingu í hitum og síðast en ekki síst að ýta undir líffræðilegan fjölbreytileika í borginni með því að laða að fugla, býflugur, fiðrildi og önnur frjóvgandi skordýr.

Sum gróðurþökin eru jafnframt með sólarsellum til að knýja ljósgjafa og sjálfvirk áveitukerfi regnvatns. Fleiri hollenskar borgir hafa fylgt í fótspor Utrecht. Yfirvöld í Amsterdam hafa til að mynda hug á að grænklæða um 500 sporvagnabiðskýli og hófust handa árið 2020.

Hugmyndin um lifandi gróðurþök á biðskýli hefur síðan farið um eins og eldur í sinu og borgir víða um lönd tekið hana upp. Má þar nefna þýskar borgir, þ.á m. Hamborg, þar sem gróðurbiðskýlin eru hluti af löngum lista metnaðarfullra grænþakaverkefna. Þá hafa Bretar, Bandaríkjamenn, Svíar, Tékkar og Japanir, svo einhverjir séu nefndir, stokkið á þennan vagn.

***Íslensk gróðurþök frá landnámi***

Plöntuþök og -veggir bygginga verða æ algengari bæði í þéttbýli og dreifbýli, sem hluti af að bæta lífsgæði og vistkerfi. Jafnframt er slíkt notað til að auka líftíma þaka, til einangrunar, kælingar, birtu- og hljóðvistarstjórnunar, bindingar kolefnis, ryks og mengunar og til vatnssöfnunar m.a. til að minnka álag á holræsakerfi.

Rannsóknir hafa sýnt að slík græn þök verndi mögulega gegn rafsegulbylgjum. Ýmis skordýr þrífast á þökum auk annarra smádýra og örvera. Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn, til dæmis, settu sér það markmið að allar opinberar byggingar með þakhalla undir 30 gráðum yrðu með gróðurþekju á þaki og að við endurnýjun eldri flatra þaka yrði einnig notuð gróðurþekja.

Íslendingar hafa nýtt grasþök allt frá landnámi en þau urðu æ sjaldgæfari eftir því sem leið fram á 20. öldina. Áhugi fer þó vaxandi á gras- og plöntuþökum á nýjan leik. Þá er horft til þess að nota þurrkþolnari tegundir en gras í gróðurlagið og valdar tegundir sem gera litlar kröfur til vaxtarlags, næringar og viðhalds.

***Hnoðrar algengastir á biðskýlunum***

Á vefnum BrightVibes segir að fyrirtækið Roofmeadow hafi hannað grænt jurtaþak sem unnt er að setja ofan á flest öll hefðbundin biðskýli en fjölmörg fyrirtæki sérhæfa sig nú í gerð grænna þaka og veggja. Í upphafi var einkum notast við hnoðrategundir, Sedum, þar sem sú planta stendur vel af sér þurrk og þarfnast lítils viðhalds. Nú er þó verið að skoða hvernig fleiri plöntutegundum gengur að dafna á biðskýlum vítt og breitt um heiminn, svo sem nellikum. /sá




KONTRA 400
PLASTBÁTAR

Sterkir, stöðugir og ósökkvandi bátar fyrir íslenskar aðstæður.

895.000 kr. (án stýris)
1.495.000 kr. (með stýri og kerru)

Skemmuvegur 4, Blá gata. hafsport.is

hafSPORT elskum hafið




Rannsakað er hvort efla megi ljóstillífun plantna og þar með hraða vexti þeirra.

# Leita aðferða svo plöntur nýti sólarljós betur

**Vísindamenn reyna nú að efla ljóstillífun plantna til að auka hraða lífmassamyndunar, þ.e. vaxtarhraða, en plöntur nota aðeins lítinn hluta þeirrar orku sem þær hafa úr að moða í ljóstillífun.**

Plöntur nota ljóstillífun til að framleiða súrefni, næringarefni og líforku. Þetta flókna, lífefnafræðilega ferli er þó í rauninni heldur óhagkvæmt þar sem aðeins brot af orku sólarinnar er nýtt í ferlið. Þetta hefur vakið áhuga vísindamanna á hvort þarna felist möguleikar til að hraða lífmassamyndun og auka ræktaða uppskeru með hraðari vexti, m.t.t. fæðuframboðs.

Rannsóknarteymi við Tækniháskólann í München (TUM), undir forystu Franz Hagn, prófessors í lífefnafræði, hefur nú uppgötvað að ytri hjúphimna grænukorna gæti gegnt lykilhlutverki í þessu ferli. Tímaritið Nature Structural & Molecular Biology birti ritrýnda grein um rannsóknina fyrir skömmu.

Án ljóstillífunar væri lífið eins og við þekkjum það óhugsandi því plöntur taka upp koltvísýring og nota sólina og vatnið til að breyta honum í lífmassa og súrefni. „Aukning á framleiðslu einfaldra sykra og annarra umbrotsefna í grænukornunum er viðfangsefni rannsóknanna sem og flutningur þeirra til innri og ytri hjúphimnu m.t.t. vaxtar,“ er haft eftir Hagn í tímaritinu.

Aukning á plöntuvexti verði sífellt mikilvægari í samhengi við loftslagsvána, öfgafull veðurfyrirbrigði og orkuskort.

Rannsóknir eru fremur skammt á veg komnar og enn ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið. /sá

# Hæsta tré Asíu



Hæsta tré Asíu, 102,3 m hár himalaja-sýpris í Yarlung Zangbo-gljúfrinu í suðvesturhluta Kína. Mynd / CGTN

**Hæsta þekkta tré Asíu er hið 102,3 metra háa barrtré himalaja-sýpris (Cupressus torulosa) í Yarlung Zangbo-gljúfri Xizang-sjálfstjórnarhéraðsins í suð-vesturhluta Kína.**

Lengi var svonefnt Menara-tré (Shorea faguetiana) í Malasíu talið hæsta tré álfunnar, 100,8 metrar á hæð en metið hefur sem sagt verið slegið og gerðist það nýlega, samkvæmt frétt frá Pekingháskóla.

Strandrauðviður (Sequoia sempervirens), einnig nefnd strandrisafura, í Ameríku, er talin hæsta núlifandi trjátegund jarðar.

### *Kortlagt með dróna*

Í maí sl. var svæði með þyrpingu himalajasýpristrjáa kortlagt vandlega með dróna, af teymi vísindamanna frá háskólanum í Peking og Xizijiang- og Shan Shui náttúruverndarmiðstöðvunum, með stuðningi skógræktar- og graslendisstofnunar Kína. Dróninn bar bæði LiDAR mælitæki og þrívíðan leysisskanna til mælinganna.

Það var Li Cheng frá Xizijiang-stöðinni sem fyrst uppgötvaði trjáþyrpinguna. Þessi uppgötvun hefur brugðið nýju ljósi á heimildir um hæstu tré Asíu. Þyrpingin í Yarlung Zangbo-gljúfrinu er á svæði þar sem hæstu tré Kína er að finna og þéttleiki þeirra er hvað mestur.

Þarna eru, auk hins 102,3 metra háa himalajasýpriss, fjöldi risatrjáa yfir 85 metra að hæð og tilgreint að í það minnsta 25 þeirra séu hærri en 90 metrar.

### *Í hæsta verndarflokki*

Himalajasýpris er í hæsta verndarflokki plöntutegunda í Kína og sjaldgæfur í villtri náttúru. Samkvæmt fregn Pekingháskólans vonast rannsóknarteymið sem fann hæsta tré Asíu til að koma á fót langtímaeftirliti og -rannsóknum á himalajasýpris í landinu.

### *Rúmlega 30 metra há íslensk sitkagrenitré*

Hæstu tré Íslands eru rúmlega 30 metra há sitkagrenitré en hæsta tré sem hefur verið mælt á jörðinni fyrr og síðar mun vera 133 metra hátt myrtutré. Til gamans má geta þess að í sanskrít merkir orðið „himalaja“ það sama og „ísland“. /sá












Vallanes á Fljótsdalshéraði. Á miðri mynd má sjá nýja kyndiaðstöðu í smíðum sem verður komin í notkun í lok sumars. Myndir / HGS

Lífræn grænmetisrækt:

# Orkuskipti í Vallanesi

Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is

**Í Vallanesi á Fljótsdalshéraði hefur í rúma þrjá áratugi verið stunduð lífræn grænmetisrækt af ýmsu tagi.**

Bændur í Vallanesi, þau Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir, eru frumkvöðlar á marga vísu og bjóða upp á heilnæmar vörur sem fáanlegar eru í búðum landsmanna víðast hvar. Eru vöruflokkar þeirra orðnir fjölmargir, allt frá korni til krukkukrása yfir til olíu og auðvitað hefðbundins grænmetis. Vörur frá Vallanesi hafa verið seldar undir vörumerkinu „Móðir jörð“ við góðan orðstír.

Á jörðinni hafa skjólbelti verið ræktuð frá 1983 og í dag eru þau samanlagt níu kílómetrar að lengd, staðsett vítt og breitt um ræktunarland Vallaness. Auk skjólbelta hafa þau ræktað skóg frá 1989 og allt í kring má núorðið sjá vöxtulegan skóg gægjast til himins.

### *Skjólbeltunum að þakka*

Eymundur hefur það á orði að með tilkomu skjólbeltanna hafi veðurfar í Vallanesi breyst svo mikið að það væru engu líkara en að landið hafi færst nær Evrópu. Það er skjólbeltunum fyrst og fremst að þakka að þau geti ræktað svo ríkulega á jörðinni. Ávinningur skógarins í formi hita er meiri en skjóláhrifin ein og sér.




Orkuskiptin felast í því að koma upp viðarkyndingu.






Bændurnir í Vallanesi, þau Eygló Björk Ólafsdóttir og Eymundur Magnússon, selja vörur undir merkjum Móður jarðar.


Vöruflokkarnir frá Vallanesi eru orðnir fjölmargir, allt frá korni til krukkukrása yfir til olíu og auðvitað hefðbundins grænmetis.


Skógurinn á Vallanesi er rétt um 30 ára og eftir grisjun er viðurinn notaður til húsbygginga og afsagið til upphitunar.

Trén á jörðinni hafa nú þegar nýst til húsbyggingar á jörðinni þegar þau byggðu hið fræga Asparhús, sem er lítið veitingahús fyrir gesti og gangandi. Auk þess mun húsakostur á jörðinni nú vera kyntur með viði úr skóginum, ýmist kurli, sem kurlað er á staðnum, eða viðarperlum frá Tandraberg, sem er einnig söluaðili að viðarbrennsluofninum. Til framtíðar er þetta fjárhagslega hagkvæmara en að kynda húsakostinn með rafmagni eins og nú er gert. Það leiðir til þess að gróðurhús verða nú einnig kynt sem er kærkomið fyrir frekari ræktun á jörðinni.

Viðarkynding er sjálfbær og álitlegur orkukostur fyrir bújarðir. Tré vaxa og binda kolefni úr andrúmsloftinu í viði með því að nota vatn og orku sólarinnar.

### *Umhverfislegur ávinningur*

Umhverfislegur ávinningur er af mörgum toga. Í tilfelli Vallaness er orkan „ræktuð“ á búinu. Viðurinn úr skóginum í Vallanesi er fyrst og fremst nýttur til gagnviðar, þegar það er hægt og er því meginkolefnisbinding trjánna bundin lengur í formi timburs. Afsag og lim er loks nýtt til kyndingar. Nýting viðar er algengasta orkunýtingin í flest öllum löndum veraldar. Þó á Íslandi sé gnægð af orku að finna, bæði í jarðvarma og fallvatna, er ekkert sem segir að við getum ekki nýtt okkur sólarorkuna með þessum hætti einnig, sér í lagi þar sem öðrum möguleikum verður ekki við komið.

Félagslegur ávinningur er heilmikill. Að koma upp skógi og hirða um, svo sem grisja og snyrta, kallar á heilmikla vinnu sem skapar störf. Afurðir skógarins skapa svo enn fleiri störf. Skógurinn hefur aðdráttarafl og nærvera við hann gefur lífskraft. Það er ekki að furða að fólk sæki í göngustígana um skóginn. Fjárhagslegur ávinningur felst í minnkandi kaupum á raforku og ekki síður öruggu orkuframboði þegar raforku nýtur ekki við, t.d. í rafmagnleysi. Í dreifðum byggðum eru meiri líkur á að rafmagnsleysi vari lengur en í þéttbýlum landsins. Langvarandi skortur á rafmagni getur valdið skemmdum á framleiðslu landbúnaðarvara á borð við mjólk og ylræktuðu grænmeti.

Þá getur varmi viðarofns verið góður. Hægt að er nýta varma til rafmagnsframleiðslu, þó svo að það sé ekki ætlunin í Vallanesi. Í stað þess að nýta orku sem fengin er með inngripum í náttúruna á borð við stíflugerð, er hér notast við aukaafurð af timburframleiðslu.

Kraftmikið starf í Vallanesi á margt undir skóginum komið og er starfsemin þar því sem næst sjálfbær, þökk sé honum. Skógurinn gefur og gefur.










**Notuð atvinnutæki til sölu hjá Velti**

Ný og notuð tæki til sölu í miklu úrvali.

Kynntu þér enn meira úrval á veltir.is

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100



**VOLVO FL 4x2R 240 hö**

Dráttarbíll

Nýskráning 2019
Ekinn: 80.000 km
900 Nm 10,5t

**Verð: 6.300.000 kr. án vsk.**



**VOLVO EC480E L**

Beltagrafa

Nýskráning: 2018
Notkun: 7.900 vst
Hraðtengi og skófla

**Verð: 27.500.000 kr. án vsk.**



**CATERPILLAR 432F**

Traktorsgrafa
Nýskráning: 2014
Notkun: 9.200 vst

**Verð: 8.200.000 kr. án vsk.**



**DIECI ZEUS 37.7**

Skotbómulyftari
Nýskráning: 2018
Notkun: 1.140 vst.
Hraðtengi, gafflar og skófla.
Lyftir 3,7 tonnum í 7 metra hæð.

**Verð: 8.500.000 kr. án vsk.**

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100

Alltaf heitt á könnunni í framúrskarandi aðstöðu fyrir bílstjóra og eigendur atvinnutækja.

VELTIR

Hádegismóum 8
Sími 510 9100

veltir.is

LÍF & STARF

# Fyrsta alþjóðlega þörungaráðstefnan á Íslandi haldin í Hörpu



Þorvaldur B. Arnarson
thorvaldur@bondi.is

**Dagana 30-31. ágúst verður haldin ráðstefna um þörungavinnslu og þörungarækt í Hörpu. Um er að ræða fyrstu ráðstefnu sem haldin er hérlendis um þörunga og ber hún yfirskriftina Arctic Algae.**

Ráðstefnan er haldin á vegum Samtaka íslenskra þörungafélaga og hvorki vantar þungavigtina í ræðumannahópinn né efnistök og umfjöllunarefni.

Þörungar eru flestum Íslendingum að einhverju leyti kunnir, en vinnsla og rækt á þörungum hefur verið í gríðarmiklum vexti á heimsvísu að undanförnu. Nýverið markaði stjórn Evrópusambandsins þá stefnu og beindi svo til aðildarríkja sinna að auka á næstu sjö árum sjálfbæra öflun og þörungarækt í Evrópu úr núverandi 300.000 tonnum á ári upp í 8 milljónir tonna. Þegar rýnt er nánar í stöðu mála þarf það kannski ekki að koma á óvart, enda eru nýtingarmöguleikar þörunga allt að því takmarkalausir.

Hinar ýmsu gerðir þörunga eru þannig nýttir í matvæli, áburð, fæðubótarefni, litarefni, umbúðir, sem eldsneyti og jafnvel í textíl. Þá hafa tilteknar gerðir þörunga verið nýttar í kjarnafóður hjarðdýra í þeim tilgangi að minnka metanlosun húsdýra, og rannsóknir sýnt og staðfest framúrskarandi árangur í þeim efnum víða um heim.



Sigurður Pétursson, formaður Samtaka þörungafélaga.



Sigri er sérhannaður slátturprammi Isea-þörungavinnslu við Stykkishólm.

### *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna*

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra setur ráðstefnuna að morgni miðvikudagsins 30. ágúst í Kaldalónssal Hörpunnar.

Þá flytur Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála, erindi og tekur þátt í umræðum í lok fyrri ráðstefnudags með Vincent Doumeizel, framkvæmdastjóra hjá Sameinuðu þjóðunum og Paul Dobbins, sem er í forsvari fyrir stærstu náttúruverndarsamtök heims, World Wildlife Fund.

Dagskrá ráðstefnunnar er byggð upp á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, en óhætt er að segja að rækt og vinnsla þörunga á heimsvísu tengist fjölda markmiðanna beint.

„Hér er um að ræða fyrstu alþjóðlegu þörungaráðstefnuna sem haldin er hér á landi. Ráðstefnan er haldin á vegum Samtaka þörungafélaga og unnin í samstarfi við evrópsku þörungasamtökin EABA. Hvatinn að ráðstefnunni kemur frá meðlimum Samtaka þörungafélaga með það að markmiði að kynna stöðu og framtíðarmöguleika Íslands í framleiðslu smá- og stórþörunga," segir Sigurður Pétursson, formaður Samtaka þörungafélaga. „Markmið okkar hjá samtökum þörungafélaga er að styðja við kynningu á stöðu og framtíðar möguleikum ræktunar, sjálfbærrar öflunar, vöruþróun, fræðslu, nýsköpun og sölu íslenskra þörungaafurða. Ísland hefur einstaka möguleika vegna sinna náttúruauðlinda sem snýr að aðgangi að hreinu ferskvatni og sjó, jarðvarma og grænni raforku," segir Sigurður.

Sigurður segir hér á landi þegar hafa byggst upp öfluga starfsemi í smáþörungavinnslu með möguleika á að eflast frekar og styrkjast. „Stærsti hluti þörungaframleiðslu á heimsvísu er á sviði ræktunar og sjálfbærrar öflunar sjávarþörunga, og engin framleiðsla sjávarpróteina hefur vaxið viðlíka hratt á heimsvísu.

# Ný kona í brúnni hjá Sæbýli

**Á dögunum var gengið frá ráðningu nýs forstjóra Sæbýlis, sem elur sæeyru í eldisstöð félagsins á Reykjanesi. Sæeyru eru ein verðmætasta eldistegund heims og fyrirtækið stefnir á margföldun framleiðslu sinnar á næstu árum.**

Blaðamaður spyr viðmælanda, að góðum íslenskum sið, hver sé eiginlega manneskjan og hverra manna hún sé.

„Ég er fædd í Keflavík en flutti á fjórða aldursári í Setbergið í Hafnarfirði þar sem ég bjó til að verða tvítug, þannig að ég lít á mig sem Gaflara. Ég er næstyngst úr hópi fjögurra systkina," segir Vala Valþórsdóttir, nýráðinn forstjóri Sæbýlis. „Foreldrar mínir koma utan af landi; pabbi er úr Eyjum og mamma að norðan frá Dalvík. Þau voru mjög dugleg að fara með mig og systkini mín bæði til Eyja og Dalvíkur að heimsækja ömmur og afa, frænkur og frændur, þannig að bæði Vestmannaeyjar og Dalvík eiga sérstakan stað í hjarta mínu og ég á margar kærar minningar úr barnæsku þaðan," bætir Vala við.



Vala Valþórsdóttir, nýráðinn forstjóri Sæbýlis.

### *Skyndiákvörðun í Asíureisu*

„Ég fór í framhaldsskóla í Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Á öðru ári fór ég sem skiptinemi til Þýskalands í eitt ár. Þar öðlaðist ég alveg frábæra reynslu sem víkkaði sjóndeildarhringinn töluvert. Svo virðist sem ég hafi fengið einhvers konar Þýskalandsbakteríu, en ég hef ekki tölu á hversu oft ég hef farið til Þýskalands.

Þýskaland er mjög vanmetinn áætlunarstaður fyrir íslenska ferðalanga en þar er frábært að vera á sumrin og ótalmörg falleg smáþorp sem vert er að heimsækja," segir Vala.

Eftir útskrift úr framhaldsskóla þyrsti hana í frekari reynslu utan landsteinanna, svo hún ákvað að taka sér árshlé frá skóla til að fara í bakpokaferðalag til Asíu.

„Hálft árið fór í að vinna og safna mér fyrir ferðinni og svo fór ég til Asíu í fjóra mánuði. Ég heimsótti Kína, Hong Kong, Kambódíu, Víetnam og Taíland. Fyrir brottför frá Íslandi átti ég aðeins bókað flug til Kína og svo aftur heim fjórum mánuðum seinna frá Taílandi. Út í óvissuna fór ég og það var virkilega skemmtileg en einnig oft og tíðum krefjandi reynsla að ferðast aðeins með bakpokann og ferðahandbækurnar að vopni í gegnum fjarlægar og mjög svo ókunnar slóðir. Þetta var fyrir tíð snjallsímanna þannig það var ekki hægt að kveikja á „Google maps" ef maður villtist og ef hringja þurfti heim voru aðeins svokölluð internetkaffihús í boði. Það var einmitt á einu slíku þar sem ég í raun neyddist til að ákveða hvaða nám ég ætlaði að stunda í háskólanum við heimkomu. Fresturinn var alveg að renna út og ég enn óviss um hvaða nám skyldi verða fyrir valinu. Hálfgerð flýtiákvörðun á einstaklega hægu interneti á internetkaffihúsi í Víetnam varð þess valdandi að stjórnmálafræði varð fyrir valinu," segir Vala.

### *Lögfræðin lokkaði*

Eftir fyrsta árið í náminu varð henni hins vegar ljóst að námið átti ekki vel við hana.

„Það kom lögfræðin eitthvað svo sterkt til mín og því lá leið mín í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Námið lá vel fyrir mér þar sem ég er einstaklega skipulögð og rökföst. Þetta var mikil gæfuákvörðun því þar hitti ég marga af mínum nánustu vinum í dag. Ævintýraþráin var samt ekki langt undan og tók ég eina önn við Bucerius Law School í Hamborg, Þýskalandi," segir Vala.

„Á þeim tíma sem ég var að útskrifast úr lögfræðinni var verið að loka flestum slitastjórnum sem settar voru upp eftir hrun bankanna. Þá myndaðist hálfpartinn offramboð á lögfræðingum og því erfitt fyrir nýútskrifaðan og hálfreynslulausan lögfræðing að fá vinnu. Þá sá ég starfsauglýsingu frá 66°Norður þar sem þau voru að leita að verslunarstjóra í verslun sína í Bankastrætinu. Þar sem ég hef mikinn áhuga á útivist og alltaf langað að efla þekkingu mína á rekstri ákvað ég að slá til og sækja um – þrátt fyrir að hafa aldrei unnið í verslun áður. Blaut á bak við eyrun fékk ég starfið sem reyndist dýrmæt reynsla þar sem ég starfaði með mjög öflugum og metnaðarfullum hópi fólks. Vegna frábærs árangurs teymisins míns í Bankastræti fékk ég stöðuhækkun og tók við sem sölu- og rekstrarstjóri allra verslana 66°Norður á Íslandi, sem þá voru 12 talsins. Síðar stökk ég á tækifæri að fara til Landsvirkjunar þar sem ég starfaði sem viðskiptaþróunarstjóri.

Þar bar ég ábyrgð á að skapa tækifæri fyrir mögulega viðskiptavini Landsvirkjunar. Í því fólst að fara að hjálpa til við byggðarþróun en einnig að fara mikið út fyrir landsteinana og kynna Ísland sem áhugaverðan valkost fyrir orkutengda starfsemi. Nú er ég komin til Sæbýlis sem er einstaklega spennandi fyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika. Saga fyrirtækisins talar sérstaklega til mín en þrautseigja og atorkusemi einkennir uppbygginguna Sæbýlis," segir Vala.

### *Seltjarnarnesið er sveit í borg*

Vala er gift Guðmundi Hallgrímssyni fasteignasala, og samtals eiga hjónin fjögur börn.

„Það er því alltaf stuð á stóra heimilinu okkar. Við búum á Seltjarnarnesi og unum okkur vel þar. Við enduðum þar fyrir hálfgerða slysni, enda á hvorugt okkar rætur þangað að sækja. Við bjuggum í Vesturbænum en vildum stækka við okkur.



**Algalíf er eitt fremsta fyrirtækið á Íslandi og á heimsvísu í framleiðslu smáþörunga.** Mynd / Algalíf

Við höfum því mikla möguleika á því sviði líka hér á landi.“

***Stór nöfn úr geiranum***

Eins og fyrr segir er von á mörgum stórum nöfnum úr geiranum á Arctic Algae-ráðstefnuna.

„Það er einstakur heiður fyrir okkur að Vincent Doumeizel, framkvæmdastjóri þörungasviðs Sameinuðu þjóðanna, er einn af ræðumönnum og þátttakendum á ráðstefnuni,“ segir Sigurður.

„Einnig hefur verið mikil áhersla á þörungaframleiðslu í tengslum við aðgerðir í umhverfismálum og verkefni tengd lækkun kolefnisspors og er stór hluti umfjöllunar á Arctic Algae ráðstefnunni,“ bætir Sigurður við. Stærstu umhverfissamtök í heimi, World Wildlife Fund, hafa á undanförnum árum lagt sérstaka áherslu á uppbygginguþörungaframleiðslu á heimsvísu og eru samtökin styrktaraðilar að ráðstefnunni.

Auk þess mætir Paul Dobbins, sem stýrir málefnum hafsins hjá samtökunum, og mun flytja erindi og leiða umhverfishluta ráðstefnunnar sem tekur stóran hluta síðari ráðstefnudags ráðstefnunnar.

„Á heimsvísu er langstærstan hluta þörungaframleiðslunnar að finna í Asíu en hún er hratt vaxandi í hinum vestræna heimi og aukin áhersla á hana lögð bæði út frá sjónarmiðum um sjálfbæra matvælaframleiðslu og jákvæðum umhverfisáhrifum framleiðslunnar.

Daginn fyrir ráðstefnuna verður ráðstefngestum boðið upp á þátttöku í utandagskrárferð að heimsækja Isea-þörungavinnslu í Stykkishólmi og Running Tide á Akranesi. Daginn eftir ráðstefnuna verður síðan farið í Algalíf og Bláa lónið.

„Það er okkur einkar ánægjulegt hvað margir erlendir aðilar hafa sýnt ráðstefnunni áhuga sem og að bæði matvæla- og umhverfisráðherra skuli taka þátt í ráðstefnunni. Þá studdi matvælaráðuneytið þessa fyrstu alþjóðaráðstefnu um smáþörunga hér á landi, og fyrir veittan stuðning erum við mjög þakklát,“ segir Sigurður.

„Nýting sjávarþörunga hefur verið hluti af sögu Íslands frá landnámi og gert ráð fyrir áframhaldi og aukningu hennar í nýrri matvælastefnu sem kynnt verður síðar á árinu,“ segir Sigurður Pétursson, formaður Samtaka þörungafélaga á Íslandi.

Allar frekari upplýsingar um Artic Algae 2023 er að finna á vefsvæði ráðstefnunnar, www.arcticalgae.is.

---

Þá voru ekki margar eignir í boði sem hentuðu okkur í Vesturbænum og enduðum þess vegna á nesinu. Þetta reyndist okkur algjört gæfuskref því við erum afar ánægð í húsinu okkar og eigum dásamlega nágranna. Seltjarnarnesið er hálfgerð sveit í borg sem er alveg yndislegt og sú stemning á vel við okkur. Ekki skemmir líka fyrir að mér tókst með einhverjum hætti að selja foreldrum mínum hugmyndina að flytja frá Hafnarfirðinum til okkar á nesið, en þau búa nú í um fimm mínútna göngufjarlægð frá okkur,“ segir Vala.

***Stórir og verðmætir sæsniglar sem borða þara***

Blaðamaður neyðist til að afhjúpa fákunnáttu sína og spyrja Völu hvað sæeyru eiginlega séu.

„Sæeyru eru stór sæsnigill. Nafngiftin á íslensku er afar áhugaverð en sæeyru kallast abalone á ensku. Þetta eru ylsjávardýr sem þrífast best í heitu loftslagi, þau lifa á grýttu svæði þar sem mikið er af þara sem er þeirra helsta fæða. Sæeyru má finna við strendur Ástralíu, Nýja-Sjálands, Suður-Afríku, Norður-Ameríku og í Japan.

Margar tegundir eru til af sæeyrum en við hjá Sæbýli leggjum áherslu á að rækta japanska afbrigðið er nefnist Ezo, sem er ein verðmætasta eldistegund heims. Sæeyru eru um það bil fimmfalt verðmætari afurð en eldislax,“ segir Vala.

***Dýrasti rétturinn á veitingastöðum***

Aðspurð um það hver sé helsti markaðurinn fyrir sæeyru segir Vala félagið stefna á erlenda markaði.

„Þótt Íslendingar séu enn ekki kunnugir sæeyrum þykja þeir hið mesta hnossgæti úti í heimi, sérstaklega í Asíu. Þetta eru afar eftirsótt matvæli og það er mikil menningararfleifð í kringum sæeyrun í matargerð. Sæeyru eru alltaf dýrasti sushi-rétturinn á fínum sushi-veitingastöðum erlendis. Þá er sæeyrað borið fram hrátt í fallegri sæeyrnaskelinni.

Við hyggjumst því flytja vöruna á erlenda markaði, þá helst N-Ameríku og Evrópu til að byrja með. Afurðir Sæbýlis eru seldar undir vörumerkinu Aurora Abalone,“ segir Vala.

***Metnaðarfullar áætlanir***

Sæbýli er eldisfyrirtæki sem hefur á síðastliðnum 15 árum þróað eigin klakstofn, tækni og framleiðsluaðferð við eldi á sæeyrum á Íslandi. Sæbýli er í eigu Ásgeirs Guðnasonar, stofnanda Sæbýlis, Eyris Invest og fleiri fjárfesta. Stjórnarformaður félagsins er Sigurður Pétursson, stofnandi Novo Food í Frakklandi og laxeldisfyrirtækisins Arctic Fish á Vestfjörðum.

„Þrautseig vinna stofnandans í að byggja upp klakstofn er í raun grunnurinn að því að Sæbýli geti vaxið. Það er tímafrekt ferli að þróa eldisdýrin en Ásgeir fór í fjölmargar ferðir til Japans til að fullkomna stofninn sem er í raun okkar verðmætasta og dýrmætasta eign. Á þessum sterka grunni sem Ásgeir hefur byggt ætlum að skrifa næstu kafla í sögu fyrirtækisins,“ segir Vala.

„Við rekum klakstöð í Grindavík þar sem við erum að rækta upp ungviði en ætlum að byggja upp áframeldi í Auðlindagarði HS Orku. Sú staðsetning gerir okkur kleift að nýta græna raforku og varma á Reykjanesi. Fyrstu áætlanir gera ráð fyrir uppbyggingu 200 tonna eldis sem verður svo mögulegt að fimmfalda á næstu 10 árum,“ bætir Vala við. „Af þessu má sjá að við erum með mjög metnaðarfullar áætlanir. Undanfarið höfum við verið að bæta við og styrkja teymið til að gera þessar áætlanir að veruleika. Í dag starfar fjölbreyttur og sterkur hópur fólks hjá Sæbýli, en alls erum við um ellefu manns.

Ég er mjög stolt að vera orðin hluti af Sæbýlisteyminu og afskaplega spennt fyrir komandi tímum sem verða án efa mjög dýnamískir,“ segir Vala Valþórsdóttir, nýráðinn forstjóri Sæbýlis.

/ÞBA










| Mikilvæg verkefni Forgangur | 1. Beinn stuðningur | 2. Tollvernd | 3. Starfsumhverfi | |
|---|---|---|---|---|
| | **1a. Viðbrögð við tímabundnum aðfangahækkunum**<br>Beinn stuðningur við innlenda framleiðslu á sama grundvelli og Áburðar- og Sprettgreiðslur 2022. | **2a. Niðurfelling tolla frá 3. ríkjum.**<br>Niðurfelling tolla hafi ekki neikvæð áhrif á verð og/eða framboð íslenskra landbúnaðarvara.<br><br>**2b. Eftirlit með tollframkvæmd**<br>Raunverulegt og virkt eftirlit verði með framkvæmd tollverndar. | **3a. Upprunamerking**<br>• Tryggja aukinn stuðning við Íslenskt staðfest.<br><br>• Þurfum rg. um kröfur til merkinga á vörum unnum úr dýrum eða dýraafurðum á grundvelli sjónarmiða um velferð dýra. | **3b. Hagtölusöfnun landbúnaðarins**<br>Grundvallaratriði að komið verði á sameiginlegum hagtölugrunni um allt sem snýr að landbúnaði. |
| | **1b. Til að ná markmiðum landbúnaðarstefnunnar**<br>• Beinn stuðningur við innlenda framleiðslu þarf að tryggja afkomu bænda.<br><br>• Aukin framlög til uppbyggingar.<br><br>• Nýsköpun og þróun til að auka útflutningsverðmæti.<br><br>• Rannsókn og menntun.<br><br>• Allar aðgerðir boðaðar í stefnunni þurfa að vera að fullu fjármagnaðar. | **2c. WTO**<br>Tryggt verði að tollverndin skili sínu markmiði. Uppfæra þarf magntolla/verðtolla (uppf. 1995)<br><br>**2d. ESB tollkvótar**<br>Tryggt verði að umfang þeirra verði endurskoðað. | **3c. Einföldun regluverks**<br>Nauðsynlegt að slík greining fari fram.<br><br>**3d. Hagræðing í afurðageiranum**<br>Styðjum markmið þess svo lengi sem hagræðingin skili sér til neytenda og bænda<br><br>**3e. Loftslagsmál**<br>Mikilvægt er að forma með skýrum hætti þær aðgerðir sem landbúnaðurinn þarf að ráðast í til að draga úr losun og tryggja fjármögnun. | **3f. Tryggingamál**<br>Unnið verði að leið C í skýrslu starfshóps ráðherra<br><br>**3g. Eftirlit með innflutningi**<br>Efla þarf eftirlitið til að tryggja að sömu kröfur séu gerðar til innfluttra og innlendra landbúnaðarafurða.<br><br>**3h. Lágmarksbirgðir**<br>Lágmarksbirgðir verði skilgreindar af þjóðaröryggisráði í samræmi við tillögu skýrslu forsætisráðuneytis |

Hér má sjá yfirlit yfir helstu aðgerðir.

## Endurskoðun búvörusamninga 2023:

# Á hverju byggir samtalið?

**Í núgildandi búvörusamningum er tiltekið að síðari endurskoðun eigi að fara fram á árinu 2023. Formlegar viðræður hófust seinni partinn í mars 2023 og við upphaf sumars var búið að funda um áherslumál allra búgreina sem aðkomu eiga að búvörusamningum. Bændasamtökin hafa lagt upp í viðræðurnar annars vegar á þeim lagalega ramma sem búvörusamningar byggja á og hins vegar út frá áherslum stjórnvalda sem koma m.a. fram í stjórnarsáttmála, landbúnaðarstefnu og fjármálaáætlun 2024-2028.**

Bændasamtökin gengu til endurskoðunar á búvörusamningum á þeim forsendum að landbúnaður sé ein af grunnstoðum íslensk samfélags, og að meginhlutverk atvinnugreinarinnar sé framleiðsla á fjölbreyttum búvörum með áherslu á að byggja undir grunn fæðuöryggis, styrkja áfallaþol samfélagsins, viðhalda matvælaöryggi og stuðla að sjálfbærni.

### *Búvörulög*

Búvörulög leggja grunn að starfsskilyrðum landbúnaðarins. Eitt af meginmarkmiðum búvörulaga er að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í framleiðslu, vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Í búvörulögum segir enn fremur að kjör þeirra sem stunda landbúnað skuli vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.

Þetta hefur verið eitt af leiðarljósum í kröfum BÍ við endurskoðun samninganna.

### *Búvörusamningar*

Búvörusamningar eru gerðir á grundvelli búvörulaga og er með samningunum heimilt að semja um framleiðsluskilyrði, stuðning og stjórn á magni búvara. Í samræmi við búvörulögin eru það Bændasamtökin sem fara með fyrirsvar framleiðenda.

Í markmiðum búvörusamninga kemur fram að bændur skuldbinda sig til að framleiða landbúnaðarafurðir og að sameiginlegt markmið bænda og ríkisvaldsins er að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Þá ber ríkinu að tryggja afkomu bænda og starfsskilyrði í landbúnaði.

### *Þjóðaröryggisstefna*

Markmið þjóðaröryggisstefnu er að tryggja sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfis og grunnvirkja samfélagsins.

Hún felur m.a. í sér að stjórnvöldum ber að vernda mikilvæga innviði og styrkja áfallaþol samfélagsins út frá fæðu- og matvælaöryggi. Alþingi hefur einnig í sömu stefnu sett sér það markmið á alþjóðavettvangi að berjast gegn hungri.



Nautgriparæktin, sauðfjárræktin og garðyrkjan eru með sérstaka samninga um sinn stuðning. Áherslur þessara búgreina hafa verið á aukið fjármagn inn í búvörusamninga í ljósi þeirra miklu aðfangahækkana sem orðið hafa síðustu misseri. Myndir / smh

### *Áherslur stjórnvalda*

Við upphaf samningaviðræðna gerðu Bændasamtökin ráð fyrir því að áherslur stjórnvalda myndu byggja á því sem kemur fram í stjórnarsáttmála og nýlega samþykktri landbúnaðarstefnu til ársins 2040 og að þær áherslur myndu endurspeglast í fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028. Það er hins vegar ekki endilega raunin en í fjármálaáætluninni er ekki gert ráð fyrir frekari framlögum í búvörusamninga.

Hefur þessi afstaða stjórnvalda komið fulltrúum bænda verulega á óvart enda telur BÍ það ekki vera í samræmi við búvörulög eða stjórnarsáttmálann. Auk þess sem slík nálgun er ekki líkleg til árangurs eigi að ná markmiðum nýsamþykktrar landbúnaðarstefnu til ársins 2040.

### *Stjórnarsáttmáli*

Í stjórnarsáttmála má finna eftirfarandi áherslur varðandi landbúnað:

Sett verða metnaðarfull markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi. Með öflugri, innlendri matvælaframleiðslu er stuðlað að heilnæmi matvara og auknu matvælaöryggi til að viðhalda góðri stöðu Íslands varðandi sýklalyfjaónæmi. Tryggja þarf framhald aðgerðaáætlunar um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna. Við endurskoðun búvörusamninga verður lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu. Stuðningur hins opinbera verður samhæfður með það að markmiði að styrkja og fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar

> „Landbúnaðarstefnan er sett með því meginmarkmiði að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

í þágu loftslagsmála, umhverfis og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun. Aukinni framleiðslu á grænmeti verður náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga. Mótuð verður heildstæð, tímasett aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu og akuryrkju.

### *Landbúnaðarstefnan*

Þann 1. júní síðastliðinn urðu tímamót þegar Alþingi samþykkti í fyrsta skipti þingsályktun um landbúnaðarstefnu, en þeirri stefnu er ætlað að móta stefnu fyrir atvinnugreinina til ársins 2040. Landbúnaðarstefnan er sett með því meginmarkmiði að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Jafnframt kemur fram í stefnunni að framtíðarsýn í landbúnaði taki meðal annars til samfélags og samkeppnishæfni sem felst til að mynda í því að:

• tryggja fæðuöryggi og að landnotkun utan þéttbýlis feli í sér vernd góðs landbúnaðarlands
• að framleiðsla verði arðbær og samkeppnishæf og tryggi byggðafestu og uppbyggingu þekkingar í samfélagi
• að eðlileg nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði verði tryggð.



Ein af megináherslum garðyrkjunnar snýr að því að hætta að binda beingreiðslur C (niðurgreiðsla á rafmagni) við pott heldur festa fjármagn til endurgreiðslu við 95%.

Í landbúnaðarstefnunni eru tíu meginviðfangsefni í 32 liðum sem samþykkt eru af Alþingi til að ná fram framtíðarsýninni. Sem dæmi um þessi viðfangsefni má nefna eftirfarandi atriði:

- Skilgreindar lágmarksbirgðir matvæla verði í landinu á hverjum tíma, sem og aðföng til framleiðslunnar.
- Við töku ákvarðana um landnotkun verði fæðuöryggi þjóðarinnar haft að leiðarljósi.
- Styrktar verði stoðir fjárhagslegrar afkomu framleiðenda sem einnar af undirstöðum fæðuöryggis.

### *Áherslur Bændasamtakanna*

Áherslur BÍ í viðræðum við stjórnvöld snúa fyrst og fremst að beinum stuðningi við bændur.

Einnig hefur verið lögð áhersla á atriði sem tengjast tollvernd og almennu starfsumhverfi landbúnaðar.

> „Það er mat BÍ að full þörf sé á sambærilegum aðgerðum á þessu ári eins og ráðist var í árið 2022 með sértækum stuðningi við landbúnaðinn (sprettsgreiðslur).“

Yfirlit yfir helstu aðgerðir má sjá á töflu hér til hliðar.

### *Áherslur búgreinanna*

Nautgriparæktin, sauðfjárræktin og garðyrkjan eru með sérstaka samninga um sinn stuðning.

Áherslur þessara búgreina hafa verið á aukið fjármagn inn í búvörusamninga í ljósi þeirra miklu aðfangahækkana sem orðið hafa síðustu misseri.

Það er mat BÍ að full þörf sé á sambærilegum aðgerðum á þessu ári eins og ráðist var í árið 2022 með sértækum stuðningi við landbúnaðinn (sprettsgreiðslur). Einnig liggur fyrir krafa um að endurskoða verðlagsgrundvöll hjá kúabændum og sauðfjárbændum.

Ein af megináherslum garðyrkjunnar snýr að því að hætta að binda beingreiðslur C (niðurgreiðsla á rafmagni) við pott heldur festa fjármagn til endurgreiðslu við 95%.

## Efndir fylgi orðum

Bændasamtökin telja þær kröfur sem gerðar hafa verið við samningaborðið aðeins endurspegla þær skyldur sem ríkisvaldið hefur þegar tekist á hendur með búvörulögum, markmiðum búvörusamninga og samþykktrar landbúnaðarstefnu.

Ljóst má vera að núverandi staða þar sem til að mynda framleiðsla hefur heldur dregist saman, nýliðun er erfið og álögur eru sífellt auknar er ekki gott veganesti til að ná markmiðum landbúnaðarstefnunnar árið 2040.

Því er aðgerða þörf strax á haustþingi og þar verða samningsaðilar bænda sem eru matvælaráðuneytið og fjármálaráðuneytið að tala fyrir aðgerðum í samræmi við það sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Aðrar búgreinar hafa aðkomu að endurskoðun búvörusamninga í gegnum rammasamning auk þess sem hver og ein búgrein hefur lagt fram áhersluatriði sem lögð hafa verið til grundvallar í samtali við stjórnvöld.

Í raun má segja að megináherslur allra búgreina snúist að því að horfa til afkomu þeirra.

### *Aðgerðaáætlun til 5 ára á grundvelli landbúnaðarstefnunnar*

Bændasamtökin hafa kallað eftir því við matvælaráðuneytið að fimm ára aðgerðaáætlun á grundvelli landbúnaðarstefnunnar líti dagsins ljós. Slík aðgerðaáætlun þarf að vera með sama sniði og byggðaáætlun þar sem eru skýr markmið, aðgerðir sem eru að fullu fjármagnaðar í fjárlögum og ábyrgð verkefna skýrt skilgreind.


# Auglýst eftir umsóknum
## um jarðræktarstyrki og landgreiðslur



**Opið er fyrir rafrænar umsóknir í Afurð (www.afurd.is) fyrir jarðræktarstyrki og landgreiðslur fyrir árið 2023.**

### Jarðræktarstyrkir

Styrkhæf ræktun er ræktun grass, korntegunda til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta, þar með talin ræktun jurta til framleiðslu á lífdísil, enda sé hratið nýtt til fóðurs. Einnig ræktun grænfóðurs til beitar og uppskeru á ræktunarári. Beit búpenings telst ígildi uppskeru og því styrkhæf, einnig nýting kornhálms og annarra jurta til upprætunar jarðvegs í útiræktun grænmetis. Ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á ræktunarári.

Þau sem stofnuðu umsókn í júní sl. vegna fyrirframgreiðslu vegna kornræktar geta nú farið inn í umsóknina í Afurð og lokið skráningu hennar í samræmi við framkvæmdir á yfirstandandi ári. Fyrirframgreiðsla styrks dregst frá þeirri upphæð sem greidd verður í desember nk.

### Landgreiðslur

Skilyrði fyrir landgreiðslum er uppskera til fóðuröflunar á ræktuðu landi sem umsækjanda er heimilt að nýta. Ef einungis hluti þess lands sem sótt er um styrk út á gefur uppskeru, skal skrá sérstaklega fjölda þeirra hektara.

→ *Umsóknir berist á afurd.is*

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

# 1. flokks bændur með 3. flokks afkomu!

**Það hefur ekki farið framhjá neinum sem fylgst hefur með þróun sauðfjárbúskapar síðustu árin að bændur hafa á undanförnum árum dregið verulega úr framleiðslu dilkakjöts.**



Trausti Hjálmarsson

Fyrir því liggja ýmsar ástæður. Léleg afkoma er, í flestum tilfellum, sú ástæða sem hefur mest áhrif á ákvarðanir bænda um að ýmist draga saman framleiðsluna og eða að hætta. Afkoman hefur verið léleg og er enn.

Margir benda á að bændur séu að eldast og að ungt fólk taki ekki við búum. Þannig hefur það verið í langan tíma. Ástæðan er einföld, afkoma af sauðfjárbúskap hefur ekki verið í lagi. Ungt fólk mun ekki sækja í búskap, þegar erfitt er að sjá framtíðina, glæsta og góða, starfandi í atvinnugrein sem ekki stendur undir þeim kröfum nútímans sem fólk gerir til lífsgæða.

Það er orðið löngu tímabært að sauðfjárbændur geri sömu kröfur um lífsgæði og aðrar starfandi stéttir þessa lands. Bændur eiga ekki að sætta sig við að þeim séu gerð önnur skilyrði og lakari heldur en þeim sem starfa í jafnmikilvægum störfum í íslensku samfélagi.

Frá árinu 2017 hefur ríkið, fjórum sinnum, komið með viðbótargreiðslur til sauðfjárbænda vegna bágrar stöðu greinarinnar. Það er vel, en sauðfjárbændur hafa ítrekað bent á þá staðreynd að engin þessara aðgerða hefur raunverulega tekið á stöðunni, bætt afkomu greinarinnar og byggt undir framtíð hennar.




**Myndin sýnir þróun í framleiðslukostnaði dilkakjöts. Hæð hverrar súlu táknar framleiðslukostnað hvers árs. Litaði hluti súlunnar táknar samsetningu á tekjum bænda hvert ár. Ólitaði hluti súlunnar táknar þær tekjur sem vantar upp á til að standa undir framleiðslukostnaði.** (Bændasamtök Íslands, 2023)

Nú þurfa alþingismenn og ráðherrar okkar að horfa inn á við og velta fyrir sér sínum eigin orðum um sjálfbærni þjóðar. Ríkisstjórnin þarf að horfast í augu við sín eigin markmið um eflingu landbúnaðar á Íslandi. Það er líklegt að hún verð torveld leiðin til aukinnar sjálfbærni, ef ekki er hlúð að þeim landbúnaði sem við höfum og vitum að við erum góð í.

Samkvæmt útreikningum Bændasamtakanna vantar núna árið 2023 um 300–400 krónur á hvert kíló dilkakjöts að meðteknum ríkisstuðningi til þess eins að standa undir rekstrarkostnaði. Það hljóta allir að sjá og skilja að þetta getur ekki gengið svona lengur.

Það er liðinn sá tími að íslenska ríkið, afurðastöðvar í kjötiðnaði og íslenskir neytendur geti reitt sig á að sauðfjárbændur haldi ótrauðir áfram að framleiða dilkakjöt án eðlilegrar afkomu. Nú verður að gera eitthvað í þessari stöðu því hún er grafalvarleg.

Það er alveg stórfurðulegt að á sama tíma og allt bendir til þess að birgðir af lambakjöti verði í sögulegu lágmarki við upphaf sláturtíðar; að framleiðsla ársins í ár verði 3–500 tonnum minni en á síðasta ári; áframhaldandi fækkun verði í stétt sauðfjárbænda og minnkandi ásetningur, að þá ætli ríkið sér að skauta framhjá vandanum með því að þora ekki að ræða hann og afurðastöðvar í kjötiðnaði þora ekki að standa með markaðnum og láta lögmál hans ráða för.

Með áframhaldandi fjölgun ferðamanna og stöðugum vinsældum lambakjöts á borðum Íslendinga þá ættum við að vera að horfa á stórsókn íslenskra sauðfjárbænda með ráðherra matvæla og afurðastöðvar í kjötiðnaði í broddi fylkingar.

Það hefur verið bent á að samkvæmt búvörulögum þá ber ríkinu skylda til að tryggja bændum viðunandi kjör, til þess eru búvörusamningar að skapa búgreininni viðunandi rekstrarskilyrði. Það hefur ekki verið gert og væri gott fyrir sauðfjárbændur að fá að vita hvers vegna það er. Sauðfjárbændur hafa jafnframt bent afurðastöðvum í kjötiðnaði á þá staðreynd að ein meginforsenda fyrir rekstri kjötafurðastöðva er sterk staða frumframleiðenda.

Batni ekki afkoma bænda er ljóst að, innan skamms tíma, verður ekki þörf á þjónustu allra þeirra afurðastöðva sem nú eru starfandi

En, nei, enginn virðist ætla að þora að gera það sem þarf að gera til að tryggja sauðfjárbændum viðunandi afkomu. Kjarkurinn virðist vera brostinn.

Bændur hafa kjark til að sækja fram, hverjir vilja vera með?

***Trausti Hjálmarsson***, *formaður deildar sauðfjárbænda*

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

# Arfgerðargreiningar sauðfjár haustið 2023

**Eyþór Einarsson**
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is



**RML og Íslensk erfðagreining (ÍE) hafa nú hafið samstarf varðandi arfgerðargreiningar sauðfjár m.t.t. riðumótstöðu. Munu því sýni sem greind verða á vegum RML haustið 2023 verða rannsökuð hjá ÍE. Hér verður farið nokkrum orðum yfir fyrirkomulag greininga í haust á vegum RML.**

### *Fyrirkomulag*

Framkvæmdin í haust verður með svipuðum hætti og sl. vor. Taka þarf vefjasýni úr eyra. Áfram er hægt að panta hylki til sýnatöku í gegnum heimasíðu RML. Þegar bóndinn hefur tekið sýnin, skráir hann þau á viðkomandi grip í Fjárvís og sendir svo sýnin á Hvanneyri, þar sem þeim er safnað saman.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður greininga skili sér í Fjárvís.is ekki síðar en tveim vikum frá því að sýnin berast til RML (með fyrirvara um óviðráðanlegar aðstæður). Miðað verður við að á hverjum þriðjudegi í september og október komi nýjar niðurstöður sem lesnar verða inn í Fjárvís.is.

### *Verð, sæti og tímarammi*

Verð til bænda á hverja greiningu er 1.600 krónur án vsk. með efnis- og umsýslukostnaði. Öll sýni fá 6 sæta greiningu. Áfram gildir að hvatastyrkir (úr Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar) koma til frádráttar greiningarkostnaði þegar um er að ræða sýni úr afkvæmum gripa sem bera ARR eða T137 (samkvæmt skráningu í Fjárvís.is). Greining á þessum gripum mun því kosta 300 kr. á hvert sýni.



**Tekin eru vefjasýni úr eyrum þar sem sýnið varðveitist í númeruðum hylkjum. Númerið sem er á hylkinu skrá bændur á viðkomandi gripi í Fjárvís.is, þannig að niðurstaða greiningar rati á rétta gripi.**

Kjörin sem hér eru kynnt gilda til 10. nóvember 2023. Eftir það tekur við vetrarverð og verður þá verðskráin svipuð og hún var fyrir haustvertíðina og greiningar óreglulegri en næsta vetur verða sýnin send til greiningar á Agrobiogen í Þýskalandi. Næsta vor er svo stefnt að því að greiningar hefjist að nýju hjá ÍE.

### *Úr hvaða gripum?*

Mikilvægast er að allir ásetningshrútar landsins séu arfgerðargreindir. Í raun þarf það að verða jafn sjálfsagður hlutur og að bændur merki gripi sína að bændur viti hvaða arfgerð hrútarnir bera sem er verið að nota til kynbóta. Á bak við hvern ásettan hrút getur þurft að greina nokkra kandídata eftir því hve mikið er vitað um arfgerðir foreldra lambanna. Ef t.d. annað foreldri lambsins er arfblendið fyrir ARR genasamsætunni eru 50% líkur á að lambið hafi erft ARR.



**Mikilvægt er að fylgja eftir notkun gripa með verndandi arfgerðir og greina afkvæmi þeirra þannig að tryggt sé að „réttu lömbin“ séu sett á. Á myndinni má sjá hrútahóp frá Þernunesi haustið 2022, þeir eru allir arfblendnir fyrir ARR genasamsætunni og hafa því skilað henni áfram til helmings afkvæma sinna.**

Þá mun það flýta fyrir innleiðingu verndandi arfgerða að greina gimbrarnar en vissulega verður kostnaðarsamt að greina allar þær gimbrar landsins sem til álita koma sem ásetningsgimbrar. Því er mælt með að bændur leggi mesta áherslu á að fylgja eftir notkun hrúta með verndandi arfgerðir nú á fyrstu árum innleiðingarinnar. Þá má líka benda á, sérstaklega í tilfelli ARR genasamsætunar, að sett sé á sem minnst af lömbum undan ARR hrútunum sem ekki bera genasamsætuna til að auka ekki erfðahlutdeild fyrstu ARR hrútanna meira en þarf í stofninum.

Þar sem í raun er kappsmál að lækka tíðni hlutlausu arfgerðarinnar (ARQ/ARQ) og áfram unnið að útrýmingu á VRQ genasamsætunni, sem er sérstaklega mikilvægt þar sem riðuhættan er mest, að þá er hvatt til þess að setja sem mest á af gripum sem bera lítið næmar arfgerðir á meðan framboð af verndandi arfgerðum er takmarkað. Rannsóknum á næmi mismunandi arfgerða er ekki lokið og því geta skilgreiningar á arfgerðum átt eftir að breytast. Vonir standa til að frekari niðurstöður verði kynntar í haust fyrir fengitíma.

**FRÆÐSLA**

## Hvað eru ...
# Ýruefni?

**Einföldustu dæmin um ýruefni eru eggjarauða, þar sem virka efnið er lesitín, og sinnep, sem inniheldur jurtaslím (e. mucilage). Einföld ýruefni sem þessi eru skaðlaus, en mörg þeirra sem eru unnin eða mynduð við efnasmíði geta haft neikvæð áhrif.**

Ýruefni, bindiefni og þykkingarefni eru auðkennd með E-númerum frá E400-499 (fyrir utan E420-E422). Í enskum innihaldslýsingum er hægt að bera kennsl á ýruefni undir heitinu emulsifier.

Á síðustu misserum hefur verið umræða um neikvæð áhrif ofurunna matvæla (e. ultra processed foods) á heilsuna. Þau eru talin eiga mikla sök á ótímabærum dauðdaga út af kvillum eins og offitu, sykursýki 2, krabbameini og heilablóðfalli. Jafnvel geta ofurunnin matvæli leitt til þunglyndis og heilabilunar.

### Ýruefni virka eins og sápa

Ein besta leiðin til að bera kennsl á ofurunnin matvæli er að leita eftir ýruefnum, en þau eru gjarnan notuð til að binda saman innihaldsefni sem er búið að umbreyta. Þegar búið er að vinna efni úr t.a.m. soja eða maís er hægt að nota ýruefnin til að láta matinn bragðast og vera með sömu áferð og minna unnin matvara.

Ýruefni í matvælum eru samþykkt af Evrópsku matvælastofnuninni (EFSA) og hefur þeim verið úthlutað E-númeri. Þau teljast ekki eitruð, en langtímaáhrif þeirra á líkamann og meltinguna eru ekki þekkt. Í raun virka þau á margan hátt eins og hreinsiefni, þar sem þau leysa upp fitu – rétt eins og sápa. Nýjar rannsóknir gefa sterkar vísbendingar um að ýruefni valdi ójafnvægi í meltingunni, með því að drepa góðu bakteríuflóruna og skola burt slímið sem hylur þarmana. Í staðinn koma bakteríur sem leiða til garnabólgu og óvarðir þarmarnir leka. Bakteríurnar geta leitað í lifrina, sem kann að valda lifrabólgu. Það getur enn fremur leitt til feitrar lifrar eða lifrarkrabbameins.



**Sinnepsjurt. Sinnep er með ýruefni frá náttúrunnar hendi.** Mynd / Erfan Afshari – Unsplash

Ein besta leiðin til að sneiða hjá ýruefnum er að kynna sér innihaldslýsingar matvæla og elda sjálfur mat úr hreinum hráefnum. Eitt auðveldasta dæmið er að skipta út tilbúnu morgunkorni fyrir hafragraut eða músli. Jafnframt er hægt að fá sér hnetur og ávexti í millimál, í stað kex eða annars skyndifæði.

### Erfitt að sneiða hjá

Þegar innihaldslýsingar eru skoðaðar sést að mjög algengt er að íslenskt kjötálegg og pylsur séu með E450 og E451. Standi hins vegar „hydroxypropyl methylcellulose", „ein- og díasetýlvínsýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum", „karboxýmetýlsellulósi" eða eitthvað álíka óskiljanlegt, bendir það til þess að matvaran sé ofurunnin og innihaldi ýruefni.

Neytendur þurfa að takast á við þá þrekraun að unnin matvara með ýruefnum er oft markaðssett sem hollur valkostur með minna af sykri, fitu og salti. Jafnframt eru þessi matvæli oft einföld og ódýr og margir ekki í stöðu til að velja hollari fæðu. Enn fremur benda rannsóknir til þess að unnin matvæli séu ávanabindandi og að við þurfum meira til að gera okkur södd.

Athugaðu hvort þú getir gert heimilisinnkaupin án þess að versla mat með ýruefnum. Það er hægara sagt en gert, því þau leynast víða. /ÁL

*Heimildir: Mast, Wikipedia, Snara, Chris van Tulleken*


Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN



**Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu jörðina Vogalækur í Borgarbyggð.**

Bæjarhúsin sem eru í misjöfnu ástandi standa á hól á bakka Vogalækjarins. Land Vogalækja sem er talið vera 239 hektarar þar af ræktað land samkvæmt Þjóðskrá um 13,8 hektarar og liggur að landi Hofstaða að norðan. Að austan eru merki á mót Smiðjuhólsveggjum, en að sunnan er land Sveinsstaða. Á norðurmörkum jarðarinnar er stórt vatn nefnt Heyvatn um 208 hektarar að stærð. Ábúandi hafði undanfarinn ár rekið búvélaverstæði að Vogalæk og hefur engin hefðbundin búskapur verið stundaður þar undanfarinn ár en tún nytjuð. Jörðin er án bústofns véla og án framleiðsluréttar.

**Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÆVINTÝRI Á SPÁNI HAUSTIÐ 2023
UPPBYGGJANDI OG SKEMMTILEG KVENNAFERÐ

Kristín Linda sálfræðingur hjá Huglind og Inga Geirs. fararstjóri hjá Skotgöngu bjóða upp á vikuferð til Albír á Alicante á Spáni 10. október í haust. Bókanir hafnar, beint flug, gott hótel, hálft fæði innifalið.




KONUR 40 + SJÁLFSRÆKT OG GANGA
Vikuferð fyrir konur 40 ára og eldri, uppskrift sem hefur algjörlega sannað sig enda þétt og gefandi dagskrá. Inga Geirs sér um fararstjórn, skoðunarferðir og gönguferðir. Kristín Linda heldur sín vinsælu uppbyggjandi lífsgæðanámskeið sem eru bæði hagnýt og skemmtileg. Vikuferðir sem hlotið hafa frábær meðmæli, stakar konur sérstaklega velkomnar en líka kjörið fyrir vinkonur.

Þetta verður 12 ferðin á fjórum árum.

Um 300 konur hafa nú þegar nýtt sér þessa dagskrá og margar komið aftur og aftur það segir sína sögu! Samkennd, gleði, upplifanir, uppbygging og ný kynni, vilt þú koma með?

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR: www.skotganga.co.uk
inga@skotganga.co.uk kristinlinda@huglind.is







GARÐYRKJA



Fyrir þá græjuóðu eru einnig til sérstakar vélar með vírburstum sem eru ætlaðar til þess að hreinsa hellulagnir.

# Viðhald á hellulögnum



Ágústa Erlingsdóttir.



Ingólfur Guðnason.



Hætta er á að skófir og mosi yfirtaki raufar á milli hellnanna ef þær hafa gróft yfirbragð eða eru í miklum skugga/raka.

**Það halda eflaust margir að það þurfi lítið eða ekkert að viðhalda hellulögnum.**

Nú á dögum eru nánast allir með einhvers konar hellulögn í garðinum hjá sér. Ef það er ekki göngustígur á bak við hús þá er hellulagt bílastæði fyrir framan. Með tímanum þá verða hellulagnir svolítið sjúskaðar. Það byrjar að vaxa illgresi og mosi inn á milli hellnanna sem fljótt kemur niður á útliti svæðisins.

### *Hreinsa vel öðru hvoru á milli hellnanna*

Þegar verið er að ganga frá hellulögn er endað á því að setja fínan pússningasand á milli hellnanna. Hann rennur niður á milli og gerir hellulögnina stöðuga og bindur hana saman. Eftir nokkurra ára notkun fer efsta lagið af þessum fína sandi að safna í sig ýmiss konar lífrænum óhreinindum og illgresisfræi sem getur fest þar rætur. Ef illgresi byrjar að vaxa í raufunum er best að fá sér járnsköfu, sem fæst í flestum garðyrkjutengdum verslunum, og skafa upp úr raufunum. Þá skefur maður upp illgresið með rótum og skrapar burt mosa og öðrum gróðri. Þetta er mikil handavinna og getur tekið nokkurn tíma á stórum hellulögðum svæðum.

### *Háþrýstidæla getur skilað góðu verki*

Ef þolinmæðin er ekki fyrir hendi til að skafa illgresið í burtu þá er oft hægt að notast við nokkrar aðrar aðferðir líka. Þar ber fyrst að nefna háþrýstidæluna sem hægt er að nota til að spúla upp úr raufunum og ná jarðveginum og gróðrinum úr yfirborðinu. Þetta virkar í flestum tilfellum ef illgresið er ekki orðið mjög rótfast eða háþrýstidælan þeim mun öflugri. Gæta þarf þess að háþrýstiþvotturinn sé ekki svo öflugur að allt efni hreinsist upp úr fúgunum svo ekki verði skaði á undirlaginu undir hellulögninni. Háþrýstiþvottur getur líka skilið eftir sig rákir á hellulögninni sé gengið mjög hart fram.

Ef hellurnar eru með gróft yfirborð og hellulögnin er í miklum skugga og ef til vill raka líka, er hætta á að skófir og mosi nái fótfestu í hellunum. Ef þær ná sér á strik getur reynst mjög erfitt að ná þeim af. Það er best að grípa inn í um leið og þetta fer að sjást og skrúbba hellulögnina vel með grófum kústi og spúla svo á eftir. Garðaundri er vistvænt efni sem hefur reynst ágætlega í baráttunni við mosann. Honum er úðað yfir hellulögnina áður en hreinsun fer fram til þess að ná öllum óhreinindum auðveldar af. Þetta gæti þurft að gera reglulega til að halda skófunum í burtu.

### *Enn þá öflugri græjur*

Fyrir þá græjuóðu eru einnig til sérstakar vélar með vírburstum sem eru ætlaðar til þess að hreinsa hellulagnir. Það er kannski ekki tæki sem hinn týpíski garðeigandi á í bílskúrnum en þessi tæki er hægt að leigja hjá tækjaleigum í verkefni af þessu tagi. Hellusóparnir eru búnir vírburstum sem sópa upp úr fúgunum en þó án þess að mikið efni fari upp úr þeim.

Á mjög illa förnum svæðum er hætt við að rótin af illgresinu verði eftir í fúgunum og því nauðsynlegt að nota hellusópinn til þess að halda hellulögninni hreinni. Sumum hefur komið í hug að brenna burt illgresi sem hefur safnast í hellulögnina með gasbrennara. Sú aðferð virkar aðeins í stuttan tíma og nær ekki alltaf að drepa rótarkerfi plantnanna, auk þess sem lífræna efnið situr í fúgunni eftir sem áður.

### *Fúgusandur*

Hver þessara aðferða sem verður fyrir valinu þá er eitt mikilvægasta verkið sem þarf að framkvæma að sópa yfir nýhreinsuðu hellulagnirnar með pússningasandi um leið og hreinsun er lokið. Fúgurnar (raufarnar milli hellnanna) eiga alltaf að vera fullar af sandi til þess að tryggja endingu hellulagnarinnar og til þess að helluhreinsunin sé ekki erfiðari næst þegar að henni kemur. Ágætt er að eiga í handraðanum pakka af fínum pússningasandi.

Ef baráttan verður of hörð.

*Ágústa Erlingsdóttir, Ingólfur Guðnason, Garðyrkjuskólanum Reykjum/FSu*

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS



Undirritaður að taka sýni inn í kjarna rúllu.

## Hey- og jarðvegssýni:

# Mikilvægar forsendur í búskapnum



Baldur Örn Samúelsson
ráðunautur í fóðrun
baldur@rml.is

**Vel er liðið á sumarið sem hefur verið einstaklega fjölbreytt veðurfarslega bæði milli og innan landshluta. Kuldi, væta og þurrkar hafa gert bændum erfitt fyrir á mismunandi árstíðum.**

Í þurrkatíð fara grösin að leggja megináherslu á að koma upp punti og því verður blaðvöxtur minni. Grösin „trénast“ fyrr og verður oftar en ekki hærra hlutfall af tréninu ómeltanlegt. Veðráttan hefur því mjög mikil áhrif á heygæðin og þegar veðráttan er frábrugðin því sem við eigum að venjast er enn mikilvægara að huga að heyefnagreiningum. Öll okkar framleiðsla, hvort sem það er mjólk eða kjöt, byggir að megninu til á heyinu sem aflað er og því mikilvægt að vita hvaða fóðurgildi og steinefni við höfum í höndunum.

Heyefnagreiningar geta nýst bæði í fóður- og áburðaráætlanagerð. Mikilvægt er að taka sýni sem endurspegla heyforðann sem nota á yfir veturinn. Hægt er að taka safnsýni af mismunandi spildum sem voru slegnar á sama tíma og eru svipaðar í ræktun. Gott er að taka sýni úr hánni og grænfóðri ef slíkt er til. Ef tekið er verkað sýni þá þarf gróffóðrið að vera búið að verkast í 4–6 vikur áður en sýnið er tekið. Eigi að senda hirðingasýni til greiningar er gott að miða við að stærð þeirra sé um það bil einn handbolti á stærð. Vert er að nefna að ekki er hægt að nota niðurstöður heysýna við áburðaráætlanagerð ef ekki er hægt að tengja þau við einstaka spildur og þar með ræktunarsögu þeirra.

### *Jarðvegssýni*

Mjög mikilvægt er að taka reglulega jarðvegssýni til að fá upplýsingar um sýrustig (pH) og næringarefni í jarðveg.



Jarðvegssýnabor og jarðvegstappar.

Þær upplýsingar eru mjög gagnlegar þegar kemur að áburðaráætlun auk þess sem pH í jarðvegi er lykilþáttur þegar kemur að allri ræktun.

Ein nýjung í jarðefnagreiningum í ár er svokallað glæðitap en með því má meta lífrænan hluta jarðvegsins sem er bæði góður mælikvarði fyrir frjósemi jarðvegsins og má með þessum upplýsingum áætla magn köfnunarefnis í jarðveginum sem hefur hingað til ekki verið mælt vegna mikils kostnaðar við slíkar greiningar eins og farið var yfir í grein í síðasta tölublaði Bændablaðsins.

Mikilvægt er að vera ekki búinn að bera skít á spildur sem stefnt er á að taka jarðvegssýni úr.

Best er að huga að jarðvegssýnatöku úr spildum fram í tímann þannig að einhver heildarmynd náist af spildum í ræktun. Ef spildur haga sér eitthvað afbrigðilega er kjörið að taka sýni úr þeim til að leita skýringa og eins ef endurvinna á spildu er kjörið að vita stöðuna á þeim spildum til að auka líkurnar á vel heppnaðri endurræktun.

RML býður upp á jarðvegs- og heysýnatöku að vanda og hægt er panta sýnatöku og ráðgjöf á heimasíðu RML (hnappur á forsíðu).

Við hvetjum bændur til að panta tímanlega til að hægt sé að skipuleggja sýnatökudagana. Ef vakna einhverjar spurningar er um að gera að hafa samband við RML fyrir nánari upplýsingar.

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

## Bændageð:

# Tifinningatiltekt

**„Ég er þeirrar skoðunar að lífið sé að öllu jöfnu gott, byrja daginn með bros á vör geng út í daginn og hef hlaðið snyrtilegt því það hjálpar mér að halda í þessa jákvæðni í lífinu.“ Þannig komst Thor Gunnar Kofoed, stórbóndi í Bornholm í Danmörku, að orði þegar hann var að kynna búskaparhætti sína fyrir austfirskum bændum.**


Halla Eiríksdóttir.

Hansen er stórtækur korn- og fræframleiðandi, óðalseigandi og virkur í félagsmálum bænda á eynni. Hann kvaðst hafa lært og tileinkað sér mjög snemma að halda hlaðinu á bænum snyrtilegu, því það hefði meiri áhrif á líðanina en nokkurn mann óraði fyrir. Ástæðan fyrir því að hann héldi alltaf hlaðinu á bænum snyrtilegu væri meðal annars sú að það væri það þá fyrsta sem maður sér að morgni en ekki hrópandi kall á tiltekt eða verk sem er ólokið. Vildi Kofoed meina að það væri mikilvægur áhrifaþáttur til að hlúa að eigin sálufrið að vera laus við ákall vinnustaðarins, sem er jafnframt heimili, upp á hvern einasta morgun þegar farið er á fætur.

Lífsspeki Thors Gunnars Kofoed er um margt til eftirbreytni og getur breytt hugarfar oft auðveldað lífið. Óneitanlega fylgja því margir kostir að búa nálægt vinnustaðnum, en aftur á móti geta því fylgt margar áskoranir því alltaf eru einhver verkefni ókláruð og ýmsu þarf að sinna. Til að fá frí verður maður að fara að heiman svo vélar, hús, girðingar og tún hætti að hrópa á athygli manns. Það er svo ótrúlega lýjandi að vera einhvern veginn aldrei búinn, ekki fyrr búinn með eitt verk að þá kallar það næsta. Jákvæðar og uppbyggilegar hugsanir alla daga er val. Það er þó hægara sagt en gert og enginn er búmaður nema barmi sér var máltæki sem var notað hér áður fyrr. Bændur þurfa að búa bæði að góðu úthaldi og seiglu í sínu starfi og hið íslenska viðhorf „þetta reddast“ hefur trúlega bjargað geðheilsu margra. Það var að minnsta kosti tilgáta Sigmundar Sigfússonar, geðlæknis á Akureyri, sem var frábær í sínu fagi og mikill mannvinur. Hann taldi þetta viðhorf hjálplega geðheilsu Íslendinga og með því tækist okkur yfirleitt að gleyma því slæma en halda frekar í tiltrú á betri tíma.

Eitt er að halda hlaðinu hreinu en annað er að taka til í kollinum á sér. Þar, eins og á öðrum stórbúum, ægir öllu saman, allt frá gersemum til algers óþarfa. Hugurinn er nefnilega alveg stórmerkilegur, hann getur haldið manni uppteknum við neikvæðar hugsanir án útgöngu eða lausna. Það ágerist gjarnan þegar maður leggst út af að kvöldi, allt fer í gang og rússíbaninn fer af stað. Við þurfum að ákveða að vera bílstjórar í okkar eigin lífi, fara í „ökuskóla tilfinninganna“ eins og ég vil kalla það. Í þeim skóla þarf að læra að greina hugsanaóreiðu og gera æfingar. Til að mynda er gott að ímynda sér skúffu fulla af alls konar dóti og drasli sem þarfnast tiltektar en þar ægir öllu saman líkt og í kollinum þínum. Eins og þú gerir venjulega þá er skúffan opnuð, einn hlutur tekinn fram í einu og ákveðið hvað á að gera við hann. Á sama hátt tekur þú „eina hugsun“ og ákveður hvað þú ætlar að gera við hana, annaðhvort losa þig við hana sem þýðir að gleyma þessu, eða geyma áfram í skúffunni sem þýðir að þú ætlir ekki að vinna neitt meira með hana, bara geyma áfram eða eiga hana og gera að minningu. Á þennan hátt er hægt að vinna sig smám saman í gegnum tilfinningarússíbanann.

Það skrýtna við þessa tiltekt er sú tilhneiging okkar til þess að eiga erfitt með að henda slæmum tilfinningum. Viljinn til þess að halda í þær er ótrúlega sterkur en jafnframt sársaukafullur. Í því felst ákveðin þráhyggja sem verður til þess eins að það er verið að spinna sterkan þráð sem erfitt er að rekja upp og hugsunin festist í kollinum. Sjálfsvinnan og tiltektin felst í því að láta af þessum neikvæðu hugsunum og þegar þær skjóta upp kollinum þá skal setja upp stöðvunarskyldumerkið og stoppa hugsun. Síðan þarf maður að velja hvort maður vilji hafa þessar hugsanir með í för eða skilja þær eftir í vegkantinum og halda áfram. Í þeirri vinnu þarf maður að vera hreinskilinn gagnvart eigin tilfinningum, reyna að skilja af hverju þær eru erfiðar og ákveða framtíð þeirra. Bílstjórinn ræður alltaf, þannig er það, en hann þarf að fylgja umferðarreglunum í ökuskóla tilfinninganna, því þá er lífsleiðin bæði auðveldari og öruggari.

*__Halla Eiríksdóttir,__*
*stjórnarmaður BÍ,*
*hjúkrunarfræðingur og*
*sauðfjárbóndi.*


















Greinarhöfundur að „spjalla“ við holdakýrnar og vindmyllurnar í bakgrunni að mala gull. Mynd /Kolbrún Anna Örlygsdóttir

# Skotlandsferð ungra bænda

## – Fyrri hluti

**Í sumar héldu nýútskrifaðir búfræðingar frá Hvanneyri í útskriftarferð og var ferðinni heitið til Skotlands. Ferðin, sem var vikulöng, náði til þriggja borga, skoska hálendisins, heimsóknar í viskígerð og hinnar margrómuðu og heimsþekktu landbúnaðarsýningar Royal Highland Show, sem fjallað var um í síðasta tölublaði Bændablaðsins. Þá var auk þess tekið hús á 5 bændum þar sem fræðst var um þarlendan landbúnað. Hér á eftir fer fyrri hluti umfjöllunar um þessar bændaheimsóknir.**



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Fyrsta bændaheimsóknin var á holdakúabúið Newton of Idvies þar sem hinn þekkti bóndi Graeme Fraser tók á móti hópnum.

Hann er með eitt þekktasta holdakúabú Skotlands og að sjálfsögðu með Aberdeen Angus, enda annálaðir skoskir gripir. Hjörðin hans er með 70 kúm og nokkrum þarfanautum ásamt uppeldi. Þarna hafa verið Angus gripir síðan 1959 og vandfundið bú með jafn þrautræktuðum gripum, enda selt marga lífgripi til annarra bænda víða í Evrópu áður en Brexit varð að veruleika en þá lokaðist á sölu lífdýra frá Stóra-Bretlandi. Að vera með einungis 70 holdakýr þykir ekki mikið í Skotlandi en það er nóg fyrir Graeme enda selur hann um þriðjung gripa sinna til lífs og skilar það mjög miklum bústekjum. Þriðjung notar hann heima og sendir svo afganginn í sláturhús. Búið er ekki frekt á vinnu og við það starfa einungis Graeme auk þess sem pabbi hans, 77 ára, grípur í verk öðru hverju. Annars starfa ekki aðrir á búinu.

### *Selur nánast allt á uppboðum*

Líkt og margir skoskir bændur selur Graeme nánast alla gripi sína á uppboðum en tvö meginuppboð eru notuð við lífdýrasölu. Á þessum uppboðum, sem haldin eru í október og febrúar, eru gripirnir í kringum 13-15 mánaða að jafnaði og er miðað við að 15 mánaða gamlir gripir séu 750 kílóá á fæti en 13 mánaða hafi náð 650 kílóa lífþunga. Fyrir kvígurnar fær hann þetta í kringum 2.500-3.500 pund eða sem svarar til 430-600 þúsund krónur en nautin eru að leggja sig á 10-20.000 pund eftir gæðum eða á bilinu 1,7-3,4 milljónir hvert! Fyrir gripi sem fara í slátrun fær hann um 2.100 pund fyrir 390 kílóa fall, enda sé þá gripurinn yngri en 16 mánaða, eða um 360 þúsund íslenskar krónur. Fyrir kýrnar sem fara í slátrun fær hann svipaða upphæð en þær eru þó mun þyngri og meðalfallið í kringum 690 kíló á þessu búi.

### *Kaupir árlega nokkur naut*

Til að viðhalda bústofninum kaupir Graeme að naut frá öðrum bændum og notar einungis 1 af eigin nautum í ræktunina árlega. Þegar hann velur þarfanaut notar hann nokkuð áhugaverða nálgun. Hann notar eitt háfætt naut, eitt lágfætt og eitt rýmismikið auk þess sem eitt naut á að hafa blandaða eiginleika.

Þetta gerir hann til að hámarka mögulega útkomu hjarðarinnar en mjög misjafnt er hvaða eiginleikum bændur sækjast eftir hverju sinni og hann getur því boðið upp á afar fjölbreytta möguleika. Í ár borgaði hann samtals 60.000 guineas fyrir nautin þrjú sem hann keypti, eða sem nemur 10,7 milljónum króna og þar af kostaði eitt þeirra 5,4 milljónir króna. Guineas er ævaforn gjaldmiðill, sem notaður er fyrir kaup á lífgripum í Stóra-Bretlandi, en 1 guineas samsvarar 1,05 pundum þar sem 0,05 pund fara til uppboðshússins sem þóknun.

### *Selur fósturvísa til útflutnings*

Eftir að Brexit varð að veruleika, og sem Graeme hafði nákvæmlega ekkert gott að segja um, lokaðist á allan útflutning lífdýra til Evrópu en það var stór og mikilvægur markaður fyrir skoska bændur. Þessi markaður er enn lokaður og sér ekki fyrir endann á því en til þess að mæta þessu áfalli byrjaði Greame að láta skola efnilegustu kvígurnar og selja úr þeim fósturvísa. Hver fósturvísir er seldur á 300 pund eða um 51 þúsund krónur. Þegar Íslendingahópinn bar að garði var einmitt ein besta kvígan hans í undirbúningi fyrir skolun. Hún er hæst dæmda Aberdeen Angus kvígan í Bretlandi, byggt á bakvöðvaskönnun, en í Skotlandi eru kynbótagripir skannaðir á bakvöðva fyrir fitulagi, vöðvafitu og vöðvaþykkt. Þessi kvíga verður vafalítið góð undirstaða fyrir framtíð þessa holdakúabús.

### *Bygg fyrir viskí*

Til búsins heyra 560 ekrur af landi, eða um 227 hektarar, og þar af notar hann um 40 hektara fyrir framleiðslu á byggi sem fer í spírun fyrir viskíframleiðslu. Meðaluppskera byggs hjá Graeme eru 6,5 tonn af hektaranum. Þá er hann með töluvert af hveiti einnig, um 60 hektara, og er hann að fá að jafnaði um 10 tonn af hektaranum. Aðspurður um mesta magn sem hann hefur fengið að jafnaði þá sagði hann að eitt árið hafi meðaluppskeran numið 12,5 tonnum af hektaranum af hveitinu. Graeme sagði að hveitið væri ekki nógu gott fyrir matvælaframleiðslu frekar en annað hveiti sem er framleitt norðan Edinborgar og því sé það einungis nýtanlegt sem fóður fyrir gripi.

### *Býr til eigið kjarnfóður*

Megnið af afgangi landsins nýtir hann til votheysgerðar og beitar og það virðist vissulega ekki mikið af landi sem hann notar í þá veru. Skýringin felst í bæði löngu beitartímabili og þar af leiðandi stuttu innifóðrunartímabili, auk þess sem bæði naut og sláturgripir eru í þauleldi þ.e. fá afar orkumikið fóður til að keyra upp vöxtinn. Hann blandar í þessa gripi eigið kjarnfóður sem samanstendur af stærstum hluta af kögglaðu bygghrati frá viskíframleiðslu, ertum og maískjörnum auk annara íblöndunarefni. Þetta skilar honum 15% próteinblöndu með kostnaði upp á 300 pund á tonnið eða um 51 þúsund krónur. Sagði hann að markaðsverð á tilbúinni kjarnfóðurblöndu, reyndar 16% próteinblöndu, væri á hans slóðum 450 pund á tonnið eða um 77 þúsund krónur. Hann sparar því verulega með því að blanda sjálfur heima.

### *Framleiðir allt að 4,5 MW*

Lítill hluti landsins hans Graeme er mjög blautt og ekki heppilegt til ræktunar og ákvað hann því að nýta það með öðrum hætti. Þetta eru alls 9 hektarar af landi og er hann búinn að setja sólarsellur á stóran hluta þess auk þess sem hann er þar stutt frá með litla vindmyllu sem framleiðir 100 KW. Þegar best lætur er búið að framleiða 4,5 MW og munar um minna!



Nicola við sjálfvirku vigtina, sem vinnur þráðlaust með spjaldtölvu sem reiknar á svipstundu áætlaðan fallþunga. Mynd / Snorri Sigurðsson

### *Með kýr, kindur og vindmyllur!*

Önnur bændaheimsóknin í ferðinni var svo á blandað bú stutt frá smábænum Huntly, sem er á hálendi Skotlands. Þar er hægt að vera með bæði kýr og kindur úti allt árið og þar starfrækir ungi bóndinn Nicola Wordie, ásamt foreldrum sínum, myndarlegt blandað bú. Búið, sem heitir Mains of Cairnborrow, er með 850 ær, 240 holdakýr og 5 vindmyllur. Nicola, sem er búfræðingur að mennt, er að taka við búinu af foreldrum sínum. Þau vinna þó enn öll við búið auk eins ráðins starfsmanns en kaupa að nánast alla akurvinnu nema smá jarðvinnu sem þau sjá sjálf um.

### *Erfitt að standa að ættliðaskiptum*

Að þeirra sögn eru ættliðaskipti á búum nokkuð erfið í Skotlandi enda er mikil ásókn í landið af fólki sem ekki ætlar sér að stunda hefðbundinn búskap. Þessir aðilar, sem oft koma að kaupum á landi á forsendum skógræktar eða verndunar á landi eða gæðum, geta oftast greitt mun meira fyrir landið.

Sérstaklega virðist vera mikil ásókn fyrirtækja í land núna, en þau geta þá notað landið til að kolefnisjafna bókhald sitt. Við þetta getur hefðbundinn landbúnaður illa keppt. Umræða um að gera búsetuskyldu eigenda lögbýla, á lögbýlunum sjálfum, er ekki komin á hátt flug í Skotlandi að þeirra sögn en það er líklega eina mögulega leiðin til þess að sporna við þessari þróun. Þetta vandamál hefur þó verið leyst á þessu búi með því að leggja til land undir vindmyllur, sem síðar verður komið inn á.



Lömbin eru flokkuð í ætlaða fallþungaflokka þar sem stefnt er að því að vera rétt undir 22 kílóum. Mynd / Snorri Sigurðsson


Graeme Fraser fyrir miðju ásamt hinum íslensku gestum. Mynd / Graeme Fraser

*Með blandaðan sauðfjárstofn*

Á búinu, sem eins og áður segir, er með 850 ær, eru m.a. 40 Texel ær. Þær eru einungis notaðar til framleiðslu á kynbótahrútum, sem svo aftur eru notaðir á þorra hinna ánna sem eru að meginstofni af skosku svarthöfðafé. Ærnar bera oftast 5-6 sinnum á ævinni á þessu búi, en sumar verða eðlilega mun eldri og er sú elsta í ár 12 ára. Í Skotlandi er heimilt að samstilla ær og það er gert á búinu aðallega til að dreifa burðinum betur.

Þannig eru 80 ær samstilltar og svo hleypt til þeirra þannig að þær fái burðardag um miðjan febrúar. Þetta léttir mikið vinnuálagið á búinu en þessar ær bera þá inni en aðrar bera allar úti og án aðstoðar að mestu. Aðspurð um hvort staðin sé næturvakt á sauðburði þá sögðu þau það ekki vera, mjög sjaldgæft væri að hjálpa þyrfti kind við burð og þær væru sterkar mæður sem verðu lömb sín ef rándýr ber að.

*Góð frjósemi*

Frjósemin á búinu er mjög góð, 1,99 lömb að jafnaði og þá talinn með burður gemlinga. Eins og gefur að skilja er þónokkuð um þrílembur eða jafnvel ær sem bera fleiri lömbum. Þar sem flestar ærnar bera út er erfitt að ná aukalömbunum nýfæddum og venja undir einlembur eða ær sem hafa misst.

Þessi aukalömb eru því tekin heim og alin í sérstakri aðstöðu, þar sem þau fá hey og kjarnfóður að vild auk þess sem þau fá mjólk úr fóstru í 5 vikur, en eru þá snöggvanin af mjólk. Í ár voru þau með 184 lömb sem voru alin með þessum hætti.

*Slátra aðra hverja viku*

Meðalfallþunginn á búinu undanfarin ár hefur verið 21,4 kíló og er það með vilja gert, þ.e. að hafa hann ekki hærri. Skýring á því er sú að lömb sem eru þyngri en 22 kíló falla í slakari verðflokk. Fyrsti hópur lamba fór í slátrun í byrjun júní í ár og um var að ræða lömb undan Texel ánum, sem talin voru fyrst tilbúin til slátrunar. Nicola sagði að hún stefni að sem mestum fallþunga, en þó að halda þeim innan framangreindra 22ja kílóa fallþunga. Til að ná sem mestum hagnaði af sauðfjárræktinni er því notuð sjálfvirk tölvuvog sem hópurinn er vigtaður með og sé réttum lífþunga náð, flokkar kerfið lambið sjálfkrafa til hliðar fyrir sláturbílinn. Hreint magnað kerfi. Þau senda svo lömb í slátrun tvisvar í mánuði, allt fram í október, þegar síðustu lömbin fara.

*1.230 krónur fyrir kílóið!*

Í byrjun sumars er verðið á lambakjöti í Skotlandi nokkuð hátt og fengust 7,2 pund fyrir kílóið við fyrstu slátrun, eða um 1.230 krónur. Þegar íslenski hópurinn var í heimsókn var komið að annarri slátrun og reiknaði Nicola með að fá töluvert lægra verð að þessu sinni eða um 6,3 pund fyrir kílóið eða sem svarar 1.070 króna.

*Ullin kostar*

Unnusti Nicolu vinnur við rúning og fósturvísatalningar og sagði hann aðeins frá sínu starfi. Hann fær 1,4 pund fyrir rúninginn eða um 240 krónur.


Hæst dæmda kvíga Stóra-Bretlands árið 2023. Mynd / Snorri Sigurðsson


Hluti nautanna sem fara á uppboð í október. Mynd / Lára Þorsteinsdóttir Roelfs

Bændur borga þó meira en það eða 1,7 pund fyrir rúninginn. Mismunurinn, um 50 krónur, rennur til verktakafyrirtækis sem tekur sem sagt mismuninn í umsýslukostnað en verktakafyrirtækið á allan tækjabúnað, nema klippurnar, og sér verktakinn einnig um það sem snýr að bókhaldi, verkskipulagi o.þ.h.

Nicola sagði að hún fengi ekki nema 0,3 pund fyrir kílóið af ullinni núna, um 50 krónur, og að hún fái fyrst greitt fyrir ullina 12 mánuðum eftir að hún sendir hana inn. Hún sagði einnig að ullin standi engan veginn undir rúningnum, sem er þveröfugt á við stöðuna fyrir nokkrum árum. Þá hafi bændur fengið mun meira fyrir ullina og hún hreinlega skilað tekjum og því heyrist nokkuð í skoskum bændum núna þ.e. vegna lágs ullarverðs. Hún sagði þó réttilega að þetta sé í raun dýravelferðarmál, ærnar þarf einfaldlega að rýja, og því ekki beint hægt að horfa beint á útreikninginn þ.e. að ullarverðið eigi einhvern veginn að standa undir kostnaðinum við rúninginn. Þetta snúist um heildarveltu búsins og sagði hún ekki rétt að horfa einangrað á einn hluta rekstrarins eins og t.d. kostnað við að rýja og tekjur af ull.

*Simmental holdakýr*

Holdakýrnar, sem eru 240 talsins, eru að stofninum til Simmental en þarfanautin sem hvert um sig sinnir 40 kúm, eru aftur á móti af bæði Charolaise og Limousine kyni. Þau hafa á undanförnum árum verið með þessi naut til skiptis og í ár voru þetta 5 einkar myndarleg Charolaise naut og eitt Limousine, hvert um sig í kringum eitt tonn að þyngd! Bústofninn er því að verða blandaður hægt og rólega en ekki var frekar útskýrt af hverju þessir ábúendur ákváðu að fara þessa leið í ræktun.

*Kýrnar bera í tveimur hópum*

Kýrnar bera í tveimur meginhópum þar sem helmingur þeirra ber að vori og hinn að hausti. Með þessu fæst jafnara álag á beitina og vinnulagið á búinu. Burðurinn fer allur fram í sérstakri inniaðstöðu, þar sem hægt er að fylgjast með þeim, merkja kálfana o.s.frv. og setja svo kú og kálf út þegar búið er að merkja og skrá. Sama aðstaða er svo notuð að hausti, þegar hinar 120 bera.

*Með fimm vindmyllur*

Búið er ekki einungis með ær og kýr heldur einnig fimm vindmyllur og er hver þeirra 2,05 MW að stærð, alls 58 metra háar upp í mitt stöðvarhúsið. Tilkomumikil mannvirki sem ábúendurnir voru mjög ánægðir með enda skila þessar vindmyllur gríðarlega mikilvægum tekjum inn á búið.

Í Skotlandi fá bændur, þ.e. landeigendur, greidda landleigu fyrir hverja vindmyllu í samræmi við orkuframleiðslu hennar.

Fæstir bændanna eiga vindmyllurnar sjálfir heldur eru þær í eigu orkufyrirtækja, sem aftur fá aðgengi að landi bændanna gegn hlutfallsgjaldi. Ekki var sérstaklega nefnt hvert þetta hlutfall var en þau upplýstu að hver vindmylla hefði í fyrra skilað þeim 250 þúsund pundum í leigutekjur, eða nærri 43 milljónum króna! Þá nefndu þau að í samanburði við veltuna af sauðfjárbúinu þá þarf ekki nema tvær vindmyllur til að skila sömu veltu og allar 850 ærnar. Það þarf vart að undra að bændur í Skotlandi kjósi að fá vindmyllur upp á hæðirnar við bú sín enda hefur tilkoma vindmyllanna bjargað mörgum búum í dreifbýli Skotlands, þar sem tekjustofn þeirra hefur styrkst gríðarlega eins og sést á framanrituðum tölum.

Í næsta tölublaði Bændablaðsins verður birtur síðari hluti umfjöllunarinnar um bændaheimsóknir þessarar áhugaverðu Skotlandsferðar ungra bænda í sumar.












LESENDARÝNI

# Sannleikurinn um sauðfjárrækt, séð frá hagfræðinni

**Ísland var þróunarríki samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fram til um 1960, en er í dag eitt tekjuhæsta land heims.**



Lárus Elíasson.

Á þessum tíma hefur framlegð vaxið í flestum atvinnugreinum til að styðja auknar tekjur. Kúabú hafa stækkað og vélvæðing í formi mjaltaþjarka (róbóta) hefur leitt til fækkunar, en um leið stækkun kúabúa.

Sama gildir um svína- og kjúklingarækt, fiskveiðar, vinnslu og fiskirækt. Sauðfjárræktin situr hins vegar eftir með litla framlegðaraukningu sem leitt hefur til þess að sú starfsemi getur ekki staðið undir launakröfum samtímans (þrátt fyrir að hlutfall tvílembdra áa hafi aukist til muna).

Hér verður rakið af hverju það hefur leitt til breytinga á búskaparháttum og af hverju sauðfjárrækt getur ekki haldið áfram óbreytt um ókomna tíð án þess að það leiði til minni hagsældar, bæði þeirra sem hana stunda og allra landsmanna.




Búpeningur eftir landsvæðum frá 1980, Allt landið. Heimildir: Hagstofa Íslands




Verg landsframleiðsla, Keðjutengt verðmæti, árstíðaleiðrétt.




Heimild: Skýrsla ATF www. animaltaskforce.eu




Kjötframleiðsla síðustu áratuga.

**Breytingu á búskaparháttum má skipta í nokkur tímabil:**

1. Frá landnámi að móðuharðindum.
2. Frá móðuharðindum þar til að vistarbönd féllu niður.
3. Frá vistarböndum til stríðsára, síldar, skuttogara og stóriðju.
4. Frá stóriðju til dagsins í dag.

**1.** Landnámsmenn komu með sinn bústofn; kýr, kindur, svín, geitur, hænsni og hesta. Kýr kindur og geitur voru mjólkaðar, enda vinnuafl nægt í formi vinnuhjúa og þræla, sem greidd voru engin eða óveruleg laun nema í formi nauðþurfta (matar, húsnæðis og klæða). Nokkuð var um kornrækt sem gerði svínarækt mögulega. Í móðuharðindunum og þeim drepsóttum sem á eftir komu hríðféllu bæði menn og skepnur.

**2.** Eftir móðuharðindin vantaði vinnuafl til sveita og veðurfar varð verra. Búskaparhættir breyttust. Svínarækt hafði lagst af og meira hvíldi á sauðfjárrækt og mjólkurkúm. Enn var vinnuafl það ódýrt, bæði sökum tækifærisleysis og vistarbanda, að það borgaði sig enn að stunda fráfærur og mjólka ær. Nokkuð sem kostaði mikið vinnuafl, þó nokkur afföll á lömbum, en gaf litlar afurðir. Flest allt fé var haft heima við eða í seljum, utan hrúta og sauða sem völsuðu meira um frjálsir.

**3.** Eftir að lögin um vistarbönd liðu undir lok rétt fyrir aldamótin 1800/1900 og fólk fór almennt að fá laun fyrir sína vinnu varð ógerlegt að stunda fráfærur og mjólka kindur. Tekjur af slíkri starfsemi stóðu einfaldlega ekki undir launum. Við tók mikið hagvaxtarskeið á Íslandi. Fólk fluttist til sjávarþorpanna og keypt voru stærri fiskiskip, auk þess sem erlendir aðilar stunduðu veiðar hér, m.a. á hval. Í seinni heimsstyrjöldinni fengu vinnandi hendur greitt beint í peningum og næga vinnu var að fá. Fólk fluttist í stórum stíl úr sveitunum til kaupstaða, ekki síst Reykjavíkur. Bændur fóru að reka fé almennt á afrétti og reyndu, til að ná svipuðum hagvexti og í þjóðfélaginu öllu, að stækka sína bústofna og þar með að fjölga fé. Það náði hámarki um 1980 með mikilli offramleiðslu og ofbeit víða um land. Útkoman var m.a. svokölluð smjör- og kjötfjöll sem voru svo seld úr landi fyrir smápening, auk þess sem landið blés upp í stórum stíl sem enn má sjá merki um víða.

**4.** Um og upp úr 1980 kemur stóriðjan sterk inn og tæknibreytingar verða í sjávarútvegi. Hagsæld vex og þjóðartekjur á mann hafa nú rúmlega tvöfaldast frá árinu 1995. Sauðfjárrækt sem stóð halloka 1980 stendur enn verr í dag. Neysla lambakjöts hefur dregist saman pr. mann á Íslandi og annars staðar í heiminum, enda bæði óhagkvæmt og með mikið sótspor.

Sauðfjárrækt er ekki lengur burðarás íslenskrar matvælaframleiðslu, og mun ekki verða. Allar tilraunir til að hverfa til fortíðar munu einungis rýra lífsgæði á Íslandi almennt og viðhalda fátæktragildrunni hjá minni sauðfjárbændum.

Tún eru víða ekki nýtt þar sem vetrarfóðruðum ám hefur fækkað um rúman helming frá því sem mest var. Tún eru nýtt þegar verðmæti þeirrar nýtingar réttlætir slíkt, hvort sem það er til; hamp-, skógar- eða kornræktar. Þau verða ekki nýtt til að framleiða meira lambakjöt, þar sem það er ekki markaður fyrir það á því verði sem þarf til að stunda slíka framleiðslu í hálaunalandi. Eins og staðan er núna er meiri eftirspurn eftir landi til að binda kolefni en eftir lambakjöti sem framleitt er með ærnum tilkostnaði og miklu sótspori. Það að fólk flytjist til sveita sem ekki stundar hefðbundinn búskap er bara af hinu góða. Kaup slíkra aðila hefur gert eldri bændum kleift að losa um eign sína, komast úr fátækragildrunni og á eftirlaun. Lífeyrissjóður bænda hefur ekki verið ávaxtaður þannig að bændum sem hætta störfum bíði digur lífeyrir þaðan.

Í ljósi ofangreinds beini ég þeim tilmælum til málsvara bænda, bæði framkvæmdastjóra og formanns, að þeir horfi til framtíðar og mæli fyrir hagsmunum allra bænda, en reyni ekki að þvinga okkur til fyrri búskaparhátta og þar með fátæktar fortíðarinnar.

*Lárus Elíasson,*
*skógarbóndi á Rauðsgili.*

Lífsgæði:

# Friðun og dugnaðarkvíði

**Flest áttum við okkur vel á því hvaða afleiðingar það hefur að friða land. Landsvæði, hagi eða tún sem er friðað gegn öllum ágangi eftir krefjandi tíma landnýtingar nær með tímanum vexti, sprettu og grósku.**



Kristín Linda Jónsdóttir.

Hafi álagið á landspilduna verið óhóflegt tekur tíma að ná fyrri landgæðum og styrk og auk friðunar getur verið þörf á utanaðkomandi hjálp, svo sem áburði og fræjum. Langflestir bændur haga sinni landnotkun þannig að þeir friða landið við og við, láta kýr, hross eða ær ekki ganga svo nærri landinu að sár myndist vegna álags og átroðnings, hvíla sem sagt spilduna reglulega og áður en skemmdir verða. En hvernig hugsum við um okkur sjálf?

***Friðar þú sjálfan þig reglulega?***

Getur verið að við, of mörg okkar, hugsum ekkert um að gefa okkur sjálfum frið, við og við, reglulega, heldur krefjumst þess af okkur sjálfum, og jafnvel fólkinu okkar, að áfram sé haldið út í rauðan dauðann? Það eru jú alltaf einhver verkefni sem bíða og svo bætist bara við listann! Já, það er alveg ljóst að það er nóg að gera, ekki spurning. Æðum við eins og hauslausar hænur sí og æ úr einu verki í annað, dag eftir dag, vikum og mánuðum saman? Krefjumst þess að vélin í okkur bara gangi og skili alltaf sínu án þess að taka markvisst og ákveðið hlé, hleðslustund, hvíldarstund, hirðum ekki um að leyfa vélinni að kólna reglulega og bæta á olíu? Horfðu í eigin barm, já, núna.

***Sífelld streita er hættuleg!***

Rannsóknir á heilsufari fólks, í sálfræði og taugavísindum, sýna að sífellt álag þar sem svonefnd drifkerfishormón, til að mynda kortisól, eru ríkjandi í okkur og drífa okkur áfram án hvíldar tímunum saman dag eftir dag er afar heilsuspillandi ástand. Það er sannarlega allt í góðu að taka á því, taka tarnir og njóta þess að koma miklu frá. En það er þetta sífellda álag sem er hættulegt. Afleiðingarnar geta verið margs konar, leiði, depurð, óyndi, gleðileysi, innri spenna, kvíði, ofuráhyggur, svefnvandi, orkuleysi og þrot. Líkamlegir kvillar svo sem vöðvabólgur og stoðkerfisvandi, meltingarkvillar, höfuðverkir og hjartsláttartruflanir svo dæmi séu tekin.

***Þjáist þú af dugnaðarkvíða?***

Ragnhildur Þórðardóttir, Ragga nagli, einkaþjálfari og heilsusálfræðingur kann að komast skemmtilega að orði og hún hittir naglann á höfuðið þegar hún lýsir þeirri viðvarandi



streitu sem of margir upplifa í nútímanum sem dugnaðarkvíða. Kannast þú við að upplifa stöðugt vanlíðan yfir að gera ekki nóg, finnast eins og þú sért alltaf eftir á með allt? Vera stöðugt að hugsa um allt sem þarf að gera og finna fyrir eirðarleysi, pirringi og óánægju? Forðast samt og fresta verkefnum sem eru nauðsyn en þér finnast yfirþyrmandi enda gengur þú nær aldrei úthvíldur til verka? Ýta til hliðar aftur og aftur viðburðum og félagslífi og ganga á svefntímann þinn, vinnan gengur jú fyrir. Una þér ekki hvíldar eða ánægjustunda því að þá bítur sektarkenndin, þú gætir jú verið að gera eitthvað!

***Hvaða stundir dagsins og vikunnar ætlar þú að hafa frið?***

Eins og með landið okkar dýrmæta ert þú dýrmætur. Endilega láttu þessi orð verða að vendipunkti og settu þér núna, í dag, í þessari viku, reglu um friðun. Hvenær ætlar þú að hafa frið, hvíldarstundir, fastar stundir þar sem vinnan víkur fyrir hvíld, rósemd og notalegum uppbyggjandi samskiptum og iðju? Ég legg til að þú friðir ákveðna klukkutíma á dag, hvenær fer eðlilega eftir því hvernig þínu lífi og störfum er háttað. Eins er alveg heilsufarslegt og sálrænt lágmark að taka mest allan daginn frí frá vinnu einn dag í viku, lágmark, tveir dagar í viku er almennt viðmið. Það eru átta í mánuði en ekki fjórir, þar munar miklu. Ég segi mest allan daginn því að sjálf var ég kúabóndi án róbóts í 15 ár og þekki mjaltir. En það er sannarlega hægt að skella sér í sturtu eftir morgunmjaltir alltaf, annaðhvort laugardag eða sunnudag, ef ekki bæði, og vera í fríi fram að seinna málinu.

***Friðun og fræ***

Núna þegar sumri er tekið að halla og fram undan haustannir og vetrarverk er alveg kjörið að staldra aðeins við, með sjálfum sér og sínum. Leggja niður fyrir sig hvernig þú, og þínir, ætla að friða reglulega stundir í eigin dagatali núna næstu vikur og mánuði. Ef þitt eigið innra land er illa farið, af önnum, hvíldarleysi, álagi og átroðningi, hikaðu ekki við að leita þér utanaðkomandi hjálpar. Þú gætir þurft nokkur ný fræ og ögn af áburði til ná að spretta og blómstra á ný, það er þess virði. Munum svo að kirkjugarðar heimsins geyma ómissandi fólk, eins og segir í texta Magnúsar Eiríkssonar. Í dag er þinn dagur, þitt líf, þitt tækifæri.

***Kristín Linda Jónsdóttir,** sálfræðingur.*

# Eigendur sjávarjarða njóta eignaréttar innan netlaga og netlög teljast til eignar þeirra

**Tilefni þessara greinaskrifa er frumvarp Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra, sem hún mælti fyrir á Alþingi þann 14. apríl sl., um breytingu á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).**

Með frumvarpinu var lagt til að aflamarksstjórn verði tekin upp við veiðar á grásleppu en fram til þessa hefur stjórn veiða á grásleppu verið háð rétti til veiða og leyfum Fiskistofu.

### *Virða skal réttindi sjávarjarða*

Landssamtök eigenda sjávarjarða voru stofnuð 5. júlí 2001 og eru félagsmenn um 500 talsins. Á Íslandi eru um 2.240 jarðir sem liggja að sjó og um 1.240 jarðir með útræðisrétt. Markmið samtakanna er að gæta sameiginlegra hagsmuna eigenda sjávarjarða. Eitt helsta baráttumál samtakanna er að tryggja að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Samkvæmt íslenskum lögum fer eigandi sjávarjarðar með öll hefðbundin eignarráð jarðar, þar með talið landsvæði innan netlaga í sjó. Verði frumvarp matvælaráðherra óbreytt að lögum verða réttindi landeigenda í netlögum áfram virt að vettugi. Samtökin beina því til ráðherra að endurskoða efnisatriði frumvarpsins með tilliti til ótvíræðs einkaréttar eigenda sjávarjarða til fiskveiða innan netlaga sinna.

### *Skortur á samráði við gerð frumvarps*

Landssamtök eigenda sjávarjarða gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið sem samið var án samráðs við eigendur sjávarjarða. Í frumvarpinu er ekki tekið tillit til eignarréttar landeigenda í netlögum, þrátt fyrir að veiðar á grásleppu fari fram innan netlaga sjávarjarða. Ráðherra ætti að vera kunnugt um að svæðið innan netlaga er hluti fasteignar sem leiðir til þess að öll hagnýting réttinda innan netlaga verður ekki heimiluð án samþykkis eiganda fasteignarinnar.

Í frumvarpinu er hvergi getið um samráð við eigendur sjávarjarða um grásleppuveiðar í netlögum eða hlutdeild sjávarjarða í arði af veiðum í netlögum, þrátt fyrir ótvíræðan eignarrétt landeigenda í netlögum. Það er mat samtakanna að boðaðar breytingar ráðherra brjóta í bága við gildandi lög sem tryggja eigendum sjávarjarða eignarrétt í netlögum.

### *Endurskoða þarf fyrirkomulag grásleppuveiða í netlögum*

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi grásleppuveiða takmarkast veiðarnar við ákveðin skip sem hafa rétt til að fá útgefið sérstakt leyfi Fiskistofu til grásleppuveiða. Fyrirkomulaginu var í upphafi komið á um 1990 með reglugerð um grásleppuveiðar.

Þrátt fyrir að veiðar á grásleppu fari fram í netlögum sjávarjarða að hluta hafa stjórnvöld tekið einhliða ákvarðanir um nýtingu réttinda í netlögum án samráðs og samþykkis eigenda sjávarjarða. Þetta fyrirkomulag er brot á stjórnarskrárvörðum eignarrétti landeigenda. Samtökin hafi um árabil bent stjórnvöldum á að allir eigendur sjávarauðlindarinnar þurfi að koma að ákvörðunum um ráðstöfun hennar, þ.m.t. eigendur sjávarjarða, sem eiga allar eignarheimildir innan netlaga, nema þær sem eru takmarkaðar af lögum. Samtökin hafa ítrekað bent á að samkvæmt íslenskum rétti verða eigendur sjávarjarða ekki sviptir auðlindum og hlunnindum sem tilheyra jörðum þeirra nema komi fullt verð fyrir.

### *Netlög sjávarjarða og dýptarregla Jónsbókar*

Í íslenskum lögum er víða getið um netlög. Í Jónsbók, sem lögfest var á Alþingi 1281, er netlaga getið í 2. kapítula rekabálks og er afmörkun þeirra miðuð við tiltekna dýpt frá landi þannig að ytri mörk netlaga eru talin nema 4 föðmum eða 6,88 metra dýpi á stórstraumsfjöru samkvæmt útreikningum Páls Vídalín.

Afmörkun netlaga í ákvæðum laga í seinni tíð hefur hins vegar miðast við fjarlægðarreglu, sbr. veiðitilskipunin frá 1849 en þar eru netlög skilgreind sem 60 faðmar (112,98 metrar) frá stórstraumsfjörumáli. Þess má geta að veiðitilskipunin byggir á grundvallarreglu Jónsbókar um að veiðiréttur fylgir jörð.

Það er mikilvægt að líta til þess að veiðitilskipunin, þar sem afmörkun netlaga miðast við fjarlægðarregluna, breytti ekki gildandi reglum Jónsbókar um fiskveiðar og því gildir dýptarreglan um fiskveiðar í netlögum.

Þrátt fyrir að frumvarp matvælaráðherra fjalli ekki um nýtingu sjávargróðurs í netlögum er ástæða til að minna á að dýptarregla 2. kapítula rekabálks Jónsbókar gildir einnig um þangslátt í fjöru eða netlögum. Í þessu samhengi benda samtökin á álit Skúla Magnússonar, umboðsmann Alþingis, áður dómstjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða, sem unnið var í september 2001 að beiðni nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Í álitinu kemst Skúli að þeirri niðurstöðu að við ákvörðun netlaga með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda ber að miða ótvírætt við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga.

Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. Samkvæmt framangreindu ber að afmarka netlög sjávarjarðar með hliðsjón af fiskveiðirétti samkvæmt reglu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Hæstiréttur Íslands hefur að minnsta kosti í tvígang komist að sömu niðurstöðu og Skúli um að miða skuli við dýptarreglu Jónsbókar en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga. Það er ástæða til að benda ráðherra á að ákvæði rekabálks Jónsbókar hefur aldrei verið fellt úr gildi með ákvörðun Alþingis, hvorki að því er varðar fiskveiðirétt í netlögum né skilgreiningu á netlögunum sjálfum.

### *Grásleppuveiðar í netlögum eru háðar leyfi eigenda sjávarjarða*

Samtökin benda ráðherra á að veiðar á grásleppu í netlögum hafa í mörgum tilvikum verulegar fjárhagslegar skerðingar í för með sér fyrir eigendur sjávarjarða. Þetta á sérstaklega við um sjávarjarðir í Breiðafirði þar sem æðarvarp og dúntekja eru á meðal helstu hlunninda jarða sem margar hverjar hafa tekjur af sölu æðardúns.

Landssamtök eigenda sjávarjarða skora því á matvælaráðherra að leggja fram nýtt frumvarp í haust til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) þar sem annars vegar er lagt til að samþykki eigenda sjávarjarða sé gert að skilyrði fyrir grásleppuveiðum innan netlaga og hins vegar að tryggt sé að eigendur sjávarjarða, sem heimila grásleppuveiðar í netlögum, fái hæfilega hlutdeild í arði af veiðunum.

Með slíkri réttarbót væri langvarandi óréttí gagnvart eigendum sjávarjarða eytt og eignarréttur þeirra í netlögum virtur í eitt skipti fyrir öll.

*Með góðri kveðju,*
***Stjórn Landssamtaka eigenda sjávarjarða***





RÍKISKAUP
Borgartúni 26, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.
Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



**RANDVERSSTAÐIR, 871 BREIÐDALSVÍK**

**Eignin verður sýnd laugardaginn 2. september, milli kl. 13:00 – 16:00.**

Jörðin er í fallegum stað í Suðurbyggð í Breiðdal á Austurlandi, í sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Á jörðinni er íbúðarhús, sambyggð fjárhús og hlaða og skemma. Jörðinni fylgir veiðiréttur í Breiðdalsá. Heildarstærð jarðarinnar er 609 ha. en ræktað land er 26,8 ha.

Nánari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: *www.rikiskaup.is/is/utbod-kaup-og-sala* (til sölu)

**Verð: 65,0 mkr**

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

RÍKISKAUP
Borgartúni 26, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.
Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



**EYSTRI TORFASTAÐIR 2, FLJÓTSHLÍÐ**

**Eignin verður sýnd laugardaginn 2. september, milli kl. 13:00 – 16:00.**

Jörðin staðsett á fallegum stað í Fljótshlíðinni.

Jörðin er steinsnar frá Hvolsvelli og mikil nálægð við náttúruna, s.s. Seljalandsfoss.

Heildarstærð jarðarinnar er um 217 ha., en landið stendur nokkuð hátt og er hluti hennar heiðarland.

Nánari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: *www.rikiskaup.is/is/utbod-kaup-og-sala* (til sölu)

**Verð: 135,0 mkr**

LESENDARÝNI

# Áhættumatið, forsendurnar og vöktunin

**Í grein Ragnars Jóhannssonar, rannsóknastjóra fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun, í Bændablaðinu hinn 9. mars, er fjallað um forsendur í áhættumati erfðablöndunar.**



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Þar er vísað til reiknilíkana, stuðla og forsenda sem margir leikmenn eiga erfitt með að skilja. Hér verður áhættumat erfðablöndunar útskýrt á mannamáli og jafnframt gerðar athugasemdir við forsendurnar og skort á vöktun til að afla áreiðanlegra gagna.



Ósasvæði Bakkadalsár í Arnarfirði.




Mynd 1. Einfölduð mynd af forsendum áhættumats erfðablöndunar. Svartar pílur sýna dreifingu strokulaxa áhættumats erfðablöndunar í veiðiár á eldissvæðum á Vestfjörðum og gráu pílurnar þær ár með laxalykt sem ekki eru teknar með í áhættumatið.

*Forsendur áhættumatsins*

Til einföldunar er forsendum í áhættumati erfðablöndunar skipt niður í fjóra liði (mynd 1):

**1. Slysaslepping:** Fjöldi eldislaxa sem sleppa úr sjókvíum.
**2. Lifun í hafi:** Fjöldi eldislaxa sem lifa af sjávardvölina og ganga upp í veiðiár.
**3. Dreifing í veiðiár:** Fjöldi veiðiáa sem eldislaxa gengur upp í og dreifing þeirra.
**4. Hrygning eldislaxa og lifun:** Hvernig eldislaxi reiðir af í samkeppni við villta laxinn og erfðablöndun.

Ákveðið hlutfall laxeldisseiða og blendinga (afkomenda villtra laxa og eldislaxa) ganga síðan úr veiðiánni til hafs og skila sér í mestu mæli í sömu á eða ár í nágrenninu. Þannig myndast hringrás ef engar mótvægisaðgerðir eru viðhafðar eða þær eru ófullnægjandi.

*Forsendur úthlutanna*

Reiknilíkan áhættumats erfðablöndunar er notað til að ákveða framleiðsluheimildir til eldis á frjóum laxi á Vestfjörðum og Austfjörðum og fyrir einstaka firði/fyrirtæki. Heildarúthlutun framleiðsluheimilda ræðst mikið af áætluðu umfangi slysasleppinga og lifun strokulaxa frá því þeir sleppa þar til þeir ganga í veiðiár.

Úthlutanir í einstaka firði ákvarðast mikið af áætlaðri dreifingu strokulaxa sem koma af hafi og ganga upp í veiðiár, staðsetningu og fjölda veiðiáa í nágrenninu. Þannig að ef ekki er gert ráð fyrir neinni veiðiá í firðinum og mikilli dreifingu eldislaxa er hægt að úthluta miklum framleiðsluheimildum til fyrirtækja sem þar eru með laxeldi.

Það á t.d. við í tilfelli eldissvæða á sunnanverðum Vestfjörðum en þar gerir áhættumat erfðablöndunar ekki ráð fyrir að strokulax gangi upp í veiðiár. Raunveruleikinn er því miður allt annar þar sem flestir strokulaxar ganga upp í veiðiár á sunnanverðum Vestfjörðum og mælist töluverð erfðablöndun þar eins og fram hefur komið í nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun breytti forsendum í líkani áhættumats erfðablöndunar á árinu 2020 sem ekki standast skoðun. Það ásamt forsendum í upphaflegu áhættumati frá 2017 verður betur tekið fyrir í fyrirhugaðri rannsóknaskýrslu höfundar, *„Áhættumat erfðablöndunar, tillögurnar, gagnrýnin og staðan“*.

*Vöktun ábótavant*

Áreiðanleiki niðurstaðna úr reiknilíkani áhættumats erfðablöndunar eru aldrei betri en þær forsendur sem stuðst er við. Það sem er gagnrýnisvert er að frá því áhættumat erfðablöndunar var fyrst gefið út hefur ekki verið farið í að afla áreiðanlegra gagna með markvissri og skipulagðri vöktun nema á erfðablöndun. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til nokkrar aðferðir við vöktun, hluti þeirra flokkast að vísu ekki undir vöktun og aðrar enn þá á þróunarstigi. Þær vöktunaraðferðir sem hægt er að styðjast við þegar mat er lagt á hlutfall eldislaxa í veiðiám og stofnunin leggur til að nota, hafa í mjög stuttu máli eftirfarandi annmarka:

• **Rekjanleiki og DNA sýni foreldrafiska:** Hefur reynst vel og hægt hefur verið í flestum tilvikum að rekja strokulax til laxeldisfyrirtækis. Ein og sér gefur þessi aðferðafræði engar forsendur fyrir reiknilíkan áhættumats erfðablöndunar eins og það er uppbyggt í dag.

• **Vöktun lykiláa með Árvaka:** Aðeins til staðar í örfáum veiðiám á eldissvæðum og hefur þann annmarka að aðeins er vaktað yfir sumarmánuðina og þannig næst ekki að greina strokulax sem gengur upp eftir þann tíma.

• **Stroksýni úr veiddum/slepptum fiski:** Ómarkviss sýnataka yfir sumarmánuðina sem getur ekki ein og sér gefið upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám.

• **Söfnun og greining hreistursýna:** Lítil sýnataka eingöngu yfir sumarmánuðina sem gefur litlar upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám.

• **Erfðagreining smáseiða:** Getur gefið upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám eða réttara sagt hlutfall erfðablöndunar. Gallinn er að hér er verið að meta erfðablöndun, nokkuð sem ætti að koma í veg fyrir með öllum ráðum.

*Að lokum*

Forsendur í líkani áhættumats erfðablöndunar eru ekki byggðar á traustum grunni og í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að „þrátt fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi talið að nákvæmari gögn þyrfti þá breyttist áhættumatið töluvert til aukningar við endurskoðun þess árið 2020“. Það segir í raun allt það sem segja þarf er varðar vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar í þessu máli.

Vöktun er ábótavant og til að fá nægilega áreiðanlegar forsendur um hlutfall eldislaxa í veiðiám þarf að koma á haustvöktun a.m.k. í veiðiám á eldissvæðum. Í haustvöktun er farið í veiðiár að hausti fyrir hrygningu, villtur lax og eldislax talinn og eldislaxinn fjarlægður eftir atvikum. Af óþekktum ástæðum upplýsti Hafrannsóknastofnun ekki stjórnvöld um haustvöktun áður en lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019. Síðan af öðrum óskiljanlegum ástæðum hefur stofnunin unnið á móti því að haustvöktun verði tekin upp að norskri fyrirmynd.

*Valdimar Ingi Gunnarsson*
*sjávarútvegsfræðingur.*

# „Búfé hefur gengið laust um landið öldum saman og engin lög hafa verið sett sem breyta því réttarástandi“

## – Baráttan fyrir ágangsbeit

**Fyrirsögnin er fengin úr bréfi Gunnars Þorgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, og Vigdísar Häsler, framkvæmdastjóra samtakanna, sem þau skrifuðu sveitarfélögum landsins í sumar.**



Jón Guðmann Pétursson.

Ástæðan var álit umboðsmanns Alþingis, þar sem hann vitnar í stjórnarskrárvarinn friðhelgan eignarrétt landeigenda og segir að þeir þurfi ekki að þola heimildarlausa beit í löndum sínum.

Í bréfinu koma þessir hagsmunavörslumenn allra bænda í landinu því sjónarmiði á framfæri að þeir sem eiga kindur sé frjálst að sleppa þeim lausum utan afrétta, til að fóðrast í annarra manna löndum í óleyfi, enda, eins og segir í bréfinu, hefur búfé gengið laust um landið um aldir og engin lög sett sem breyta því.

Það vekur furðu að samtök, sem í eru þúsundir landeigenda, skuli álíta það sitt helsta hlutverk að berjast með oddi og egg fyrir því að eignarréttur þeirra sé lítilsvirtur. Sú lítilsvirðing var slæm fyrir samtök sauðfjárbænda en er kostuleg fyrir Bændasamtök Íslands. Til viðbótar er hún arfavitlaus.



Kindur í lausagöngu.

*Grundvallarreglan; skaðabætur*

Til að stytta sér leiðina um lögin í landinu til forna, og sleppa sögunum þegar ágangur varð tilefni illdeilna og mannvíga, er rétt að hnika sér bara aftur til ársins 1885. Þá skrifaði þingnefnd frumvarp um ágangsmál, sem hún fjallaði um m.a. með eftirfarandi hætti:

**„Í frumvarpi því, sem nefndin þannig hefur samið, hefur hún byggt það í fyrsta lagi á þeirri <u>grundvallarreglu</u>, sem fylgt hefur verið í eldri lögum, sbr. landsleigubálk Jónsbókar 24. kap., 16. kap. og víðar, ásamt réttarbót Eiríks konungs 1294 við 31. kapítula, <u>að sá, er verður fyrir ágangi af skepnum, eigi almennan rétt til skaðabóta …</u>“**

*Gæsluskylda, annars kostnaður*

Ólafur Jóhannesson, lagaprófessor, fv. formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, var álitinn einn fremsti lögfræðingur landsins. Hann var formaður í nefnd sem ritaði frumvarp, sem varð uppistaðan í fyrstu lögum lýðveldisins um afréttamál, fjallskil, ágangsmál o.fl. nr. 42/1969. Með frumvarpinu skrifaði Ólafsnefndin greinargerð, sem fjallaði um efni frumvarpsins. Þar segir eftirfarandi um ágang:

**„Menn eru almennt ekki skyldir til að þola ágang búfjár annarra manna í haga sína, nema samkvæmt samningi eða hefð, og eiga auðvitað rétt á því sjálfir að verja þá. <u>En það er ekki nægilegt.</u> Það virðist réttmætt <u>að leggja með nokkrum hætti gæsluskyldu á eigendur og haldsmenn búpenings.</u> Á því sjónarmiði eru ákvæði 37. gr. frumvarps þessa reist, en þar er heimilað <u>að láta fram fara smölun ágangsfjár</u> og rekstur þess á afrétt eða þangað, sem það má vera, <u>allt á kostnað fjáreiganda.</u>“**

> Allt frá Grágás, sem var skrifuð á þjóðveldisöldinni, hefur verið gæsluskylda á búfé í heimasveitum, þ.e. utan afrétta. Engin lög hafa verið sett síðan sem hafa breytt því.“

Allt frá Grágás, sem var skrifuð á þjóðveldisöldinni, hefur verið gæsluskylda á búfé í heimasveitum, þ.e. utan afrétta. Engin lög hafa verið sett síðan sem hafa breytt því.

*Gæðastýring í plati*

Líklega er ástæðulaust að nefna samning Bændasamtakanna við þjóðina, sem heitir Gæðastýring í sauðfjárframleiðslu, þar sem þjóðin lofar að greiða kindaeigendum um tvö þúsund milljónir á ári ef þeir á móti haldi dýrunum sínum alfarið á sjálfbæru landi, sem þeir hafa óskorað leyfi til að nýta. Eins og allir vita orðið, þá er sá samningur bara í plati, þ.e. fyrir utan peningagreiðslurnar, enda láta Bændasamtökin samninginn ekki hamla sér í baráttu sinni fyrir þá kindaeigendur sem stelast til að framfleyta skepnunum sínum í löndum nágranna sinna – og fá borgað hjá þjóðinni fyrir gæði. Það lýsir einurð, stefnufestu og málafylgju samtakanna, með afskaplega röngum málstað.

*Jón Guðmann Pétursson,*
*landeigandi og félagi í Bændasamtökunum.*



Erlendis má finna fjölda dæma um að vindorkufyrirtæki hafi farið á hausinn þegar kom að því að uppfylla ákvæði um að fjarlægja mannvirki. Mynd / Appolinary Kalashnikova – Unsplash

# Landeigendum boðnir óhagstæðir vindorkusamningar

**Fyrr á þessu ári fékk ég að lesa yfir samning milli innlends félags og landeiganda um rétt félagsins til að undirbúa og reisa vindorkuver á landareigninni.**



Frosti Sigurjónsson.

Það vakti nokkra furðu hve óhagstæður samningurinn var landeigandanum. Það er hætt við að fleiri bændum og landeigendum hafi þegar verið boðnir álíka slakir samningar.

**Meginatriði umrædds samnings:** Leigutakinn, innlent einkahlutafélag, fær 15 ár til rannsókna, leyfisöflunar og undirbúnings orkuvinnslu á hluta af landi landeiganda. Leigutaki fær einhliða rétt til að framlengja þann tíma um fimm ár. Eftir gangsetningu hefur leigutaki 60 ár til orkuvinnslu. Leigutakinn fær þannig samtals í allt að 80 ár einkaleyfi á umsömdu svæði til rannsókna og framkvæmda, rétt til vegagerðar og efnistöku í landinu og rétt til að framselja öll þessi réttindi áfram. Leigutakinn hefur rétt til að segja samningnum upp hvenær sem er án bóta.

Landeigandinn fær fastar leigugreiðslur meðan á rannsóknum og undirbúningi stendur. Leigan greidd árlega en tekur hækkunum á fimm ára fresti. Sé möl af landinu nýtt til vegagerðar fær landeigandi greiðslur fyrir hana. Eftir að raforkuframleiðsla hefst fær landeigandi greidd 1,5-2% af brúttósölu raforku en leigan fellur niður.

Landeigandi getur rift samningnum eftir 15 ár nema leigutaki hafi „hafið“ framkvæmdir við byggingu vindorkugarðsins. Leigutaki skal í lok leigutíma fjarlægja vindmyllur, línur og tengivirki á eigin kostnað.

### *Undarlega langur undirbúningstími*

Leigutaki hefur 15 ár til undirbúnings og rétt til að framlengja um 5 ár til viðbótar telji hann þörf á því. Ekki er að sjá að landeigandi hafi andmælarétt varðandi framlenginguna.

Í samninginn vantar sárlega ákvæði um að leigutaki skuli nýta undirbúningstímann vel, t.d. ljúka við rannsóknir og afla virkjanaleyfa innan tiltekins árafjölda. Eðlilegt væri að landeigandi gæti sagt upp samningi ef leigutaki t.d. lýkur ekki rannsóknum innan tveggja ára. Án tímamarka gæti leigutaki gert lítið í 20 ár, annað en að freista þess að selja orkufyrirtæki samninginn fyrir væna fúlgu.

Í raun eru tuttugu ár allt of langur tími til undirbúnings. Fimm ár ættu að duga leigutaka til að ljúka rannsóknum og afla leyfa, séu þau á annað borð fáanleg, og hefja framkvæmdir.

### *Leigugreiðslur á undirbúningstíma allt of lágar*

Leigugreiðslur á undirbúningstíma þurfa að taka mið af stærð landsins og fjárhæðum sem landeigendur í öðrum löndum fá. Lausleg athugun sýnir að í Bandaríkjunum fá landeigendur 5-40$ á ekru í ársleigu. Sé tekið meðaltal af þessu gæti leigan verið 2.500 kr. á ekru eða um það bil 1.200 kr. á hektara á ári.

Í þeim samningi sem hér um ræðir var boðin leiga sem er 170 kr. á hektara á ári, sem er nálægt 1/7 af meðalverði í Bandaríkjunum. Boðin er tvöföldun eftir fimm og tíu ár en eftir þær hækkanir er leigan samt helmingi lægri en í Bandaríkjunum.

Einnig þarf að gæta þess að hið leigða svæði sé ekki bara hluti af því svæði sem líklegt er að verði nýtanlegt og nýtt til vindorkuöflunar. Annars er leigutakinn að fá forkaupsrétt að orkuöflun á mun stærra svæði en hann greiðir fyrir.

### *Umsamin hlutdeild landeiganda af orkusölu of lág*

Í þessum samningi er ákvæði um að landeigandi fái 1,5% af brúttóverði seldrar orku sem að 10 árum liðnum hækkar í 2%. Þetta virðist miklu lægri hlutdeild en tíðkast í Bretlandi ef marka má frétt í breska blaðinu the Guardian en þar segir að landeigendur fái um 5-6% af orkusölu vindorkuvera.

### *Leigutíminn 20 + 60 ár er allt of langur*

Eftir 15-20 ára undirbúning er landið leigt í 60 ár til viðbótar til orkuvinnslu. Á svo löngum tíma getur margt breyst. Möguleikar landeiganda til að segja upp samningnum eru nær engar en leigutaki getur sagt honum upp hvenær sem er.

Endingartími vindorkuvers er sagður um 20-25 ár. Á þeim tíma ætti vindorkuver að hafa borgað sig upp og skilað leigutakanum góðum arði. Í stað 60 ára ætti því að miða vinnslutímann við 25-30 ár að hámarki. Í lok þess tíma gætu aðilar samið um framlengingu sé gagnkvæmur hagur af því.

### *Vantar ákvæði um mengunarvarnir og viðhald*

Í samningnum eru engin ákvæði um hver beri ábyrgð á mögulegu tjóni orkuversins gagnvart þriðja aðila. Kröfur gætu komið fram vegna t.d. sjónmengunar, hljóðmengunar, olíumengunar, örplastmengunar, verðrýrnunar eigna í nágrenni orkuversins, slysa á fólki o.fl.

Vindtúrbínur geta að sjálfsögðu bilað. Í samninginn vantar ákvæði um dagsektir séu túrbínur ekki lagfærðar eða fjarlægðar við fyrsta tækifæri. Erlend dæmi sanna að slík ákvæði eru bráðnauðsynleg til að koma í veg fyrir að bilaðar og úreltar túrbínur fái að grotna niður árum saman.

### *Haldlaust orðalag um að fjarlægja vindmyllur*

Í samningnum er ákvæði um að í lok leigutímans fjarlægi leigutaki vindmyllur og önnur mannvirki á eigin kostnað. Ákvæðið tryggir ekki á nokkurn hátt að leigutakinn, sem er einkahlutafélag, muni leggja til hliðar fjármagn til að mæta þessum kostnaði.

Ákvæði vantar einnig um að landinu verði komið í sem næst upprunalegt ástand eða það grætt upp á kostnað leigutaka.

Erlendis má finna fjölda dæma um að vindorkufyrirtæki hafi farið á hausinn þegar kom að því að uppfylla ákvæði um að fjarlægja mannvirki. Landeigendur hafa því setið uppi með sárt ennið og stór landsvæði alsett vegum, raflínum, rusli og ryðgandi túrbínum. Í einhverjum löndum hafa því verið sett lög sem skuldbinda vindorkuver til að kaupa tryggingar sem duga til að taka niður mannvirkin.

Hér eru engin slík lög og því þurfa landeigendur sjálfir að setja slík ákvæði inn í samninga. Hver á t.d. að hreinsa upp ef fárviðri eða aðrar náttúruhamfarir eyðileggur mannvirkin? Sé ekki um það rætt í samningi lendir það á landeigandanum.

### *Lög um ósanngjarna samninga*

Ekki verður nánar fjallað um þennan samning hér en telji einhver sig hafa skrifað undir ósanngjarnan samning má hugsanlega leita eftir ógildingu með dómi. Í 31. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 (samningalög) segir að ógilda megi gerning ef „bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og því endurgjaldi sem fyrir þá kom eða skyldi koma“ og einnig hvort leigutaki hafi „misnotað sér fákunnáttu“ landeiganda.

Að lokum vil ég hvetja bændur og landeigendur til að kynna sér reynslu norskra og sænskra bænda sem hafa margra ára reynslu af samningum við vindorkuver og fara afar gætilega í samningum um þessi efni.

*Frosti Sigurjónsson*




HÚS Fasteignasala

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is

MYKJULÓN

Hagkvæm geymsla verðmæta

Mykjulón eru hagkvæm og afturkræf aðferð við geymslu á húsdýraáburði sem gerir bændum kleift að hámarka verðmæti áburðarefna og uppfylla kröfur um geymslu búfjáráburðar. Mykjulón eru styrkhæf framkvæmd.

Verðdæmi:

| 1.000m³ | 1.500m³ | 2.000m³ |
|---|---|---|
| 2.800.000 án vsk. | 3.500.000 án vsk. | 4.300.000 án vsk. |
| Kr. 3.472.000 m/vsk | Kr. 4.340.000 m/vsk | Kr. 5.332.000 m/vsk |



VINNUVÉLAR & ÁSAFL
Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær
www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400



31. ÁGÚST 2023
KL 13 - 17

LANDBÚNAÐUR Í GEGNUM SAFN OG SKÓLA

MÁLÞING TIL HEIÐURS BJARNA GUÐMUNDSSYNI

Í tilefni af 80 ára afmæli próf. Bjarna Guðmundssonar mun Landbúnaðarsafn Íslands standa fyrir málþingi á Hvanneyri í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands.

13:00 Setning málþings
13:15 *Þegar sel var á hverri jörð* – Árni Daníel Júlíusson
14:00 *Kveðja frá stjórn Landbúnaðarsafns Íslands* – Haraldur Benediktsson
14:25 *...og svo kom Fergussonfélagið* – Þór Marteinsson
14:35 *Safnmaðurinn Bjarni á Hvanneyri* – Lilja Árnadóttir
15:00 *Hlé* – Kaffiveitingar að hætti Kvenfélagsins 19. júní
15:30 *Safn og skóli. Tilurð safns innan skóla* – Anna Heiða Baldursdóttir
16:00 *Búvísindamaðurinn Bjarni Guðmundsson* – Þóroddur Sveinsson
16:25 *Safn og háskólakennsla* – Sigurjón Baldur Hafsteinsson
16:45 *Framtíðarmöguleikar* – Ragnhildur Helga Jónsdóttir

Viðburðurinn er ókeypis og öllum opinn.

ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN!

VÉLABÁSINN

# Gerður fyrir illa meðferð

## – Prufuakstur á Can-Am Traxter HD10 6x6

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is





Can-Am Traxter HD10 6x6 vinnubíllinn er gerður til að þjóna mjög skýrum tilgangi: Burðast með farm um torfærar slóðir og er öllum óþarfa búnaði sleppt. Hönnuðir Can-Am hafa þó ekki veitt afslátt á útlitshönnun. Myndir / ÁL

**Bændablaðið tók að þessu sinni til prufu nýjan sexhjóla vinnubíl frá kanadíska framleiðandanum Can-Am. Þetta er einfalt vinnutæki með mikla burðar- og drifgetu. Traxter er á margan hátt sér á báti, en starfsmenn Ellingsen lýsa tækinu sem stærri, öflugri og öruggari útgáfu af sexhjólunum sem eru algeng í sveitum landsins.**

Þegar tækið er skoðað að utan virðist það vera stækkuð útgáfa af sexhjóli, nema með sætum og veltigrind í stað hnakks. Þó uppsetningin sé á margan hátt svipuð, þá deilir Traxter sárafáum íhlutum með sexhjólunum frá Can-Am. Grindin, fjöðrunarbúnaðurinn og drifrásin eru sérstaklega endurhönnuð og styrkt til að þola þann aukna þunga og álag sem þessu tæki fylgir.

### *Búnaður í lágmarki*

Þegar sest er um borð er fátt sem tekur á móti manni, enda er þetta algjörlega strípuð útgáfa af Traxter og greinilegt að peningurinn hefur farið í drifbúnað í stað lúxus. Engar dyr eru á veltigrindinni, heldur er taunet við hvorn inngang, sem haldið er uppi með plastsmellu.

Bíllinn er með þrjú sæti, með merkilega þægilegum og mjúkum svampi. Þau eru klædd með vatnsheldu áklæði. Hvert sæti er með sitt þriggja punkta öryggisbelti. Í mælaborðinu er ein stöng fyrir gírana og eru tveir gírar áfram og einn aftur. Stiglaus reimskiptingin sér svo um að halda vélarsnúningnum réttum. Engin kúpling kemur við sögu.

Traxter er ekki með neinn millikassa og eru öftustu fjögur hjólin alltaf læst í drifi. Hægt er að setja í sexhjóladrif með einum takka. Ökutækið er mun liprara en mætti ætla og verður ekkert stífara þegar framhjóladrifið er virkjað.



Pallurinn á Traxter 6x6 er með svipuð mál og amerískir pallbílar og má bera 771 kílógramm.



Ökumannshúsið er með nákvæmlega það sem þarf og ekkert meira. Þó sætin líti ekki út fyrir að vera merkileg, þá eru þau sérlega þægileg.

### *Drifgeta umfram væntingar*

Þegar Traxter er tekinn til kostanna á grófum slóða, tekur nokkurn tíma að átta sig á hversu öflugt tækið í raunninni er. Undirritaður er vanur venjulegum jeppum og byrjaði á að keyra varlega yfir grjót og djúpar holur. Þegar leið á prufuaksturinn jókst sjálfstraustið þó til muna og hraðinn samkvæmt því. Ófærur, sem undirritaður hefði ekið yfir á 15-20 kílómetra hraða á óbreyttum jeppa, þoldu vel 50-60 kílómetra hraða á þessu tæki.

Hvert einasta hjól er með sjálfstæða fjöðrun og miklum hreyfanleika. Traxter nær því að halda sér ótrúlega stöðugum og mjúkum þegar brunað er yfir hörmulegt yfirborð. Mýktin verður jafnvel meiri þegar hraðinn eykst.

Samanborið við jeppa, þá ræður Traxter við margfalt brattari brekkur, enda með þrjá öxla og mun léttari. Í þessum prufuakstri var tekist á við brekku með meira en 45 gráðu halla á köflum og lausu yfirborði og komst bíllinn upp án mikilla láta.

Næst var reynt við lengri og brattari brekku, en þar fundust takmörk drifgetunnar. Þar sem Traxter er rásfastur og stöðugur, þá var lítið mál að bakka niður án þess að koma sér í sjálfheldu eða óttast að velta tækinu.



Fjöðrunarkerfið er mun öflugara en í venjulegum jeppum.



Aðgengið að vélinni er með allra besta móti.

### *Ekki gerður fyrir þjóðvegi*

Tekinn var stuttur rúntur á góðum malarvegi. Þar reynist Traxter prýðilegur upp að 70 kílómetra hraða. Þó bíllinn komist hraðar, þá fer upplifunin að vera óþægileg þar sem ökumaðurinn er nær alfarið óvarinn fyrir vind. Hávaðinn verður jafnframt það mikill að ómögulegt er að eiga samskipti við sessunautinn.

Ekki var reynt á akstur á malbiki, enda bíllinn ekki ætlaður í slíka notkun.

### *Öflugur pallur*

Ekki er hægt að segja frá mörgu þegar kemur að ytra byrði tækisins, enda hefur öllum óþarfa verið haldið í lágmarki. Örstutt grænt húddið og ljósin mega þó eiga það að vera smekklega hönnuð.Það sem mestu máli skiptir á Traxter er pallurinn. Þó hann virðist ekki stór, þá er hann með sambærilegt innra mál og amerískir pallbílar og komast tvö Euro-bretti leikandi á þverveginn. Skjólborðin eru með sterkri stálgrind og eru föst, nema dregnir séu fram skiptilyklar.

Burðargeta farartækisins er 771 kílógramm, sem þýðir að bíllinn getur auðveldlega burðast með heyrúllu á pallinum. Dráttargetan er jafnframt 1.360 kílógrömm. Bændur og aðrir sem vinna við erfiðar aðstæður úti í náttúrunni, geta leyst af hólmi fjölmörg tæki með Traxter. Pallurinn er með hlerapumpu, en samkvæmt upplýsingum frá Ellingsen á hann að létta undir við að sturta, jafnvel þó pallurinn sé með fullfermi. Vélin og skiptingin eru staðsett rétt aftan við ökumannshúsið, undir pallinum. Þegar pallinum er lyft upp, þá er sérlega gott aðgengi til að sinna viðhaldi.

### *Tölur*

Helstu mál í millímetrum eru: Lengd, 3.915; breidd, 1.625; og hæð, 1.981. Þyngd ólestaðs ökutækis er 886 kílógrömm. Verð með vsk. er 5.990.000 krónur.

### *Að lokum*

Traxter sexhjóla vinnubíllinn er flott tæki þar sem burðar- og drifgeta er í algjörum forgangi.

Einfaldleikinn er mikill og lítur út fyrir að ekki hafi verið lögð króna í óþarfa búnað.

Ökutækið er torfæruskráð og kemur því ekki til greina sem vinnutæki í þéttbýli.

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP

# ... hamast og djöflast við heykvíslina ...

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Gyrði Elíassyni.**

Gyrðir er Austfirðingur að ætt og uppruna, fæddur árið 1961 og ólst upp á Sauðárkróki en er nú búsettur í Garði. Gyrðir er virtur og mikilvirkur rithöfundur sem hefur sent frá sér tugi verka; smásögur, ljóð, skáldsögur, ritgerðir og sagna- og ljóðaþýðingar.

Hann hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir ritstörf sín, m.a. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, Íslensku bókmenntaverðlaunin og Íslensku þýðingarverðlaunin. Verk Gyrðis hafa verið þýdd og gefin út á fjölda tungumála og hann sem dæmi verið tilnefndur til bæði frönsku Jean Monnet- og Prix Médicis verðlaunanna. /sá

---






Gyrðir Elíasson.
Mynd / Johannes Jansson

**_Heyskapur_**

*Notalegt að liggja á heyvagni frænda og hossast á hlassinu eftir djúpum moldartroðningi áleiðis til hlöðunnar. Við komum ofan af túni sem var uppundir fjallinu, og þar hafði ég staðið með hrífu ásamt frænku. Síðan settumst við í teiginn með mjólkurflösku og kaffiflöskuna góðu í ullarsokknum, og í fáðum blikkstauk sem upphaflega var fagurmálaður liljum vallarins, voru kleinur og vöfflur með rabarbarasultu. Hundurinn lá lafmóður við fætur okkar og beið þess að fá bita. Ég henti stundum í hann kleinu, en frænka sagði: „Hann fær nóg, hundræfillinn, þegar hann er heima.“*

*Núna lá ég á hlassinu, heyrði glamrið í dráttarvélarbeislinu og vonaði að pinninn hrykki ekki upp úr, því ekki vildi ég vera á vagninum ef hann losnaði aftan úr vélinni. Það var sólskin og næstum logn og himinninn blárri en timburloftið í kirkjunni á Moldarstöðum.*

*Frændi minn í ullarnærfötum þrátt fyrir hitann, alveg hreint að springa en lét einsog ekkert væri, og ég vissi að hann mundi hamast og djöflast við heykvíslina og sleppa kannski naumlega við að stinga gat á svörtu slönguskóna sína. Ég hafði litla kvísl og reyndi að hamast líka, en honum þótti ég alltaf heldur linur til verka.*

*„Hvað er þetta drengur,“ sagði hann oft. „Geturðu ekkert?“*

*Við vorum komnir að hliðinu efst í heimatúninu og það glampaði á hlöðuþakið tilsýndar. Ég beið þar til traktorinn stöðvaðist alveg, þá stökk ég ofan af ækinu og opnaði hliðið með tilþrifum, hneigði mig djúpt með handsveiflu fyrir frænda um leið og hann ók brosandi í gegn.*

*Inn um þetta hlið færi ég aftur um kvöldið, með kýrnar og dökkan flugnasveiminn.*

---

*Úr smásagnasafninu Kvöld í ljósturninum*
*e. Gyrði Elíasson. Útg. Mál og menning 1995.*









## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði







MATARKRÓKURINN

# Miðaldramanna-salat



**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com

**Árin færast hratt yfir og miðöldrunin gengur vel. En svo byrjar að smella í öllum liðum og líkurnar á því að geta lesið innihaldsupplýsingar gleraugnalaus eru hverfandi. Það þýðir að það er þýðingarlaust að þráast lengur við. Það þarf að borða meira salat.**

Hingað til hefur fullkominn skammtur af grænmeti sennilega verið paprika og sveppir með pepperóníinu á pitsur og súrar gúrkur á hamborgara.

En nú er svo komið að það er bara ekki nóg og þá er eins gott að búa til salat fyrir snemmmiðaldra menn. Menn eins og mig.

Til að ferskmiðaldra maður eins og sá sem þetta skrifar geti borðað salat sem aðalrétt þarf tvennt eða sennilega þrennt, alla vega tvennt og hálft:

Sæmilega dressingu, smá prótein og þetta hálfa, pínulítið kolvetni – alla vega til að byrja með.

Salatið getur verið nokkurn veginn hvað sem er en ágætis grunnur er laufsalat eins og rósasalat, Romain, Grand, kínakál eða Iceberg. Grænkál er svo líka svakalega hollt svo ekki sé minnst á spínatið. Tómatar og radísur eru líka mjög góð viðbót við grunninn.

Svo má djassa salatið upp með því sem til er eða þykir sæmilegt á bragðið. Paprika, hvítkál, agúrka og allt þetta helsta er voða hollt og gott.



Salat þarf ekki að vera vont. Allavega ekki alvont. Mynd / Hari

> Trixið með salat fyrir byrjendur er að saxa það smátt. Þannig er enginn vandræðagangur með stór lauf og dressingin blandast vel í hvern munnbita ..."

### *Siggi majónes*

Trixið með salat fyrir byrjendur er að saxa það smátt. Þannig er enginn vandræðagangur með stór lauf og dressingin blandast vel í hvern munnbita.

Salatlífið verður bara miklu hentugra til átu og bara betra þegar smátt er skorið. Talandi um dressingu þá er ákjósanlegt að hún innihaldi svolitla fitu svo hún hjúpi kálið og svo smá sýru til að vega upp á móti fitunni. Klassískt kombo er ólífuolía, edik og sinnepssletta þeytt eða hrist saman. Sinnepið hjálpar olíunni og edikinu að hanga saman þrátt fyrir að vera beinlínis olía og vatn.

En í miðaldramanna-salati byggist dressingin í kringum gamla góða mæjónesið. Mæjónes er jú nokkurn veginn bara stöðug fitublanda.

Er þó fullþykkt til að fara beint út í kálið og líka pínu ógirnilegt. Það er því ákjósanlegt að þynna mæjónesið nokkuð. Mátulega súran þynni er hægt að finna í til dæmis límónusafa en einnig er hægt að nota safann af súrum gúrkum, ólífum eða einhverju öðru sýrðu góðgæti.

Smá salt og smá sinnep skaða heldur ekkert.

### *Búrgeisar*

Til að fara ekki of bratt í salatlíðið er gott að nýta það sem hinn snemmmiðaldra þekkir. Til dæmis með því að búa til salatskálar úr kunnuglegum réttum.

Það er hægt að gera taco-salat með alls konar salatblöðum, tómötum og avókadó. Toppað með dressingu byggðri á sýrðum rjóma í staðinn fyrir mæjónesunni. En hið fullkomna miðaldramanna-salat er þó auðvitað ostborgarasalat.

### *Svona förum við að:*

Grilla eða steikja hamborgaraplatta, bræða yfir hann ost og láta taka sig á meðan salatið er undirbúið. Saxa niður salatblöð, lauk, tómata og góða súra gúrku.

Hræra saman mæjónesi og safanum af súru gúrkunum, sirka í hlutföllunnum einn partur mæjó á móti einum parti af súrsafa. Þá hálfum parti af góðu amerísku gulu sinnepi. Smá salt og pipar eftir smekk. Skera borgarann í kubba og hræra út í laufin.

Punkturinn yfir i-ið kemur svo með steiktum brauðteningum. Saxa franskbrauð eða jafnvel – hamborgarabrauð. Steikja brauðbitana upp úr klípu af smjöri við frekar miðlungshita.

Þegar teningarnir eru byrjaðir að brúnast og verða stökkir er svo hægt að léttsteikja nokkur sesamfræ fyrir þá sem vilja Big-mac gæði á salatið.

ERFINGJAR LANDSINS

## Með framtíðina fyrir sér

**Hann Greipur Guðni er hress og kátur níu ára strákur sem þykir skemmtilegt að kíkja á sveitabæi.**




**Nafn:** Greipur Guðni Hilmarsson.

**Aldur:** 9 ára.

**Stjörnumerki:** Hrútur.

**Búseta:** Reykholt, Biskupstungum.

**Skóli:** Bláskógaskóli.

**Skemmtilegast í skólanum:** Frímínútur.

**Áhugamál:** Fótbolti.

**Tómstundaiðkun:** Kíkja á sveitabæi.

**Uppáhaldsdýrið:** Ljón kom fyrst upp en íslenskt er geit.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari og grjónagrautur.

**Uppáhaldslag:** Króatía og Finnland í Eurovision 2023.

**Uppáhaldslitur:** Fjólublár.

**Uppáhaldsmynd:** King Kong og Jurassic Park.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég hélt að brúnn blettur í sætinu á gröfunni hans pabba væri kúkur eftir að hann var stoppaður af löggunni fyrir hraðakstur.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Fara til Tenerife og óvissuferð til Vestmannaeyja.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!**
Hafið samband: **sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 3 | | | | 9 | 8 | |
| 9 | | 5 | 3 | 8 | 2 | | | |
| | | | 6 | | | | 1 | 5 |
| | 5 | | | 4 | | | | 8 |
| 8 | | | | | 1 | 6 | 9 | 7 |
| | 2 | 9 | | | 3 | | | |
| 2 | 4 | | 9 | 3 | | 8 | | |
| | 6 | | 4 | | | 5 | | 9 |
| 5 | 9 | | 2 | | | 7 | | 3 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | | 1 | 5 |
| | 5 | | 6 | 8 | 3 | | 7 | |
| | | | 4 | 3 | 9 | | | 2 |
| | | | | | | | | |
| 9 | | | | | | | 8 | 6 |
| | 3 | 5 | | | | | | |
| 2 | | | | | 1 | | | |
| | | 8 | 7 | | | | 2 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 6 | | 3 | | 1 | |
| 1 | 3 | | | | | 4 | | |
| | | | | 8 | | | 7 | |
| | | | 9 | | | | 3 | |
| 3 | 1 | | | | 7 | | | |
| 8 | | | 3 | | 6 | | | 9 |
| 5 | 4 | | | | | 8 | | 2 |
| | | | | | | 5 | | |
| | | 6 | | | | | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 3 | 5 | 4 | | | 7 | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 4 | | | 3 | | | | 1 |
| 9 | | | | | 3 | | | 7 |
| | | 2 | 6 | | 9 | 3 | | |
| | | 4 | | | | | | |
| | | | | | | | 8 | |
| 6 | | 8 | 3 | | | | | |
| | | | | 1 | | 9 | 2 | |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Barnapeysan Smári

| Stærðir | 2 | 4 | 6 | 8 |
|---|---|---|---|---|
| Yfirvídd í sm | 62 | 68 | 72 | 78 |
| Ermalengd í sm | 24 | 28 | 32 | 35 |
| Bolsídd í sm | 22 | 25 | 30 | 32 |

**Efni:** 200-300-300-350 gr Þingborgarlopi í aðallit, 50 gr lopi í sauðalit eða Slettuskjótt (litaður Þingborgarlopi).

Sokkaprjónar 5 mm, hringprjónar 5 mm, 40, og 60 sm langir, heklunál 4 mm, tölur eða rennilás.

**Prjónfesta:** 14 l og 21 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 sm Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum. Bolur og ermar eru prjónuð í hring.

**Bolur:** Fitjið upp 91-97-103-113 l á 40 sm hringprjón. Fitjaðar eru upp 2 aukalykkjur sem svo eru prjónaðar brugðnar upp að hálsmáli. Prjónað slétt uns bolur mælist 22-32 sm. (Mælið viðkomandi og metið bolsídd).

**Ermar:** Fitjið upp 28-30-32-32 lykkjur á sokkaprjóna, prjónið slétt í hring 6-8 sm. Aukið út um 2 lykkjur, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 l fyrir síðustu lykkju í umf). Endurtakið aukningu 3-3-4-4 x upp ermi, með u.þ.b. 4-5 umferðir á milli þar til 36-38-42-42 lykkjur eru á prjóninum. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 22-32 sm. Mælið handlegg og finnið út rétta ermalengd.

**Axlastykki:** Sameinið nú bol og ermar á 60 sm hringprjóninn. Setjið 3-3-3-3 síðustu l og 2-2-3-3 fyrstu l af ermum á prjónanælu. Prj 20-22-23-25 l af bol að framan, prjónið fyrri ermina við 31-33-36-36 l, setjið næstu 5-5-6-6- l af bol á hjálparprjón eða nælu. Prjónið næstu 10-43-45-51 l af bol og setjið næstu 5-5-6-6- l á hjálparprjón. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hina og að síðustu 20-22-23-25 l af bol. Þá eru 143-153-163-173 l á prjóninum. Prj mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar og að lokum sokkaprjóna. Þegar mynstri lýkur eru 58-62-66-70 l eftir á prjóninum. Fellið laust af. Gangið vel frá öllum endum og lykkið saman undir höndum.

**Listi:** Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinna í brugðningu að framan sitt hvoru megin, sem næst slétta prjóninu. Gott er að sauma tvisvar hvoru megin. Klippið upp á milli saumanna. Snúið réttunni á peysunni að ykkur og byrjið að hekla neðst á hægra framstykki, 1 fl í aðra hverja lykkju með aðallit, hekla 2 fl á hornið þegar kemur að hálsmáli, 1 fl hekluð í fyrstu lykkju í hálsmáli, 1 ll, hoppa yfir 1 lykkju, 1 fl í næstu lykkju, endurtaka út á hornið á vinstra framstykki, 2 fl á hornið, hekla eins niður að framan á vinstra framstykki, 2 fl á hornið að neðan, hekla áfram 1 fl, 1 ll, hoppa yfir 1 lykkju, neðan á peysunni eins og gert var í hálsmáli, tengja saman með kl þegar hrignum er lokað. Hekla 1 ll og heklið síðan 1 fl í hverja fl frá fyrri umferð, hnappagöt eru gerð í þessari umferð þannig: hekla 1 ll og hoppa yfir 1 fl,eins mörg hnappagöt og óskað er, á





hægra framstykki á stelpupeysu og vinstra framstykki á strákapeysu, hekla 1 fl, 1 ll, og fl um ll frá fyrri umferð í hálsmáli og að neðan, tengja saman með kl neðst á hægra framstykki, þriðja umferðin er eins og númer tvö nema þar sem eru hnappagöt eru heklaðar 2 fl um ll frá fyrri umferð.

Heklið eins framan á ermar. Einnig er hægt að hekla takka í hálsmál og að neðan í þriðju umferð, þá er heklað eins á framstykkjum, en í hálsmáli og að neðan heklaðir takkar þannig: 3 ll, 1 fl í þriðju ll frá nálinni, 1 fl um ll frá fyrri umferð. Slítið frá. Gangið frá endum og lykkjið saman undir höndum. Eins má setja rennilás á þessa peysu. heklaðar eru tvær umferðir af fastahekli án hnappagata. Hafið rennilásinn 2-3 sm styttri en boðungur mælist og mælið fyrir rennilásnum eftir þvott. Þræðið rennilásinn á boðungana og saumið svo annað hvort í höndum með þéttu spori eða í saumavél. Passið að mynstur standist á.

**Þvottur:** Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og kreistið sem mest af vatni úr peysunni. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

**Skýringar:**
sm= sentimetrar
l= lykkjur/lykkja
umf= umferð
fl= fastalykkja
ll= loftlykkja
kl= keðjulykkja







Þingborg

s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvalinni lambsull í sauðalitum. Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatónum, eins og liturinn í húfunni sem uppskrift er að hér í blaðinu. Einnig fást tilbúnar pakkningar fyrir húfuna í versluninni sem staðsett er í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss. Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17




BÆRINN OKKAR

**Björn er þriðju kynslóðar bóndi á Krithóli, en hann sameinaði jörðina aftur í eitt bú þegar hann keypti af foreldrum sínum og ekkju föðurbróður síns árið 2016. Björn og Hrund kynntust sama ár og á þeirra fyrsta stefnumóti tilkynnti hann henni að hann ætlaði sér að búa í sveit. Hún tók þeim skilmálum vel, en 7 árum, nýju húsi og þremur börnum síðar búa þau saman á Krithóli, sem er sauðfjár- og skógræktarjörð í Skagafirði.**




**Býli:** Krithóll.

**Staðsett í sveit:** Krithóll er fyrsti bær í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

**Ábúendur:** Björn Ólafsson og Hrund Malín Þorgeirsdóttir.

**Fjölskyldustærð:** Ásamt okkur búa hér börnin okkar þrjú Bríet Lára (f. 2018), Ólafur Ari (f. 2021) og Arna Karítas (f. 2023). Við búum vel að því að hafa foreldra Björns á næsta bæ og elstu systur hans og fjölskyldu á neðri bænum. Mikill samgangur er á milli bæjanna. Hundurinn Nói hvílir sig á hlaðinu á milli þess sem hann hrellir póstinn og lætur hrafninn stríða sér.

**Gerð bús:** Skógræktar- og sauðfjárjörð. Skógræktin er í sameiginlegri eigu Björns, systra hans og foreldra.

**Fjöldi búfjár:** 350 kindur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Flest verk eru árstíðabundin. Sumrin fara í girðingavinnu og heyskap. Haustin fara í smalamennsku, slátrun og grisjun skógræktar.



Veturinn fer í gegningar og tilhleypingar og vorin fara í sauðburð. Viðhald húsa og tækja allt árið um kring, að ógleymdu blessaða bókhaldinu.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár?** Við sjáum fyrir okkur að við verðum búin að auka um 100–150 fjár. Eftir 5 ár verður arfgerð stofnsins að fullu laus við áhættu og hlutlausa arfgerð. Afköst eftir hverja kind verða meiri, vinnuaðstaða betri og endurgerð í fjárhúsum lokið. Nýting á skógræktinni (staurar, kurl, eldiviður o.fl.) verður aukin og 20–30 landnámshænur komnar á sinn stað.

Ef allt gengur að óskum verða fjárhúsakettirnir orðnir 5 ára, en við erum að leita að goti um þessar mundir.

Hugsanlega verðum við komin með aðra búgrein á þessum tíma en takmarkið er alltaf að verða sjálfbær og þurfa að vinna minna utan bús.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, súrmjólk, skyr, egg og grænmetissósa.

**Hver er vinsælasti matur heimilisins?** Snitsel af veturgömlu leggst vel í alla en sonur okkar borðar í raun ekkert með ánægju nema skyr.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Engir stórviðburðir koma í hugann heldur allir litlu póstarnir:



fyrsta burðarhjálp Hrundar, þegar Bríet Lára var nýfarin að ganga og gekk óhrædd garðana og lét kindurnar heyra það sem ætluðu í hana, þegar Ólafur Ari sá 280 hestafla Fent og varð algjörlega orðlaus og agndofa af aðdáun, þegar allt okkar besta fólk kemur til aðstoðar í sauðburð og svo í réttir og vinnur fram á nótt í að flokka með okkur. Allir litlu hlutirnir og samveran sem tilheyra hversdagsleikanum í sveitinni eru okkur minnisstæðir og gera lífið svo ljúft.



FRÆÐSLA



Urtönd er minnsta önd Evrópu og þá jafnframt langminnsta andartegundin sem verpur hér á Íslandi. Hún er útbreidd um allt land, helst á láglendi í mýrum, tjörnum, skurðum, ám og flóum. Þessi litla buslönd er afar kvik og hraðfleyg. Þær eru nokkuð félagslyndar utan varptíma og ekki óalgengt að sjá þær í litlum hópum. Engu að síður eru þær afar styggar og fljótar að koma sér í felur ef þær verða fyrir ónæði. Líkt og aðrar buslendur éta þær fræ, plöntur og skordýr sem þær hálfkafa eftir. Urtendur eru að mestu farfuglar, stofninn er um 3.000–5.000 pör og er áætlað að um 1.000 fuglar dvelji hérna yfir veturinn. Þeir fuglar sem fara frá landinu hafa vetursetur aðallega á Bretlandseyjum en einnig Vestur-Evrópu.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Hver er þessi stúlka?

**Skömmu eftir að fjörutíu ár eru liðin frá útgáfu fyrstu plötu hennar fyllir nú drottning poppsins sextíu og fimm ár hér á jörð.**

Söngkonan Madonna Ciccone fæddist þann 16. ágúst árið 1958 í Michigan, Bandaríkjunum, en foreldrar hennar voru önnur kynslóð innflytjenda bæði ítalskra og svo fransk-kanadískra. Var kaþólsk trú í hávegum höfð innan fjölskyldunnar sem taldi hvorki meira né minna en sex börn. Móðir Madonnu lést er hún var fimm ára, en í kjölfarið kvæntist faðir hennar ráðskonu heimilisins og eignaðist með henni tvö börn. Madonnu mislíkaði þessi ráðahagur föður síns og fór það ekki framhjá neinum. Kom það sterklega í ljós á unga aldri að þarna væri á ferðinni manneskja sem léti heyra í sér ef henni mislíkaði.

Þótt trúin virðist vera stór hluti tilveru hennar og virðing við strang-kaþólskan föður hennar í þeim efnum, fer hún sínar eigin leiðir. Lagið Papa dont preach sem kom út árið 1986 tileinkaði hún sambandi sínu við föður sinn sem hefur gegnum tíðina verið heldur stormasamt.

Seint á áttunda áratugnum hóf Madonna feril sinn sem dansari en ekki leið á löngu þar til hún vakti athygli bak við hljóðnemann. Íklædd blöndu af ögrandi undirfatnaði, netsokkabuxum, blúndum, skreytt trúarlegum skartgripum, fór tilvera hennar ekki framhjá neinum, enda vildi hún koma því á framfæri að hægt væri að sýna kynþokka jafnframt því að standa föstum fótum á sínu.

Hún varð þekkt fyrir djarfan klæðaburð og sjálfstæði, fyrirmynd hverrar konu. Mætti segja að hún hafi brotið blað í kvenréttindasögunni, ýtt réttilega undir tilveru andlegs frelsis og sjálfstæðis kvenna til jafns við karlmenn.

### *Aftur til fortíðar*

Á verðlaunaafhendingu MTV Video Music Awards árið 1984 mætti hún gallvösk í hvítum alklæðnaði, tjullpilsi, sokkabuxum og korseletti, með Boy Toy beltissylgju. Þar flutti hún meðal annars lagið Like a Virgin sem fellur hvorki í gleymsku né dá þeirra sem á hlýddu.

Er lagið titillag samnefndrar plötu sem hefur selst í yfir 20 milljónum eintaka, þá ein mest selda plata allra tíma. Í dag er Madonna líklegast sú söngkona sem hefur selt hvað flestar plötur á heimsvísu.



Nýleg mynd af söngkonunni ásamt börnunum hennar sex.

### *Dansað yfir línuna*

Madonna hættir þó aldrei að dansa á línunni og hefur jafnvel farið yfir hana allhressilega, a.m.k. ef litið er til upphafs tíunda áratugarins, bæði í hegðun og klæðaburði.

Sem dæmi má nefna tónlistar-myndband hennar við lagið Justify My Love frá árinu 1990. Þar er að finna afar kynþokkafulla senu þar sem hún ýtir enn og aftur við hinni heilögu mynd kaþólsku kirkjunnar með því að hafa hið heilaga trúartákn, krossinn, danglandi um háls elskhuga sinna. Nokkrum árum síðar, 1993, á sviði í Púertó Ríkó fór hún höndum um fána landsins á klámfenginn hátt og vakti afar mikla reiði áhorfenda.

Ekki löngu síðar var Madonnu boðið í spjallþátt Jay Leno sem þá var einn vinsælasti spjallþáttur Bandaríkjanna. Þar færði hún þáttastjórnandanum vinsæla nærbuxur sínar og bauð honum að þefa að vild.

Sú hegðun þótti fara yfir öll mörk og meira að segja aðdáendum hennar þótti of langt gengið, þarna væri mögulega ferli hennar lokið.

### *Ekki öll nótt úti enn*

Madonna lét þó hvergi bugast og einbeitti sér um tíma að því að styrkja fátæka listamenn til sýningahalds.

Á seinni hluta tíunda ára-tugarins þótti henni upplagt að túlka forsetafrúna Evitu Peron í samnefndri mynd, en sú kona hafði m.a. mikil afskipti af kvenréttindum og vegna hennar var m.a. kosningaréttur argentínskra kvenna viðurkenndur.





Að ofan má sjá Madonnu íklædda dressi sínu frá MTV hátíðinni árið 1984 og á neðri myndinni er hún öllu settlegri, árið 1998.



Eitt umtalaðasta dress Madonnu, eftir tískuhönnuðinn Jean Paul Gaultier, árið 1990.

Með nýjum áratug urðu nýir tímar. Rétt fyrir aldamótin síðustu sneri Madonna sér að austrænni dulspeki og Kabbalah-trú. Komu áhrif þessara tíma sterklega í ljós á ímynd hennar og listrænu ferli eins og margir kannski muna eftir á sjöundu stúdíóplötu hennar, Ray of Light, sem gefin var út 1998.

Sama ár stofnaði hún góðgerðar-samtökin The Ray of Light Foundation. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að friði, jafnrétti og menntun fyrir alla, auk þess sem sérstök áhersla er lögð á valdeflingu kvenna, menntunarátak, alþjóðlega þróun og ýmis mannúðarátök.

Þetta var þó engin nýlunda því alla tíð hefur gustað af henni í hinum ýmsu baráttumálum. Má þar nefna réttindi HIV smitaðra svo og hópa innan LBGQT en einnig velferð barna frá þróunarríkjunum, en önnur góðgerðarsamtök sem mætti nefna, samtökin Raising Malawi, eiga að vinna að eflingu menntaaðstöðu þarlendis.

### *Tilefni til að fagna*

Enn þann dag í dag fer Madonna ótroðnar slóðir. Sextíu og fimm ára gömul býr hún ásamt hluta barna sinna í Lissabon og tæplega þrítugum ástmanni sínum, boxaranum Josh Popper. Hún stefnir á tónleikaferðalag undir nafninu Celebration í tilefni 65 ára afmælis síns – og lætur hvergi deigan síga þótt árin líði.

/SP

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eru hlaðin, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér..."
*Matt. 11.28-29*
biblian.is


2ja manna infrarauður saunaklefi
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.


Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550




Leitum að sjálfstæðum og reyndum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum landbúnaðarstörfum. Dráttarvéla- eða vinnuvélapróf er nauðsynlegt. Reynsla af mjöltum er nauðsynleg. Ódýrt húsnæði í boði. Umsóknir sendist á netfangið olof@vogafjos.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Íslenskur fjárhundur 2 ára, ógeldur, óskar eftir að komast að á góðu sveitaheimili. Staðsettur á Suðurlandi, uppl. í s. 777-4300.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Lyftari Komatsu lítið notaður í góðu standi. Upplýsingar í s. 768-7263 eða 768-2346.



Opel Corsa, árgerð 2016, beinskiptur, ekinn 97.000 km. Verð kr. 990.000. - notadir.bennis.is – S. 590-2035



Til sölu MAN 25 502 árg. '92. Upplýsingar í s. 894-9310 eftir kl. 20/00 á kvöldin.



Gerplu ræktun, er með hreinræktaða íslenska hvolpa með Hrfi. ættbók til sölu. Tík og rakki. Upplýsingar í s. 868-4500, sjá myndir.



Lagerhreinsun á tannhjóladælum. Alls kyns útfærslur á lager. Standard, Bosch, DEU, SAE. Einnig einfasa rafmótorar, lokar og fl. Vökvatæki ehf. www.vokvataeki.is vt@vokvataeki.is s. 861-4401.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420x 110. Net 15x10. Frá kr. 24.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



Til sölu dælustöð, 700 bar. Þrepaskipt. 2 l/mín og 0,9 l/mín. 100/700 bar. Tankur er 10L. Mjög lítið notuð. Hlíf á rafmótor brotið og eins er boxið fyrir start með sprungu eftir flutning. Kostar ný úti EXW líklega í kringum kr. 400.000. Fæst á mjög hagstæðu verði. Vökvatæki ehf www.vokvataeki.is vt@vokvataeki.is s. 861-4401.



Kolur, 7 ára íslenskur fjárhundur, leitar eftir fósturheimili í haust þegar eigandi fer í aðgerð. Kolur er húsbóndahollur og kann afar vel við sig í sveitinni, en býr í Vesturbæ Reykjavíkur. Hafið samband í s. 898-1801 eða igeorgs@gmail.com


Nýtt fjölnotahúsnæði í Þorlákshöfn
verslun - fiskeldi - þjónusta
ÖLFUSBAKKI.IS Til Leigu
Skoðaðu á www.olfusbakki.is
Áætluð afhending í apríl 2024

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far


GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
www.bbl.is

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

# Skipulagsauglýsing

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi: Deiliskipulag frístundabyggðar í Vesturbotni, Vesturbyggð.**

Deiliskipulagið nær yfir hluta jarðarinnar Vesturbotn í Vesturbyggð. Deiliskipulagið er 131 ha að stærð og nær yfir 24 frístundalóðir og golfvöll.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 12. ágúst til 24. september 2023 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 21. september 2023.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Virðingarfyllst,**
**Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.**

EYJALIND **Varahlutir í Bobcat**



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

Tálknafjörður

# Skipulagsauglýsing

**Aðalskipulag**
Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

**Breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018, iðnaðarsvæði I2-Gileyri, breyting á skilmálum.**
Breytingin varðar textabreytingu fyrir iðnaðarsvæði I2 við Gileyri í Tálknafirði. Um er að ræða textabreytingu á aðalskipulaginu en engar breytingar verða gerðar á uppdrætti. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnin breyting á deiliskipulagi seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar.

**Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar Tálknafirði**
Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar Tálknafirði. Breyting deiliskipulagsins á sér fyrst og fremst stað í aukningu á framleiðslumagni stöðvarinnar. Í dag er leyfi fyrir 200 tonna hámarkslífmassa en til stendur að auka framleiðslu stöðvarinnar í 1000 tonna hámarkslífmassa á ári. Breytingin er framsett í texta bæði í deiliskipulaginu og aðalskipulaginu og uppdráttur því óbreyttur.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með mánudeginum 14. ágúst til 26. september 2023. Þær verða einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við til 26. september 2023.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460 Tálknafirði.

**Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps.**



Seljum og þjónustum allan búnað fyrir t.d. Danfoss, Rexroth, Eaton/Charlynn, Argo Hytos, Parker, Hagglund, Poclain, Linde og flest allt fyrir allan iðnað og vinnuvélar. Vökvatæki ehf. - vt@vokvataeki.is www.vokvataeki.is s. 861-4401.



Mikið úrval af alls kyns lokum á lager. Stjórnlokar, bremsulokar, láslokar, öryggislokar og fl. Vökvatæki ehf. - vt@vokvataeki.is www.vokvataeki.is S. 861-4401.




SsangYong Rexton, 4x4, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 119.000 km. Verð kr. 5.190.000. notadir.benni.is – S. 590-2035.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.




Íslenska "Fish & Chips" snakkið samanstendur af íslenskum fisk-skífum (þorsk) og kartöfluflögum. Frábær skyndimáltíð við bæði leik og störf. Fjórar bragðtegundir, hver annarri betri. Heildsöludreifing - Bifröst Foods ehf. S. 897-6151.



Málverk eftir Ásgrím Jónsson, STRÚTUR Eigandasaga. Einkaskilaboð í s. 763-1619.




Tilboð. Weckman 70G sturtuvagn 7 tonna burðargeta/hlass er nú á tilboði. Verð kr. 1.440.000 m/vsk. Verð áður kr. 1.590.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. / www.hhauksson.is / S. 588-1130 / hhauksson@hhauksson.is



Iseki árg. 2009 (35hp) vst. 2.708 tímar með sláttubúnaði (sláttuborð að framan og safnkassi). Hægt að fá sóp og snjótönn með ef um rétt verð semst. Uppl. S. 820-8578.



Til sölu JCB traktorsgrafa líklega árg. 1997. Upplýsingar í s. 863-3110.




SsangYong Korando DLX, 4x4, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 79.000 km. Verð kr. 2.890.000. notadir.bennis.is – S. 590-2035



E10 Mini Grafa. Ný 1000 kg grafa frá Kína 1.4 vinnustundir. Fylgir -fleygur -staurabor -vökvakerfisþumal -Quick hitch -Ripper -80 cm tilt skófla -60 cm skófla -40 cm skófla með tönnum -20 cm skófla með tönnum. S. 663-9770.




Komatsu wh 609. Notkun 4.100 klst. Er í fínu standi. Verð kr. 4.500.000 +vsk. Skófla og gafflar fylgja. Uppl. í s. 866-0902.



Nýleg Biolan moltutunna og 2 litlar forvinnslutunnur. Gott við sumarbústaðinn. Verð kr. 90.000. Einnig lítið notuð Makita EG2850A rafstöð 230V 1 fasa, 2,8kW. Verð kr. 90.000. S. 893-2386 (saevar@frost.is).



Til sölu Massey Ferguson 35x árgerð 1961. Upplýsingar veittar í s. 693-4140.



Massey Ferguson 135 til sölu. Árgerð kringum 1970. Upplagður til uppgerðar. Verð kr. 350.000. Uppl. í s. 897-1090.



Suzuki Grand Vitara XL-7 árg. 2003. V-6 benzín, 226.000 km. Í góðu standi, næsta skoðun ágúst 2024, 7 manna og með dráttarkrók. Er í RVK, upplýsingar í s. 897-2180.




Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V , 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.




40" Gámur, hærri gerð, í góðu lagi. Verð kr. 550.000 eða besta tilboð. Er á Hvolsvelli. Upplýsingar í s. 768-7263 eða 768-2346.



Taðklær. 140-180 cm breiðar. Vökvatjakkar. Ásoðnar EURO festingar. Slöngur fylgja. Breidd 140 cm verð kr. 288.000 m/vsk. (kr. 232.258 án/vsk) Breidd 160 cm verð kr. 314.000 m/vsk. (kr. 253.226 án/vsk) Breidd 180 cm verð kr. 345.000 m/vsk. (kr. 278.226 án/vsk) H. Hauksson ehf. / www.hhauksson.is / S. 588-1130 / hhauksson@hhauksson.is



200 rása VHF bílatalstöð, AT-588,25 w frá Anytone til sölu hjá Örsýn ehf. Verð kr. 79.000. Forritun innifalin. - orsyn.is - s. 899-9792.



199 rása VHF bílatalstöð, AT-779,15 w frá Anytone til sölu hjá Örsýn ehf. Verð kr. 44.000. Forritun innifalin orsyn.is - s. 899-9792



400 rása VHF, vatnsheld handtalstöð. ET-558, 5w frá Wouxun til sölu hjá Örsýn ehf. Verð kr. 49.000. Forritun innifalin. - orsyn.is - s. 899-9792



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Til sölu Bobcat Tl 358. Lyftigeta 3500 kg, 8 m bóma. Fjölplógur 3,3 m á breidd, rúllugreip, skófla, gafflar m/hliðarfærslu, 30 % slitin dekk og keðjur fylgja með. Þjónustaður reglulega hjá Vélaverkstæði Þóris. Nýskráður 10/2016. Akstur 500 tímar, innfluttur nýr, einn eigandi, toppvél. Verð kr. 10.600.000 +vsk. Uppl , s. 892-0566 eða á netfangið-siggi@netvelar.is



Sláttuorf með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktökum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélarnar eru fjórgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is

# Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

*Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar lýsingar skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028*

**Mosar. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 16.8.2023 að gerðar verða nauðsynlegar breytingar á landnotkun Mosa L227577 þar sem núverandi landbúnaðarland verði gert að frístundabyggð. Gert verði ráð fyrir allt að 16 lóðum undir frístundahús og tengdar byggingar.

**Kafli 2.3.8 – Stakar framkvæmdir. Breyting á aðalskipulagi**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 16.8.2023 að gerðar verða nauðsynlegar breytingar á skilmálum varðandi stakar framkvæmdir. Bætt verði við neðangreindum texta í kafla 2.3.8 í greinargerð aðalskipulagsins: Tímabundnar framkvæmdir, eftirlits- og rannsóknarstarfsemi s.s. tilraunaborholur, rannsóknamöstur (allt að 80 m), skoðun jarðefna, tímabundnar vinnubúðir, aðstaða verktaka vegna framkvæmda o.fl.

*Lýsingarnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, **www.ry.is***
*Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 7. september nk.*

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum**

**Þjóðólfshagi, Rangárþingi ytra, deiliskipulag**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 16.8.2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggðina í Þjóðólfshaga. Í gildi er deiliskipulag frístundabyggðar, Þjóðólfshagi, frístundabyggð, staðfest 23.09.2013, þar sem gert er ráð fyrir um 33 frístundalóðum. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi hefur þegar verið auglýst, þar sem svæðið verður gert að íbúðabyggð. Á hverri lóð er heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr, útihús/skemmu og/eða gróðurhús. Eldra deiliskipulag verður fellt úr gildi þegar nýtt deiliskipulag verður staðfest. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi um Þjóðólfshagaveg (2828).

**Árbæjarhellir 2, Rangárþingi ytra, deiliskipulag**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 16.8.2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggðina í Árbæjarhelli 2. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi hefur þegar verið auglýst, þar sem svæðið verður gert að íbúðabyggð. Gert er ráð fyrir alls 8 lóðum þar sem heimilt er að byggja allt að 250 m² á 5000 m² lóð, 325 m² á 6500 m² lóð og 450 m² á 9000 m² lóð. Gert er ráð fyrir að samnýta núverandi aðkomuveg, sem fær nafnið Skjólvegur, að Villiskjóli upp af Árbæjarvegi (271) og bæta við nýjum aðkomuvegi að lóðum.

**Hvammur 3, Rangárþingi ytra, deiliskipulag**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 16.8.2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir vinnubúðir Landsvirkjunar að Hvammi 3. Breyting á texta um stakar framkvæmdir í greinargerð í aðalskipulagi er auglýst samhliða. Vinnubúðirnar munu koma til með að standa á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Aðkoman að svæðinu er frá Landvegi 26, um Hvammsveg.

**Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is**
Frestur til að skila inn athugasemdum er til 5. október 2023.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti **birgir@ry.is**

**Haraldur Birgir Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra**



35'' LC120, mikið viðhald síðustu tvö ár. Ný hjólalega fram vinstri. Nýir spíssar, bremsudælur, diskar, klossar í ágúst 2022. Ný tímareim. Nýtt púst og hljóðkútur. Nýtt prófílbeisli. Ryðbætingar á grind vinstra megin og aftan við afturhásingu júlí 2023. Nýjar framspyrnur, smurning og flushing á gírkassaolíu í ágúst 2023. Verð kr. 2.700.000 Sveinn, s. 888-4810.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmíðaður fyrir 3 ja öxla dráttarbíla. Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind heitsprautuzinkað, (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612 - thadolfs@gmail.com



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Byggingarefni til sölu. Ertu að byggja skúr eða endurnýja þak? Til sölu þakefni fyrir 30 fermetra byggingu (t.d. bílskúr) Hvítt stallað þakjárn, kjölur, rennur og rennufestingar. Verð kr. 180.000. Upplýsingar í s. 856-1579 og á netfangi- bjornsteinar@simnet.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margskonar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísel, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstætt verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Glussadrifnar haughrærur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útitanka, útilón og víðar. Lengdir- 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Pöllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.




Frumvarp utanríkisráðherra um Bókun 35, framselur löggjafarvald Íslands til ESB. Þetta er brot á stjórnarskránni. Stöndum með frelsi og fullveldi Íslands og ráðum okkar lögum og ákvörðunum sjálf. Áfram Ísland. Nánar á- www. fullveldisfelagid.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Pallettutjakkur í góðu standi. Verð kr. 180.000. Upplýsingar í s. 768-7263 eða 768-2346.



Goes fjórhjól árg. 2022. Aukahlutir, hiti í handföngum, gluggi og geymslubox. Ekið 1.870 km. Uppl. í s. 896-6287- Halldór.








Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L /min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler dísel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - e-mail - hak@hak.is.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

PUNKTAR OG HNIT RÁÐGJÖF

Hnitset landamerki, hnitset nýjar lóðir og sé um umsókn til byggingafulltrúa, set niður merkjahæla. Vinnusvæði er Vesturland og Suðurland, en hvert sem er eftir samkomulagi. Netfang- punktaroghnit@gmail.com, punktaroghnit.is



Til sölu sexhjól Can-Am 650 árg 2017, keyrt 6.330 km. Verð kr. 1.900.000 +vsk. Uppl. í s. 893-0580.




Ástarsaga. Franskur ljósmyndari og íslensk stúlka kolfalla hvort fyrir öðru helgina sem Reagan og Gorbatsjev funda í Höfða í Reykjavík haustið 1986. Saga um ofsafengna ást, stórveldaslag, kjarnorkukvíða og hvernig Reykjavíkurfundurinn breytti heiminum. Ástarsaga, nýjasta skáldsaga Steinunnar Ásmundsdóttur, kom út haustið 2022 sem hljóðbók og rafbók og nú í sumar sem prentuð bók. Fæst hjá Eymundsson, Forlaginu og hjá höfundi, á Storytel, í Hljóðabókasafni og á almenningsbókasöfnum. Sjá nánar á hugverkavef Steinunnar: www.yrkir.is Væntanleg er á næstu vikum ný bók 69 ljóða frá höfundi. Dimma gefur út.



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðanar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum,120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

## Húsnæði

Óska eftir íbúð til leigu á Eyrarbakka, Stokkseyri, Hellu eða Hvollsvelli, frá 1 október. Leigugeta er kr. 180.000 á mánuði. Upplýsingar í s. 692-3220 Guðlaug.

2 gestahús 7x3 m hvort frá Terra til sölu. Bæði hús eru með baðherbergi. Upplýsingar í s. 866-2797 og vatnhorn@vatnshorn.is

## Óska eftir

Kaupi íslensk ber. Bláber 800kr/kg. Aðalbláber 1200kr/kg. Krækiber 500 kr/kg. Einiber 4000 kr/kg. Kúmen 4000kr/kg. Blóðberg 7000kr/kg. Rifsber 1200kr/kg. Uppl. í s. 695-1008. Netfang- snorri@reykjavikdistillery.is

Óska eftir öflugum sláttutraktor með 1 m + sláttubreidd. Þarf að vera með safnkassa. Uppl. í s. 864-5288.

Óska eftir orfi og ljá. Sími: 789-2840, Hans.

Óska eftir amerískum pikkup. Ford f350/250, Dodge ram, Chevrolet silverado eða Gmc sierra. Mega þarfnast lagfæringa. S. 774-4441.

Lumar þú á litlum keramikofni sem þú þarft að losna við? Myndlistaskólann í Reykjavík vantar einn slíkan. Hafðu samband við Katrínu í s. 698-7012.

Kaupi vínylplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Framskófla og gálgi á Massey Ferguson, árgerð 1963. Frekari upplýsingar gefur Haukur Gígja s. 894-0174.

Suzuki Grand Vitara XL 5 manna árg. 02. Sjálfsk. 4X4. Skoðaður "24. Ný heilsársdekk og annar umgangur fylgir. Ekinn 270.000 km. S. 788-449.

## Tilkynningar

Ferðafélagi óskast, sjóleiðina Eyjafjörður - Breiðafjörður. Þarf að hafa smábátapróf. Upplýsingar í s. 861-1938

7 bækur Nýja testamentisins í nýrri þýðingu. Fáanleg, endurgjaldslaust á www.leikmannabiblia.net. Hljóðbók og bók. Tilvalin í traktorinn.

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

# BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

# FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

BRJÁLÆÐISLEGA GÓÐUR
# BRUNCH
LAUGARDAGA & SUNNUDAGA
11.30-14.30



Sex geggjaðar tegundir af eggs benedict, brunch-turn, avókadó toast og allskonar gotterí

Nánar á **fjallkona.is**

fjallkonan.rvk fjallkonan Hafnarstræti 1–3 › fjallkona.is

NC

## LÁTUM VERKIN TALA!

NC tæki hafa þjónað íslenskum bændum og verktökum í áratugi með miklu rekstraröryggi. Eigum til á lager haugsugur í nokkrum stærðum, dælur, hrærur og vagna til ýmissa starfa.



VALTRA

## ÞAÐ STYTTIST Í SNJÓINN. TÍMINN ER NÚNA TIL AÐ TRYGGJA VÉLINA Í VERKIÐ!



ERT

## FLUTNINGAR ERU EKKERT MÁL MEÐ ÞESSUM!

Eistnesku ERT malar og rúlluvagnarnir margfrægu eru til á lager hjá okkur. Frábær reynsla um árabil hjá bændum og verktökum.



AFLVÉLAR

2018 2022 Framúrskarandi fyrirtæki

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is